

Verður væntanlega ekki lokað í bráð
**guantanamó 28**



**Ungar stjörnur á stefnumótum**
**fólk 58**



**EM**
**handbolti 34**



**spottið 12**


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**14. janúar 2012**
12. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




**Tilbúinn í slaginn**
*Sigtryggur Baldursson tekur við stöðu framkvæmdastjóra Útón.*
**tónlist 22**



**Arfleifð járnfrúarinnar**
*Margaret Thatcher í brennidepli á nýjan leik.*
**stjórnmál 24**

**Grét á fyrstu æfingunni**
*Tónlistar-, fótbolta- og blaðamaðurinn Jón Jónsson saknar gullfiskanna sinna.*
**krakkar 46**



**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu
Heimili | Allt | Allt atvinna





**FÓRNARLAMBA MINNST** Lolita Urboniene formaður Félags Litháa á Íslandi tendraði kertaljós klukkan átta í gærmorgun til að heiðra minningu fórnarlamba bardaganna um þinghúsið í Vilnius 13. janúar 1991. Lolita segir í viðtali í blaðinu í dag frá reynslu sinni af þessum örlagaríku atburðum. Hún ræðir ennfremur samfélag Litháa á Íslandi, sem hún segir hafa fengið ósanngjarna umfjöllun vegna afbrota lítils hóps. **Sjá síðu 30.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ísland hýsi 1% gagna í Evrópu

**Gagnaver Verne Global tekur til starfa í byrjun febrúar. Landsvirkjun stefnir á að árið 2020 verði Ísland eitt af tíu stærstu gagnaverskjarnasvæðum í heimi. Stefnt er að því að 1% gagna í Evrópu verði þá hýst á Íslandi.**

**IÐNAÐUR** Landsvirkjun áætlar að Ísland geti orðið í hópi tíu stærstu gagnaverasvæða í heimi árið 2020, ef rétt er haldið á málum. Gangi það eftir mun Ísland geta sinnt einu prósenti af Evrópumarkaði fyrir gagnageymslu.

Ríkarður Ríkarðsson, viðskiptastjóri hjá Landsvirkjun, hélt nýverið erindi um málið. Að hans sögn þarf að koma á samstarfi fulltrúa þriggja hópa til að svo megi fara; orkuiðnaðar, innviða og viðskiptaumhverfis.

Með innviðum er átt við alla sem koma að gagna- og orkuflutningum. Þeir verða að vera áreiðanlegir og kostnaður skýr. Þá skipta staðsetningar miklu; þessi iðnaður krefst nálægðar við eftirspurnina og Ísland uppfyllir þær kröfur varðandi 2/3 af allri eftirspurn í heiminum, sem er í Norður-Ameríku og Evrópu. Gagnaversiðnaðurinn leitar á svæði þar sem orkuafhending er örugg og orkuverð er því oft hátt.

Öll orkufyrirtækin hafa beint sjónum sínum að þessum markaði og jafnvel ráðið starfsmenn úr geiranum til að laða hana að, líkt og Orkuveita Reykjavíkur hefur gert.

Í erindi Ríkarðs kom fram að til að markmiðin um hlutdeild Íslands náist verði allir að gefa skýr skilaboð, orkuiðnaðurinn, dreifingaraðilar, viðskiptalífið og ekki síst stjórnmálamenn.

> Það er gríðarlegt fagnaðarefni að hér sé að ryðja sér til rúms ný tegund hátækniiðnaðar.
>
> **KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**
> IÐNAÐARRÁÐHERRA

Verne Global mun hefja starfsemi í gagnaveri sínu í Reykjanesbæ í febrúar. Klippt verður á borða við hátíðlega athöfn 8. febrúar, en unnið hefur verið að uppsetningu versins síðustu fjögur ár.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segist mjög ánægð með þessa þróun.

„Það er gríðarlegt fagnaðarefni að hér sé að ryðja sér til rúms ný tegund hátækniiðnaðar á Íslandi. Þetta býður upp á mjög mikla afleidda möguleika í framhaldinu. Í öðru lagi er þetta enn eitt merkið um að hér sé erlend fjárfesting aftur að fara af stað. Ég held að með þeirri erlendu fjárfestingu sem við eigum eftir að sjá á þessu ári, með kísilveri í Helguvík og uppbyggingu á Norðausturlandi, munum við sjá mun fjölbreyttari starfsemi en hingað til.“ **- kóp**




BYLGJAN 25 ÁRA 989
Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00
Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar



Fjörug og flott útsala
Opið til 18 í dag
Smáralind

## SPURNING DAGSINS



*Jakob, eru rétthafar að berjast á móti straumnum?*

„Rétthafar eru glitrandi af ánægju yfir straumþunga tónlistarinnar í netheimum en gerast nú æði langeygir eftir haldbæru æti og viðeigandi hrygningarstað.“

Jakob Frímann Magnússon er formaður Félags tónskálda og textahöfunda. Rétthafar vilja fá greidd höfundarréttargjöld vegna streymis á lögum á Youtube.



**MYNDAGÁTAN 2011** Flestar lausnir sem bárust voru réttar.

Myndagáta Fréttablaðsins:

# Fimm lausnir dregnar út

**FJÖLMIÐLAR** Rúmlega 500 manns sendu inn lausn á myndagátu Fréttablaðsins sem birtist á gamlársdag.

Dregið hefur verið úr réttum lausnum og fá fimm vinningshafar gjafakort fyrir tvo í Borgarleikhúsið. Þeir eru Arnheiður Eyþórsdóttir, Eysteinn Ari Bragason, Margrét Ásgeirsdóttir, Kristjana Halldórsdóttir og Sigríður Eyjólfsdóttir.

Lausn gátunnar er eftirfarandi: Ævintýrin gerast enn. Í ár var brotið blað í menningarsögu Íslands með vígslu Hörpu tónlistarhússins á Austurbakka Reykjavíkurhafnar. Þar rekur hver stóratburðurinn annan.

## VIÐSKIPTI

### Glitnir tekur yfir Lyfju

Glitnir hf. hefur breytt hluta af lánum Lyfju hf. í eigið fé og eignast við það 92,5% í fyrirtækinu, að því er fram kemur í tilkynningu. Árkaup mun eiga 7,5% eignarhlut. Með þessu er leitast við að tryggja starfsemi Lyfju. Þetta samkomulag er gert með fyrirvara um samþykki samkeppnisyfirvalda.

Hæstiréttur vísar máli Reykjavíkurborgar gegn Landsvaka aftur heim í hérað:

# Milljarðakrafa Reykjavíkur lifir

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur blásið lífi í rúmlega 1,2 milljarða kröfu Reykjavíkurborgar í bú Landsvaka, sem Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður vísað frá dómi. Hæstiréttur felldi niðurstöðu héraðsdóms úr gildi á fimmtudag og vísaði málinu aftur heim í hérað.

Málið snýst um eign borgarinnar í peningamarkaðssjóði á vegum Landsbankans, sem Landsvaki hafði umsjón með. Alls átti borgin um fjóra milljarða í sjóðnum. Þegar honum var slitið fengust tæplega sjötíu prósent greidd út en borgin lýsti kröfu í þrotabú Landsbankans og Landsvaka vegna afgangsins, ríflega 1,2 milljarða.

Héraðsdómur vísaði málinu á hendur Landsvaka frá á þeim grundvelli að borgin stæði þegar í málaferlum við gamla Landsbankann vegna nákvæmlega sama máls. Það væri andstætt lögum.

Hæstiréttur er hins vegar á öðru máli og telur að um óskyld mál sé að ræða. Landsvaki og Landsbankinn séu ólíkir lögaðilar og kröfurnar ekki þær sömu í báðum málunum í skilningi laga. Það er því lagt fyrir héraðsdóm að taka efnislega afstöðu til kröfunnar. - sh





**ÓSKYLT** Landsbankinn og Landsvaki eru ólíkir lögaðilar og því ber að taka afstöðu til kröfunnar, að mati Hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Öryggi hert í Bangkok:

# Varað við hryðjuverkum

**TAÍLAND** Yfirvöld í Bandaríkjunum, Bretlandi, Noregi og Danmörku hafa varað borgara sína við mögulegum hryðjuverkum á ferðamannastöðum í Bangkok í Taílandi á næstunni. Eru þeir beðnir um að gæta fyllstu varúðar.

Yfirvöld í Taílandi hafa staðfest handtöku Líbana sem grunaður er um tengsl við Hizbollah-samtökin. Ísraelska sendiráðið í Taílandi hafði varað við mögulegri árás samtakanna. - ibs

# Draumur rafvirkjans knúinn af vindinum

**Hrafnkell Guðjónsson og Eyjólfur Jóhannsson, rafverktakar á Héraði, vona að kínverskar vindmyllur lækki rafmagnsreikninga verulega hjá þeim sem ekki hafa hitaveitu. Tilraunamylla verður farin að snúast um næstu mánaðamót.**

**ORKUMÁL** „Það er fyrst núna sem við erum að láta gamla drauma rætast,“ segir Hrafnkell Guðjónsson rafverktaki sem fengið hefur leyfi til uppsetningar á vindmyllu við heimili sitt á Rauðalæk á Héraði.

„Þetta er stöð sem getur framleitt fimm kílóvött þegar vel lætur og hentar vel fyrir sveitabæi og minni notendur,“ segir Hrafnkell um vindmylluna sem setja á upp á Rauðalæk.

„Þetta er tilraunaverkefni í gegnum fyrirtæki okkar Rafey,“ heldur Hrafnkell áfram. „Ætlunin er að nota mylluna sem meðafl, fyrst og fremst erum við að hugsa um þetta á köldum svæðum fyrir kyndingar. Þetta er hentugt fyrir kyndingar því þær þola mikla sveiflu í spennu.“

Sjálfur býr Hrafnkell í gömlu félagsheimili á Rauðalæk og kveðst fá um 55 þúsund króna rafmagnsreikning á hverjum mánuði enda er öll 350 fermetra byggingin kynnt með rafmagni eins og önnur hús á þessu hitaveitulausa svæði. Hann segir löngu kominn tíma til að beisla vindinn til að draga úr þessum kostnaði. „Ég tala nú ekki um þegar verið að er að ræða um sjö prósenta hækkun á dreifigjaldi fyrir rafmagn í dreifbýli. Það er allt sem kallar á þetta,“ segir hann.

Að sögn Hrafnkels hefur hann lengi spáð í raforkuframleiðslu með vindmyllum og gert tilraunir við bæ sinn. „Við erum á fullu að hugsa um þetta og höfum verið að því í tugi ára. Ef þetta gengur þá verður myllan ekki lengi að borga sig fyrir mig. Miðað við það sem við erum búnir að sjá eru þetta tölur sem eru hagstæðar fyrir þessa gerð af notkun,“ segir hann.





**EYJÓLFUR JÓHANNSSON OG HRAFNKELL GUÐJÓNSSON** Vindmyllan er komin í hús og bíður uppsetningar.

> Við erum á fullu að hugsa um þetta og höfum verið að því í tugi ára.
>
> **HRAFNKELL GUÐJÓNSSON** RAFVERKTAKI

Vindmyllan er af Huaya-gerð, smíðuð í Kína og hefur sex metra vænghaf. Undirstöður fyrir tólf metra hátt mastur sem bera á mylluna eru tilbúnar og hún gæti verið komið í gagnið um mánaðamótin.

„Fylgst verður vel með virkni myllunnar og mælingar gerðar á getu hennar til upphitunar. Sviptivindar eru algengir þar sem myllan verður sett upp og því fæst einnig reynsla af hvernig hún stendur sig í roki,“ segir Eyjólfur Jóhannsson hjá Rafey. Þótt myllan sé fyrst og fremst hugsuð til upphitunar segir Eyjólfur líka hægt að tengja við hana venjuleg ljós og rafmagnstæki.

„Það er fyrsta skrefið að prófa þessa myllu. Ef hún kemur vel út þá fáum við stærri,“ segir Hrafnkell. „Við fengum reyndar líka eina minni sem er tvö kílóvött og er meira fyrir sumarhús og veiðikofa. Við erum rétt að byrja.“

gar@frettabladid.is

# Petra Sveinsdóttir látin

Petra Sveinsdóttir, steinasafnari á Stöðvarfirði, er látin. Petra lést á þriðjudag á hjúkrunarheimilinu Uppsölum á Fáskrúðsfirði. Petra safnaði steinum frá tvítugsaldri, og opnaði steinasafn á heimili sínu fyrir almenningi þegar eiginmaður hennar lést árið 1974.



**PETRA SVEINSDÓTTIR**

Safnið hefur verið mest sótta safnið á Austurlandi á síðustu árum. Petra rak safnið til ársins 2007 þegar hún flutti á hjúkrunarheimilið og afkomendur hennar tóku við safninu.

Petra giftist Jóni Ingimundarsyni árið 1945 og áttu þau fjögur börn sem öll lifa móður sína. Petra fékk fálkaorðuna árið 1995.

# Lést eftir slys í Helgafelli

Maðurinn sem slasaðist í hlíðum Helgafells í nágrenni Hafnarfjarðar í fyrradag er látinn.

Að því er fram kemur á vefsíðu RÚV hét maðurinn Óskar Páll Daníelsson, 32ja ára, til heimilis að Berjavöllum 4 í Hafnarfirði. Hann lætur eftir sig eiginkonu og dóttur.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu lést hann á Landspítalanum nóttina eftir slysið.

Þyrla Landhelgisgæslunnar fann manninn mikið slasaðan í hlíðum fjallsins síðdegis á fimmtudag eftir að björgunarsveit hafði leitað hans um nokkra stund.





Reykjavíkurborg hefur afhent íbúum yfir þúsund tonn af sandi og salti:

# Þúsundir náðu sér í sand og salt

**REYKJAVÍK** Þúsundir Reykvíkinga streymdu á hverfastöðvarnar í gær til að ná í sand og salt til að bera á einkalóðir sínar og innkeyrslur. Starfsmenn stöðvanna hafa þegar afgreitt yfir 100 tonn af sandi og salti til íbúa síðustu daga.

Sighvatur Arnarsson, hjá framkvæmda- og eignasviði borgarinnar, segir magnið af sandi sennilega geta fyllt um tíu vörubíla.

„Það er mikil aðsókn í sandinn,“ segir hann. „Við höfum afgreitt nokkur þúsund poka. Þetta eru á bilinu 50 til 75 tonn bara af sandi sem menn eru að taka.“

Sighvatur segir aðsóknina í saltið og sandinn hjá íbúum borgarinnar hafa verið svipaða hér á árum áður, en veturnir hafi verið það mildir undanfarin ár að svona fjöldi sé óvenjulegur.

Biðraðir mynduðust við hverfastöðvarnar á Miklatúni og Stórhöfða um miðjan dag í gær. Starfsmenn borgarinnar verða í viðbragðsstöðu vegna hlákunnar sem er spáð næstu daga. Í tilkynningu segir að vel hafi gengið að hreinsa frá niðurföllum og bakvaktir séu vel mannaðar fyrir helgina. - sv



**HÁLKUVARNIR** Borgarbúar hafa sótt yfir 100 tonn af salti og sandi síðustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ VALLI




SPARIÐ 20.000

FULLT VERÐ: 59.950

39.950

ST. 90 X 200 SM.

**ANGEL DREAM dýna**
Vönduð og góð, miðlungsstíf dýna með fallegu áklæði. Rúmbotn er með PU áklæði sem auðvelt er að þrífa. Rúmbotn og fætur fylgja með.
Stærðir:
90 x 200 sm. **39.950**
120 x 200 sm. **69.950**
140 x 200 sm. **74.950**
153 x 203 sm. **79.950**

RÚMBOTN OG FÆTUR FYLGJA



SPARIÐ 6.000

FULLT VERÐ: 12.950

6.950

SPARIÐ 4.000

FULLT VERÐ: 9.995

5.995

SPARIÐ 4.000

FULLT VERÐ: 7.995

3.995

# GÓÐ KAUP

**Kommóður**
Kommóður á frábæru verði.
Stærð: B60 x D30 x H70 sm. Fullt verð: **7.995** nú: **3.995**
Stærð: B74 x D40 x H70 sm. Fullt verð: **9.995** nú: **5.995**
Stærð: B72,5 x D30 x H108 sm. Fullt verð: **12.950** nú: **6.950**




60% DÚNN

**Koddi**
50 x 70 sm.
2.495

SÆNG FULLT VERÐ: 9.995

6.995

30% AFSLÁTTUR

**KRONBORG COMFORT andadúnssæng**
Mjög góð sæng, fyllt með 60% af dúni og 40% af fiðri. Þyngd: 900 gr.
Má þvo við 60°C. Stærð: 135 x 200 sm. Koddi: 50 x 70 sm.
Sæng fullt verð: **9.995** nú: **6.995**



VERÐ AÐEINS:

4.995

**Hjálmar**
Mikið úrval af vönduðum hjálmum fyrir vetrarsportið!
Nokkrir mismunandi litir og stærðir fáanlegar.



SPARIÐ 3.000

FULLT VERÐ: 6.995

3.995

**ANETA bókahilla**
Falleg bókahilla í beykilit á frábæru verði!
Stærð: H175 x B60 x D24 sm.

SPARIÐ 2.000



FULLT VERÐ: 7.995

5.995

**MANUEL skóskápur**
Stílhrein og flottur skóskápur á frábæru verði!
Stærð: H100 x B65 x D25 sm.




VERÐ FRÁ:

2.995

**Skíðagleraugu**
Góð skíðagleraugu fyrir börn og fullorðna.



FULLT VERÐ: 9.995

6.995

30% AFSLÁTTUR

2 Í 1 - SKAUTAR OG LÍNUSKAUTAR

**MULTISKAUTAR**
Sniðugir, stækkanlegir skautar sem hægt er að breyta í línuskauta. Stærðir 28 - 42.



VERÐ FRÁ:

995

**Lúffur og hanskar**
Fyrir börn og fullorðna á frábæru verði!
Margar stærðir og gerðir fáanlegar.



20% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ:2.495

1.995

**57 lítra**
**plastkassi á hjólum með smelltu loki.**
Stærð: 59 x 41 x 33 sm.

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

**GENGIÐ 13.01.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,28 | 124,88 |
| Sterlingspund | 190,43 | 191,35 |
| Evra | 158,73 | 159,61 |
| Dönsk króna | 21,342 | 21,466 |
| Norsk króna | 20,629 | 20,751 |
| Sænsk króna | 17,897 | 18,001 |
| Japanskt jen | 1,6187 | 1,6281 |
| SDR | 189,81 | 190,95 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 219,1822

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ríkissaksóknari setur lögregluembættum tímamörk til að tilkynna um hleranir:

# Getur tekið fram fyrir hendur lögreglu

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari ætlar að setja lögregluembættum verklagsreglur til að tryggja að þegar heimild er veitt til að hlera síma verði þeim sem hlerað er hjá tilkynnt um eftirlitið innan eðlilegra tímamarka. Virði lögregla ekki tímamörkin mun ríkissaksóknari grípa inn í.

Ekki hefur verið ákveðið nákvæmlega hversu langur tími má líða frá því að hlerað er þar til lögreglu ber að tilkynna þeim sem hlerað er hjá, segir Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari.

Hún segir að væntanlega verði sett ákveðin tímamörk, en lögregluembættin geti farið yfir þau ef rannsóknarhagsmunir krefjist þess. Þá þurfi að rökstyðja það sérstaklega við ríkissaksóknara.


SIGRÍÐUR FRIÐJÓNSDÓTTIR

Sigríður segist sjá það fyrir sér að þessi mál komist í þann farveg að ef lögreglustjórar tilkynni ekki um hleranir innan tímamarkanna og láti ríkissaksóknara ekki vita hvers vegna, muni ríkissaksóknari taka fram fyrir hendur lögreglu og tilkynna þeim sem hlerað var hjá um málavöxtu.

Dæmi eru um að meira en eitt og hálft ár líði frá því að embætti sérstaks saksóknara hleraði síma grunaðra þar til þeim var tilkynnt um hleranirnar, eins og fram kom í Fréttablaðinu í vikunni.

Spurð hvort það falli innan eðlilegra marka segir Sigríður: „Í máli sem tekur svona langan tíma í rannsókn getur það í sjálfu sér alveg verið eðlilegt, já. [...] Auðvitað er þetta mat [sérstaks saksóknara] og við munum fara yfir það.“ **- bj**

Forseti fagnar með drottningu:

# 40 ár frá krýningu Margrétar

**FORSETI** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Dorrit Moussaieff munu taka þátt í hátíðardagskrá sem haldin er í tilefni af 40 ára krýningarafmæli Margrétar Þórhildar Danadrottningar.

Hátíðarhöld hefjast í Ráðhúsi Kaupmannahafnar í hádeginu í dag og um kvöldið verða hátíðartónleikar í tónlistarhöll danska ríkisútvarpsins.

Á morgun verður fagnaðarathöfn í Amalíuborgarhöll og dagskránni lýkur með hátíðarkvöldverði í Kristjánsborgarhöll.

Skilar greinargerð um hæfi:

# Gunnar hæfur forstjóri FME

**STJÓRNSÝSLA** Upplýsingar sem fram komu í Kastljósi RÚV um Gunnar Þ. Andersen, framkvæmdastjóra Fjármálaeftirlitsins (FME), breyta engu um hæfi hans, að mati Andra Árnasonar hæstaréttarlögmanns.

Þetta kemur fram í greinargerð Andra sem unnin var fyrir stjórn FME. Þar segir Andri enga ástæðu til að endurskoða niðurstöðu fyrri greinargerðar hans um hæfi Gunnars.

Stjórn FME mun í framhaldinu fá tvo óháða sérfræðinga til að fara yfir greinargerð Andra til að hafið verði yfir allan vafa að niðurstaðan sé rétt. **- bj**

Yfirburðir Fréttablaðsins:

# Fréttablaðið er mest lesið

**FJÖLMIÐLAR Lítillega dró úr lestri á Fréttablaðinu frá nóvember fram í desember á síðasta ári. Blaðið er langmest lesna dagblaðið. Meðallestur á hvert tölublað fór úr 60,4% í nóvember í 59,8% í desember, samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**

**Lestur á Fréttatímanum eykst milli mánaða, úr 39,8% í 40,8%. Lestur á Morgunblaðinu eykst einnig, úr 32,3% í nóvember í 33,1% í desember. Meðallestur á hvert tölublað DV mældist 12,2% í desember en 11,8% í nóvember.**

**Um 29,5% lásu hvert tölublað Finns í desember, og 23,7% lásu hvert tölublað Monitors.**

**LEIÐRÉTT**

Ranglega var farið með nafn Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, þingmanns Sjálfstæðisflokks, í myndatexta í blaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Vítisenglar í gæsluvarðhald vegna árása

**Forsprakki Vítisengla var úrskurðaður í gæsluvarðhald í gær vegna rannsóknar lögreglu á árás á konu sem misþyrmt var svo hrottalega að hún lenti á spítala. Fimm manns sitja í gæsluvarðhaldi vegna málsins, ein kona og fjórir karlmenn.**

**LÖGREGLUMÁL** Fimm manns sitja nú í gæsluvarðhaldi í tengslum við fólskulega árás á konu í Hafnarfirði í desember síðastliðnum. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er um að ræða meðlimi og áhangendur mótorhjólaklúbbsins Vítisengla og var forsprakki þeirra, Einar Ingi Marteinsson, leiddur fyrir dómara síðdegis í gær og úrskurðaður í gæsluvarðhald til 19. janúar.

Það var aðfaranótt 22. desember síðastliðins sem karl og kona ruddust inn í íbúð konunnar í Hafnarfirði. Þau réðust á hana og misþyrmdu henni illa. Þau reyndu meðal annars að klippa af henni fingur, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Eftir þetta hvarf parið á braut.

Konan var flutt meðvitundarlaus með sjúkrabíl á slysadeild Landspítalans um klukkan hálf fjögur um nóttina. Manneskja, sem var gestkomandi í íbúð konunnar hringdi í lögreglu, og var árásarfólkið, sem er þekkt afbrotafólk, handtekið annars staðar í bænum nokkru síðar. Konan þurfti að dvelja á spítalanum í nokkra daga.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er talið að ástæður árásarinnar hafi verið þær að einstaklingar innan Vítisengla hafi talið að konan væri að hóta þeim eða ógna með einhverjum hætti og því gripið til þess að ráðast á hana.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að aftur hafi verið ráðist á sömu konu nokkrum dögum eftir fyrri árásina. Rannsókn lögreglu beinist meðal annars að því hverjir hafi verið þar að verki, en grunur leikur á að meðlimir Vítisengla hafði einnig staðið á bak við þá árás.

Allmargir hafa verið handteknir og yfirheyrðir vegna þessa máls, sem lögreglan hefur rannsakað sleitulaust frá því að ráðist var á konuna.


**VÍTISENGLAR** Forsprakki Vítisengla, Einar Ingi Marteinsson, var úrskurðaður í gæsluvarðhald í gær.

**Fjórir karlar og ein kona í varðhaldi**

Fimmmenningarnir sem sitja í gæsluvarðhaldi núna eru fjórir karlmenn og ein kona. Þau eru á þrítugs- og fertugsaldri. Fyrst voru karlmaðurinn og konan, sem réðust á konuna úrskurðuð í varðhald, en síðan hefur lögreglan tínt inn þrjá til viðbótar eftir því sem rannsókn miðaði áfram. Forsprakki Vítisenglanna var svo úrskurðaður í varðhald í gær.


**GLITNIR** Sigurgeir starfaði hjá dótturfélagi bankans í Bandaríkjunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Starfsmaður Glitnis vinnur:

# 142 milljóna krafa í forgang

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur kveðið upp úr með að rúmlega 142 milljóna króna launakrafa fyrrverandi starfsmanns dótturfélags bankans skuli teljast forgangskrafa í þrotabú bankans.**

**Starfsmaðurinn, Sigurgeir Arnar Jónsson, starfaði fyrir Glitni Capital Corporation í Bandaríkjunum. Hann gerði kröfuna vegna umsamins kaupauka og launatengdra fríðinda.**

**Slitastjórn bankans mótmælti kröfunni og taldi að kaupaukakrafa ætti ekki að njóta forgangs í búið. Að mati dómsins skal hún njóta forgangs þar sem hún hafði verið samþykkt áður en bankinn féll. Enn fremur taldi slitastjórnin að Sigurður hefði átt að beina kröfunni að dótturfélaginu, en dómurinn hafnar því.** **- sh**

Óljóst með opnun Skálafells:

# Ekkert ákveðið

**ÍÞRÓTTIR** Engin ályktun var gerð um mögulega opnun Skálafells á fundi Íþrótta- og tómstundaráðs í gær, að sögn Evu Einarsdóttur, formanns ráðsins.

„Beiðið er eftir minnisblaði frá stjórn skíðasvæðanna,“ segir Eva.

Skíðadeild KR hefur boðist til þess að starfa í sjálfboðavinnu í Skálafelli um helgar til þess að auðvelda opnun svæðisins. **- ibs**


**Vellíðan án lyfja**
**með verkfærum sálfræðinnar**

Fjögurra vikna árangursmælt námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar til að takast á við vanlíðan, álag og spennu. Kenndar leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til að skoða og breyta hugsunum og viðbrögðum sem viðhalda kvíða og depurð. Öflugar slökunar- og hugleiðsluaðferðir jafnframt kenndar. Námskeiðið nýtist vel samhliða annarri meðferð.



Kennsludagar:
Mánudagar og fimmtudagar frá 20:00 til 21:45 auk eftirfylgdartíma, alls 16 klst.

Kennarar: **Oddi Erlingsson** og **Sóley D. Davíðsdóttir**
sérfræðingar í klínískri sálfræði

Verð kr. 54.000.
Niðurgreiðsla möguleg hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga.

Næsta námskeið hefst mánudaginn 23. janúar 2012.

KMS

Skráning og fyrirspurnir í símum 5340110, 8220043 og 5624444, oddier@simnet.is og kms@kms.is

Nánari upplýsingar : www.kms.is


**VEÐURSPÁ**


**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**ENGA SANDALA**
Strekkingur A-til í dag en lægir fram á kvöldið og kólnar í veðri. Fremur hægur vindur á morgun með stöku slydduél S- og V-til. Hvessir á mánudag og úrkoma með köflum S- og V-til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 4° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | 4° |
| Friedrichshafen | 2° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 6° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 1° |
| Orlando | 15° |
| Ósló | -2° |
| París | 6° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

Áfram veginn 2012

CHEVROLET



FRÉTTIR | 23
Innlent

# Chevrolet Spark vinsælastur

## Almenningur keypti mest af Toyota, Chevrolet og VW

Chevrolet Spark var vinsælasti bíllinn á meðal almennra kaupenda í fyrra og seldust 148 bílar af þeirri tegund og gerð. Með almennum kaupendum eru átt við aðra kaupendur bíla en bílaleigur.

Eins og fram kom í Morgunblaðinu í gær keypti almenningur, það er aðrir en bílaleigur, 101% fleiri fólksbíla í fyrra en árið 2010. Alls keyptu aðrir en bílaleigur 2.547 nýja bíla í fyrra en í heild seldust 5.042 nýir fólksbílar hér á landi árið 2011.

Bílgreinasambandið greindi söluna til annarra en bílaleiga og þá kom í ljós að söluhæsta bíltegundin hjá þeim hópi var Toyota með 360 bíla, svo kom Chevrolet með 340 bíla og Volkswagen (VW) með 321 bíl. Þessar þrjár tegundir voru með nokkurt forskot á þær tegundir sem á eftir fylgdu.

**Vinsæll** Chevrolet Spark var vinsælastur hjá almennum kaupendum.

Af einstökum undirtegundum keyptu aðrir en bílaleigur mest af Chevrolet Spark, 148 bíla. Þar næst kom Volkswagen Passat, 126 bílar, Skoda Octavia 125 bílar, Toyota LandCruiser 150 123 bílar, Chevrolet Captiva 116 bílar og Honda CR-V 111 bílar. *gudni@mbl.is*

*Morgunblaðið laugardaginn 07.01 2012*

# Íslendingar velja Chevrolet

**2547 nýir bílar voru seldir til almennings og fyrirtækja, annarra en bílaleiga, á síðasta ári.**

Það vekur sérstaka athygli að Íslendingar kjósa nýjar bíltegundir í stórauknum mæli.
**Af einstökum undirtegundum er Chevrolet efstur á blaði með söluhæsta bíl ársins, Chevrolet Spark og annan söluhæsta jeppa ársins, Chevrolet Captiva.**
Þetta er ekki að ástæðulausu.

**Hefur þú kynnt þér Chevrolet gæðin?**

**Opið í dag frá kl. 12 til 16.**




SOS BARNAÞORPIN ÍSLAND
Bílabúð Benna
SAMSTARF TIL GÓÐRA VERKA
WWW.SOS.IS - WWW.BENNI.IS

**benni.is**
Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - 590 2000
Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**KJÖRKASSINN**



*Stundar þú líkamsrækt?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 10,8% |
| NEI | 89,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fórst þú í utanlandsferð á síðasta ári?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Framkvæmdastjórn ESB birtir skýrslu um lagabreytingar í Ungverjalandi í næstu viku:

# Ungverjar breyti lögunum

**KAUPMANNAHÖFN** Stjórnvöld í Ungverjalandi eru reiðubúin að falla frá umdeildum breytingum á stjórnarskrá og löggjöf landsins, komi í ljós að þær brjóti í bága við Evrópurétt. Þetta sagði José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, á blaðamannafundi í Kaupmannahöfn í fyrradag.

Barroso sagði að framkvæmdastjórnin myndi næstkomandi þriðjudag birta úttekt sína á lagabreytingunum. Komist hún að þeirri niðurstöðu að þær fari í bága við lög ESB, er líklegt að beitt verði refsiaðgerðum. Þær gætu bæði falið í sér að Ungverjar fengju ekki fjárhagsaðstoð sem þeir þurfa sárlega á að halda og að þeir yrðu útilokaðir frá atkvæðagreiðslum í ráðherraráði ESB.



**JOSÉ MANUEL BARROSO**

Ungverjar hafa til þessa látið viðvaranir framkvæmdastjórnar ESB sem vind um eyrun þjóta, en Barroso upplýsti að á fundi á miðvikudag hefðu ungversk stjórnvöld lýst sig reiðubúin til að skoða að breyta lögunum á ný, yrði niðurstaðan sú að breytingarnar brytu í bága við lög Evrópusambandsins.

„Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að tryggja að Ungverjaland fari eftir lögum og grundvallarreglum Evrópusambandsins og ég er sannfærður um að við náum því fram,“ sagði Barroso. - óþs

Styttir leiðina í miðborgina:

# Göngubrú yfir Elliðaárósa

**SAMGÖNGUR** Áformað er að leggja göngu- og hjólabrú yfir Elliðaárósa, og mun ný leið stytta leiðina frá Grafarvogi í miðborgina um 700 metra. Til stendur að hefja framkvæmdir í sumar og ljúka þeim næsta haust.

Vegagerðin og Reykjavíkurborg boða af þessu tilefni til hugmyndasamkeppni um hönnun á brúm og stígum. Aðeins þeir sem hafa leyfi til að leggja aðaluppdrætti fyrir bygginganefnd geta tekið þátt. Verðlaunafé eru þrjár milljónir króna. - bj




Hef hafið störf á
**Aidu hársnyrtistofu**
**Blönduhlíð 35**
**sími: 5513068**

Nýjir og eldri viðskiptavinir velkomnir

Hulda Bjarnadóttir hársnyrtimeistari og förðunarfærðingur.


# Stækkun virkjunar á að hefjast á þessu ári

**HS Orka ætlar að ljúka nýjum orkusölusamningi og byrja að stækka Reykjanesvirkjun í ár. Framkvæmdum á að ljúka á fyrri hluta ársins 2014. Verið er að ræða við Norðurál. Áformin voru kynnt á fundi með fjárfestum í síðustu viku.**

**VIÐSKIPTI** HS Orka ætlar sér að ljúka nýjum orkusölusamningum á fyrri hluta ársins 2012 og byrja framkvæmdir við að auka framleiðslugetu Reykjanesvirkjunar um 80 MW á síðari hluta þess. Stefnt er að því að fyrri hluti næstu stækkunar Reykjanesvirkjunar, sem kallast Reykjanes 3, verði lokið á síðari hluta ársins 2013. Hinn hlutinn, Reykjanes 4, á að klárast á fyrri hluta ársins 2014. Þetta kemur fram í kynningu sem Alterra Power, eigandi 75% af hlutafé í HS Orku, hélt fyrir fjárfesta 6. janúar síðastliðinn. Jarðvarmi, félag í eigu íslenskra lífeyrissjóða, á fjórðung í HS Orku.

Að sögn Ásgeirs Margeirssonar, eins af aðstoðarforstjórum Alterra Power, eru einu samningaviðræðurnar sem í gangi eru við Norðurál vegna mögulegrar orkusölu HS Orku til álvers í Helguvík. Fyrirtækið gerði orkusölusamning við Norðurál árið 2007 sem ágreiningur var uppi um hvort væri gildur. Málinu var skotið til gerðardóms í Svíþjóð sem komst að þeirri niðurstöðu í desember síðastliðnum að samningurinn væri í gildi. Hins vegar eru fyrirvarar í niðurstöðunni um að þær framkvæmdir sem HS Orka þarf að ráðast í til að uppfylla samningin séu arðbærar. Forsvarsmenn HS Orku telja þær ekki vera það samkvæmt núverandi samningi.

Í tilkynningu sem HS Orka sendi frá sér vegna gerðardómsins kemur fram að HS Orka muni „vinna með Norðuráli að því að ná ásættanlegri niðurstöðu varðandi þau atriði sem upp hafa komið með þessum úrskurði“.

Heimildir Fréttablaðsins herma að í kynningu Alterra frá því í síðustu viku sé gert ráð fyrir því að viðunandi samningar náist við Norðurál. Þeir myndu fela í sér að hægt væri að ráðast í þriðja og fjórða hluta uppbyggingar á Reykjanesvirkjun sem mundi skila um 80 MW af orku. Í kynningunni er gert ráð fyrir að framkvæmdir við þá stækkun hefjist á seinni hluta þessa árs og að henni verði að fullu lokið á fyrri hluta árs 2014. Öll virkjanaleyfi fyrir þeim stækkunum liggja þegar fyrir. Þar er einnig sagt að stefnt sé að því að virkja um 50 MW af orku í Eldvörpum fyrir lok árs 2016. Á meðal næstu verkefna Alterra sé að fjármagna þriðja og fjórða áfanga Reykjanesvirkjunar og virkjun Eldvarpa.

Ef ekki nást samningar við Norðurál mun það fresta áætlunum Alterra fyrir HS Orku eitthvað en ekki breyta þeim. Verði viðræðunum endanlega slitið munu nýjar hefjast við aðra áhugasama orkukaupendur. thordur@frettabladid.is



**HELGUVÍK** Búið er að byggja hluta álversins þrátt fyrir að enn sé alls óvíst hvort það muni taka til starfa. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Þurfa orku fyrir tvo áfanga

Norðurál hefur hug á að byggja álver í Helguvík í fjórum áföngum. 150 MW af orku þarf í hvern áfanga og Norðurál hefur lýst því yfir að álverið verði ekki sett á fót nema orka sé tryggð fyrir tvo áfanga, alls 300 MW.
Alls hefur fyrirtækið samið um afhendingu á um 180 MW af orku við HS Orku og Orkuveitu Reykjavíkur. Þar af á HS Orka að afhenda um 80 MW.
Júlíus J. Jónsson, forstjóri HS Orku, sagði við Fréttablaðið í desember að ekki yrði ráðist í frekari virkjanakosti ef ekki lægju samningar fyrir um sölu á þeirri orku sem þeir myndu gefa af sér. Lánsfé fáist ekki til framkvæmdanna fyrr en fyrir liggi að þær séu arðbærar.


augnlæknar garðabæ 555 4556

**Augnlæknarnir Björn Már Ólafsson og Jens Þórissson hafa flutt starfsemi sína og opnað í glæsilegu húsnæði við Garðatorg 7 í Garðabæ. Tímapantanir eru í síma 555 4556.**

**Verið hjartanlega velkomin!**

MENNINGARSTARF Í KÓPAVOGI

**Menningar- og þróunarráð auglýsir eftir umsóknum um styrki úr lista- og menningarsjóði Kópavogsbæjar.**

Umsóknum skal skila fyrir **14. febrúar**

Umsóknareyðublöð fást á vef Kópavogsbæjar eða í þjónustuveri bæjarins, Fannborg 2.

Umsóknum skal skilað til:
**Lista- og menningarsjóður, Fannborg 2, 200 Kópavogur.**

Allar nánari upplýsingar á **kopavogur.is**

KÓPAVOGSBÆR

BYLGJAN 25 ÁRA 989



**Heimir & Kolla**
**vakna með þér í bítið**

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar


Matsfyrirtæki lækkar lánshæfismat Frakklands úr toppflokki:

# Bakslag í bata evrusvæðisins

**FRAKKLAND, AP** Matsfyrirtækið Standard & Poor‘s lækkaði í gær lánshæfismat Frakklands úr toppflokknum AAA niður í AA+, líkt og gert var við Bandaríkin síðasta sumar. Við það eykst enn óvissan um bata evrusvæðisins, en þróunin hafði verið nokkuð jákvæð síðustu daga og vikur.

Francois Baroin, fjármálaráðherra Frakklands sagði að vissulega væri um slæmar fréttir að ræða en engar hamfarir stæðu þó fyrir dyrum.

„Það verður að horfa á málið í samhengi og halda ró sinni. Það er óþarfi að hræða frönsku þjóðina,“ sagði hann.

Ekkert uppnám varð á mörkuðum þó að gengi hlutabréfa beggja vegna Atlantshafs hafi lækkað. Gengi evru lækkaði og hefur ekki verið lægra í heilt ár.

Sögusagnir höfðu verið á kreiki um að lækkun lægi fyrir, og ávöxtunarkrafa á frönsk ríkisskuldabréf til tíu ára hækkaði úr þremur prósentum upp í 3,1. Það er engu að síður nokkuð lægra en í síðustu viku þegar krafan var 3,36 prósent og miklu lægra en krafan á Ítalíu sem var 6,6 prósent í síðasta skuldabréfaútboði. - þj



**NIÐUR UM FLOKK** Francois Baroin fjármálaráðherra Frakklands segir enga ástæðu til að örvænta þó lánshæfismat landsins hafi verið lækkað úr toppflokki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# VERÐHRUN
# Á RAFTÆKJUM

**NÝTT VISATÍMABIL**

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.

**20.000,- AFSLÁTTUR**



## FINLUX
**Finlux 32" LCD Sjónvarp**
32FLX905HU
- Upplausn 1366x768 punktar
- Skerpa: 4000:1
- Birta: 500 cd/m2
- 1x Scart (með RGB), 2x HDMI, Ci, S-video, S/PDIF, PC tengi,
- USB tengi - Spilar : DivX, MKV, MP3 og JPEG

**69.990kr**
áður 89.990,-

## Melissa
**Ryksuga** 640258
- 1400w Ryksuga
- 4 Filtera kerfi
- Lætur vita þegar poki er að fyllast

**4.990kr**
áður 6.990,-



## Melissa
**Gufustraujárn**
641014
- 2200w
- Keramik botn
- Slekkur sjálfvirkt á sér
- Ofhitnunarvörn

**2.990kr**
áður 3.990,-





**10.000,- AFSLÁTTUR**

## FINLUX
**22" Finlux LCD Sjónvarp**
22FLX850UD
- Upplausn 1366x768 punktar
- Skerpa: 8000:1
- Birta: 300 cd/m2
- 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, D-Coax, Ci USB tengi
- Spilar : DivX, MKV, MP3 og JPEG
- 12v - 230v kerfi

**44.990kr**
áður 54.990,-

## Melissa
**Lítil hakkavél**
646094
- 140w mótor
- Ryðfrír stál hnífur
- Öryggisrofi

**1.990kr**
áður 2.990,-



## Melissa
**Handryksuga** 640215
- Virkar fyrir bæði þurr og blaut svæði
- Tekur 65ml af bleytu eða 500ml af ryki
- Veggfesting

**2.990kr**
áður 3.990,-



## PHILIPS
**Töfrasproti með skál**
HR1364
- Kröftugur mótor með turbó möguleika
- Twist and Spice hnífar sem vinna bæði lárétt og lóðrétt
- Auðvelt að þrífa
- Þeytari fylgir

**6.990kr**
áður 7.990,-



## Melissa
**Samlokugrill**
643193
- 750w Samlokugrill
- Hægt að geyma lóðrétt

**2.990kr**
áður 3.990,-





## Panasonic
**Þráðlaus sími**
KXTG6511
- Upplýst takkaborð
- Handfrjáls möguleiki
- 100 nafna símaskrá
- Allt að 18 klst. taltími

**5.990kr**
áður 6.990,-



## PHILIPS
**DECT sími**
CD1801B
- Handfrjáls möguleiki
- 50 númer og nöfn í minni
- Allt að 12 klst. taltími

**4.990kr**
áður 5.990,-



## Melissa
**Vöfflujárn** 643214
- 1000w

**3.990kr**
áður 4.990,-


24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 20. janúar á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hversu háa starfslokasamninga greiddi Geysir Green tveimur fyrrverandi stjórnendum árið 2010?*
2. *Hver er formaður Félags tónskálda og textahöfunda?*
3. *Hvað kostaði síðasta Áramótaskaup?*

**SVÖR:**

*1. 90 milljónir króna. 2. Jakob Frímann Magnússon. 3. 30 milljónir króna.*

Veggjöld í Vaðlaheiðargöngum þurfa að vera tvöfalt hærri en áætlanir gera ráð fyrir samkvæmt skýrslu:

# Skýrsla um Vaðlaheiðargöng falin á Háskólavef

**SAMGÖNGUMÁL** Skýrsla um Vaðlaheiðargöng sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann fyrir samgönguráðuneytið árið 2010 var aldrei birt opinberlega af hálfu ráðuneytisins. Þetta kom fram í Morgunblaðinu í gær.

Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar þurfa veggjöld í fyrirhuguð Vaðlaheiðargöng að vera um tvöfalt hærri en gert er ráð fyrir í núverandi áætlunum félags um göngin. Þá felist áhætta í því að vegfarendur muni áfram geta ekið Víkurskarð í stað þess að greiða í göngin sem myndi þó spara þeim um sextán kílómetra akstur.



KRISTJÁN L. MÖLLER

Samgönguráðherra á árinu 2010 var Kristján L. Möller, alþingismaður Samfylkingar úr Norðausturkjördæmi. Kristján er stjórnarmaður í Vaðlaheiðargöngum ehf. Ekki náðist í Kristján í gær.

„Það gleymdist að birta skýrsluna hjá okkur en hún var birt mjög fljótlega á vef Hagfræðistofnunar. Það þarf að leita og gramsa svolítið til að sjá hana þar,“ segir Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi innanríkisráðuneytisins sem nú fer með samgöngumál.

> Það gleymdist að birta skýrsluna hjá okkur en hún var birt mjög fljótlega á vef Hagfræðistofnunar.
>
> JÓHANNES TÓMASSON UPPLÝSINGAFULLTRÚI INNANRÍKISRÁÐUNEYTISINS

Jóhannes segir að þótt skýrslan hafi ekki verið birt opinberlega af hálfu samgönguráðuneytisins, frekar en ýmis önnur gögn í málinu, hafi hún verið kynnt í ríkisstjórn og rædd í nefnd um gjaldtöku vegna stórframkvæmda. Skýrslan hefur nú verið sett inn á vef innanríkisráðuneytisins.

Vaðlaheiðargöng eru nú til umfjöllunar í bæði fjárlaganefnd og samgöngunefnd Alþingis. Málið verður á dagskrá samgöngunefndar á mánudagsmorgun. - gar

Misheppnaði Marsför lokið:

# Geimrusl fellur á sunnudaginn

**GEIMFERÐIR** Nokkurri óvissu er háð hvar brak úr rússneska geimfarinu Phobos-Grunt fellur til jarðar eftir miðjan dag á sunnudag. Breska ríkisútvarpið BBC segir að brak kunni að koma niður einhvers staðar á jarðarkringlunni 51,5 gráður til norðurs og suðurs frá miðbaug.

Ísland er fyrir norðan þá línu, en innan hennar eru þó nokkrar stórborgir, þar á meðal Lundúnir og New York. Mestar líkur eru þó á að brakið lendi í sjó eða utan byggða.

Eldflauginni, sem flytja átti könnunarfar til Mars, var skotið á loft í nóvember en komst aldrei út fyrir sporbaug jarðar sökum vélarbilunar.

Um var að ræða mikið áfall fyrir rússnesku geimferðastofnunina á sínum tíma. - óká

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Fjórir í vímu við stýri

Fjórir ökumenn voru teknir fyrir ölvunar- og fíkniefnaakstur á höfuðborgarsvæðinu í fyrradag og fyrrinótt. Einn þessara ökumanna hefur aldrei öðlast ökuréttindi.

### Klipptu af 100 bílum

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur klippt númer af um hundrað óskoðuðum eða ótryggðum bílum á undanförnum dögum. Mikið er um ótryggð og óskoðuð ökutæki í umdæminu. Lögreglan hvetur eigendur og umráðamenn þeirra til að gera þar bragarbót á.

**GRÍMSEY**

### Mótmæla lundaveiðibanni

Bæjarráð Akureyrar tekur undir mótmæli hverfisráðs Grímseyjar vegna fyrirhugaðs banns við svartfuglsveiðum næstu fimm árin og skorar á Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra að taka tillit til sérstöðu Grímseyjar.

# Telur mannréttindi brotin í máli Baldurs

**Forseti lagadeildar HÍ telur að meðferð máls Baldurs Guðlaugssonar í réttarkerfinu hafi ekki samræmst Mannréttindasáttmála Evrópu. Fjármálaeftirlitinu hafi verið óheimilt að taka mál hans upp að nýju eftir að hafa fellt það niður.**

**DÓMSMÁL** Fjármálaeftirlitinu (FME) var óheimilt að taka aftur til rannsóknar innherjasvik Baldurs Guðlaugssonar eftir að hafa tilkynnt honum um niðurfellingu málsins vorið 2009. Þetta er mat Róberts Ragnars Spanó, lagaprófessors og forseta lagadeildar Háskóla Íslands.



RÓBERT RAGNAR SPANÓ

Róbert víkur að málinu í nýrri bók sem heitir eftir réttarreglunni Ne bis in idem, en hún snýst um bann við endurtekinni málsmeðferð vegna refsiverðrar háttsemi. Kveðið er á um bannið í Mannréttindasáttmála Evrópu.

Baldur hefur krafist þess í tvígang hið minnsta að máli hans verði vísað frá á grundvelli þessarar reglu. Hann telur að ákvörðun FME um að fella málið niður hafi í raun falið í sér málalyktir og hann hafi mátt gera sér réttmætar væntingar um að ákvörðunin væri endanleg, jafnvel þótt FME hafi að mati starfsmanna þess áskilið sér nægjanlegan rétt til að hefja rannsókn aftur ef ný gögn kæmu í leitirnar.

Þessi ágreiningur hefur þegar farið fyrir Hæstarétt, sem hafnaði kröfu Baldurs og féllst á það með FME að bréfið sem Baldur fékk sent um niðurfellinguna hafi ekki falið í sér endanlega niðurstöðu.

Í bók sinni segir Róbert að draga megi í efa að sú niðurstaða Hæstaréttar sé rétt, enda hafi rannsókn FME verið þess eðlis að í skilningi Mannréttindasáttmálans hefði þurft sérstaka heimild að lögum til að taka hana upp að nýju. Þá heimild sé hins vegar hvergi að finna.

Þar að auki telur Róbert að ef talið yrði að FME hefði haft heimild til að taka málið upp aftur hefði stofnunin þurft að sýna fram á að efni hefðu staðið til þess, það er að nýjar upplýsingar hefðu komið fram í dagsljósið sem gætu breytt niðurstöðu málsins. Hæstarétti hafi borið að leggja mat á þetta atriði en hins vegar sé erfitt að fullyrða hvort og þá með hvaða hætti það hafi verið gert.

Strax í kjölfar þess að FME tilkynnti Baldri um endurupptöku málsins var því vísað til sérstaks saksóknara, sem ákærði Baldur í kjölfarið fyrir innherjasvik. Hann var í fyrrasumar dæmdur í tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir brotið.

Baldur áfrýjaði til Hæstaréttar og þar verður málflutningur 25. janúar. Þar hefur hann enn krafist þess að málinu verði vísað frá eða fyrri dómur ógiltur á grundvelli þessa sama ákvæðis.

stigur@frettabladid.is



**FÉKK TVEGGJA ÁRA DÓM** Baldur var dæmdur í tveggja ára fangelsi í héraðsdómi. Áður hafði Hæstiréttur þegar kveðið upp úr með að Fjármálaeftirlitið hafi mátt taka rannsóknina upp að nýju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# *Friðlýsing Skerjafjarðar*

Þann 10. janúar sl. samþykkti bæjarstjórn Kópavogs að friðlýsa hluta Skerjafjarðar sem er innan bæjarmarka Kópavogs. Friðlýst verða tvö svæði, annars vegar í Kópavogi og hins vegar í Fossvogi, alls um 62,6 ha svæði sem mikilvæg búsvæði fugla.

Almenningur er hvattur til þess að kynna sér tillöguna og koma á framfæri ábendingum fyrir 27. janúar næstkomandi. Ábendingum skal komið á framfæri á umhverfisstofnun.is.

Skerjafjarðarsvæðið í heild hefur alþjóðlegt verndargildi vegna farfuglategunda, svo sem *rauðbrystings* og *margæsar* en þar er að finna lífríkar þangfjörur, leirur og grunnsævi sem skapa undirstöðu fyrir afar fjölbreytt fuglalíf allan ársins hring. Einnig er svæðið mikilvægt vegna *marhálms* og *sjávarfitjungs* sem hafa takmarkaða útbreiðslu hér á landi, en marhálmur er ein aðal fæða margæsar. Í Fossvogi og Kópavogi er stór hluti af leirum á Skerjafjarðarsvæðinu. Fræðslugildi svæðisins er hátt með tilliti til lífríkis og aðgengi að svæðinu er gott. Strandlengjan er vinsæl til útivistar og í Fossvogi eru iðkaðar siglingar og annað sjósport.

UMHVERFISSTOFNUN
Akureyri · Egilsstaðir · Ísafjörður · Mývatn · Patreksfjörður
Reykjavík · Snæfellsnes · Vestmannaeyjar


Tímamót eftir að 651 pólitískum föngum var sleppt og samið við uppreisnarhóp:

# Þokast í umbótaátt í Búrma

**BÚRMA, AP** Bandaríkjastjórn mun á næstunni skipa sendiherra í Búrma í fyrsta sinn frá árinu 1990. Það markar nokkur tímamót fyrir Búrma sem hefur verið að miklu leyti einangrað frá umheiminum sökum mannréttindabrota herforingjastjórnarinnar sem hefur lengi ráðið þar ríkjum.

Bandaríkin kölluðu sendiherra sinn heim á sínum tíma eftir að herstjórnin ógilti kosningarnar þar sem lýðræðisflokkur Aung San Suu Kyi sigraði.

Margt hefur gerst þar síðustu daga þar sem stjórnvöld slepptu í gær 651 pólitískum fanga og í fyrradag var skrifað undir vopnahléssamning við uppreisnarsamtök Karena eftir 60 ára vopnaða baráttu fyrir auknu sjálfræði.

Ríkisstjórnin sem tók við völdum í landinu eftir kosningar í lok 2010 hefur lagt í ýmsar úrbætur til að reyna að binda enda á einangrun og viðskiptaþvinganir sem Vesturlönd hafa beitt vegna ástandsins þar.

Undanfarið hafa samskiptin við Búrma aukist þar sem utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Bretlands hafa sótt landið heim síðustu vikur. - þj, þeb



**FRELSINU FEGNIR** Hundruð pólitískra fanga var sleppt úr haldi í Búrma í gær. Landið þykir þokast í átt til umbóta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17
Sunnudaga
12–17

# ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

## Archos 28 4 GB Internet Tablet

Archos 28 er lítill og nettur MP3/MP4 spilari með spjaldtölvueiginleikum. Android-stýrikerfi.



**Útsöluverð: 9.995**
**57% AFSL.**
Verð áður: 22.995

501562

## 32" Sony LED Full HD

**EM TILBOÐ**



**Útsöluverð: 109.995**
**30.000 KR. AFSL.**
Verð áður: 139.995

Frábært Full HD 1920 x 1080 p sjónvarp frá Sony. X-Reality myndvinnsla sem tryggir skerpu og mýkt í hreyfingu. USB afspilun og upptaka. DLNA-tenging við tölvu.

KDL32EX520BAEP

## 40" Sony LED Full HD

**EM TILBOÐ**

KDL40EX521BAEP



**Útsöluverð: 149.995**
**20.000 KR. AFSL.**
Verð áður: 169.995

Frábært Full HD 1920 x 1080 p sjónvarp frá Sony. X-Reality myndvinnsla sem tryggir skerpu og mýkt í hreyfingu. USB afspilun og upptaka. DLNA-tenging við tölvu.

## Nokia C6-01

Nettur og kraftmikill snjallsími með 8 MP myndavél. Nokia Maps, 3G, WiFi og mjög góður skjár einkenna þennan vandaða síma. Uppfæranlegur í nýjustu útgáfu af stýrikerfinu.



**Útsöluverð: 34.995**
**30% AFSL.**
Verð áður: 49.995

002S7N6 / 002S7K9

## Knopex útvarp

Flott retro útvarp.



**Útsöluverð: 4.795**
**20% AFSL.**
Verð áður: 5.995

5009108

**10% afslátttur af öllum tölvum frá Apple**

## MacBook Pro 13" 2,4 GHz i5

Einstaklega vel útbúin fartölva frá Apple. 2,4 GHz dual core Intel i5 örgjörvi með 4 GB DDR3 vinnsluminni. Frábær LED baklýstur skjár, 500 GB harður diskur og margt fleira.



**Útsöluverð: 197.995**
**22.000 KR. AFSL.**
Verð áður: 219.995

Z0NJ

# Allt að 80% afsláttur

## HTC Trophy



99HKM033-00

Geggjaður sími frá HTC sem styður Windows Phone 7.5 Mango stýrikerfið. Mjög hraðvirkur og öflugur snjallsími með aðgengi að þúsundum skemmtilegra forrita auk fulls stuðnings við helstu Microsoft forrit.

**Útsöluverð: 49.995**
**44% AFSL.**
Verð áður: 89.995

## Fartölvutaska og mús

Flott fartölvutaska og fartölvumús.

**Útsöluverð: 2.995**
**50% AFSL.**
Verð áður: 5.995



7006431

## ARCHOS 70 Internet Tablet 8GB

Frábær Archos spjaldtölva með Android-stýrikerfi.



**Útsöluverð: 29.995**
**57% AFSL.**
Verð áður: 68.995

501582

## Mikið úrval farsíma og farsímaaukahluta með 30–80% afslætti

10% afsláttur er af öllum nýjum farsímum sem ekki eru á útsöluverðum
20% afsláttur er af öllum nýjum farsímaaukahlutum sem ekki eru á útsölu

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 120148



**Á MÓTI MORÐÁRÁSUM** Árásum Bandaríkjanna með fjarstýrðum skotflaugum á ættbálkasvæði í Pakistan, sem hafnar eru á ný, er harðlega mótmælt í Multan í Pakistan. NORDICPHOTOS/AFP

Seðlabankinn boðar til fyrsta krónuútboðsins sem er liður í að afnema höft:

# Kaupa allt að 100 milljónir evra

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabanki Íslands hefur auglýst fyrsta krónuútboð sitt í tengslum við áætlun um afnám gjaldeyrishafta frá því í ágúst. Útboðið verður haldið 15. febrúar og er tvískipt. Annars vegar býðst bankinn til þess að kaupa evrur í skiptum fyrir krónur, samkvæmt fjárfestingarleiðinni svokölluðu, og hins vegar í skiptum fyrir verðtryggð ríkisskuldabréf.

Bankinn hyggst kaupa allt að 100 milljónir evra í útboðunum tveimur fyrir allt að 240 krónur fyrir evruna. Útboðsgengi ræðst þó vitaskuld af tilboðum þátttakenda.


**SEÐLABANKINN** Bankinn vinnur nú að áætlun sinni um hvernig losa megi gjaldeyrishöft. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Seðlabankinn mun standa fyrir gjaldeyrisútboðum þar sem hann kaupir erlendan gjaldeyri í skiptum fyrir krónur. Þannig gefst eigendum aflandskróna tækifæri til að nota þær til fjárfestinga hér. Á móti kaupir Seðlabankinn gjaldeyri til að áhrifin á gjaldeyrisforða bankans verði engin.

Í Morgunkorni greiningardeildar Íslandsbanka í gær kom fram að Seðlabankinn þyrfti að kaupa til baka sem nemur um 130 milljónum evra til að bæta sér upp útflæði úr gjaldeyrisforðanum. Vega þar þyngst gjaldeyrisútboð bankans og kaup á ríkisbréfum af erlendum aðila í desember fyrir 18,5 milljarða króna. - mþl

Fangelsi í einn mánuð:

# Tók kjúklingaleggi og krem

**DÓMSMÁL** Karlmaður um þrítugt hefur verið dæmdur í eins mánaðar fangelsi fyrir að stela úr verslunum, þar á meðal kjúklingaleggjum og kremi.

Maðurinn stal kreminu úr Lyfju. Úr annarri verslun stal hann einum hörðum diski og kjúklingaleggjum úr þeirri þriðju. Maðurinn játaði brot sitt. Hann á að baki sakaferil frá árinu 2009 og hefur verið dæmdur fyrir skjalafals og þjófnað. Síðast var hann dæmdur í fimm mánaða fangelsi í júní í fyrra. - jss

Gert verður nýtt sakhæfismat:

# Breivik vill ekki ræða við lækna

**NOREGUR, AP** Verjandi norska fjöldamorðingjans Anders Behring Breivik segir hann ekki ætla að ræða við geðlækna sem fá það verkefni að framkvæma nýtt sakhæfismat.


**ANDERS BEHRING BREIVIK**

Dómari í máli Breivik taldi nauðsynlegt að fá nýtt mat í ljósi harðrar gagnrýni á fyrra matið. Samkvæmt því er Breivik ósakhæfur og mun að óbreyttu vistast á réttargeðdeild en ekki fangelsi.

Tveir geðlæknar hafa verið fengnir til að gera nýtt mat. Geir Lippestad, verjandi Breiviks, sagði hann ekki ætla að tala við þá þar sem þeir geti ekki skilið hann frekar en þeir sem framkvæmdu fyrra matið. - bj

Bræður í Malmö handteknir:

# Umfangsmikið smygl á Írökum

**SVÍÞJÓÐ** Tveir bræður í Malmö hafa verið handteknir fyrir að hafa smyglað tugum Íraka til Svíþjóðar. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar fluttu bræðurnir tekjurnar af smyglinu til Íraks þar sem þeir eru sagðir eiga leiguhúsnæði.

Grunur leikur á að tengsl mannanna vð glæpasamtökin Black Cobra hafi auðveldað þeim að innheimta greiðslur fyrir að smygla hælisleitendum frá Írak til Svíþjóðar. - ibs

# AGS aðstoðar við gerð laga um fjármál hins opinbera

**Í nýrri skýrslu starfshóps AGS eru ráðleggingar til stjórnvalda við setningu nýrrar rammalöggjafar um fjármál hins opinbera. Fjármálaráðuneytið bað um skýrsluna. Frumvarpsdrög eiga að verða til fyrir þinglok.**

**EFNAHAGSMÁL** Ný rammalöggjöf um fjármál hins opinbera á að taka á vöntun, glufum og ósamræmi í lagaumhverfi sem átti þátt í fjármálalegum óstöðugleika fyrir hrun. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri skýrslu starfsmanna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Fjármálaráðuneytið fór fram á tæknilegt liðsinni sjóðsins við undirbúning nýrrar rammalöggjafar.


**GUÐMUNDUR ÁRNASON**

Skýrslan, sem kom út í gær, nefnist „Toward a New Organic Budget Law". Í henni segir að upprisa Íslands úr efnahagshruninu 2008 feli í sér einstakt tækifæri til að endurskoða löggjöf og vinnuferla sem mótað hafi ákvarðanir í opinberum fjármálum síðasta áratug.

Starfshópur sjóðsins fundaði hér á landi 18. til 31. október síðastliðinn með nefnd fjármálaráðuneytisins um endurskoðun gildandi löggjafar, auk fjölda fólks sem kemur að ákvarðanatöku um opinber fjármál. „Skýrslan og tilmæli hennar eru fyrsta innleggið í vinnu nefndar ráðuneytisins," segir í skýrslunni. Auk þess að taka á glufum og ósamræmi telur starfslið AGS að ný löggjöf eigi að festa í sessi góða fjárlagahætti sem teknir hafi verið upp eftir hrun, búa til styrkan grunn sjálfbærrar fjármálastefnu til framtíðar og um leið koma Íslandi í hóp þeirra landa sem fremst standa í umgjörð opinberra fjármála í heiminum.


**FRÁ UMRÆÐU UM FJÁRLÖG** Meðal þess sem ný rammalöggjöf um fjármál hins opinbera tekur á er ákveðnari vinnurammi við gerð fjárlaga, þar sem fjárveitingar eru skipulagðari og taka meira mið af heildarstefnu í hverjum málaflokki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Til hefur staðið að setja almennari lagaramma sem tekur til allra þátta.
>
> **GUÐMUNDUR ÁRNASON** RÁÐUNEYTISSTJÓRI Í FJÁRMÁLARÁÐUNEYTINU

Skýrslan, sem er um 80 síður, er nokkuð ítarleg og í henni er að finna samanburð við önnur lönd, sér í lagi þar sem lög um opinber fjármál hafa verið endurskoðuð. Lagðar eru til aðferðir til að koma meiri aga og skipulagi á undirbúning fjárlaga og ákvarðanatöku á Alþingi. Þannig ætti eftir gildistöku nýrra laga að heyra sögunni til að mál einstakra stofnana dúkki upp á síðustu stundu við gerð fjárlaga. Komi í ljós að stofnun skorti fé eftir að búið er að úthluta fé til hennar málaflokks, þá verði ekki annað í boði en tilfærsla fjármuna sem ætlaðir hafa verið til þess flokks, en ekki aukin fjárútlát ríkisins.

Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, sem fer fyrir nefndinni um rammalöggjöfina nýju, segir mikla áherslu lagða á verkefnið. Hann segir gildissvið fjárreiðulaganna, sem á sínum tíma hafi verið mikil framför, vera tiltölulega afmarkað. „Til hefur staðið að setja almennari lagaramma sem tekur til allra þátta, ætlanagerðar í ríkisfjármálum, fjárlagaferlisins, framkvæmdar fjárlaga og eftirlits með henni, sem og reikningshaldi," segir hann og kveður drög lögð að mjög heildstæðri lagasetningu.

Með skýrslu sérfræðinga AGS segir Guðmundur fram komið gagn sem eigi eftir að nýtast mjög vel í þeirri vinnu sem hafin sé. „Ef allt gengur að óskum vonumst við til þess að hægt verði að kynna heildstæð frumvarpsdrög þegar líður að þinglokum," segir hann. Drögin verði þá lögð fram til kynningar á Alþingi. „Tímaáætlunin er nokkuð knöpp en við teljum okkur geta unnið þetta vandlega og af kostgæfni innan þessa tímaramma. Síðan mun þingið væntanlega þurfa rúman tíma til að fara yfir málið," segir hann.

olikr@frettabladid.is


# Lokafrestur 31. janúar

Endurgreiða má virðisaukaskatt vegna kostnaðar við aðkeypta vinnu við viðhald og endurbætur á íbúðar- og frístundahúsnæði. Samhliða má lækka tekjuskattsstofn um mest 200.000 kr. hjá einhleypingi og 300.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki. Frestur til að skila inn umsókn vegna vinnu á árinu 2011 rennur út 31. janúar næstkomandi.

Ef sótt er um eftir þann tíma vegna framkvæmda á síðasta ári heimilast aðeins endurgreiðsla á virðisaukaskatti en ekki lækkun á tekjuskattsstofni.

**Hægt er að sækja um endurgreiðslu á þjónustuvef ríkisskattstjóra, skattur.is**




RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Nánari upplýsingar á ***www.rsk.is***

# Nýtt meistaraverk

## Frumsýnum nýjan M-Class í dag

Nýr Mercedes-Benz M-Class setur ný viðmið fyrir lúxusjeppa. Afburða hönnun, fjölmargar tækninýjungar, kraftur og framúrskarandi akstursseiginleikar hafa tryggt honum frábærar viðtökur. Eyðslan er frá aðeins 6,5 l/100 km í blönduðum akstri og $CO_2$ útblástur einungis 164 g/km.

Komdu í sýningarsal okkar á Krókhálsi 11, skoðaðu og reynsluaktu nýjum M-Class. Opið í dag kl. 11-16.
www.mercedes-benz.is




Mercedes-Benz
Aðeins það besta.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Er símahlerunum beitt of frjálslega við rannsóknir lögreglu?

## Enn af hlerunum

Enn hefur athyglin beinzt að símahlerunum lögreglunnar, eftir að Fréttablaðið sagði frá því í fyrradag að tugum manna, sem höfðu stöðu grunaðra í rannsóknum embættis sérstaks saksóknara á bankahruninu, hefði á síðustu vikum verið greint bréflega frá því að símar þeirra hefðu verið hleraðir. Í sumum tilfellum leið hálft annað ár frá því að heimild fékkst til hlerana og þar til viðkomandi var tilkynnt um hlerunina.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, sagði Fréttablaðinu að nú sæi til lands í rannsóknum ýmissa mála og því væri ekki talin ástæða til að beita hlerunum lengur; þess vegna hefðu margar tilkynningar verið sendar að undanförnu.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Þetta kann að vera rétt, en sennilega spilar þó líka inn í að stutt er síðan embætti ríkissaksóknara tók sig saman í andlitinu og hóf virkt eftirlit, sem það á lögum samkvæmt að hafa með símahlerunum lögreglunnar. Það gerðist þó ekki fyrr en að undangenginni harðri gagnrýni, meðal annars frá Róbert Spanó, forseta lagadeildar Háskóla Íslands, og Boga Nilssyni, fyrrverandi ríkissaksóknara, í greinum hér í blaðinu. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra brást við með því að vekja athygli ríkissaksóknara á málinu.

Ýmislegt bendir til að hleranir sérstaks saksóknara séu í sumum tilvikum á gráu svæði. Þannig gagnrýndi Valtýr Sigurðsson, fyrrverandi ríkissaksóknari sem nú gætir hagsmuna einstaklings sem er til rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara, rannsóknaraðferðir embættisins í Fréttablaðinu í gær. Hann benti á mál manns, sem var kallaður til yfirheyrslu sem vitni í máli og sími hans var síðan hleraður í kjölfarið. Upptökur af símtölum hans við nánustu fjölskyldu hefðu síðan verið spilaðar fyrir þriðja aðila.

Sigurður G. Guðjónsson, sem einnig gætir hagsmuna grunaðra manna, gagnrýndi hér í blaðinu í fyrradag að símahlerunum væri beitt í málum, þar sem erfitt væri að sjá að meira en átta ára fangelsisrefsing lægi við meintum brotum eða að ríkir almanna- eða einkahagsmunir krefðust, eins og lög gera ráð fyrir.

Í Fréttablaðinu í dag kemur fram að Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari hyggist herða eftirlit sitt með hlerunum lögreglu og setja verklagsreglur um að tilkynnt sé um hlerunina innan tiltekinna tímamarka, ella grípi saksóknari inn í og geri það. Það bendir eindregið til að eftirlitinu hafi til þessa verið ábótavant.

Símahleranir geta verið mikilvægt rannsóknarúrræði fyrir lögregluna. Það er sjálfsagt og eðlilegt að lögreglan geti gripið til slíks úrræðis, en um leið er það mikið og alvarlegt inngrip í einkalíf fólks og þess vegna ber að beita því af ýtrustu varúð. Ýmislegt bendir til að því hafi verið beitt of frjálslega; að bæði hafi dómstólar túlkað heimildir til hlerunar of vítt og að eftirlitinu með framkvæmdinni hafi verið ábótavant. Það er jákvætt ef nú á að ráða bót á því.

Rannsókn á efnahagsbrotum í aðdraganda bankahrunsins er að sjálfsögðu gríðarlega mikilvægt verkefni. Það réttlætir þó ekki að reglum réttarríkisins sé vikið til hliðar, í þessu efni eða öðrum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Er Mammon íslenskur?

Alþýðusambandið efndi í vikunni til fundar um þá spurningu hvort íslenska krónan væri böl eða blessun. Í góðu samræmi við íslenska umræðuhefð setti Morgunblaðið hins vegar ofan í við forystumenn sambandsins fyrir að halda fund um upptöku evrunnar.

Af sjálfu leiðir að skoða þarf aðra kosti til samanburðar ef krónan þykir ekki duga til að veita launafólki öryggi og atvinnulífinu samkeppnishæfa stöðu. En rétt er að íhuga fyrst okkar íslenska Mammon með því að meta reynsluna af sjálfstæðum eigin gjaldmiðli og hversu líklegt er að hann geti svarað framtíðarkröfum þjóðarinnar. Forystumenn Alþýðusambandsins byrjuðu því umræðuna á réttunni.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Eftir að gjaldmiðillinn hrundi verður ekki hjá því komist að ræða hvort endurreisa eigi efnahagslífið á þeim rústum eða finna nýjar undirstöður. Í þeirri umræðu dugar ekki að loka augunum fyrir því sem hér gerðist og láta hana einvörðungu snúast um vanda annarra. Á sama hátt er heldur ekki unnt að láta eins og sá vandi sé ekki til.

Talsmenn launafólks benda réttilega á að útilokað er að bjóða því nýja framtíð með sama óstöðugleika og það hefur búið við. Eins hafa forystumenn atvinnulífsins að frátöldum þeim sem fara fyrir sjávarútvegi og landbúnaði bent á að íslensk fyrirtæki þurfa viðlíka samkeppnisumhverfi og erlendir keppinautar njóta. Þar fara hagsmunir saman.

## Á að viðurkenna mistök?

Andstæðingar frekara samstarfs við Evrópuþjóðir eru helstu talsmenn þess að verja krónuna á hverju sem gengur. Þeir benda réttilega á að sjálfstæð mynt auðveldar stjórnvöldum að færa peninga frá launafólki til útflutningsfyrirtækja. En reynslan af þeirri ljúfu leið er einmitt þyrnir í augum talsmanna launafólks. Hér togast á ólíkir hagsmunir. Þeir eru eigi að síður jafn íslenskir.

Þegar gera þarf upp á milli þessara hagsmuna segja talsmenn krónunnar að hún þurfi ekki að leiða til óstöðugleika. Allt fari það eftir því hvernig peningamálunum er stjórnað. Þessi fullyrðing felur í reynd í sér að stjórnendur peningamála hafi gert alvarleg mistök í aðdraganda þess að gjaldmiðillinn ofreis og hrundi með falli bankanna í kjölfarið. Það er því lykilatriði í umræðunni að vega og meta hvort þessi staðhæfing er rétt.

Það myndi auðvelda þetta mat ef þeir sem stjórnuðu peningamálum þjóðarinnar á þessum árum viðurkenndu þau alvarlegu mistök sem þeir eru vændir um ef rökrétt ályktun er dregin af staðhæfingum þeirra sem ákafast vilja halda í krónuna. Vandinn er sá að þvert á móti telja þeir sig vera þá einu sem ekki gerðu mistök.

Þó að stjórnendur Seðlabankans hafi ugglaust getað gert betur í ýmsum efnum hefur ekki verið sýnt fram á að þeir hafi gert þau afgerandi mistök að augljóst megi vera að þeir hefðu getað komið í veg fyrir innistæðulaust ris krónunnar og hrunið sem var eðlileg afleiðing af því. Kjarni málsins er sá að málsvarar krónunnar þurfa að rökstyðja að stjórnendur peningamálanna hefðu átt að ráða við þá markaðskrafta sem léku gjaldmiðilinn jafn grátt og raun ber vitni á opnum alþjóðlegum markaði og með hvaða ráðum.

Með öðrum orðum: Þeir sem staðhæfa að Seðlabankinn hafi gert allt rétt í aðdraganda hrunsins og segja um leið að stöðugleikinn snúist bara um góða stjórnun á krónunni þurfa að skýra þversögnina.

## Er endurtekningin eini kosturinn?

Talsmenn Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins eru sakaðir um að ganga erinda ríkisstjórnarinnar þegar þeir efna til umræðna um markmið og leiðir í peningamálum. Það er sérkennileg ásökun því að ríkisstjórnin hefur enga stefnu í þeim efnum. Reyndar hafa stjórnarandstöðuflokkarnir það ekki heldur.

Réttilega er á það bent að nýjar leiðir kalla á stóraukinn aga í hagstjórn. Hvorki ríkisstjórnin né stjórnarandstöðuflokkarnir vilja umræðu um þá hluti. Eðlilega spyrja menn því hvort stjórnmálin hafi í verki sætt sig við gjaldeyrishöftin sem þau andmæla í orði kveðnu. Og aðilar vinnumarkaðarins þurfa að svara því hvort kjarasamningarnir voru í samræmi við kröfur um agaða hagstjórn eða einföld ávísun á óvissu.

Á viðreisnarárunum nutum við góðs af þeim aga sem þátttaka í myntsamstarfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins veitti. Síðustu þrjú ár höfum við haft ábata af þeim aga sem sérstakur samningur við sjóðinn krafðist. Hvaða rök standa til þess að okkur standi ógn af þeim aga sem myntsamstarf við Evrópuþjóðirnar gæti leitt til standi það á annað borð til boða? Stærsti vandi okkar er ef til vill sá að með áframhaldandi ráðleysi er ekki víst að við getum valið neitt annað en endurtekningu á því sem áður hefur gerst.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




## NÝÁRSFAGNAÐUR TOYOTA

Í dag frá kl. 12-16, verður Stórsýning hjá Toyota á Íslandi þar sem nokkrar af stjörnum Toyota láta ljós sitt skína hjá öllum viðurkenndum söluaðilum. Frumsýndur verður glænýr Avensis, beint úr kassanum. Einnig koma fram hinir gríðarvinsælu Yaris og Land Cruiser 150. Söluráðgjafar Toyota verða í sérstöku samningsskapi og eru til alls líklegir. Ekki missa af tækifæri til að gera fantagóð bílakaup á nýja árinu. Nánari upplýsingar á **www.toyota.is**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

# 3,7 L/100 KM

*M.V. LANGKEYRSLU

# SJÁLFSKIPTU
# SEM FER HR



**A** MENGUNARFLOKKUR

$CO_2$ ÚTBLÁSTUR 110 G/KM

er með því lægsta sem þekkist í bílum í þessum stærðarflokki.



## RENAULT MEGANE DÍSIL

VERÐ **3.490.000 KR.** SJÁLFSKIPTUR

Græn fjármögnun (ekkert lántökugjald)
50% útborgun 1.745.000 kr.
Greiðsla á mánuði í 84 mán. 28.487 kr.

P FRÍTT Í STÆÐI
FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU



## VERIÐ VELKOMIN Á SÝNINGU Í DAG

Verið velkomin á sýninguna í dag milli klukkan 12 og 16. Þú þiggur kaffi og meðlæti og lætur sölumenn okkar aðstoða þig við að reikna út hvernig þú getur að eignast nýjan sparneytinn Renault – sjáumst!

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533

SÝNING Í DAG
FRÁ 12 - 16

# UR FJÖLSKYLDUBÍLL INGINN Á EINUM TANKI!




## RENAULT MEGANE SPORT TOURER DÍSIL

VERÐ **3.690.000 KR.** SJÁLFSKIPTUR

Græn fjármögnun (ekkert lántökugjald)
50% útborgun 1.845.000 kr.
Greiðsla á mánuði í 84 mán. 29.940 kr.

P FRÍTT Í STÆÐI! FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

**1428 km***

*Miðað við blandaðan akstur

Nýr Renault Megane Sport Tourer með nýju 1500 rúmsentimetra dísilvélinni og 6 gíra sjálfskiptingunni er með sparneytnustu bílum sem völ er á. Hann getur ferðast 1428 km á einum tanki.




## RENAULT CLIO 1,5 DÍSIL

VERÐ **2.740.000 KR.** BEINSKIPTUR

Græn fjármögnun (ekkert lántökugjald)
50% útborgun 1.370.000 kr.
Greiðsla á mánuði í 84 mán. 22.430 kr.

P FRÍTT Í STÆÐI! FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

ENNEMM / SIA / NM49682

## REYNSLUAKSTUR

Eftir að hafa reynsluekið Renault kemst þú að því hve lipur og vandaður bíllinn er.
Komdu í heimsókn til okkar að Sævarhöfða 2 og prófaðu bílinn sem hentar þér.

www.renault.is

RENAULT

**INGVAR HELGASON OG B&L** Sævarhöfða 2, sími 525 8000

# Ódýrar talnakúnstir Viðskiptaráðs

Fjármál



Steingrímur J. Sigfússon
efnahags- og viðskiptaráðherra

Það er til marks um að Viðskiptaráð Íslands, áður Verslunarráð, sé að komast til fyrri heilsu frá því fyrir hrun að nú er þar emjað með gamalkunnum hætti yfir breytingum á sköttum. Í anda, að því er virðist lítt endurskoðaðra nýfrjálshyggjugilda, er ræða viðskiptaráðs eintóna kveinstafir um háa skatta. Það sem verra er; Viðskiptaráð grípur til óvandaðra einfaldana í framsetningu fremur en að reyna að finna orðum sínum stað með rökum.

Eftir að fullyrðingar talsmanns ráðsins í upphafi síðasta árs um stórfelldar skattahækkanir höfðu verið hraktar rækilega er nú gripið til nýs mælikvarða. Það eru ekki lengur skattarnir sem slíkir eða skattbyrðin sem skiptir máli heldur fjöldi skattabreytinga. Til þess að ljá málflutningi sínum vægi hefur VÍ haft fyrir því að telja saman allar breytingar í skattalagasafni síðustu ára án tillits til þess hvers eðlis þær breytingar eru og opinbera hina ógnvænlegu niðurstöðu. Yfir 100 breytingar á sköttum!

Enginn greinarmunur er gerður á því hvers eðlis þessar breytingar eru. Hvort það eru hækkanir eða lækkanir á skatthlutföllum, hækkanir á frádráttarliðum og bótaliðum, verðlagsuppfærsla á krónutölugjöldum, kerfisbreytingar eins og í bifreiðasköttum o.s.frv. Það eina sem virðist skipta máli er að ná fram nógu hárri tölu um fjölda breytinga. Yfir 100 breytingar! Þetta rifjar upp að reyndar hefur Viðskiptaráð fyrr verið upptekið af tölum og tölfræði en síður hugað að innihaldi. Í skýrslu frá því fyrir hrun hældist Viðskiptaráð um yfir því að 90% tillagna ráðsins eða þar um bil hefðu náð fram að ganga með því að stjórnvöld hefðu gert þær að sínum. Í ljósi hrunsins má spyrja hvort e.t.v. hefði betur farið ef það hlutfall hefði verið lægra, þ.e. stjórnvöld hefðu í minna mæli farið að tillögum Viðskiptaráðs.

Vitaskuld á að ræða um skattabreytingar en það er efni þeirra sem skiptir máli en ekki fjöldi. Um fjöldann er hins vegar það að segja að eftir áralangt afskiptaleysi og óstjórn í skattamálum þar sem skattkerfinu var þá og því aðeins breytt að það væri í þágu hinna tekjuhærri, stóreignamanna og fjármagnstekjuhafa, var óhjákvæmilegt að gera margar og í sumum tilvikum róttækar breytingar. Hefur það og verið gert á undanförnum þremur árum með sýnilegum og mjög marktækum árangri, bæði hvað stöðvun tekjufalls og réttlátari dreifingu skattbyrði snertir. Tekið hefur verið á veikleikum í kerfinu, stoppað upp í skattaskjól (CFC reglur t.d.), innleiddir umhverfisskattar og skattkerfið gert grænna en nútíminn í þeim efnum fór framhjá fyrri stjórnvöldum. Þetta gerði Verslunarráð rétt í að viðurkenna og leggja til grundvallar málflutningi sínum í stað marklausra talna um fjölda skattbreytinga.

> Það fer ekki á milli mála hverra hag VÍ ber fyrir brjósti. Við því er ekkert að segja að tekinn sé málstaður hinna efnameiri á opinn og hreinskiptinn hátt.

### Heildarskattar lægri en fyrr

Heildarskattbyrði hefur lækkað frá árunum fyrir hrun. Skatttekjur ríkissjóðs voru á árunum 2005 til 2007 á bilinu 31-33% af vergri landsframleiðslu (VLF). Þær eru nú 27-28% af VLF eða um 4 prósentustigum lægri en þær voru á þeim tíma sem VÍ saknar svo mjög. Þetta þýðir að ríkið tekur í sinn hlut um 4% minna en áður af því sem til skiptanna er en aðrir, þ.e. heimili og fyrirtæki í landinu fá um 4% meira í sinn hlut. Fullyrðingar Verslunarráðs og annarra um stórfelldar skattahækkanir eiga því við engin rök að styðjast. Hins vegar hefur orðið breyting á því hvernig skattbyrðinni er dreift og kann það að vera skýring á kveinstöfum ráðsins.

Frá miðjum tíunda áratug síðustu aldar hafði skattbyrði af tekjuskatti farið sívaxandi einkum hjá lægstu tekjuhópunum en lækkað hjá þeim tekjuhæstu. Þessari ósanngjörnu þróun hefur verið snúið við. Frá álagningu skv. gamla kerfinu á tekjur ársins 2008 til álagningar á tekjur ársins 2010 lækkaði skattbyrði af tekjuskatti hjá fólki í neðri hluta tekjuskalans svo sem hjóna sem hafa tekjur undir ca. 8,5 m.kr. Lækkunin var mest neðst í tekjuskalanum, t.d. um og yfir 3 prósentustig hjá lægsta fimmtungi hjóna. Hjá fólki yfir meðaltekjum hækkaði skatthlutfallið nokkuð en þó innan við 3 prósentustig nema hjá efstu 10% hjóna þar sem hækkunin var meiri einkum hjá efstu 1-2% hjóna sem áður náðu ekki að greiða meðalskatt en greiða nú um 33% skatt. Í þessum tölum eru allir tekjuskattar og auðlegðarskattur.

Af fjármagnstekjuskatti, sem VÍ fullyrðir að hafi hækkað um 100% og gjarnan er haldið fram að lendi einkum á lífeyrisþegum og öðrum tekjulágum, er það að segja að hjá um 65% hjóna lækkaði hann um nærri 100%, þ.e. féll niður vegna frítekjumarksins og hjá 77% hjóna er hann enginn eða lægri en áður. Hjá 23% hjóna í efsta hluta tekjuskalans er hann hærri en áður.

Það fer ekki á milli mála hverra hag VÍ ber fyrir brjósti. Við því er ekkert að segja að tekinn sé málstaður hinna efnameiri á opinn og hreinskiptinn hátt. Reyndar má velta því fyrir sér í ljósi útspils VÍ og umfjöllunar á skattadegi Deloitte hvort ekki væri hreinlegast að stofnuð yrðu formlega „Hagsmunasamtök auðmanna“ á Íslandi. Það er hins vegar óviðunandi og gerir VÍ ótrúverðugt að heyja sína hagsmunabaráttu á grundvelli fremur ódýrra einfaldana og með markleysur að vopni.

Á það hefur engin dul verið dregin að eitt af markmiðum skattkerfisbreytinganna var að stöðva tekjufall ríkisins eftir hrun, en hitt er ekki síður mikils um vert að verið var að breyta umtalsvert dreifingu skattbyrðinnar í anda aukins jöfnuðar og félagslegs réttlætis, gera skattkerfið grænna og norrænna á nýjan leik.

### Ívilnandi breytingum sleppt

Loks má nefna að Viðskiptaráð lætur hjá líða að geta þess að talsverður fjöldi hinna margrómuðu ótalmörgu skattbreytinga hefur verið ívilnandi. 100% endurgreiðsla VASKS á byggingarstað (allir vinna), lög um ívilnanir til nýsköpunar- og sprotafyrirtækja, rammalög um ívilnanir vegna nýfjárfestinga, skattfrelsi skuldaniðurfellinga, hækkun vaxtabóta og sérstök vaxtaniðurgreiðsla, útgreiðsla séreignasparnaðar, bann við skuldajöfnun ýmissa bótagreiðslna, gjalddagaaðlögun fyrir atvinnulífið, heimildir til handa fyrirtækjum að gera upp gamlar skattskuldir með skuldabréfum, o.fl. o.fl.

Þess er sem sagt í engu getið í tölfræðinálgun VÍ að gripið hefur verið til margs konar ívilnandi aðgerða til að örva nýsköpun og fjárfestingar, skapa störf, berjast gegn svartri atvinnustarfsemi og styðja við heimili og atvinnulíf gegnum erfiðleikana. Þaðan af síður ræðir Viðskiptaráð um aðgerðir stjórnvalda í samhengi við vandann í ríkisfjármálum og með sanngjarnri hliðsjón af mikilvægi þess að ná niður halla ríkissjóðs og stöðva skuldasöfnun, verja og síðan bæta lánshæfismat landsins og opna því leið út á alþjóðlegan fjármálamarkað. Það tókst með góðum árangri í júnímánuði sl. þegar aflað var eins milljarðs Bandaríkjadala á mjög ásættanlegum kjörum (voru það kannski viðskipti ársins?).

Gangi forsendur fjárlaga fyrir yfirstandandi ár í grófum dráttum eftir þá hefur hallarekstur ríkisins farið úr um 14,5% 2008 niður í 1,2% 2012. Þekkir VÍ dæmi um sambærilegan árangur sl. fimm ár í Evrópu og þó víðar væri leitað? Án viðamikilla aðgerða bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlaga hefði slíkur árangur ekki náðst. Þær aðgerðir hafa ekki verið auðveldar, en að horfa algerlega fram hjá mikilvægi þess árangurs sem náðst hefur í ríkisfjármálum þegar rætt er um skatta er Viðskiptaráði ekki samboðið.

# Trompa sérhagsmunir tjáningarfrelsi?

Höfundarréttur



Smári McCarthy
meðlimur í Félagi um stafrænt frelsi á Íslandi

Átta af tíu mest sóttu vefsíðum heims reiða sig nær eingöngu á framlög með einum eða öðrum hætti frá almennum notendum. Þessar síður; Google, Facebook, YouTube, Yahoo!, Baidu, Wikipedia, Blogspot og Twitter, safna og vinna úr upplýsingum sem almenningur hefur sett á veraldarvefinn, eða, sem algengara er, leyfa fólki að setja inn efni eftir eigin höfði. Flest vefsetur bjóða upp á einhverskonar gagnvirkni, hvort sem það eru samfélagsvefir eins og hið kínverska QQ, uppboðs- og viðskiptasíður á borð við eBay eða bloggkerfi eins og Wordpress.

Á hverjum degi eru um 9.232 klukkutímar af myndböndum settir inn á YouTube, sem er ígildi þess að hafa 385 sjónvarpsstöðvar sem keyra allan sólarhringinn. 88% af efninu er nýtt, og er meðalmyndband um 3 mínútur.

Þetta gefur hugmynd um stærðirnar sem er verið að tala um.

Þegar samtök eins og STEF leggja til að þeim verði gefin heimild til að óska eftir ritskoðun á vefsíðum sem brjóta í bága við höfundarrétt eru þau að fara fram á það að stærstu vefsíður heims ráði til sín þúsundir manna til að ritskoða allt það efni sem sett hefur verið á netið og tryggja að í þeim felist engin höfundarlagabrot. Í tilfelli YouTube væru það um 1.154 manns, miðað við 8 tíma vaktir, og þyrfti þetta fólk að skilja öll heimsins tungumál, taka engar pásur, og hafa fullkomna vitneskju um hvað er höfundarréttarvarið og hvað ekki. Mistök gætu þýtt að YouTube yrði ritskoðað burt af netinu. Ef ekki á Íslandi, þá einhvers staðar annars staðar. Auk þess er þetta bara til að sjá um nýtt efni, en YouTube er búið að vera í gangi síðan 2005.

> Sjálfhverfa höfundarréttarsamtaka hefur náð nýjum hæðum að undanförnu...

Við gætum líka skoðað Wikipedia. Frjálsa alfræðiorðabókin hefur verið skrifuð alfarið af sjálfboðaliðum yfir 11 ára skeið. Nú eru Wikipedia útgáfur á 270 tungumálum, og í þeim eru rúmlega 19 milljónir greina með samtals um 8 milljarða orða. Enska útgáfan ein og sér hefur um fjórar milljónir greina, og er því fimmtíu sinnum stærri en næststærsta alfræðiritið á ensku. En þar sem ótal aðilar komu að verkinu og fólk hefur misjafna tilfinningu fyrir eða skilning á höfundarlögum, hvað þá þeirri staðreynd að höfundarlög eru misjöfn frá einu landi til annars – í Evrópusambandinu einu og sér býður höfundarréttartilskipunin upp á fjórar þúsundir milljarða útfærsluaðferða, sökum svokallaðra valkvæmra undantekninga – er ekki nokkur möguleiki á að efni Wikipedia stangist hvergi á við höfundarlög. Ef hugmyndir STEF næðu fram að ganga þyrfti að ráða her af sérfræðingum til að fara yfir allar greinarnar á öllum málunum og tryggja að enginn gleymdi að geta heimilda eða notaði óvart höfundarvarið efni í leyfisleysi.

Einhverjir myndu segja þetta ofgert eða öfgakennt, en aðeins með svo róttækum aðgerðum gætu vefsetur verið örugg undir þessu fyrirkomulagi, sem nú er að dreifast um allan heim. Sjálfhverfa höfundarréttarsamtaka hefur náð nýjum hæðum að undanförnu, og nú eru þessir handhafar einokunarréttar á menningu okkar að heimta að tjáningarfrelsi allra verði fórnað í þágu þeirra sérhagsmuna. Slíkt ættum við ekki að taka í mál.



www.volkswagen.is




## Volkswagen GOLF Blue Motion 1.6 TDI

Volkswagen Golf er traustur og skemmtilegur ferðafélagi bæði í borg og sveit. Volkswagen býður upp á fjölbreytt úrval vel búinna bíla á hagstæðu verði, sem eru fáanlegir í ýmsum útgáfum – allt frá bílum með sparneytnum dísil- og bensínvélum upp í kraftmikla GTI sportbíla. Komdu við hjá okkur og kynntu þér úrvalið og reynsluaktu einum slíkum.

**Golf kostar aðeins frá**

**3.390.000 kr.**

* Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Golf Blue Motion 1.6 TDI.
Aukabúnaður á mynd 18" álfelgur.

Das Auto.

**Reynslan er góð!**
HEKLA
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

**Volkswagen Golf er til afgreiðslu strax**







# Lærum af Norðmönnum

Heilbrigðismál

**Ingimar Einarsson**
ráðgjafi um stefnumótun í heilbrigðismálum



Í grein í Fréttablaðinu 30. nóvember sl. undrast sá mæti guðsmaður séra Örn Bárður Jónsson hversu örðugt það reynist okkur sem þjóð að halda í heiðri mikilvæg siðfræðileg gildi og tryggja að hinn sögulegi arfur flytjist milli kynslóða stjórnmálamanna. Aðeins er rúmur áratugur síðan Alþingi samþykkti langtímaáætlun í heilbrigðismálum með 46 samhljóða atkvæðum. Hluti af þeirri áætlun var setning siðfræðilegra viðmiðunarreglna um forgangsröðun í heilbrigðismálum. Nú þegar nauðsynlegt hefur reynst að forgangsraða á flestum sviðum heilbrigðiskerfisins er fjarri því að fjallað hafi verið af nægjanlegri alvöru um á hvaða grunni slíkt mat skuli byggt.

### Alþjóðleg þróun

Heilbrigðisþjónusta hefur á síðustu áratugum tekið miklum breytingum á Íslandi sem og í öðrum velferðarríkjum heimsins. Miklar framfarir hafa orðið í læknavísindum, ný tækni hefur rutt sér til rúms, bætt meðferðarúrræði hafa komið til sögunnar og sérhæfing hefur aukist. Samtímis hefur aldurssamsetning þjóðarinnar breyst og öldruðu fólki fjölgar nú hlutfallslega meira en einstaklingum í öðrum aldurshópum.

Þetta hefur leitt til aukinnar starfsemi á öllum sviðum heilbrigðisþjónustu og kostnaður vegna heilbrigðismála hefur vaxið. Undir lok síðustu aldar þótti því mörgum sýnt að í framtíðinni yrðu ekki til nægjanlegir fjármunir til þess að hægt væri að sinna öllum verkefnum heilbrigðisþjónustu sem skyldi eða koma til móts við allar þarfir sjúklinga. Meiri sem minni spámenn sögðu að í heilbrigðismálum verði einfaldlega að velja og hafna líkt og í öðrum geirum þjóðfélagsins.

### Oregon og Nýja-Sjáland

Upphaf umræðunnar um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu er oft rakin til Oregon-fylkis í Bandaríkjunum og Nýja-Sjálands við upphaf tíunda áratugar síðustu aldar. Í Oregon tengdust vandamálin fjármögnun almenningsáætlunarinnar „Medicaid“, sem ætlað var að tryggja fátækum heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisyfirvöld fylkisins ákváðu að styðjast við svonefndan Oregon-lista við afmörkun þeirrar heilbrigðisþjónustu sem greitt yrði fyrir að fullu. Á Nýja-Sjálandi var skipuð sérstök landsnefnd sem fékk það verkefni að skilgreina þá heilbrigðisþjónustu sem kosta bæri af almannafé. Í öðrum löndum var forgangsröðun einnig rædd en athyglin beindist af einhverjum ástæðum mest að Oregon og Nýja-Sjálandi.

### Norðurlönd

Á Norðurlöndum var komið á fót nefndum sem falið var að vinna að tillögugerð um forgangsröðun í heilbrigðismálum. Í Noregi var guðfræðiprófessorinn og síðar Stórþingsforsetinn Inge Lønning í forsvari fyrir tvær nefndir sem stóðu að jafnmörgum nefndarálitum árin 1987 og 1997. Í Svíþjóð skilaði forgangsröðunarnefnd af sér árið 1995 og greindi hún sérstaklega á milli pólitískrar og klínískrar forgangsröðunar. Sama ár lauk finnskur vinnuhópur úttekt sinni og fjallaði hann aðallega um siðfræðilega, efnahagslega og stjórnunarlega þætti við ákvarðanatöku og forgangsröðun í heilbrigðismálum. Það er svo í ársbyrjun 1996, sem Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðisráðherra skipaði nefnd um forgangsröðun í íslenskum heilbrigðismálum undir formennsku Ólafs Ólafssonar landlæknis.

### Íslensk forgangsröðun

Nefnd ráðherra lauk störfum á árinu 1998 en tillögur hennar urðu síðan hluti af heilbrigðisáætlun til ársins 2010, sem Alþingi samþykkti vorið 2001. Í áætluninni er forgangsröðun skilgreind á eftirfarandi hátt:

*Markmið:*
Eftirtaldir þjónustuþættir og tegundir þjónustu skulu hafa forgang:

I. Meðhöndlun alvarlegra bráðatilfella, lífshættulegra sjúkdóma, jafnt líkamlegra sem geðrænna, og slysa sem leitt geta til örorku eða dauða án meðferðar.
II. Heilsuvernd sem sannað hefur gildi sitt. Meðferð vegna alvarlegra langvinnra sjúkdóma. Endurhæfing og hæfing. Líknandi meðferð.
III. Meðferð vegna minna alvarlegra slysa og minna alvarlegra bráðra og langvinnra sjúkdóma.
IV. Önnur meðferð sem fagleg rök eru fyrir að hafi skilað árangri.

Tryggja skal að þeir sem vegna æsku, fötlunar eða öldrunar eiga erfitt með að gæta réttar síns njóti jafnræðis á við aðra.

### Nýjar leiðir

Það er rétt hjá prestinum í Neskirkju að þroskað þjóðfélag forgangsraðar með siðfræðilegum, heimspekilegum og trúarlegum rökum sem takast á við efnahagsleg rök. Þetta hefur verið lykilmarkmið víða um lönd en á tímum kreppu og erfiðs efnahagsástands hafa fjárhagslegar röksemdir oftast náð yfirhöndinni. Frá árinu 1996 hafa samtökin International Society on Priorities in Health Care staðið fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um forgangsröðun annað hvert ár. Þar hafa jafnt siðfræðileg sem hagræn sjónarmið vegist á og tilraunir gerðar til að skapa samstöðu um leiðir sem taki tillit til beggja þátta. Engu að síður er ekki að sjá að niðurstöður þessara ráðstefna, frekar en tillögugerð íslensku forgangsröðunarnefndarinnar, hafi markað djúp spor á hinum pólitíska vettvangi.

Menn leita því nýrra leiða. Norðmönnum, sem yfirleitt eru mjög ánægðir með sína heilbrigðisþjónustu, finnst greinilega ekki nóg að gert. Ríkisstjórn Noregs réðst því fyrir stuttu í gerð áætlunar um umbætur og samráð í heilbrigðisþjónustunni (Samhandlingsreformen – Rett behandling – på rett sted – till rett tid) og samþykkti norska Stórþingið hana í lok apríl 2010. Við mótun og framkvæmd norsku áætlunarinnar hafa verið haldnir fundir með fag- og hagsmunaaðilum, auk fjölmennra borgarafunda, og þess utan gafst fólki tækifæri til að tjá sig um málið á netinu. Þetta er sú nýja norræna leið sem við ættum að geta orðið sammála um að fara.



# Umsóknir um styrkveitingar 2012

**Viðlagatrygging Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna sem ætlað er að varna eða draga úr tjóni af völdum náttúruhamfara skv. 21. gr. laga nr. 55/1992.**

Stjórn Viðlagagatryggingar Íslands hefur sett sér reglur um styrkveitingarnar sem má nálgast á heimasíðu félagsins, **www.vidlagatrygging.is** undir „Forvarnir“.

*Heimilt er að veita styrki til eftirfarandi:*

1. Rannsókna.
2. Framkvæmda til að varna eða draga úr tjóni vegna náttúruhamfara.
3. Fræðslu og þjálfunarmála landssamtaka sem eru með samstarfssamning við Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra um skipan hjálparliðs.

Styrkumsókn skal fylgja greinargerð þar sem lýst er á hvern hátt umrætt verkefni stuðli að því að efla forvarnir eða draga úr tjóni á tryggðum eignum vegna náttúruhamfara. Einnig skal fylgja tíma- og kostnaðaráætlun. Styrkumsókn skal fylgja staðfesting á fjárframlagi frá öðrum styrktaraðilum verkefnisins eða vilyrði um fjárstyrk eða fjárframlag frá öðrum aðilum eftir því sem við á.

Athygli er vakin á því að styrkveitingar eru aðeins afgreiddar einu sinni á ári. Afgreiðsla styrkveitinga fer fram í mars ár hvert. Umsóknum skal skilað skriflega í bréfpósti. Öll tilskilin fylgigögn þurfa að berast með umsókn, að öðrum kosti eru umsóknir ekki teknar til umfjöllunar.

**Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2012.**

*Umsóknir skulu sendar til:*
Viðlagatrygging Íslands, v/styrkumsóknar, Borgartúni 6, 105 Reykjavík

Viðlagatrygging Íslands
Borgartúni 6 • 105 Reykjavík
Sími 575 3300 • Bréfsími 575 3303

ÚR ERLENDUM LEIÐURUM

## ESB þrýsti á Ungverjaland

Það er ágætt að Evrópusambandið gagnrýni þróun stjórnmála í Ungverjalandi. Vissulega getur það virkað eins og hræsni.

Þess eru mörg dæmi að lönd innan Evrópusambandsins hafi brotið gegn reglunum um fjárlög án þess að þau hafi verið beitt refsiaðgerðum.

Í mörgum Evrópusambandslöndum er heldur ekki borin sú virðing fyrir frelsi og réttindum eins og óskandi væri. Rúmenía og Búlgaría eru lönd sem tekin voru inn í sambandið þótt þau uppfylltu ekki alveg Kaupmannahafnarskilyrðin.

Þótt Evrópusambandið hafi brugðist áður er það ekki síður lofsvert að það skuli breyta rétt nú.

Einhvers staðar verður að byrja á umbótunum. Ungverjaland er góður upphafsreitur. Auk þess minnir þrýstingurinn á hvað Evrópusambandið snýst um í rauninni um. Handan skuldakreppu og samningaflækju er umfangsmikil friðaráætlun sem byggist á velferð, frelsi og lýðræði.

http://www.sydsvenskan.se/opinion
**Úr leiðara Sydsvenska Dagbladet**

## Sýrland á leið að bjargbrúninni

Sýrlensk yfirvöld neituðu lengi að hleypa erlendum fjölmiðlum inn í landið. Eftir mikinn alþjóðlegan þrýsting lét stjórnin í Damaskus undan. Nú mega erlendir blaðamenn vinna í Sýrlandi undir ströngu eftirliti. Jørgen Lohne, fréttaritari Aftenposten í Miðausturlöndum, er einn þeirra. Franski sjónvarpsfréttamaðurinn Gilles Jacquier, sem starfaði fyrir sjónvarpsstöðina France 2, var í hópi sem farið var með til borgarinnar Homs. Af öllu að dæma var tilgangur yfirvalda að sýna að þau hefðu fulla stjórn í þriðju stærstu borg landsins. Árásin sýnir að því fór fjarri. Ástandið í Homs sem menn hafa ekki yfirsýn yfir er ekkert einsdæmi. Deilurnar milli andstæðinga og fylgjenda Assads forseta hafa samkvæmt Sameinuðu þjóðunum krafist yfir 5.000 mannslífa. Hætta er á að borgararnir þurfi að þola enn meira áður en von er um að ástandið í Sýrlandi geti batnað.

http://www.aftenposten.no/meninger
**Úr leiðara Aftenposten**

**Meniga heimilisbókhald Arion banka**

# Byrjaðu árið með **betri yfirsýn**

**Meniga er sjálfvirkt og einfalt heimilisbókhald sem veitir þér betri yfirsýn yfir fjármál heimilisins.** Byrjaðu árið á því að setja þér markmið í fjármálum og nýttu þér Meniga, sem er viðskiptavinum að kostnaðarlausu í Netbanka Arion banka.

**Námskeið í Meniga**

Boðið er upp á byrjendanámskeið í Meniga heimilisbókhaldi sem haldin eru í Háskólanum í Reykjavík.

Boðið er upp á léttar veitingar.
**Skráning á arionbanki.is eða í síma 444 7000.**

**Næstu námskeið**

| | |
|---|---|
| Miðvikudaginn | 18. janúar kl. 17.30 - Fullbókað |
| Fimmtudaginn | 19. janúar kl. 20.00 |
| Miðvikudaginn | 25. janúar kl. 17.30 |
| Fimmtudaginn | 26. janúar kl. 12.00 |

Hvað **skiptir** þig máli?




arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

# VERÐ






## Solla Stirða

Solla Stirða verður í
BYKO Breidd kl. 14:00 og
BYKO Granda kl. 15:00 í dag.

## Skrúfuleikur

Taktu þátt í skemmtilegum leik með okkur
með því að giska hversu margar skrúfur eru
í standinum okkar. Vinningur í hverri verslun
er gjafakarfa að verðmæti 70.000 kr.

VERÐVERND BYKO
LÆGSTA VERÐIÐ

# ALGJÖR LÆKKUNAR-VEISLA



**Við þökkum fyrir frábærar viðtökur við nýrri verðstefnu okkar.**

Í dag bjóðum við upp á kaffi og köku í verslunum okkar kl. 13 – 16. Solla Stirða mætir í fínu formi og skemmtir börnunum í Breidd kl. 14 og á Granda kl. 15.
Taktu þátt í skrúfuleiknum, þú gætir unnið gjafakörfu að verðmæti 70.000 kr. ef þú ferð nærri um hvað eru margar skrúfur í standinum okkar.

Í BYKO borgarðu minna.  Kíktu í heimsókn og upplifðu hvernig lægra verð okkar býr í haginn fyrir heimili þitt.

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

# Mun ekki mygla á rassinum

**Tónlistarmaðurinn Sigtryggur Baldursson, einnig þekktur sem Bogomil Font, tekur innan skamms við stöðu framkvæmdastjóra Útón, Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar. Hann sagði *Kjartani Guðmundssyni* frá bransanum, góðri gagnrýni og Kópavogi.**

Þegar stjórnin bað mig um að taka við keflinu, að minnsta kosti um stundarsakir, hugsaði ég með mér að líklega væri ég ekki rétti maðurinn í djobbið. Ég velti fyrir mér hvort í þessu starfi feldust ekki allt of miklar viðskiptapælingar fyrir mig. En auðvitað hef ég alltaf verið viðloðandi viðskipti, því það að vera í hljómsveit er bara bissness. Ég er tilbúinn í að taka þennan slag,“ segir tónlistarmaðurinn Sigtryggur Baldursson, einnig þekktur sem Bogomil Font, sem tekur við starfi framkvæmdastjóra Útón, Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar, 1. febrúar næstkomandi.

Sigtryggur hefur setið í stjórn Útón frá stofnun árið 2006 og er nú ráðinn tímabundið í stöðu framkvæmdastjóra til hálfs árs, en að þeim tíma liðnum verður tekin ákvörðun um framhaldið. Anna Hildur Hildibrandsdóttir, sem gegnt hefur stöðunni frá upphafi, þurfti frá að hverfa með skömmum fyrirvara og segist Sigtryggur taka við góðu og vel smurðu búi frá henni. „Ég var beðinn um að taka við vegna þess að ég veit betur hvernig þetta batterí virkar en einhver sem kæmi kaldur inn af götunni. Þótt viðkomandi væri viðskiptafræðingur skipti það harla litlu máli, því tónlistarbransinn er mikið kviksyndi og nauðsynlegt að kunna á þær síbreytilegu reglur sem í honum gilda. Þessa dagana er ég að undirbúa mig tæknilega undir starfið, að lesa samninga, skýrslur og reglugerðir. Þetta er dálítið mikið mál.“



**FRAMKVÆMDASTJÓRI** Sigtryggur hefur komið nálægt flestum geirum íslenskrar tónlistar á löngum ferli og telur þá reynslu koma til með að gagnast sér í nýju starfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Hef góða yfirsýn yfir bransann

*Nú hefur þú verið lengi að, tekið þátt í mikið af þeim útflutningi íslenskrar tónlistar sem best hefur heppnast og verið einkar virkur hljóðfæraleikari. Hvernig kemur það til með að nýtast þér í nýju starfi?*

„Fyrst og fremst veitir þetta mér yfirsýn. Ég kem með aðra hluti að borðinu en Anna Hildur, sem hafði meðal annars starfað sem umboðsmaður og blaðafulltrúi í bransanum, en ég gæti trúað að mínar áherslur verði frekar raktar til þessa virka tónlistarmannageira. Það kemur í ljós hvernig spilast út því, en Útón er í eðli sínu upplýsingaveita fyrir tónlistarfólk. Ekki bara popphljómsveitir heldur hefur Útón verið að vinna meira með djass, klassík og aðra tónlistargeira á undanförnum árum. Sjálfur hef ég reynslu af flestum geirum íslenskrar tónlistar, ekki síst þeim sem lúta að nýsköpun í tónlist, og það ætti að nýtast mér vel, auk þess sem samskipti og samvinna við fólk eru einn stærsti hluti starfsins. Starf Útón skilar árangri á ýmsum vettvangi sem kemst kannski ekki alltaf í blöðin en er sístækkandi snjóbolti sem margir eru að ýta. Íslensk tónlist hefur farið mjög vaxandi, tekið kipp síðustu ár og ansi margir hafa náð að skapað sér starfsgrundvöll erlendis. Þar hefur Útón sannarlega hjálpað til. Það eru margir möguleikar í stöðunni og skilningurinn á mikilvægi skapandi greina innan viðskiptageirans á Íslandi er alltaf að aukast. Eitt af baráttumálunum er að koma upp sjóði sem getur stutt betur við bakið á þeim tónlistarmönnum sem eru að reyna að komast úr landi, tónlistarútflutningssjóð. Til dæmis var hljómsveitinni Caterpillarmen boðið á tónleikaferð með Tuneyards í desember, en umsóknarfrestur í tónlistarsjóð rann út 1. nóvember. Það þarf að vera til batterí sem getur brugðist við með skjótum hætti.“

*Hvernig tilfinning er að sjá fram á nokkurs konar níu til fimm skrifstofustarf eftir öll þessi ár í óreglulegum tónlistarheimi?*

„Raunar lít ég ekki á þetta sem skrifstofuvinnu því ég verð líklega alltaf á iði. Það þarf að fara út af örkinni, sækja tónlistarhátíðir og fleira, svo ég þarf ekki að hafa áhyggjur af því að mygla á rassinum. Ég hef ekki unnið níu til fimm vinnu síðan 1988, en það er góð tilfinning að vinna út frá einhverju akkeri, eða móðurskipi eins og ég hef stundum kallað Útón. Í upphafi síðasta árs hugsaði ég með mér að kannski væri ekki vitlaust fyrir mann á mínum aldri að fá sér einhverja fastari vinnu, en svo hef ég bara haft svo mikið að gera í alls kyns fræðsluverkefnum og lausamennsku. Svo fékk ég áskorun um að gera þætti um íslenska tónlist á ÍNN, Kolgeitina, sem voru algjört einherjaverkefni en þróuðust í raun svo út í Hljómskálann á RÚV.“

### Virðing fyrir þeim kjörkuðu

*Téðir Hljómskálaþættir, sem Sigtryggur gerir ásamt þeim Kidda í Hjálmum og Baggalútnum Braga Valdimar, voru sýndir á RÚV síðari hluta ársins sem leið og hlutu víðast hvar mikið lof. Sérstaka athygli vakti áramótaþáttur Hljómskálans, þar sem margir af helstu skemmtikröftum þjóðarinnar komu saman í einu allsherjar djammi og áhorfendur urðu meðal annars vitni að því þegar meistari Megas söng bakraddir hjá Ladda. Nú þegar eru hafnar upptökur á nýrri Hljómskálaþáttaröð, enda segist Sigtryggur hafa notið vinnunnar við gerð þáttanna.*

„Þessi þríhyrningur, ég, Kiddi og Bragi, náum vel saman og komum nýjum og skemmtilegum einkahúmor í gang. Frá upphafi vorum við harðir á því að í þáttunum þyrftum við að blanda einhverju nýju og skapandi saman við fræðsluefni. Við erum allir tónlistarmenn og höfum því ákveðinn aðgang að okkar kollegum sem almennir sjónvarpsmenn hafa oft ekki og allt gekk þetta glimrandi vel upp.“

*Hvað með þá gagnrýni sem heyrðist að kvenkynsgestir bæru skarðan hlut frá borði í þáttunum?*

„Sú gagnrýni þótti mér góð og við brugðumst við henni. Raunar höfðum við alltaf í hyggju að gera sérstakan „girl power“-þátt eins og við kölluðum hann, en hann snerist af einhverjum ástæðum upp í annað þema, hvernig mögulegt væri að halda sér á lífi í þessum bransa í langan tíma. Þar var rætt við Megas, Ragga Bjarna og Ragnheiði Gísladóttur, sem er orðin heldri kona í bransanum og við lítum allir upp til, dýrkum og dáum enda mikill listamaður. Þegar maður eldist í þessum bransa fer maður að bera meiri virðingu fyrir þeim sem hafa nennu, kjark og þor til að starfa lengi sem listamenn.“

### Argur yfir blindu réttarkerfi

*Var virðing af þessu tagi þá ekki til staðar þegar þú hófst að tromma með Þeysurunum fyrir rúmum þrjátíu árum?*

„Nei. Þá fannst mér allir sem komnir voru yfir þrítugt vera búnir að vera og ekkert hafa að segja. Maður var rosalega góður með sig og fannst það sem maður sjálfur var að sýsla alveg vera málið. Í nokkurs konar baráttu við alla og allt í kringum sig. Ungt fólk lendir oft upp á kant við umhverfi sitt, sérstaklega yfirvald af öllu tagi, og það er eðlilegt. Eins og góður maður sagði, þá er eitthvað að þeim sem rífa ekki kjaft tvítugir. En það er heldur ekki í lagi með þá sem eru á sama stað fimmtugir, enda ættu þeir þá að hafa fundið aðrar leiðir en þær að standa uppi á stól og æpa. Ég ber mikla virðingu fyrir fólki sem mótmælir og rífur kjaft. Það ber vott um heilbrigði í samfélaginu og guð forði okkur frá því að allir séu of stilltir. Til að mynda studdi ég níumenningana sem voru ákærðir fyrir árás á Alþingi af heilum hug og geri enn.“

*Þú stóðst að stuðningsuppákomu fyrir níumenningana, en tengdasonur þinn er einn þeirra. Hafði þetta mál mikil áhrif á þig og þína fjölskyldu?*

„Mér fannst þetta hreinlega svo skammarlega fráleitt, og birtingarmynd þess hversu réttarkerfið getur verið blint, að fyrstu dómarnir sem féllu eftir hrun hafi verið ungt fólk sem mótmælti en ekki hvítflibbaglæpamenn sem unnu alvöru skaða. Í raun má segja að það hafi verið óþarfi að lenda í stimpingum við þingverði, en það verður líka að setja þessa atburði í samhengi við það sem átti sér stað í þjóðfélaginu á þessum tíma.“

### Endurkoma Þeys misskilningur

*Úr því minnst er á Þey, hljómsveitina sem þú léstst fyrst að þér kveða með á sínum tíma, þá urðu margir aðdáendur sveitarinnar fyrir vonbrigðum sumarið 2010 þegar umræddir endurkomutónleikar sveitarinnar urðu ekki að veruleika.*

„Þetta var allt saman byggt á misskilningi og ég þurfti aðeins að hvessa mig við Norræna húsið. Þar á bæ auglýsti fólk fram í rauðan dauðann endurkomu Þeysaranna, þegar raunin var sú að Guðlaugur Kristinn Óttarsson gítarleikari hafði sett saman dagskrá um Þey, sem var í fínu lagi en hefði ekki átt að kynna á þessum fölsku forsendum. Persónulega er ég dálítið á móti svona endurkomum. Hljómsveitin Þeyr, sem dæmi, var rosalega magnað fyrirbæri og ákveðið barn síns tíma. En að hittast þrjátíu árum síðar og spila þetta sama efni finnst mér pínu klígjulegt. Svona fortíðartenging þykir mér hamlandi fyrir skapandi hugsun. Fólk þarf að hafa sérstaklega góða ástæðu fyrir slíku, eins og þegar Sykurmolarnir komu aftur saman eitt kvöld til að bjarga fyrirtækinu okkar sem var að fara í hundana.“

### Líður vel niðri við sjóinn

*Trommarinn ólst upp í Kópavogi og réði tilviljun því að hann fluttist þangað aftur fyrir nokkrum árum þegar hann festi kaup á gömlu ættaróðali ásamt eiginkonu sinni og systur hennar. Er gott að búa í Kópavogi?*

„Já. Húsið sem við keyptum þarfnaðist mikilla lagfæringa og ég var í þeim látlaust í eitt og hálft ár. Þetta er framtíðarhús og mér líður vel þarna niðri við sjóinn. Þess vegna höfðu þeir nú Klepp niðri við sjó, því það var talið að vatnið hefði róandi áhrif á geðsjúklingana. Svo finnst mér gaman að fara í Kópavogslaugina, en þar hitti ég oft gamla kollega föður míns úr fluginu sem er gaman að spjalla við um daginn og veginn. Ég fíla mig vel í félagsskap fullorðins fólks, ekkert síður en unglinga.“

> Ég ber mikla virðingu fyrir fólki sem mótmælir og rífur kjaft. Það ber vott um heilbrigði í samfélaginu og guð forði okkur frá því að allir séu of stilltir.

# VERTU Á UNDAN ÖGMUNDI

## FÁÐU ÞÉR VANDAÐA VEIÐIBYSSU Á MEÐAN EITTHVAÐ MÁ!

FLOTT ÚRVAL AF HAGLABYSSUM OG RIFFLUM Á ÓTRÚLEGA GÓÐU VERÐI Á RÝMINGARSÖLU SPORTBÚÐARINNAR

ALVÖRU AFSLÁTTUR
OG FULLT AF ALLSKONAR Á GÓÐU VERÐI

OPIÐ ALLA HELGINA

SPORTBÚÐIN

KRÓKHÁLSI 5 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

Í leiðinni úr bænum

MÁN. TIL FÖS. 9 TIL 18 /// LAU. 10 TIL 16 /// SUN. 12 TIL 16

LÉTTÖL

# Járnfrúin umdeild enn sem fyrr

Ný kvikmynd um stjórnmálaferil **Margaret Thatcher** vekur umtal í öllum hornum. Mörgum þykir myndin skauta létt yfir mikla umbrotatíma í Bretlandi en öðrum þykir fullmikil áhersla lögð á elliglöp Járnfrúarinnar, sem er leikin af Meryl Streep. ***Þorgils Jónsson*** fer stuttlega yfir helstu deiluatriði og embættisverk á löngum ferli eins umdeildasta stjórnmálaskörungs síðari tíma.

Þegar gerðar eru kvikmyndir um stjórnmálaleiðtoga er fullvíst að ekki er hægt að gera öllum til geðs. Sérstaklega þegar um er að ræða einstaklinga sem hafa farið sínar eigin leiðir, til góðs eða ills, og tekið umdeildar ákvarðanir, en þá er raunin yfirleitt sú að viðkomandi á sér bæði sanna hatursmenn og eldheita stuðningsmenn og eru þeir hópar skiljanlega á öndverðum meiði þegar kemur að uppgjöri og arfleifð leiðtogans.

Fáir stjórnmálamenn á tuttugustu öldinni hafa vakið eins blendnar tilfinningar í brjóstum manna og Margaret Thatcher, sem var forsætisráðherra Breta á árunum 1979 til 1990, en bíómynd um ævi hennar var einmitt frumsýnd hér á landi nýlega.

**Stjórnmálaáhuginn kom snemma**

Thatcher fæddist árið 1925, faðir hennar var kaupmaður en varð síðar bæjarstjóri í heimabæ fjölskyldunnar. Margaret nam efnafræði við Oxford og hóf þar afskipti af stjórnmálum. Hún var meðal annars ein fyrsta konan sem var kjörin formaður íhaldsfélagsins í skólanum. Hún sneri sér síðan að lögfræði en settist á þing fyrir Íhaldsflokkinn árið 1959.

Thatcher reis jafnt og þétt til metorða innan flokksins á sjöunda áratugnum. Hún starfaði innan tryggingamálaráðuneytisins og þegar flokkurinn var í stjórnarandstöðu varð hún talsmaður flokksins fyrst í húsnæðismálum og svo efnahagsmálum þar sem hún setti fram ýmsar róttækar hugmyndir sem hún átti síðar sjálf eftir að hrinda í framkvæmd.

**Leiðin á toppinn**

Eftir að Íhaldsflokkurinn komst aftur til valda árið 1970 var Thatcher gerð að menntamálaráðherra og vakti fljótlega upp miklar deilur þegar hún ákvað, í sparnaðarskyni, að skólar skyldu hætta að bjóða börnum upp á mjólk án endurgjalds. Árið 1974 missti flokkurinn meirihluta sinn á þingi og í öðrum kosningum sem haldnar voru sama ár fjaraði enn frekar undan íhaldsmönnum og veikti það stöðu formannsins, Edwards Heath, verulega. Fáir virtust þó reiðubúnir til að bjóða honum byrginn fyrr en Thatcher sló til og lagði hann að velli í formannskjöri 1975. Hún varð með því fyrsta konan til að leiða stjórnmálaflokk í Bretlandi og sú eina hingað til sem hefur verið kjörin til þess starfs.

Eftir fjögur ár í stjórnarandstöðu á miklum umbrotatímum í bresku samfélagi þar sem verkföll voru algeng, almennur órói ríkti og Bretland var oft kallað „Veiki maður Evrópu“, vann Íhaldsflokkurinn undir stjórn Thatcher frækinn sigur í þingkosningum árið 1979 í mestu fylgissveiflu þar í landi frá stríðslokum. „Járnfrúin“, eins og hún var þá gjarna kölluð, varð forsætisráðherra Breta, fyrst kvenna.

**Einkavæðing og afnám hafta**

Helsti stuðningshópur Thatcher innan Íhaldsflokksins var hægri vængur flokksins sem var uppvægur í að koma á umbótum byggðum á kenningum frjálshyggjumanna eins og Miltons Friedman, með áherslu á aukið einstaklingsfrelsi og hreinni frjálshyggju en áður hafði verið unnið eftir. Helstu stefnumálin voru að létta reglum og höftum af efnahagslífinu, einkavæða ríkisfyrirtæki og ýmiss konar almenningsþjónustu, selja félagslegar íbúðir, herða lög um starfsemi verkalýðsfélaga, lækka skatta og skera niður í ríkisútgjöldum. Stefnan var kölluð Thatcherismi, en framan af kjörtímabilinu blés ekki byrlega. Atvinnuleysi jókst stórlega þar sem fjöldi atvinnulausra var 1,3 milljónir manna þegar hún tók við völdum en fór allt upp fyrir þrjár milljónir manna á hennar valdatíð.

Það var öðru fremur til að auka óvinsældir stjórnarinnar en frammistaða Thatcher í snörpum sigri á Argentínu í Falklandseyjastríðinu snemmsumars 1982 vann hylli almennings. Það, ásamt innanflokksdeilum í Verkamannaflokknum, tryggði Thatcher stórsigur í þingkosningunum árið 1983.

> Hennar verður alltaf minnst sem eins af fremstu stjórnmálaskörungum síðustu aldar, hvort sem fólk elskar hana eða fyrirlítur.

**Yfirgefin af eigin flokksmönnum**

Á öðru kjörtímabilinu hélt hún stefnu sinni til streitu þar sem hún tókst á við verkalýðsfélög kolanámumanna í grimmilegum deilum. Eftir að stjórnin ákvað að loka tuttugu kolanámum árið 1984 lögðu kolanámumenn um allt land niður vinnu í næstum heilt ár, en Thatcher stóð föst á sínu og mennirnir létu af aðgerðum án þess að bera nokkuð úr býtum.

Seinni hluti valdatíðar Thatcher einkenndist ekki síst af harðri mótspyrnu gegn frekari pólitískri samvinnu í Evrópumálum þar sem hún dró úr framlagi Breta til Evrópubandalagsins, eins og það kallaðist þá, og var andsnúin hugmyndum um sameiginlega mynt. Stjórn hennar samþykkti þó einingarlög Evrópu árið 1986 sem kom á fót innri markaði aðildarríkjanna. Harðlínustefna Thatcher var þó ekki öllum samflokksmönnum hennar til geðs og fór að bera á kergju innan flokksraðanna.

Upphafið að endalokum Thatcher í embætti markaðist af því þegar stjórnin ákvað árið 1989 að afnema fasteignagjöld, sem þóttu hvorki skilvirk né sanngjörn, og setja þess í stað svokallaðan nefskatt á landsmenn. Skemmst frá að segja voru viðbrögðin í samfélaginu gríðarlega hörð þar sem mótmæli brutust út á götum Bretlands og stuðningur við Thatcher innan flokks sem utan fjaraði hratt út. Svo fór að á flokksþingi í nóvember árið 1990 náði hún ekki meirihlutafylgi í fyrstu umferð formannskjörs og steig því til hliðar. Skömmu síðar tók John Major við stjórn landsins og Thatcher sat sem óbreyttur þingmaður til ársins 1992.



**KVEÐJUSTUND** Margaret Thatcher stýrði Bretlandi í rúm 11 ár, lengur en nokkur annar forsætisráðherra síðan á fyrri hluta 19. aldar. Hún sést hér flytja kveðjuræðu fyrir utan Downing-stræti 10, Denis eiginmaður hennar stendur henni þétt að baki og innan dyra sést starfsfólk hennar fullt trega yfir brotthvarfinu. NORDICPHOTOS/GETTY



**MÓTMÆLI** Thatcher tókst harkalega á við verkalýðshreyfinguna á sínum tíma. Meðal annars fóru kolanámumenn í árslangt verkfall árið 1984. NORDICPHOTOS/AFP



**PERLUVINIR** Thatcher og Ronald Reagan Bandaríkjaforseti voru nánir samherjar og voru við völd á sama tíma. Þau aðhylltust bæði hagfræðikenningar Miltons Friedmans um minni afskipti ríkisvaldsins og voru í forystu vesturveldanna á tímum kalda stríðsins.

**Úr sviðsljósinu en ennþá umdeild**

Eftir að Thatcher hætti sem þingmaður hlaut hún sæti í lávarðadeild þingsins og vann að mörgum af sínum hugðarefnum á næsta áratug auk þess sem hún hlutaðist oft til í innanflokksmálum. Hún hefur nú lengi glímt við erfið veikindi og dró sig út úr sviðsljósinu árið 2002. Thatcher er illa haldin af elliglöpum og hefur sjaldan komið fram opinberlega síðustu ár.

Hvað varðar stefnumál hennar, hversu umdeild sem þau voru, var þeim aldrei snúið við að fullu, jafnvel ekki undir 13 ára stjórn Verkamannaflokks Tony Blair og Gordons Brown þegar fjármálalíf London blómstraði sem aldrei fyrr, ekki síst fyrir sakir afregluvæðingar fjármálakerfisins sem hófust undir Thatcher.

Margt hefur alls ekki gengið sem skyldi, til dæmis einkavæðing samgangna, en járnbrautakerfið er til dæmis almennt álitið vera talsvert síðra undir stjórn einkaaðila en þegar það var á höndum hins opinbera. Margir segja stefnu Thatcher líka hafa skapað samfélag þar sem margir hafi farið halloka á meðan aðrir auðgast gríðarlega. Þá hafi hún lagt af ýmsar samfélagslegar stofnanir án þess að aðrar kæmu í staðinn. Þegar hún stóð upp úr stóli sínum hafi enn verið til staðar vandamál tengd óstöðugleika í efnahagskerfinu, menntakerfið hafi ekki tekið nauðsynlegum framförum og samgöngur og aðrir innviðir Bretlands verið enn meingallaðir.

Sökum veikinda mun Thatcher ekki láta til sín taka á stjórnmálavettvanginum héðan í frá, en hennar verður alltaf minnst sem eins af fremstu stjórnmálaskörungum síðustu aldar, hvort sem fólk elskar hana eða fyrirlítur.

## HITTI ARFTAKANN Í DOWNING-STRÆTI

Margaret Thatcher hefur sjaldan sést opinberlega síðustu ár, enda er hún máttfarin eftir langvinn veikindi. Hún hitti David Cameron, arftaka sinn að stól forsætisráðherra og formanns Íhaldsflokksins í Downing-stræti 10, híbýlum forsætisráðherra, sumarið 2010.

Cameron hefur látið hafa eftir sér að tímasetning myndarinnar Iron Lady sé afleit.

Í samtali við BBC sagði hann að þótt Meryl Streep standi sig frábærlega í hlutverki Thatcher hefði mátt gera þessa mynd síðar. Hún fjalli meira um elliglöp en „frábæran forsætisráðherra“.



## BLENDIN VIÐBRÖGÐ VIÐ IRON LADY EN STREEP ER ALMENNT LOFUÐ

Myndin Iron Lady hefur fengið misjafna dóma gagnrýnenda síðan hún var frumsýnd í síðustu viku. Eins og við var að búast eru andstæðingar Járnfrúarinnar ósáttir og telja að leikstjórinn, Phyllidia Lloyd, og handritshöfundurinn Abi Morgan fari of mjúkum höndum um viðfangsefni sitt.

Hins vegar eru margir fylgjendur hennar og fyrrverandi samstarfsmenn ósáttir við þá mynd sem dregin er upp af henni í elliglöpum, einni heima, í hrókasamræðum við afturgöngu eiginmanns síns Denis, sem lést árið 2003.

Einnig er sett út á tæknilega framsetningu Lloyd, sem hefur aðeins leikstýrt einni kvikmynd áður, söngvamyndinni Mamma Mia.

Flestir eru þó sammála um að frammistaða Meryl Streep sé einstaklega góð, og að hún sé allt að því örugg um að hljóta Óskarsverðlaunin fyrir.

Síðustu ár hefur altént reynst happadrjúgt í þeim efnum að leika sögulega persónu, helst breska, og allra helst að hún eigi við andlega eða líkamlega örðugleika að stríða.



**LEIKSIGUR** Meryl Streep hefur fengið frábæra dóma fyrir leik sinn í myndinni, en stórleikarinn Jim Broadbent þykir ekki hafa úr miklu að moða í hlutverki sínu sem Denis Thatcher. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

STEFNIR

# Ávöxtun *sjóða* Stefnis



| **Sjóður** | Nafnávöxtun 1 ár* | 2 ár* | 3 ár* | 4 ár* | 5 ár* | Árleg nafnávöxtun frá stofnun* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Blandaðir sjóðir** | | | | | | |
| Stefnir – Samval[1] | **13,1%** | 11,9% | 13,7% | 9,9% | 8,2% | |
| Stefnir – Eignastýringarsjóður[1] | **10,4%** | 11,1% | 10,0% | 9,5% | 8,3% | |
| **Íslensk hlutabréf** | | | | | | |
| Stefnir – ÍS 15[1] | **3,7%** | 9,5% | 7,8% | -34,2% | -28,2% | |
| **Íslensk skuldabréf og innlán** | | | | | | |
| Stefnir – Ríkisvíxlasjóður[2] | **2,5%** | 4,4% | | | | 6,0% *(Stofnaður 18.02.2009)* |
| Stefnir – Ríkisbréfasjóður óverðtryggður[2] | **2,8%** | 11,3% | | | | 11,5% *(Stofnaður 28.01.2009)* |
| Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður stuttur[2] | | | | | | 6,5% *(Stofnaður 20.01.2011)* |
| Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður millilangur[2] | **11,5%** | 12,0% | 12,8% | 16,5% | 14,4% | |
| Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður langur[2] | **14,5%** | 13,4% | 14,1% | 18,4% | 15,0% | |
| Stefnir – Ríkisskuldabréf verðtryggð[2] | **16,3%** | 13,3% | | | | 13,7% *(stofnaður 13.11.2009)* |
| Stefnir – Skuldabréf stutt[1] | **9,3%** | 10,1% | 10,5% | 9,6% | 10,5% | |
| Stefnir – Lausafjársjóður[2] | | | | | | 3,4% *(Stofnaður 07.02.2011)* |
| **Erlend hlutabréf**** | | | | | | |
| KMS – Global Equity[2] | **-4,0%** | 0,8% | 11,7% | 10,0% | 7,1% | |
| KF – Global Value[2] | **-3,4%** | 3,2% | 18,6% | 6,6% | 6,9% | |
| Stefnir – Erlend hlutabréf[2] | **-4,4%** | -2,2% | 13,8% | 7,3% | 6,8% | |
| MSCI World (viðmiðunarvísitala fyrir ofangreinda sjóði)[3] | -1,4% | -0,6% | 9,0% | 9,8% | 6,5% | |
| KMS BRIC[2] | **-20,7%** | -10,3% | 16,1% | 5,8% | 9,3% | |
| MSCI BRIC (viðmiðunarvísitala fyrir KMS BRIC)[3] | -20,0% | -11,3% | 15,5% | 4,2% | 10,2% | |
| Stefnir – Scandinavian Fund[2] | **-12,1%** | 0,4% | 21,6% | 7,8% | | 7,6% *(Stofnaður 04.07.2007)* |
| MSCI Nordic (viðmiðunarvísitala fyrir Stefnir Scandinavian Fund)[3] | -14,5% | -2,1% | 11,8% | 5,5% | | 5,0% |

** Grunnmynt sjóðanna er EUR en ávöxtun er uppreiknuð í íslenskar krónur. Gengi tekur þannig mið af gengi gjaldmiðilsins á hverjum tíma. Vakin er sérstök athygli á því að sökum gjaldeyrishafta Seðlabankans er ekki hægt að fjárfesta í íslenskum krónum í þessum sjóðum.

* 1 ár: 31.12.2010 - 31.12.2011. 2 ár: 31.12.2009 - 31.12.2011. 3 ár: 31.12.2008 - 31.12.2011. 4 ár: 31.12.2007 - 31.12.2011. 5 ár: 31.12.2006 - 31.12.2011. Árleg nafnávöxtun frá stofnun: Ef sjóður er yngri en 5 ára.

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur innlenda og alþjóðlega verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði fyrir einstaklinga og fagfjárfesta. Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins með um 300 milljarða króna í virkri stýringu.

## Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlegar vísbendingar um ávöxtun í framtíð

Allar ávöxtunartölur eru í ISK. Tekið er tillit til umsýsluþóknunar við daglegan útreikning á gengi sjóðanna. Upplýsingar eru fengnar frá Verdis hf. og upplýsingaveitu Bloomberg.

## Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

1) Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. 2) Sjóðurinn er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. 3) Upplýsingar fengnar af upplýsingaveitu Bloomberg.

Vakin er sérstök athygli á að áhætta fylgir fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir, sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðina, þ. á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra, má finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu þeirra, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir

Arion banki

# KJARA

**Búsáhöld 30-70% • Vinnufatnaður 30-50% • Útivistarfatn.**
**Innihurðir 20-70% • Flísar 20-70% •Parket (valdar vörur) 20-70 •**
**Rafmagnsverkfæri 15-30% • Áltröppur og stigar 20% •**

# 20% afsláttur 30% afsláttur




LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum
Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar

# DAGAR

**30-70% • Ljós 30-70% Smáraftæki 20-30% • Leikföng 50-70%**
**Hreinlætis- og blöndunartæki 20-50% • Handverkfæri 25%**
**Verkfæratöskur 25% • Innimálning 20% og margt fleira**

# 50% afsláttur 70% afsláttur




**KJARA KLÚBBUR**

**Fáðu afslátt strax í dag!**

Allir velkomnir í Kjaraklúbbinn.
Skráning í Kjaraklúbbinn við afgreiðslu-kassa um leið og greitt er fyrir vöruna!
Afsláttur tekur gildir strax við skráningu.

Afsláttur gildir eingöngu fyrir Kjaraklúbbsmeðlimi, allir velkomnir í Kjaraklúbbinn. Skráning í næstu verslun, afsláttur tekur gildi strax.

**HÚSASMIÐJAN**

# Lítil von til þess að loki í bráð

**Guantanamo-fangelsið** alræmda varð tíu ára í vikunni. Ekki lítur út fyrir að því verði lokað á næstunni, þar sem enn er 171 fangi þar í haldi. Barack Obama Bandaríkjaforseti segist þó enn vilja loka fangelsinu. *Þórunn Elísabet Bogadóttir* skoðaði sögu fangelsisins á þessum tímamótum.




**GUANTANAMO MÓTMÆLT VÍÐA** Efnt var til mótmæla víða um heim á miðvikudaginn, þegar tíu ár voru liðin frá því að fyrstu tuttugu fangarnir komu í Guantanamo. Meðal annars var mótmælt fyrir utan Hvíta húsið í Washington, þar sem líkt var eftir aðstæðum alvörufanga.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Guantanamo-fangelsið alræmda við samnefndan flóa á Kúbu varð tíu ára gamalt á miðvikudaginn. Við þessi tímamót eru fá merki þess að því verði lokað í bráð, þrátt fyrir að Barack Obama Bandaríkjaforseti hafi lýst því yfir fyrir tveimur árum að því yrði lokað innan árs. Fyrstu fangarnir voru fluttir til Guantanamo-herstöðvarinnar á Kúbu 11. janúar 2002, sléttum fjórum mánuðum eftir árásirnar 11. september. Fangarnir voru settir í nokkurs konar búr utandyra og voru svo yfirheyrðir í trékofum. Guantanamo var og er herstöð og það hafði ekki gefist mikill tími í betri ráðstafanir. Fyrstu árin voru aðstæður mjög frumstæðar. Síðar voru aðstæður fanga bættar og nú hefur verið reist þar nokkuð nútímalegt og venjulegt fangelsi, þar sem fangar hafa flestir aðgang að sjónvarpi og tölvuleikjum. Fangelsisbyggingar eru á litlum hluta af þessari 115 ferkílómetra herstöð.

Bandarísk stjórnvöld hafa hafnað flestum ásökunum um að aðbúnaður hafi verið óviðunandi og fangar beittir ofbeldi, þrátt fyrir að margt renni stoðum undir þær ásakanir.

### Fangarnir í Guantanamo

779 fangar hafa dvalist í fangelsinu á þessum tíu árum en flestir hafa verið fluttir í fangelsi í heimalöndum sínum eða sleppt úr haldi án ákæru. Aðeins sex hafa hingað til hlotið dóm. Þrátt fyrir að flestum föngum hafi verið sleppt í tíð George Bush er þar enn 171 fangi og engum hefur verið sleppt í rúmt ár.

Fangarnir sem eftir eru í þessu alræmda fangelsi efndu til hungur- og setuverkfalls í tilefni dagsins á miðvikudag, að sögn lögmanns nokkurra þeirra.

36 fangar í Guantanamo eiga enn mögulega yfir höfði sér að verða ákærðir fyrir stríðsglæpi, en þeirra á meðal er meintur höfuðpaur árásanna 11. september 2001, Khalid Sheikh Mohammed. 46 fangar eru í haldi vegna þess að Bandaríkjamenn hafa metið þá hættulega, en ljóst er að aldrei verður hægt að ákæra þá vegna skorts á sönnunum. Þá segjast Bandaríkjamenn vilja sleppa 32 föngum, en hafa ekki gert það enn. Að lokum eru í Guantanamo 57 menn frá Jemen, sem verða aldrei ákærðir og á að sleppa, en vegna upplausnarástands í heimalandi þeirra hefur þeim ekki verið sleppt, að sögn bandarískra stjórnvalda.

Sautján hermenn gæta hvers einasta fanga í fangelsinu og kostnaðurinn við fangelsið er gríðarlegur.

> Samkvæmt gögnum frá stjórnvöldum sjálfum hafa 92 prósent þeirra aldrei barist fyrir Al-Kaída.

### Mannréttindi brotin

Af þessum tæplega átta hundruð föngum sem verið hafa í Guantanamo hafa bandarísk stjórnvöld aðeins metið fjórtán þeirra sem sérstaklega mikilvæga menn sem nauðsynlegt sé að dæma fyrr eða síðar. Flestir voru hins vegar lágt settir, og bjuggu ekki yfir neinum hernaðarupplýsingum. Samkvæmt gögnum frá stjórnvöldum sjálfum hafa 92 prósent þeirra aldrei barist fyrir Al-Kaída.

Leyniskjöl sem Wikileaks birti um fangelsið hafa sýnt fram á að hundruðum manna var haldið árum saman þar án dóms og laga. Margir höfðu aldrei komið nálægt hryðjuverkastarfsemi og tilviljun ein réði því að um 150 Afganar og Pakistanar voru fluttir í fangelsið. Þeir voru á öllum aldri og var haldið í Guantanamo í mörg ár. Meðal fanga voru til dæmis 89 ára gamall maður sem þjáðist af elliglöpum og fjórtán ára drengur.

Í febrúar 2002 tilkynnti George Bush, þáverandi forseti, að fangarnir féllu ekki undir Genfarsamningana um mannúðlega meðferð fanga. Hann hélt því þó fram að fangarnir yrðu meðhöndlaðir „í samræmi við“ samningana. Saga pyntinga og mjög harðra yfirheyrsluaðferða er þó löngu kunn.

Meðal þeirra sem enn eru í haldi eru menn sem hafa verið pyntaðir svo mikið að aldrei verður hægt að rétta yfir þeim. Þá eru líka þar menn sem hafa gefið upplýsingar um starfsemi Al-Kaída eða talibana sem eiga á hættu að verða drepnir ef þeir snúa til síns heima.

### Svikið kosningaloforð

Lokun búðanna í Guantanamo var eitt af kosningaloforðum Baracks Obama. Hann ætlaði að loka búðunum innan árs frá því að hann tæki við embætti, en enn er fangelsið opið. Málið þykir hið vandræðalegasta fyrir stjórn hans, en hann mætti mikilli mótstöðu í þinginu og þar var komið í veg fyrir að fangelsinu yrði lokað. Í kjölfarið ætlaði hann að sjá til þess að réttarhöld yfir föngunum yrðu haldin fyrir venjulegum dómstólum í Bandaríkjunum, en náði því ekki heldur fram. Í staðinn var sérdómstóll hersins á Kúbu endurreistur og réttað yfir föngum þar. Það veldur mikilli óánægju, sem og sú ákvörðun hans að skrifa undir umdeild lög þingsins sem fela meðal annars í sér rétt Bandaríkjanna til þess að halda föngum án ákæru í óákveðinn tíma. Það er því fátt sem bendir til þess að Obama takist að standa við þetta kosningaloforð sitt í bráð, þó að blaðafulltrúi Hvíta hússins hafi lýst því yfir fyrr í vikunni að enn standi til að gera það.

## VILL AÐ FANGELSINU VERÐI LOKAÐ



Loka ætti fangelsinu í Guantanamo, segir Terry Carrico, fyrsti yfirmaður þess, í viðtali við The Daily Beast. Hann hélt utan um fangelsið frá opnun og fram í maí 2002.

Carrico segir útlit fanganna hafa komið sér á óvart þegar þeir komu út úr flugvélinni í Guantanamo. Þeir voru mjög grannir og vannærðir og litu ekki út fyrir að vera brjáluðu öfgamennirnir sem fyrir honum hafði verið lýst. Hann er nú hættur í hernum og er þeirrar skoðunar að loka eigi fangelsinu þótt hann hafi litla trú á að það gerist nokkurn tímann. Carrico segir einnig að honum þyki rangt að halda fólki föngnu um óákveðinn tíma án réttarhalda. „Það gengur gegn minni þjálfun og því sem ég trúi að ekki sé rétt að halda einhverjum föngnum endalaust án sönnunargagna.“ Hann segir Guantanamo einnig ganga gegn öllu því sem Bandaríkin standi fyrir, þau séu land laganna.

Carrico fékk fljótlega efasemdir um að verið væri að handsama „þá verstu af þeim verstu“ eins og það var orðað. Á meðal fanganna hefðu verið menn sem áttu augljóslega við geðræn vandamál að stríða.

Donald Rumsfeld, þáverandi varnarmálaráðherra, kom í heimsókn til Guantanamo nokkrum vikum eftir að fangelsið var opnað. Carrico gekk með honum um búðirnar og sagði ráðherranum frá efasemdum sínum um að mennirnir byggju yfir nokkrum alvöru upplýsingum. Rumsfeld sagðist telja að það væri rétt hjá honum. Síðan þá hefur fundist minnismiði frá Rumsfeld frá árinu 2003 þar sem hann segir að hætta þurfi að fylla fangelsið af lágt settum mönnum.

Árið 2002 talaði Carrico sjálfur um að fangarnir væru mikil ógn og hættulegir menn. Sumir væru tengdir eða ábyrgir fyrir árásunum 11. september. Nú segir hann að á þeim tíma hafi í rauninni ekki verið alveg ljóst hvaða menn voru að koma í fangelsið. Hann hafi gert ráð fyrir því að allir sem þangað væru sendir hlytu að tengjast stríðinu gegn hryðjuverkum og ekki hugsað meira út í það. Ætlaðir forsprakkar árásanna, eins og Khalid Sheikh Mohammed, komu hins vegar ekki í Guantanamo fyrr en 2006. Þeir eru í öðrum vistarverum en aðrir fangar.

Það var ekki í verkahring Carrico að yfirheyra fanga. Hann segir að sá yfirmaður sem stjórnaði slíkum aðgerðum hafi reynt að banna herlögregluþjónum að vera viðstaddir yfirheyrslur. Hann hafi hins vegar ekki viljað leyfa það, því þeir hafi átt að sjá til þess að ekki væri farið illa með fangana. Carrico hætti hins vegar störfum í Guantanamo í maí 2002 og seinna sama ár voru nýjar aðferðir teknar upp. Yfirheyrsluaðferðir breyttust sem og meðferð fanganna. Í október hafði Rumsfeld heimilað yfirheyrsluaðferðir eins og að halda mönnum vakandi dögum saman, neyða þá til að standa um lengri tíma og annað í þeim dúr. „Ef meðferðin brýtur í bága við Genfarsamninginn, þá er ég mótfallinn henni,“ segir Carrico.

Honum finnst eins og áður segir að loka eigi fangelsinu. „Það hefur þjónað sínum tilgangi.“ Þeir sem fangelsaðir verða í framtíðinni eiga að fara fyrir rétt, segir hann, en efast samt um að nokkurn tímann verði lokað. Nýlegar aðgerðir þingsins benda til þess að hann hafi rétt fyrir sér.

HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

**Styrkir**

**til náms í hafrétti**

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókna- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Hafréttarstofnun auglýsir hér með eftirfarandi styrki til náms í hafrétti til umsóknar:

1. Styrk til framhaldsnáms í hafrétti á háskólaárinu 2012 - 2013.

2. Styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti 1. - 20. júlí 2012.

Umsóknir berist Hafréttarstofnun Íslands, utanríkisráðuneytinu, Rauðarárstíg 25, 150 Reykjavík **fyrir 1. febrúar nk.**

Nánari upplýsingar veitir Tómas H. Heiðar, forstöðumaður stofnunarinnar, í síma 545 9900.

# VILTU LÉTTAST?

## Nupo næringarfæðið hjálpar þér að léttast!




Máltíðin aðeins
frá **162 kr.** *

Nupo næringarfæðið er meðal áhrifamestu og öruggustu aðferða sem þekkjast í því skyni að léttast. Nupo er vottað af læknum og lyfjafræðingum en Nupo tryggir að líkaminn fái öll þau vítamín, steinefni og næringarefni sem hann þarfnast, það eina sem skorið er við nögl eru hitaeiningarnar.

Kynningar í Hagkaup Skeifunni og Smáralind um helgina, laugardag og sunnudag kl: 15-18

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



*m.v. söluverð dags. 13.01. 2012 í Hagkaup

nupo®
ÖRUGG LEIÐ TIL AÐ LÉTTAST

# Frelsið getur verið flókið

Fyrir rúmum tveimur áratugum var **Lolita Urboniene** stödd í hringiðu dramatískra atburða í Vilnius. Í gærmorgun kveikti hún á kerti til minningar um fórnarlömb sovéskra hersveita 13. janúar 1991. Það gerði hún á heimili sínu í Grafarvogi en hún hefur verið búsett hér á landi um árabil. Lolita sagði *Sigríði Björgu Tómasdóttur* frá lífinu í Litháen og á Íslandi.



**ÞAKKLÁT FYRIR LÍFSREYNSLUNA** Lolita Urboniene segir ómetanlegt að hafa fengið að upplifa það að Litháen öðlaðist sjálfstæði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lolita Urboniene er formaður félags Litháa á Íslandi. Hún er líka kennari í Ártúnsskóla og starfsmaður frístundaheimilisins í skólanum og þar hittir blaðamaður hana í lok vinnudags í miðri viku. Hún býður upp á kaffi og við hefjum samtalið á fyrstu heimsókn hennar til Íslands. „Ég kom hingað í september árið 2005 og svo fyrir fullt og allt í mars árið 2006. Þá hafði maðurinn minn verið hér í sex ár og ég var komin með nóg af allri fjarverunni og langaði í fjölskyldulíf á nýjan leik,“ segir Lolita.

Lolita hafði góða vinnu í Litháen, vann fyrir SOS-barnaþorpin, en maðurinn hennar hafði flutt hingað í leit að betri atvinnutækifærum og hærri launum en stóðu til boða í Litháen. „Maðurinn minn fór að vinna hjá Stjörnuegg i þegar hann flutti hingað og hefur unnið þar meira og minna síðan. Hann lagði hart að sér, vann myrkranna á milli, takmarkið var að spara fyrir íbúð í Litháen og eftir 14 mánuði hér gat hann keypt íbúð þar og greitt út í hönd,“ segir Lolita. „Hann lifði reyndar afar spart og léttist um 20 kíló á þessu tímabili.“

### Mikil viðbrigði að flytja

Lolita segir það hafa verið mikil viðbrigði að flytja til Íslands frá Litháen. „Ég vissi að það yrði erfitt, ég bjóst ekki við því að mín biði rauður dregill. En það var samt erfiðara en ég gerði mér í hugarlund. Tungumálið er til dæmis ótrúlega erfitt, ég lærði ensku í háskóla, hef verið tungumálakennari og tala mörg tungumál – en íslensku, það er ekki hægt að læra hana,“ segir Lolita og hlær. En þess ber að geta að hún tjáir sig á mjög góðri íslensku.

„Ég tapa samt þræðinum oft, til dæmis þegar Íslendingar fara að tala um fólk sem allir þekkja og rekja einhver tengsl, eða þegar verið er að segja brandara. Ég held reyndar að ég eigi aldrei eftir að skilja alla brandara,“ segir Lolita sem dreif sig í íslensku fyrir útlendinga þegar hún var nýflutt til landsins á sínum tíma. „Námið gekk vel, ég fékk hrós fyrir íslenskuna og fannst ég vera fær í flestan sjó eftir einn vetur þar. Afréð því að fara í nám í mannauðsstjórnun og fékk áfall í fyrsta tímanum, ég skildi ekki orð af því sem gekk þar á.“

Lolita gafst þó ekki upp og er að vinna að meistararitgerð sinni, en hún fjallar um aðlögun Litháa inn í íslenskt samfélag. Efni sem hún þekkir af eigin raun. „Ég veit hvernig er að koma hingað og vita ekki hvernig á að snúa sér,“ segir Lolita sem segir Félag Litháa á Íslandi meðal annars snúast um að veita nýfluttum Litháum upplýsingar um hvernig eigi að snúa sér í að sækja um vinnu, skólakerfið, menntun og fleira. „Ég þekki það af eigin raun að aðlögun í skóla getur gengið illa. Yngri sonur minn átti mjög erfitt eftir að við fluttum hingað og það skorti úrræði til þess að aðstoða hann. En eftir erfiða byrjun gengur mjög vel núna í Húsaskóla. Þar hefur verið unnið frábært starf. Eldri sonur minn fór í móttökudeild í Breiðholtsskóla þegar við fluttum hingað, hann var þá í 10. bekk. Þar gekk mjög vel,“ segir Lolita.

### Ekki bara glæpamenn

Litháar á Íslandi eru nær 1.500 og segir Lolita hópinn fjölbreyttan, litháískir afbrotamenn hafa hins vegar verið áberandi í fjölmiðlum sem Lolita segir hvimleitt fyrir venjulega Litháa. „Þetta er bara brot af hópnum og glæpamennirnir eru alls ekki dæmigerðir fulltrúar fyrir þjóðina. Fyrir nú utan að ég mér hefur fundist sérstaklega mikið gert úr afbrotum Litháa,“ segir Lolita. Síðasta sumar þegar sá harmleikur átti sér stað að litháísk kona bar út barn þurftu margir Litháar einnig að svara þeirri spurningu hvort að sá siður væri algengur í Litháen. „Orðið útburður er til í íslensku, sem segir okkur að athöfnin hefur tíðkast hér líka. Litháar báru ekki barnið út, þetta var harmleikur einstaklings.“

Lolita er í tengslum við fjölmarga landa sína en á líka marga íslenska vini. Hún segir ómetanlegt fyrir Litháa á Íslandi að njóta liðsinnis, áhuga og stuðnings Jóns Baldvins Hannibalssonar, fyrrverandi utanríkisráðherra. „Ég get alltaf hringt í hann og rætt málin og spurt um hvað sem er.“

> Ég líki fólkinu sem ólst upp í Sovétríkjunum stundum við hund sem hefur alla sína ævi verið með keðju. Þegar ólin er tekin þá veit hann ekki hvað hann á að gera.

Það var í ráðherratíð Jóns Baldvins sem Ísland tók af skarið og viðurkenndi sjálfstæði Litháens, fyrst vestrænna ríkja. Það var í febrúar 1991, tæpu ári eftir að landið lýsti yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum. Nokkrum vikum áður, fyrir réttu 21 ári, gerði sovéski herinn atlögu að þinghúsinu í Vilnius með hörmulegum afleiðingum.

Lolitu vöknar um augun þegar hún rifjar upp aðfaranótt 13. janúar 1991. „Rússar höfðu sent sérsveitir til Vilnius og skriðdrekar sovéska hersins voru sýnilegir. Sovésk yfirvöld voru ósátt við sjálfstæðisyfirlýsingu okkar og við almennir borgarar vissum ekki á hverju við áttum von. En margir tóku því kalli að verja þinghúsið og stóðu andspænis skriðdrekunum í von um að það yrði ekki ráðist á óbreytta borgara.“

### Óttuðumst stríð

Dagana 11. og 12. janúar var Lolita ásamt fjölskyldu sinni, eiginmanni og tveggja ára syni, stödd við þinghúsið. Á þriðja degi var sá litli orðinn kvefaður og þau fóru heim til að hvíla sig. „Við bjuggum á stúdentagarði, sextán hæða byggingu, og það voru bara við og ein önnur fjölskylda sem voru í húsinu þegar sovéski herinn hóf skothríð á almenna borgara. Þrettán létust. Við heyrðum lætin, og maðurinn minn vildi fara og standa með okkar fólki. Ég grátbað hann hins vegar um að vera hjá mér, ég var hrædd og við vissum ekkert hvað myndi gerast næst. Við héldum mörg að það myndi skella á stríð og ef það gerðist vissum við að við mættum okkur lítils gegn sovéska hernum.“

Af því varð ekki og sjálfstæði landsins var viðurkennt á meðal erlendra ríkja. „Þá fór smám saman að rætast úr ástandi sem hafði verið afar erfitt. Sovétríkin settu viðskiptabann á Litháen eftir að landið lýsti yfir sjálfstæði, vöruskortur var skelfilegur, matur fékkst afhentur gegn skömmtunarseðlum og við þurftum að standa í röð eftir nauðsynjum,“ segir Lolita sem segist í dag afar þakklát að hafa upplifað svona margt.

„Ég er alin upp í Sovétríkjunum, fékk að upplifa það að landið mitt hlaut sjálfstæði og svo flutti ég hingað, þetta er ótrúlega merkilegt. Ég man enn þegar landið lýsti yfir sjálfstæði, þá voru vinir okkar alltaf að óska eins árs syni okkar til hamingju, þú átt eftir að þekkja frelsið sögðu þeir,“ segir Lolita og kemst við þegar hún rifjar upp þessar tilfinningaþrungnu stundir.

### Allt var skipulagt í Sovétríkjunum

Frelsið hefur hins vegar reynst mjög mörgum Litháum erfitt að sögn Lolitu. „Ég líki fólkinu sem ólst upp í Sovétríkjunum stundum við hund sem hefur alla sína ævi verið með keðju. Þegar ólin er tekin þá veit hann ekki hvað hann á að gera. Í Sovétríkjunum var allt planað. Þegar ég ákvað að verða tungumálakennari þá vissi ég þegar leið á námið í hvaða skóla ég myndi fara að vinna. Maðurinn minn vissi líka hvar hann ætlaði að vinna að loknu námi í verkfræði. Svo kom frelsið og þá breyttist allt. Og fólk lenti í vandræðum með einföldustu hluti eins og að sækja um vinnu, við kunnum það ekki,“ segir Lolita sem segir það stórkostlegt hvað íslenskir krakkar frá unga aldri fá mikið valfrelsi. „Á leikskólum eru þau látin velja hvað þau vilja gera, þau fá að vera á sínum hraða í stærðfræði og þegar þau eiga að teikna þá mega þau láta sköpunarkraftinn ráða.“

Spurð hvers hún saknar segist Lolita einkum sakna fjölskyldu sinnar. „Ég sakna mömmu minnar og bróður. Ég á fjölmarga vini í Litháen sem ég heimsæki árlega en eftir svona mörg ár hér á ég afar marga vini hér á landi. Mig langar ekki til að flytja til Litháens og synir mínir vilja það alls ekki. Hver veit hvað við gerum þegar við eldumst en okkur þykir afar gott að búa á Íslandi og hér viljum við að vera,“ segir Lolita að lokum.

# ÚTSALA

ILVA
einfaldlega betri kostur

allt að 60%
AFSLÁTTUR

© ILVA Ísland 2012



30%
af METZ

**METZ**
Antíklakkaður borðstofustóll úr birki.
Verð 14.900,- **NÚ 9.900,-**



**CLOCK**
Matarstell. Matardiskur, Ø27 cm. Verð 1.195,- **NÚ 895,-** Fylgidiskur, Ø19 cm. Verð 795,- **NÚ 595,-**
Súpudiskur, Ø20 cm. Verð 795,- **NÚ 595-** Skál, Ø18 cm. Verð 1.195,- **NÚ 895,-**
Kanna, H10,5 cm. Verð 995,- **NÚ 795-** Bolli m/undirskál. Verð 895,- **NÚ 695-**



30%
af öllum
SILENCE dýnum

**SILENCE EXCLUSIVE 610**
Meðalstíf boxdýna. 90x200 cm.
Verð 129.900,- **NÚ 89.900,-**
Meðalstíf boxdýna. 140x200 cm.
Verð 179.900,- **NÚ 125.900,-**
Meðalstíf boxdýna. 160x200 cm.
Verð 189.900,- **NÚ 132.900,-**
*Yfirdýna og fætur seld sér.*



**KIDS**
Dúkkuvagn, rauður.
Verð 9.995,- **NÚ 7.995,-**

## ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI



20%
af öllum
HANDKLÆÐUM



**RETRO**
Borðlampi. H25 cm. Verð 5.995,- **NÚ 3.995,-** *Ýmsir litir.*



60%
af ROMBO

**ROMBO**
Púðar/rúmteppi, pastelgrænt.

| | | |
|---|---|---|
| 40x40 cm. | Verð 3.995,- | **NÚ 1.595,-** |
| 60x60 cm. | Verð 4.995,- | **NÚ 1.995,-** |
| 180x260 cm. | Verð 8.995,- | **NÚ 3.595,-** |
| 230x260 cm. | Verð 11.995,- | **NÚ 4.795,-** |
| 260x260 cm. | Verð 13.995,- | **NÚ 5.595,-** |



**TREE**
Fatastandur. H174 cm.
Verð 9.900,- **NÚ 7.900,-**



**EMIL**
Bókahilla.
43x34x162 cm. Verð 24.900,- **NÚ 16.900,-**
65x34x162 cm. Verð 29.900,- **NÚ 19.900,-**

VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA
sendum um allt land

*Nýtt kortatímabil*
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30 laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

shop online







**HÚSIN SEM VORU OG GÆTU ORÐIÐ** Á myndunum má sjá frá vinstri Hótel Ísland, Veltusund 1 í upprunalegri mynd og Vallarstræti 4 þar sem Björnsbakarí var rekið um árabil.

# Torg með nýtt og notalegt hlutverk

Nú er aftur hafin umræða um skipulagsbreytingar við Ingólfstorg þar sem meðal annars er gert ráð fyrir flutningi húsa við Vallarstræti inn á torgið. *Sigmundur Davíð Gunnlaugsson* veltir fyrir sér öðrum lausnum á þessu **torgi í hjarta borgarinnar.**

Fyrirhugaðar breytingar á Ingólfstorgi hafa sætt töluverðri gagnrýni. Það er afar ánægjulegt að fólk skuli láta til sín taka og mótmæla skipulagsbreytingum sem því mislíkar í miðbænum. Vonandi verður þetta raunin áfram en á Íslandi hefur oft ríkt allt of mikil værukærð hvað varðar húsvernd og skipulag í þéttbýli. Í því máli sem hér um ræðir er hins vegar fólgin nokkur kaldhæðni því áformin sem nú er mótmælt eru tilraun til að vinda að nokkru leyti ofan af afleitu skipulagi sem gerði ráð fyrir miklu meira niðurrifi og skaðlegum stórframkvæmdum. Í þeim efnum má þó gera betur. Til er lausn sem ekki aðeins leysir öll þau vandamál sem fylgja núverandi áformum heldur bætir einnig að miklu leyti úr því skipulagsklúðri sem fyrir er. Sú lausn er hér lögð fram til umræðu.

### Núverandi ástand

Vel má halda því fram að sögulegur miðpunktur borgarinnar hafi verið gatnamót Aðalstrætis og Austurstrætis. Þau gatnamót eru ekki til lengur. Þar er nú Ingólfstorg. Torgið er ekki sérlega aðlaðandi „miðpunktur“ og minnir reyndar talsvert á opin rými í minni borgum fyrrum austantjaldslanda (áður en þær hófu fegrun og endurbyggingu). Torgið sjálft er reyndar ágætlega hannað í stíl tíunda áratugarins en það varð til á árunum 1993-´94. Þar höfðu þá áratugum saman verið ófrágengin bílastæði á auðum lóðum sem í daglegu tali voru kallaðar Hallærisplanið og Steindórsplan. Umhverfi torgsins er hins vegar ekki til þess fallið að gera það aðlaðandi og veldur því raunar að torgið virkar ekki sem slíkt. Þar var enda alls ekki gert ráð fyrir torgi heldur gatnamótum. Uppbygging svæðisins var því miðuð við það og umgjörð torgsins ber þess glöggt merki.

Flest húsin umhverfis Ingólfstorg eru því ekki hönnuð til að standa við torg. Morgunblaðshöllin er helsta undantekningin en um tíma voru uppi áform um að gera Austurstræti að breiðgötu og meðfram henni, framan við Morgunblaðshöllina, stórt opið torg. Þar sem áformin sem sú bygging var hluti af náðu ekki lengra (sem betur fer) á stórhýsið engan veginn heima í umhverfi sínu. Við bættist að hið einstaka hús, Fjalakötturinn, var rifið og stórhýsum bætt sitt hvoru megin við Morgunblaðshöllina.

Áður höfðu allmörg hús staðið á reitunum þar sem Ingólfstorg er nú, þeirra á meðal hið sögufræga Hótel Ísland við Austurstræti 1. Hótelið brann árið 1944 og var það mikið menningarlegt og sögulegt tjón fyrir Reykjavík.

Verstur er þó hinn risastóri brunagafl fjölbýlishússins sem byggt var ofan á Miðbæjarmarkaðinn (Aðalstræti 9). Sú bygging er allt of stór fyrir umhverfið en reyndar í fullu samræmi við það deiliskipulag sem enn er í gildi fyrir stóran hluta miðbæjarins, þar með talið skipulagið við sunnanvert Ingólfstorg, skipulagið sem nú er verið að reyna að vinda ofan af.

### Gallarnir við núverandi áform

***1. Niðurrif Nasa***

Skemmtistaðurinn Nasa er í einkar fallegu húsi sem reist var við Austurvöll árið 1878 og sal sem byggður var aftanvið húsið árið 1946. Framhúsið frá 1878 er friðað en ráðgert er að rífa salinn og byggja þar hótel. Þótt viðbyggingin sé ekki merkileg að utan væri eftirsjá að salnum.

***2. Flutningur húsanna***

Deiliskipulag gerði ráð fyrir að rífa mætti gömlu húsin við Vallarstræti. Það hefði orðið mikið tjón því húsin eru með elstu húsum borgarinnar og saga þeirra merkileg. Áform um að færa húsin inn á torgið eru tilraun til að vinda ofan af gamla skipulaginu en koma samt fyrir byggingarmagni sem heimilað hafði verið að mati borgarinnar. Slík útdeiling og sala byggingarheimilda er meginástæðan fyrir skipulagshamförum miðbæjarins. Þótt vissulega sé betra að færa húsin en að rífa þau brýtur flutningur í bága við þá reglu að vernda beri hús á upprunalegum stað. Fyrir því eru mikilvæg og vel þekkt rök sem ekki er svigrúm til að rekja hér.

***3. Nýbygging***

Gert er ráð fyrir að þegar húsin hafa verið færð inn á torgið verði reist nýbygging á bak við þau. Tillögur að nýbyggingum, sem lagðar hafa verið fram, eru vissulega betri en brunagaflinn en þær væru hins vegar enn ein viðbótin við sundurlausa umgjörð um torgið og styrkja ekki nógu vel gömlu bæjarmyndina sem gerir miðbæ Reykjavíkur aðlaðandi og sérstæðan.




**Ingólfstorg og nágrenni**
Rauði liturinn sýnir byggingarreit Hótels Íslands og byggingarrými við Vallarstræti. Guli liturinn sýnir stækkunarmöguleika Ingólfstorgs.

### Hótel Ísland á upprunalegan stað

Leysa má öll þau vandamál sem fylgja nýju skipulagshugmyndunum og bæta núverandi ástand með því að líta til sögunnar. Lausnin felst í því að endurbyggja Hótel Ísland á upprunalegum stað.

Hótel Ísland var afar merkilegt hús í sögu Reykjavíkur og heildarmynd gamla bæjarins. Endurbygging þess væri lítið mál miðað við þá miklu endurbyggingu horfinna húsa sem fram hefur farið á undanförnum árum í evrópskum borgum, ekki hvað síst í Mið- og Austur-Evrópu, til að endurheimta aðdráttarafl (og tekjusköpun) borganna og styrkja ímynd þeirra. Svo vill til að mörg þeirra húsa sem endurbyggð hafa verið í Evrópu brunnu einmitt í loftárásunum miklu árið 1944, sama ár og Hótel Ísland brann.

Með því að endurreisa Hótel Ísland mætti leysa ótrúlega mörg af þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir. Þótt gamla hótelið hafi verið timburhús mætti endurbyggja það úr steinsteypu en klæða að utan þannig að það liti út eins og upprunalega byggingin. Hótelið væri svo hægt að tengja við Landsímahúsið með nýju húsi á milli Vallarstrætishúsanna og göngubrú yfir Vallarstræti.

Með endurbyggingu hótelsins og aðlögun torgsins gæti Ingólfstorg orðið heildstætt, sérstætt og fallegt reykvískt torg með mikið aðdráttarafl fyrir íbúa og ferðamenn í stað þess að vera eyða á milli ósamstæðra húsa, umlukin götum og bílastæðum. Það yrði þá að sterkri heild og miðpunkti endurnýjunar og fegrunar Reykjavíkur.

Núverandi torg myndi með þessu móti minnka um þriðjung sem er ívið meira en gert er ráð fyrir með flutningi Vallarstrætishúsanna en það myndi hins vegar gera torgið mun meira aðlaðandi. Jafnframt mætti stækka torgið í aðrar áttir og gera það jafnvel stærra en það er nú.

*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson er alþingismaður og formaður Framsóknarflokkins. Hann hefur lengi haft áhuga á skipulagsmálum, var í framhaldsnámi við Oxford-háskóla með áherslu á tengsl hagrænnar þróunar og skipulagsmála. Hann var fulltrúi í skipulagsráði Reykjavíkurborgar 2008-2010.*

## ■ MARGIR KOSTIR MYNDU FYLGJA ÞVÍ AÐ ENDURBYGGJA HÓTEL ÍSLAND

**1.** Brunagaflinn hverfur sjónum og Morgunblaðshöllin og aðliggjandi hús yfirgnæfa ekki lengur torgið. Þess í stað yrði það umlukt fallegum byggingum sem mynda heildstæða umgjörð sem væri bæði sérstök og aðlaðandi. Hótel Ísland að sunnan. Að austan hið gamla Austurstræti 3 og Veltusund 1 „hús Einars Ben.“ sem færa mætti í upprunalegt horf, en það var mjög sérstætt og fallegt hús í svo kölluðum drekastíl (sjá mynd). Það væri þá aftur í stíl við Fálkahúsið sem stendur við norðurendann. Vestan megin er svo Geysishúsið og þar opnast torgið inn að Vesturgötu og Grófinni þar sem nú er ein heildstæðasta gamla húsaþyrping borgarinnar.

**2.** Frá Ingólfstorgi að Grófinni og inn í Grjótaþorpið væri þá orðinn til sterkur kjarni gamallar byggðar sem hefði mikið aðdráttarafl. Skammt frá eru einnig mörg hús sem hafa verið endurbyggð og endurbætt á undanförnum árum. Þannig yrði torgið raunverulegur miðpunktur í gamla miðbænum og til þess fallið að ýta undir fegrun hans.

**3.** Torgið fengi þá hlutverk sem er því mun eðlislægara en núverandi ástand. Það yrði notalegt afdrep í miðbænum þar sem gott væri að sitja á bekk við gosbrunn innan um tré og gamaldags ljósastaura eða borða á einu af veitingahúsunum sem umlykja torgið. Slík torg eru algeng í evrópskum borgum, meðal annars í París og Kaupmannahöfn, samanber til dæmis Nikulásartorg (Nikolaj Plads) og Grábræðratorg (Gråbrødretorv), tveir af mest aðlaðandi stöðum þeirrar borgar.

**4.** Með því að lyfta torginu og færa það þannig að húsunum sem umlykja það mundu skapast aðstæður fyrir blómlega starfsemi á jarðhæð húsanna sem enn ýtti undir líf við torgið.

**5.** Álitamál um heimilað byggingarmagn væru leyst. NASA-salurinn gæti staðið áfram og meira að segja yrði hægt að nýta hann í tengslum við rekstur nýja hótelsins. Gamla deiliskipulagið og niðurrifsáform þess væru þá endanlega úr sögunni en um leið væri stuðlað að fegrun svæðisins.

**6.** Vallarstræti, ein elsta gata borgarinnar, sem nú er svo gott sem horfin og hyrfi endanlega ef Vallarstrætishúsin yrðu flutt, yrði aftur til sem falleg gönguleið milli Austurvallar og Grjótaþorpsins.

**7.** Önnur gömul gata, Veltusund yrði líka til aftur. Með því að gera Veltusund að steinlagðri göngugötu með gamaldags ljósastaurum og fallegum timburhúsum til beggja hliða, og við enda götunnar, yrði gatan sérlega rómantísk og gott myndefni fyrir ferðamenn.

**8.** Vallarstræti 4 (Hótel Vík) mundi bæði endurheimta upprunalegt hlutverk sitt og stöðu við enda Veltusunds. Skemmtilegt væri ef framhlið hússins yrði aftur færð í sitt gamla sérstæða horf, en húsið var hannað til að standa við enda götunnar (sjá mynd). Vel færi á því að gamaldags miðbæjarbakaríi yrði aftur komið fyrir þar sem Björnsbakarí var rekið í nærri 100 ár.

**9.** Basar Thorvaldsensfélagsins væri í kjörstöðu á hinu fallega horni Veltusunds, Austurstrætis og Ingólfstorgs en varla væri til betri staður til að reka ferðamannaverslun. Það sama ætti við um söluturninn Texas og fleiri fyrirtæki við hið snotra Veltusund.

**10.** Elsta gata Reykjavíkur, Aðalstræti, yrði aftur að raunverulegri húsagötu.

**11.** Aðalstræti 7 yrði fært í upprunalegt horf og samhengi. Framhlið hússins yrði aftur að eiginlegri framhlið þess og mundi sóma sér vel í götumyndinni. Húsið yrði þá aftur verðugur nágranni hins nýuppgerða Aðalstrætis 10.

**12.** Elsta hús miðbæjarins, Aðalstræti 10, yrði ekki lengur hornreka heldur miðpunktur í sterkri götumynd fjölfarinnar ferðamannagötu.

Endurbygging Hótels Íslands leysir vanda allra og yrði mjög hagkvæm fyrir borgina og til þess fallin að styrkja heildarmynd miðbæjar Reykjavíkur og gera hann að stað sem laðar að sér fyrirtæki, ferðamenn og annað fólk á öllum árstímum.

# BARNASTARF KIRKJUNNAR

## Sunnudagaskólinn alla sunnudaga í vetur!
## Fyrir börn á öllum aldri, mömmur og pabba – afa og ömmur!

### REYKJAVÍK OG KÓPAVOGUR

**ÁRBÆJARKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.arbaejarkirkja.is

**BREIÐHOLTSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.breidholtskirkja.is

**BÚSTAÐAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.kirkja.is

**DIGRANESKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.digraneskirkja.is

**DÓMKIRKJAN**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.domkirkjan.is

**FELLA- OG HÓLAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.fellaogholakirkja.is

**GRAFARVOGSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
í Grafarvogskirkju
og Borgarholtsskóla

**GRENSÁSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.grensaskirkja.is

**GUÐRÍÐARKIRKJA GRAFARHOLTI**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.gudridarkirkja.is

**HALLGRÍMSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.hallgrimskirkja.is

**HÁTEIGSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.hateigskirkja.is

**KÓPAVOGSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.kopavogskirkja.is

**LAUGARNESKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.laugarneskirkja.is

**LINDAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
í Lindakirkju og í Boðaþingi
Nánar á www.lindakirkja.is

**NESKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.neskirkja.is

**ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN**
Annan og fjórða sunnudag
mánaðarins kl. 14
Nánar á www.ohadisofnudurinn.is

**SELJAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.seljakirkja.is

### HAFNARFJÖRÐUR, ÁLFTANES OG GARÐABÆR

**FRÍKIRKJAN HAFNARFIRÐI**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.frikirkja.is

**HAFNARFJARÐARKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is

**VÍÐISTAÐAKIRKJA**
Alla laugardaga
kl. 11 – Kirkjuskóli
Nánar á www.vidistadakirkja.is

**BESSASTAÐAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
Í Brekkuskógum 1
Nánar á www.bessastadasokn.is

**VÍDALÍNSKIRKJA – GARÐABÆ**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.vidalinskirkja.is

### MOSFELLSBÆR

**LÁGAFELLSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 13
í kirkjunni
Nánar á www.lagafellskirkja.is

### AKUREYRI

**AKUREYRARKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.akureyrarkirkja.is

**GLERÁRKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.glerarkirkja.is

www.barnatrú.is





**BRONSIÐ Í HÖFN** Strákarnir okkar í handboltalandsliðinu fagna hér frábærum árangri sínum á EM í Austurríki 2010 þegar þeir unnu fyrstu og einu verðlaun Íslands á Evrópumótinu frá upphafi. MYND/DIENER

# Verja verðlaun í fyrsta sinn

Íslenska handboltalandsliðið er á leiðinni á sitt sjöunda Evrópumót og að þessu sinni liggur leið strákanna til Serbíu. Fyrir tveimur árum náðu strákarnir hápunktinum þegar þeir unnu bronsið í Austurríki. *Óskar Ófeigur Jónsson* fer yfir EM-sögu íslenska landsliðsins.

Það virðist ekki vera langt síðan mögnuð skutla Alexanders Peterssons reddaði málunum í leiknum um 3. sætið á móti Póllandi og strákarnir okkar fögnuðu bronsinu skömmu síðar með silfur í hárinu.

Nú tveimur árum síðar er komið að næsta Evrópumóti og strákarnir okkar eru í fyrsta sinn mættir á stórmót þar sem þeir hafa verðlaun að verja. Ólympíusilfrið vannst vissulega sautján mánuðum fyrr en næstu Ólympíuleikar eru ekki fyrr en í London í sumar.

Saga íslenska landsliðsins á EM telur orðið sex mót en Ísland er ein af sjö þjóðum sem hafa verið með á öllum Evrópumótum á nýrri öld.

### 30. maí 1999

30. maí 1999 er einn af mörgum merkilegum dögum í sögu íslenska karlalandsliðsins í handbolta og örugglega með þeim allra dramatískustu. Þá fór fram lokaleikur íslenska liðsins í undankeppni EM 2000 og eftir níu marka stórtap í fyrri leiknum á móti Sviss leit allt út fyrir að íslenska landsliðið myndi missa af fjórða Evrópumótinu í röð.

Evrópumótið hafði farið fram á tveggja ára fresti frá og með árinu 1994 en íslenska landsliðið sat eftir í undankeppninni í hvert skipti. Króatía og Hvíta-Rússland skildu okkur eftir í riðlinum fyrir EM 1994, Rússar og Rúmenar fóru á EM 1996 úr okkar riðli og tveimur árum síðar sat íslenska liðið einnig eftir í undankeppninni en Júgóslavíu og Litháen komust áfram á EM 1998.

Þarna voru Svisslendingar mættir í Kaplakrikann og máttu tapa með 8 eða 9 mörkum því það kom ekki í ljós fyrr en löngu eftir leik. Íslenska liðið skoraði sex síðustu mörk fyrri hálfleiks, var 16-10 yfir í hálfleik og vann leikinn að lokum með níu marka mun eftir að Róbert Julian Duranona skoraði lokamarkið þremur sekúndum fyrir leikslok.

### Átta eða níu mörk

Það var þó engin sigurstund í leikslok, ekki síst eftir að vallarþulurinn tilkynnti að Íslendingar hefðu setið í riðlinum vegna þess að þeir höfðu skorað færri mörk á útivelli. Áhorfendur fóru því súrir heim og strákarnir í liðinu sáu enn eitt Evrópumótið renna sér úr greipum.

Þegar fulltrúar HSÍ náðu loksins sambandi við Alþjóðahandknattleikssambandið, kom í ljós að íslenska liðið var komið áfram eftir allt saman þar sem liðið var með betri markatölu úr öllum leikjum riðilsins. Íslenska liðið hafði áður unnið tvo risasigra á Kýpur og það voru þeir sem skiluðu liðinu sæti á EM í Króatíu.

### Allir löngu farnir heim

Áhorfendurnir voru löngu farnir heim en strákarnir fögnuðu sætinu á EM í Króatíu í klefanum. Biðin var löng eftir fyrsta Evrópumótinu en hún var einnig löng eftir fyrsta sigurleiknum á EM. Íslenska liðið tapaði nefnilega fyrstu fimm leikjum sínum og vann ekki leik fyrr en í leik um 11. og næstsíðasta sætið gegn Úkraínumönnum.

Tveimur árum síðar var allt annað upp á teningnum þegar íslenska liðið komst alla leið í undanúrslitin en sá á eftir verðlaunum eftir 11 marka tap fyrir Svíum í undanúrslitaleiknum og 7 marka tap fyrir Dönum í leiknum um 3. sætið.

EM Í Slóveníu 2004 voru mikil vonbrigði þar sem íslenska liðið vann ekki leik og komst ekki upp úr sínum riðli. Íslenska landsliðið endaði síðan í 7. sæti á EM í Sviss tveimur árum síðar eftir tap fyrir Króötum og Norðmönnum í síðustu tveimur leikjum sínum.

Íslenska liðið fann sig ekki á Evrópumótinu í Noregi árið 2008. Íslenska liðið lá fyrir Svíum og Frökkum í riðlakeppninni og fór stigalaust inn í milliriðilinn. Eftir átta marka tap í fyrsta leik á móti Þjóðverjum var von um undanúrslitasæti úr sögunni en þá átti liðið sinn besta leik og vann átta marka sigur á Ungverjum. Ísland tapaði síðan með sjö mörkum fyrir Spánverjum í lokaleiknum og varð að sætta sig við 11. sætið.

### Ævintýrið í Austurríki

Síðasta Evrópumót sem fram fór í Austurríki var hins vegar mikið ævintýri þótt byrjunarerfiðleikar í riðlinum bentu ekki til þess að liðið væri að fara að spila um verðlaun á mótinu.

Íslenska liðið gerði jafntefli í tveimur fyrstu leikjum sínum á móti Serbíu og Austurríki eftir að vera nánast með unninn leik í þeim báðum. Liðið fór hins vegar með þrjú stig í milliriðilinn eftir glæsilegan fimm marka sigur á Dönum í lokaleik riðilsins.

Ísland gerði jafntefli við Króata í fyrsta leiknum í milliriðlinum en tryggði sér síðan sæti í undanúrslitunum með því að vinna Rússa og Norðmenn. Íslensku strákarnir áttu ekki mikla möguleika í undanúrslitaleiknum á móti Frökkum en tryggðu sér bronsið með því að vinna 29-26 sigur á Pólverjum í leiknum um þriðja sætið.

Nú er komið að því að verja bronsið og það er öllum ljóst að það verður mjög erfitt eftir ævintýrið frá því í Austurríki, ekki síst þar sem fyrirliðinn og hugsuðurinn Ólafur Stefánsson verður fjarri góðu gamni. Hvernig sem gengur mun íslenska þjóðin fylgjast vel með eins og alltaf.

## ÁRANGUR FASTAGESTA Á EM SÍÐUSTU ÁR

| | 2000 | 2002 | 2004 | 2006 | 2008 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Svíþjóð | Svíþjóð | Þýskaland | Frakkland | Danmörk | Frakkland |
| 2 | Rússland | Þýskaland | Slóvenía | Spánn | Króatía | Króatía |
| 3 | Spánn | Danmörk | Danmörk | Danmörk | Frakkland | Ísland |
| 4 | Frakkland | Ísland | Króatía | Króatía | Þýskaland | |
| 5 | Slóvenía | | | Þýskaland | | Danmörk |
| 6 | Króatía | Frakkland | Frakkland | | | Spánn |
| 7 | | Spánn | | Ísland | | |
| 8 | | | | Slóvenía | | |
| 9 | Þýskaland | | | | Spánn | |
| 10 | Danmörk | | Spánn | | Slóvenía | Þýskaland |
| 11 | Ísland | | | | Ísland | Slóvenía |
| 12 | | Slóvenía | | | | |
| 13 | | | Ísland | | | |
| 14 | | | | | | |
| 15 | | | | | | |
| 16 | | Króatía | | | | |

Svíþjóð og Rússland hafa ekki verið með á öllum Evrópumótum frá og með árinu 2000. Þjóðir merktar með fánum eru þær þjóðir sem hafa verið með á sex síðustu Evrópumótum.

Danmörk · Frakkland · Ísland · Króatía · Slóvenía · Spánn · Þýskaland

### EM Í KRÓATÍU 2000
**11. SÆTI**

**Þjálfari:** Þorbjörn Jensson
**Fyrirliði:** Dagur Sigurðsson
**Árangur:** 1 sigur í 6 leikjum
**Sigurhlutfall:** 16,7 prósent

**Markahæstir**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Valdimar Grímsson | 41/22 |
| 2 | Ólafur Stefánsson | 22 |
| 3. | Patrekur Jóhannesson | 21 |
| 4. | Gústaf Bjarnason | 18 |
| 5. | Róbert Sighvatsson | 16 |

### EM Í SVÍÞJÓÐ 2002
**4. SÆTI**

**Þjálfari:** Guðmundur Guðmundsson
**Fyrirliði:** Dagur Sigurðsson
**Árangur:** 4 sigrar og 2 jafntefli í 8 leikjum
**Sigurhlutfall:** 62,5 prósent

**Markahæstir**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Ólafur Stefánsson* | 58/18 |
| 2. | Patrekur Jóhannesson | 36/5 |
| 3. | Sigfús Sigurðsson | 31 |
| 4. | Einar Örn Jónsson | 23 |
| 5. | Guðjón Valur Sigurðsson | 21 |

* Ólafur Stefánsson var markahæstur og í úrvalsliði mótsins

### EM Í SLÓVENÍU 2004
**13. SÆTI**

**Þjálfari:** Guðmundur Guðmundsson
**Fyrirliði:** Dagur Sigurðsson
**Árangur:** 0 sigrar og 1 jafntefli í 3 leikjum
**Sigurhlutfall:** 16,7 prósent

**Markahæstir**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Ólafur Stefánsson | 20/12 |
| 2. | Jaliesky Garcia | 16 |
| 3. | Guðjón Valur Sigurðsson | 15 |
| 4. | Snorri Steinn Guðjónsson | 12 |
| 5. | Sigfús Sigurðsson | 8 |

### EM Í SVISS 2006
**7. SÆTI**

**Þjálfari:** Viggó Sigurðsson
**Fyrirliði:** Ólafur Stefánsson 4 leikir (Guðjón Valur Sigurðsson 2 leikir)
**Árangur:** 2 sigrar og 1 jafntefli í 6 leikjum
**Sigurhlutfall:** 41,7 prósent

**Markahæstir**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Snorri Steinn Guðjónsson | 42/17 |
| 2. | Guðjón Valur Sigurðsson | 38/3 |
| 3. | Ólafur Stefánsson* | 33/4 |
| 4. | Róbert Gunnarsson | 21 |
| 5. | Arnór Atlason | 14 |

* Ólafur Stefánsson var í úrvalsliði mótsins

### EM Í NOREGI 2008
**11. SÆTI**

**Þjálfari:** Alfreð Gíslason
**Fyrirliði:** Ólafur Stefánsson 4 leikir (Guðjón Valur Sigurðsson 2 leikir)
**Árangur:** 2 sigrar og 0 jafntefli í 6 leikjum
**Sigurhlutfall:** 33,3 prósent

**Markahæstir**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Guðjón Valur Sigurðsson | 34/6 |
| 2. | Snorri Steinn Guðjónsson | 28/6 |
| 3. | Alexander Petersson | 20 |
| 4. | Ólafur Stefánsson | 19/6 |
| 5. | Logi Geirsson | 15/1 |
| 5. | Róbert Gunnarsson | 15 |

### EM Í AUSTURRÍKI 2010
**3. SÆTI**

**Þjálfari:** Guðmundur Guðmundsson
**Fyrirliði:** Ólafur Stefánsson
**Árangur:** 4 sigrar og 3 jafntefli í 8 leikjum
**Sigurhlutfall:** 68,8 prósent

**Markahæstir**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Arnór Atlason | 41 |
| 2. | Guðjón Valur Sigurðsson | 39 |
| 3. | Snorri Steinn Guðjónsson | 35/19 |
| 4. | Róbert Gunnarsson | 33 |
| 5. | Ólafur Stefánsson* | 32/2 |

* Ólafur Stefánsson var í úrvalsliði mótsins

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

## 32" SJÓNVÖRP FRÁ 69.990
## MYNDAVÉLAR FRÁ 9.990

22" LED SJÓNVARP
FULLT VERÐ 64.990
TILBOÐ 49.990
PHILIPS AFSL. 15.000

42" FULL HD LCD
FULLT VERÐ 119.990
TILBOÐ 99.990
FINLUX AFSL. 20.000

50" 3D SJÓNVARP
FULLT VERÐ 349.990
TILBOÐ 229.990
Panasonic AFSL. 120.000

1000w 3D BLU-RAY HEIMABÍÓ
FULLT VERÐ 99.990
TILBOÐ 69.990
Panasonic AFSL. 30.000

FULL HD TÖKUVÉL
FULLT VERÐ 59.990
TILBOÐ 44.990
JVC AFSL. 15.000

MYNDAVÉL MEÐ LEICA LINSU
FULLT VERÐ 19.990
TILBOÐ 15.990
Panasonic AFSL. 4.000

Myndarammar með allt að
35% afslætti
INTENSO PHILIPS

Heimabíókerfi
frá 29.990
PHILIPS harman/kardon Panasonic

Sjónaukar með allt
að 36% afslætti
Nikon OLYMPUS tasco

JBL hátalarar með allt
að 30% afslætti
JBL

Vöggur fyrir iPad/
iPhone/iPod/Android
með miklum afslætti

KENWOOD PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED
INTENSO JBL harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk enox.

OPIÐ LAUGARDAG 11 -16 SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

# Ég er sérstakur sendiboði Guðs

Kontrabassaleikarinn og útvarpsmaðurinn **Smutty Smiff** var virkur í endurreisn rokkabillítónlistarinnar í lok áttunda áratugarins. Hann hefur nú búið á Íslandi í fimm ár og berst fyrir uppgangi rokkabillísins hér á landi. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við hann um lífsstílinn og nýju hljómsveitina, Smutty's 302, sem kemur fram með gítarsnillingnum Boz Boorer á Ellefunni í kvöld.

Þeir moka snjónum fyrir innkeyrsluna hjá mér svo ég kemst ekki með bílinn minn út. Svo frýs snjórinn, ég moka hann en svo snjóar bara meira. Þetta er ótrúlegt. Svona mikinn snjó hef ég reyndar séð áður í Noregi en ekki hér á Íslandi í þessi fimm ár sem ég hef búið hér. Konan mín man eftir svona snjóþunga þegar hún var bjó í Breiðholtinu sem barn, en þetta er alveg rosalegt," segir Smutty Smiff, rokkabillímaður, kontrabassaleikari og útvarpsmaður svo fátt eitt sé nefnt.

Smutty og ný rokkabillísveit hans, Smutty's 302, kemur fram á Ellefunni í kvöld ásamt gítarsnillingnum Boz Boorer, nánasta samstarfsmanni söngvarans Morrissey og stofnmeðlimi Polecats, hljómsveitarinnar sem átti stóran þátt í endurreisn rokkabillí-tónlistarinnar í Bretlandi og Bandaríkjunum á síðari hluta áttunda áratugarins.

„Þegar fólk hugsar um endurlífgun rokkabillísins leiðir það ósjálfrátt hugann að Brian Setzer, forsprakka Stray Cats, en Boz Boorer getur allt sem Brian Setzer getur. Þeir eru báðir klassískt menntaðir hljóðfæraleikarar og báðir miklir snillingar," segir Smutty, sem var skírður Steven Dennis Smith. „Boz er góður vinur minn. Hann hefur komið til Íslands áður með Morrissey en gafst ekki færi til að sjá landið almennilega, svo hann hringdi í mig og spurði hvort hann mætti ekki koma í heimsókn. Ég spurði á móti hvort hann væri ekki til í að halda tónleika með mér og nýju hljómsveitinni minni, þar sem við myndum spila undir hjá honum, og hann var til í það. Við tökum líka okkar eigin lög og þetta verða góðir tónleikar. Ég er mjög spenntur."

> Mig langar til að finna fortíðina og færa hana inn í nútímann.

**Rokkabillíið blómstar í Evrópu**

Eins og áður sagði fluttist Smutty til Íslands fimm árum eftir að hann kynntist íslenskri eiginkonu sinni í Camden í Norður-London, en sjálfur fæddist hann og ólst upp í austurhluta borgarinnar. Þau búa nú í austurborg Reykjavíkur ásamt ungum syni sínum.

„Fyrst fannst mér óþægilegt að þekkja engan en svo fór ég að spjalla við fólk eins og Daníel Ágúst og Krumma úr hljómsveitinni Esju, sem ég fór svo að spila með, og með tímanum hef ég kynnst fullt af frábæru fólki. Hér stofnaði ég rokkabillísveitina 59'ers og við gáfum út plötu, en þegar söngvarinn og trommarinn fóru í skóla stofnaði ég nýju hljómsveitina, Smutty's 302, sem spilar með Boz Boorer á Ellefunni," segir Smutty, en með honum í sveitinni eru þeir Pétur Hallgrímsson gítarleikari og trommuleikarinn Erik Qvick. Sveitin heldur í hljóðver í næstu viku til að taka upp sína fyrstu plötu sem kemur út hér á landi síðar á árinu, en vonir Smutty standa einnig til þess að ná árangri víðar í Evrópu.

„Síðustu ár hef ég verið reyna að sparka einhvers konar rokkabillí-senu í gang hér á Íslandi, með öllu því sem henni fylgir eins og tónlistinni, klippingunni sem ég hef sérhæft mig í, sérstökum klæðnaði og hárfeiti sem ég framleiði sjálfur, og það hefur svo sem gengið ágætlega. En samt er svolítið dapurlegt að áhuginn skuli ekki vera meiri hér á landi því rokkabillí-menningin blómstrar um alla Evrópu og ekki síst í Skandinavíu. Þar tengist rokkabillíið gjarnan alls kyns bílasýningum, húðflúrs-ráðstefnum og fleiru. Víða á Norðurlöndunum er áhugi á að gefa plötuna okkar út og í Finnlandi eru fjölmargar verslanir sem eru eingöngu helgaðar rokkabillí, en í rauninni hugsa ég að allir rokkabillí-aðdáendur Íslands gætu komist fyrir inni á Ellefunni. En það er mitt að breyta því og fræða fjöldann. Ég er sérstakur sendiboði Guðs, eins og Blues Brothers," segir Smutty og skellir upp úr, en samhliða tónleikahaldi og öðru er hann einnig umsjónarmaður útvarpsþáttarins Glymskrattinn á X-inu 9,77, þar sem hann breiðir út fagnaðarerindið.

**Í miðjunni á pönkbylgjunni**

Sjálfur lék Smutty með hljómsveitinni Rockats sem var áberandi á rokkabillí-endurreisnartímabilinu, en rokkabillíð fléttaðist að nokkru leyti saman við pönkbylgjuna beggja vegna Atlantsála. Þegar bandaríska pönkrokksveitin Johnny Thunders and The Heartbreakers kom til Englands árið 1976 til að taka þátt í hinni alræmdu Anarchy in The UK-tónleikaferð árið 1976 ásamt Sex Pistols, The Clash og fleirum, heillaðist umboðsmaður The Heartbreakes, Leee Black Childers, af hinum unga Smutty og tók hann með sér til New York þar sem við tóku hin ýmsu störf í skemmtanaiðnaðinum næstu árin.

„Ég var í miðjunni á pönk-ævintýrinu í London árið 1976," segir Smutty. „Þetta var frábær tími. Joe Strummer úr Clash sá okkur á tónleikum þegar við gátum varla spilað á hljóðfærin okkar og ég kynntist öllu þessu fólki: The Ramones, Patti Smith, Blondie, Johnny Rotten, Sid Vicious og mörgum fleirum. Þetta voru allt góðir vinir mínir og ég heilsa upp á þau sem eru enn á lífi þegar ég hitti þau. Þótt þetta fólk sé stórstjörnur og frægt út um allan heim, þá gleymir það því ekki að ég þekkti það þegar þau áttu ekki neitt. Það man að við lánuðum hvert öðru magnara og mjólk í kaffið áður en það keypti sér höll í Beverly Hills," segir Smutty, sem var vinsæl ljósmyndafyrirsæta í Bandaríkjunum meðan á ríflega tíu ára langri dvöl hans stóð. „Andy Warhol og Robert Mapplethorpe voru góðir vinir mínir og ljósmyndarar við mig dálítið á röndum því ég þótti sætur rokkabillístrákur með fullt af húðflúrum."



**ROKKABILLÍ** Smutty hefur alla tíð haft mikinn áhuga á húðflúri og var kominn með slíkar „ermar" á báða handleggi árið 1979. Á vegg á heimili hans hangir meðal annars mynd af David Bowie, einum þeirra nafntoguðu sem Smutty hefur kynnst persónulega á ferlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Með sjónvarpsþátt í bígerð**

Smutty hefur nýlokið við gerð prufuþáttar að sjónvarpsseríu sem hann vonast til að koma að vestan hafs innan tíðar, en í henni ferðast Smutty um Bandaríkin í leit að því landi sem hann eitt sinn þekkti en virðist hverfandi. „Mig langar til að finna fortíðina og færa hana inn í nútímann. Að komast að því hvar er hægt að fá bestu kirsuberjabökuna, bestu vöfflurnar, bestu kokteilana, bílabíóið og svo framvegis," útskýrir Smutty.

Hann segist kunna vel við sig á Íslandi þrátt fyrir harða vetur, enda sé þetta besta land í heimi til að ala upp börn. Þó varð hann fyrir miklum vonbrigðum í síðustu viku þegar brotist var inn á heimili hans.

„Ég fór með son minn á leikskólann og þegar ég kom aftur var búið að brjóta upp hurðina. Ég velti fyrir mér hverjir þora eiginlega að gera svona. Þeir tóku bara tölvuna mína en ekki kontrabassann, tónlistargræjurnar, vegabréfið og slíkt, svo þetta hafa ekki verið atvinnukrimmar. Líklega einhverjir krakkaræflar að leita sér að fé til að kaupa spítt. Ég hef bara eitt að segja við þá sem brutust inn hjá mér: vonandi finnur löggan ykkur áður en ég og vinir mínir gera það!"





LISTERINE®
TOTAL CARE
VINNUR GEGN TANNSTEINI

6 kostir til bættrar munnhirðu

| | TOTAL CARE | TOTAL CARE TOOTHGUARD | FLUORIDE |
|---|---|---|---|
| Vinnur gegn sýklum í munnholi | ✔ | ✔ | ✔ |
| Vinnur á bakteríum sem mynda tannsýklu; allt að 56% betri árangur en með tannburstun einni | ✔ | ✔ | ✔ |
| Verndar tannholdið | ✔ | ✔ | ✔ |
| Notist kvölds og morgna Tryggir ferskan andardrátt í allt að 12 klst. | ✔ | ✔ | ✔ |
| Inniheldur flúor sem fyrirbyggir tannskemmdir og styrkir glerunginn | ✔ | ✔✔ Tvöfalt flúormagn | ✔ |
| Inniheldur zinkklóríð sem vinnur gegn myndun tannsteins og viðheldur náttúrulegum lit tannanna | ✔ | | |

ÞÚ FÆRÐ LISTERINE Í NÆSTA APÓTEKI

**heimili & hönnun**

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM HÍBÝLI ]

janúar 2012

## Íslensk hönnun 2011

Fjölmargir íslenskir hönnuðir kynntu nýjar vörur á síðasta ári. Fjölmargar skemmtilegar hugmyndir vöknuðu til lífsins.

SÍÐA 6





## Á sýningu í London

Þórdís Baldursdóttir keramikhönnuður tekur þátt í sýningu þekktra samtaka í London.

SÍÐA 2








# TIL GAGNS OG PRÝÐI

Edda Jóna Gylfadóttir vöruhönnuður á fallegt heimili í Hlíðunum.

BLS. 4


ÚTSALA

Allt að 50% afsláttur

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Blomberg þvottavélar frá 79.990
Allt að 25% afsláttur

Mikið úrval af kæliskápum frá Blomberg, Candy og Severin með 15-30% afslætti

Ofnar, helluborð og háfar
Allt að 50% afsláttur

Saeco alsjálfvirkar kaffivélar frá 49.990

## NÝTT UNDIR SÓLINNI



**● BENSLI MEÐ LAUFBLÖÐUM** Kóreyska hönnunarstofan Luftdesign hefur hannað skemmtileg bensli sem nota má til að binda saman rafmagnssnúrur af ýmsum toga. Benslin eru í formi laufa og fást í nokkrum litum. Þau eru úr plasti og eru skemmtileg leið til að fá smá náttúru inn í rafmagnsvætt umhverfi.



**● EVRÓPSK- KÍNVERSKUR BLENDINGUR** Ítalska lista- og hönnunarstúdíóið CTRLZAK hefur sett á markað nýja borðbúnaðarlínu sem hefur fengið nafnið Hybrid. Um er að ræða diska, skálar og bolla sem líta út fyrir að vera sett saman úr tveimur mismunandi hlutum. Annars vegar úr hefðbundnu kínversku postulíni og hins vegar postulíni með evrópskri hönnun. Hin nýja lína var unnin fyrir ítalska merkið Seletti.

**● ÓEIRÐABORÐ EFTIR MAX ARLESTIG OG MAXIMILIAN GEBHARDT** Lögreglulið vopnað skjöldum var ekki óalgeng sjón á Austurvelli í hruninu. Nú geta þeir sem vilja fengið stofuborð sem minnir um margt á þessar stundir. Borðið er eftir bandarísku hönnuðina Max Arlestig and Maximilian Gebhardt og er búið til úr stálramma en borðplatan sjálf er óeirðaskjöldur. Voru það uppþotin í London í sumar sem urðu hönnuðunum innblástur að borðinu.





● **Forsíðumynd:** Gunnar V. Andrésson tók mynd á heimili Eddu Jónu Gylfadóttur vöruhönnuðar **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig @frettabladid.is **Auglýsingar:** Ívar Örn Hansen s. 512 5429 **Útlitshönnuður:** Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is.






**Stellið er hannað með þarfir fólks sem á erfitt með fínhreyfingar í huga.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sýnir stellið í London

● Þórdís Baldursdóttir tekur þátt í sýningu Society of Designer Craftsmen í The Mall Galleries í London. Hún sýnir borðbúnað sem hentar fólki sem á erfitt með fínhreyfingar.

Íslenskur keramikhönnuður, Þórdís Baldursdóttir, tekur þátt í sýningu Society of Designer Craftsmen í The Mall Galleries í London sem var opnuð á dögunum. Þar sýnir Þórdís matar- og kaffistell sem hentar meðal annars fólki sem á erfitt með fínhreyfingar.

„Hankarnir á bollunum eru sérhannaðir og hanga meira á bakinu svo ekki þurfi að grípa í þá. Á diskunum er hins vegar brún sem virkar eins og hluti af grunnlínunni en er stuðningsbrún sem hindrar að matur fari út fyrir þegar fólk borðar af þeim. Hvoru tveggja hentar vel þeim sem eru til dæmis slæmir af gigt eða hafa slasast á höndum og eiga af þeim sökum erfitt með að nota hefðbundin mataráhöld og borðbúnað.“

Hlutina segir Þórdís hafa sterka tilvísun í náttúruna, í línur sem myndast við krafta hennar. Annað stellið kallist þannig Skafl og hitt Alda eftir því hvort bregður fyrir mótuðum skafli eða öldu á diskunum.

Spurð út í hugmyndina segist Þórdís hafa fengið hana þegar hún starfaði sem hjúkrunarfræðingur fyrir nokkrum árum. „Þá tók ég eftir því að aðstoðaráhöld voru öll úr plasti og litu frekar út eins og leikföng en borðbúnaður. Þá fór ég að hugleiða hvort falleg stuðningsáhöld vantaði á markaðinn,“ minnist hún og segir óformlega könnun hafa rennt stoðum undir þá tilgátu.



**Hlutirnir hafa að sögn Þórdísar vísun í náttúruna, snjóskafla og öldugang.**



Einhver bið varð þó á því að hugmyndin yrði að veruleika eða þar til Þórdís söðlaði um fyrir þremur árum og fór í diplómanám við Myndlistaskólann í Reykjavík. „Þar kynntist ég keramikgerð í námi sem kallast Mótun og varð heilluð, fannst svo gaman að vinna með efnið.“ Leiðin lá næst í University of Cumbria í Englandi þaðan sem Þórdís útskrifaðist síðastliðið vor. Þar leit stellið dagsins ljós.

„Ég frumsýndi það á sýningunni New Designers í London í júlí síðastliðnum og fékk mikla athygli. Í kjölfarið buðu stærstu og virtustu hönnunar- og handverkssamtök Bretlands, Society of Designer Craftsmen, mér reynsluaðild að samtökunum sem ekki er hlaupið að að komast inn í og þátttöku í þessari árlegu sýningu.“

Að hennar sögn er mikill heiður að vera með á sýningunni. „Þarna koma saman helstu nöfnin í bransanum í Bretlandi í bland við nýja og efnilega hönnuði, þannig að þetta er spennandi og gaman að fá að sýna í jafn virtu galleríi og Mall Galleries sem er í sama húsi og Federation of British Artists.“

Þeim sem ekki sjá fram á að komast á sýninguna í London stendur til boða að heimsækja Kaolin gallery í Ingólfsstræti, þar sem hlutirnir eru einnig til sýnis og sölu. *- rve*

**● ÍLÁT ÚR ENDURUNNUM KRISTAL** Hollensk-belgíska hönnunarfyrirtækið Studio Job hefur þróað línu af fimm ílátum undir nafninu „Containers II“. Verkefnið hófst í hönnunarferli línunnar „Piece for Peace“ sem hönnunarteymið gerði í samstarfi við belgíska kristalsframleiðandann Val Saint Lambert. Þau Job Smeets og Nynke Tynagel sem mynda Studio Job rákust á lager af hundrað ára munnblásnum kristalshlutum sem aldrei voru kláraðir. Þau ákváðu að umbreyta fimm munum úr lagernum í einstök ílát: kaffikönnu, ruslafötu, skaftpott, hjálm með broddi og pönnu. Til að gera hvern hlut einstakan var kristallinn litaður og skorinn.




ego dekor
-25%
-30%
ATH! BREYTANLEGUR Í
3JA SÆTA SÓFA OG SKEMIL
GOTCHA horn/tungusófi
Stærð: 302x213x152
Verð:288.000,-
ÚTSÖLUVERÐ
216.000.-
ACE tungusófi
Stærð: 240x157
Verð:169.900,-
ÚTSÖLUVERÐ
118.930.-
-30%
Borð - Hvítt háglans
Stærð: 180x100
Verð:83.000,-
ÚTSÖLUVERÐ
58.100.-
KANSAS
Leðurstólar
-30%
-20%
með lágu baki
ÚTSÖLUVERÐ:
11.830,-
með háu baki
ÚTSÖLUVERÐ:
13.230,-
TWIST leðurstóll
ÚTSÖLUVERÐ
13.520,-
ÚTSALAN ER HAFIN
20-50% AFSLÁTTUR
-20%
TV skenkur - natural eik
Breidd: 183cm Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ 79.920.-
Skenkur - Dökk eik
Stærð: 150 cm
Verð: 129.900,- ÚTSÖLUVERÐ: 97.425,-
-25%
-25%
GOTCHA hornsófi
Stærð: 280x190 Verð: 258.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 193.500,-
-30%
Stækkanlegt borð
Dökk eik Stærð: 160(248)x100
Verð: 139.900,-
ÚTSÖLUVERÐ
97.930.-
-25%
MERCURY tungusófi
Stærð: 290x165 Verð: 249.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 187.425,-
-50%
AURORA sófaborð – Hvítt háglans
Stærð: 120x70 Verð: 49.900,-
ÚTSÖLUVERÐ 24.950.-
Opið mán-fös: 10:00 - 18:00
Opið um helgina: Lau 10:00 - 16:00 Sun 13:00 - 16:00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is



Hurðin fram á gang er útskriftarverkefni Eddu úr vöruhönnun í Listaháskólanum. Einstök hirsla fyrir póst, skóhorn, bursta, lykla og fleira smálegt. Sum hólfin eru með segli í baki og önnur með speglum.



Í eldhúsinu eru meðal annars borðvigt sem Edda keypti í Englandi og önnur sem hún erfði eftir ömmu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nauðsynlegt að breyta til

● Edda Jóna Gylfadóttir vöruhönnuður á fallegt heimili í Hlíðunum ásamt eiginmanni sínum og sonum. Tíkin Hekla tekur þar líka sitt pláss.

„Mér finnst nauðsynlegt að breyta til á heimilinu og hef gaman af því. Ég datt dálítið í svarthvíta stílinn þegar hann var sem vinsælastur en nú er ég farin að brjóta hann upp,“ segir Edda Jóna Gylfadóttir, sem býr á sérhæð í Hlíðunum ásamt eiginmanni og þremur börnum. Þar sem hún er vöruhönnuður vefst ekki fyrir henni að búa til hluti sem eru bæði til gagns og prýði heima enda er hún önnur tveggja í fyrirtækinu Björg í bú.

Tíkin Hekla er eitt af stássum heimilisins. Hún veit að hún má liggja uppi á rúmi þegar teppið er breitt yfir og hún sest hin prúðasta á koll við gluggann ef henni er sagt að fara þangað að gá að kisum. *- gun*



Agnes Edda, ungfrúin á heimilinu, hefur huggulegt í kringum sig.



Flöskurnar í eldhúsglugganum voru skildar eftir í bílskúrnum af fyrri eigendum.



Stjakinn og lampinn eru verðlaunagripir Eddu frá danska fyrirtækinu Muuto.



Babúskur eru uppáhald Eddu. Þessar keypti hún í Rússlandi og Eistlandi.



Foreldrar Eddu keyptu sófaborðin tvö áður en hún fermdist. Leirlistaverk ofan við sófann er útskriftarverkefni hennar úr Myndlistarskólanum og gærukollurinn er eftir hana.



Ofan við bókahilluna í holinu er mynd af krönum í Hamborgarhöfn, eftir soninn Viktor Örn.



**Helgina nota margir** til að sofa og endurnýja þannig orkubirgðirnar. Svefn er náttúruleg hvíld manna og dýra og felur í sér meðvitundarleysi, algert eða hálfgert en auk þess verður hlé á meðvitaðri líkamsstarfsemi. Öll spendýr og fuglar sofa en einnig sum skriðdýr, froskdýr og fiskar.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457


**NÁMSAÐSTOÐ**

**Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?**

**íslenska - stærðfræði - enska - danska - efnafræði - lestur eðlisfræði - þýska - franska – spænska – stafsetning o.fl.**

**Öll skólastig - Réttindakennarar**

*Nemendaþjónustan sf* www.namsadstod.is s. 557 9233

**REKSTRARSTJÓRI**

Kópavogsdeild Rauða kross Íslands auglýsir eftir rekstrarstjóra fataverslana á höfuðborgarsvæðinu í 50% starf. Um er að ræða fimm verslanir sem selja notaðan fatnað og sjá sjálfboðaliðar félagsins um afgreiðslustörf.

**Starfið felur m.a. í sér:**
- Daglegan rekstur fataverslana
- Öflun sjálfboðaliða
- Markaðsmál og nýsköpun
- Kynningar og fræðslu

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf og/eða reynsla af verslunarrekstri
- Sjálfstæði og frumkvæði
- Góð samskipta- og skipulagshæfni
- Tölvukunnátta
- Þarf að hefja störf sem fyrst

**Skriflegar umsóknir** með upplýsingum skulu hafa borist Kópavogsdeild Rauða krossins, Hamraborg 11, 200 Kópavogur, eigi síðar en 23. janúar nk. Umsóknir má einnig senda á linda@redcross.is. Nánari upplýsingar veitir Linda Ósk Sigurðardóttir framkvæmdastjóri í síma 554 6626.

**Rauði kross Íslands**
Kópavogsdeild

Rauðakrosshúsið Hamraborg 11 • Sími: 554 6626 • kopavogur@redcross.is • raudikrossinn.is/kopavogur

**;HEILSA**



**Sölufulltrúar:**
**Jóna María**
jmh@365.is 512 5473
**Brynja Dan**
brynjadan@365.is 512 5465
**Snorri**
snorris@365.is 512 5457


**Valdimar Örn Flygenring leikari og leikstjóri segir frá ástinni, fjölskyldunni og nýju hlutverki í leikhúsinu.**

# *Núið er skemmtistaður*




;FRAMHALD | 2

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Valdimar Örn Flygenring var um árabil áberandi á fjölum leikhúsanna og fór með ýmis burðarhlutverk hjá Leikfélagi Reykjavíkur og Þjóðleikhúsinu. Undanfarin ár hefur minna spurst til afreka kappans í leikhúsi eða þar til hann settist óvænt í leikstjórastólinn í fyrsta sinn og stýrði svörtu kómedíunni Póker sem var frumsýnd á dögunum.

„Þetta kom nú eiginlega bara óvænt upp í hendurnar á mér. Upphaflega var mér boðið hlutverk eldri manns sem rekur staðinn sem verkið gerist á. En svo gerðist það að leikstjórinn varð frá að hverfa og þá fannst mönnum rökrétt að biðja mig um að taka við þar sem ég var hvort eð er kominn langt í hugmyndavinnunni. Og ég sló bara til,“ upplýsir Valdimar Örn léttur í lund, spurður hvernig verkefnið hafi borið að.

Að hans sögn kafar verkið í heim karlmennsku, valdatafls, pókerspilamennsku, keppnisanda, fíknar og minnir á að spila eigi við andstæðinginn fremur en spilin sjálf,




**ÚTSÖLULOK**

Laugardag 11-16
Allt að 50% afsláttur

Lín DESIGN

**Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220**



**Café latte** er dásamlegt þegar ætlunin er að gera vel við sig í morgunsárið og kærkomin tilbreyting frá svörtum uppáhellingi. Þá er flóaðri mjólk hellt yfir lögun af espresso og er hlutfallið yfirleitt fimm á móti einum.



Renault Megane III Sport Tourer.

## Bílasýningar um helgina

INGVAR HELGASON OG B&L OG TOYOTA HALDA BÍLASÝNINGAR Í DAG.

Ingvar Helgason og B&L kynnir nýja fólksbílalínu Renault í dag að Sævarhöfða 2. Helsta nýjung er hinn nýi sparneytni fjölskyldubíll Renault Megane III Sport Tourer dísil sem er þriðja kynslóð af skutbílaútfærslu af Renault Megane. Forsvarsmenn fyrirtækisins telja að bíllinn, sem eyðir um 3,7 lítrum á hundraðið í langkeyrslu komist hringinn í kringum landið á einum tanki. Toyota býður einnig til stórsýningar í dag frá 12 til 16 hjá öllum viðurkenndum söluaðilum Toyota. Frumsýndur verður nýr Avensis.

Framhald af forsíðu

sama hvað er í húfi.Honum finnst þessi pókerheimur að vissu leyti samsvara því sem hefur verið að gerast í íslensku samfélagi síðustu ár. „Hér hefur auðvitað ákveðin græðgisvæðing verið að ryðja sér til rúms. Misskipting og græðgisvandi bankanna ef við sviptum vandamálin grímunni og köllum þau sínum réttu nöfnum frekar en skuldavandamál heimilanna og fátækt sem eru rangnefni.“

Valdimar segist vita af eigin raun hvernig sé að brenna sig á viðskiptalífinu því hann hafi líkt og fleiri farið illa út úr hruninu. „Ég rak verslun og átti hlut í NASA í nokkur ár þegar spilaborgin hrundi og er enn að greiða úr ákveðnum málum. Þannig að maður hefur lent í ýmsu um ævina.“

Viðskiptin segist hann hafa litið á sem kærkomna tilbreytingu frá leikhúslífinu sem hann hafði fram að því lifað og hrærst í í ein 25 ár. „Ég ákvað að segja upp í Þjóðleikhúsinu þegar Tinna Gunnlaugsdóttir tók við sem þjóðleikhússtjóri. Sú ákvörðun hafði ekkert með hana að gera heldur var ég orðinn leiður eftir að hafa unnið þar í áratug og var auk þess að ganga í gegnum skilnað. Svo vildi ég gefa henni sjens á að velja sitt samstarfsfólk og finnst í raun að öllum ætti að vera sjálfkrafa sagt upp þegar nýr leikhússtjóri tekur við, hann á að hafa valið. Það er öllum fyrir bestu.“

Valdimar Örn viðurkennir að ákvörðunin um að hætta í Þjóðleikhúsinu hafi þó langt í frá verið auðveld en hárrétt. „Því þrátt fyrir að róstusamt tímabil hafi fylgt í kjölfarið opnuðust margar spennandi dyr,“ útskýrir hann. „Þannig fór ég af stað með kvikmynda- og leiklistarnámskeið og hótelrekstur á Grensásvegi í samstarfi við félaga minn. Svo hef ég brugðið mér í hlutverk leiðsögumanns og farið með ferðamenn um allt land sem er frábært djobb. Þannig að ég lifi mjög skemmtilegu og fjölbreyttu lífi.“

Ánægjulegustu breytinguna segir Valdimar Örn hafa orðið þegar ástin kom óvænt í líf hans á nýjan leik fyrir nokkru. „Ég kynntist alveg yndislegri konu, Siggu Völu, og við eigum saman dásamlegt líf. Hún á tvo stráka frá fyrra sambandi og ég tvo og eina stelpu og afastrák og svo eigum við hund og kött. Þannig að það getur orðið ansi skemmtileg sveifla heima þegar allir koma saman undir einu þaki,“ segir hann og hlær og bætir við að ekki sé hægt að biðja um meira en góða heilsu, frábæra konu og heilbrigð börn.

Er þá töffarinn Valdimar Örn farinn að mýkjast með aldrinum, þessi sem lét einu sinni hafa eftir sér í viðtali að rúmið væri sinn skemmtistaður? Hann hlær. „Ja, ég ætla nú ekki að neita því að rúmið sé skemmtistaður en þegar maður er búinn að vera edrú í meira en tuttugu ár eru skemmtistaðirnir fleiri en sex fermetra húsgagn heima, til dæmis þessi 103.000 ferkílómetra eyja. Maður verður bara að líta framhjá vandamálunum og koma auga á góðu hlutina. Lífið er miklu stærra og betra.“ *roald@frettabladid.is*



„Ég er sáttur við lífið og tilveruna og ekki hafa góðir dómar fyrir Póker skemmt fyrir.“





**Hefur þú starfað við blikksmíði, rennismíði, stálsmíði eða vélvirkjun í 5 ár og vilt ljúka námi í greinunum?**

**Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig!**

**Raunfærnimat** miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast.

Inntökuskilyrði í raunfærnimat er 5 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur.

**Áhugasömum er bent á að hafa samband við IÐUNA – fræðslusetur í síma 590-6400.**

**Nánari upplýsingar er að finna á www.idan.is/radgjof.**
**Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið radgjof@idan.is.**

IÐAN fræðslusetur

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI



# NÁMSKEIÐ:

**SKYNDIHJÁLP - SLYS OG VEIKINDI BARNA**

**Almenn skyndihjálp**

Námskeið í almennri skyndihjálp verða haldin í febrúar og mars. Þar læra þátttakendur grundvallaratriði í skyndihjálp og endurlífgun. Markmiðið er að þátttakendur verði hæfir til að veita fyrstu hjálp á slysstað.

***Námskeið 13. febrúar og 14. mars kl. 18-22.***
***Þátttökugjald er 6.000 krónur.***

**Slys og veikindi barna**

Tvö námskeið verða haldin í febrúar og mars. Á námskeiðunum er fjallað um varnir gegn slysum á börnum og orsakir slysa almennt, þroska barna og slys sem tengjast aldri. Leiðbeint er í skyndihjálp við barnaslysum og áverkum af ýmsu tagi, endurlífgun barna, andlegum undirbúningi við komu barna á sjúkrahús o.fl. Námskeiðin geta gagnast öllum þeim sem umgangast börn hvort sem er í starfi eða daglegu lífi.

***Námskeið 6.-7. febrúar og 6.-7. mars kl. 18-21.***
***Þátttökugjald er 8.000 krónur en 7.000 krónur ef maki eða eldra systkyni tekur líka þátt.***

Sjálfboðaliðar Kópavogsdeildar fá ókeypis á námskeiðin og félagsmenn sem greitt hafa félagsgjaldið fyrir 2012 fá 10% afslátt. Frekari upplýsingar og skráning er á www.raudikrossinn.is/kopavogur. Einnig er hægt ad hafa samband í síma 554 6626 og á kopavogur@redcross.is.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Rauðakrosshúsið Hamraborg 11 • Opið alla virka daga kl. 9-15 • raudikrossinn.is/kopavogur



**Útsala - Útsala**

**allt að 50% afsláttur**




TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA

TOPPHÚSIÐ

**Mörkinni 6 - Sími 588 5518**
**Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16,**
**www.topphusid.is**

NÆG BÍLASTÆÐI



**Á FERÐINNI**



**Sölufulltrúar:**
**Jóna María**
jmh@365.is 512 5473
**Brynja Dan**
brynjadan@365.is 512 5465
**Snorri**
snorris@365.is 512 5457




Ótrúlegt úrval handverkfæra og annarra rekstrarvara er að finna í verslunum Würth hérlendis, segir Róbert Hnífsdal Halldórsson, sölustjóri Würth á Íslandi. MYND/GVA

# Gæði Würth ná alla leið

**Góð þjónusta og gæði eru kjörorð þýsku Würth-samsteypunnar sem teygir anga sína um allan heim. Würth rekur fjórar verslanir á Íslandi sem bjóða fjölbreytt úrval handverkfæra og annarra rekstrarvara fyrir fagmenn.**

Würth-samsteypan er rótgróið þýskt fjölskyldufyrirtæki sem samanstendur af yfir 400 fyrirtækjum í 84 löndum. Würth á Íslandi var stofnað árið 1988 og hefur því veitt bæði fyrirtækjum og einstaklingum þjónustu í 24 ár. Róbert Hnífsdal Halldórsson, sölustjóri hjá Würth á Íslandi, veit allt um málið.

„Við bjóðum breiða vörulínu af handverkfærum og öðrum rekstrarvörum sem eru hugsaðar fyrir fagmenn, iðnaðarmenn, ásamt góðri þjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki," segir hann og nefnir í því samhengi iðnfyrirtæki eins og álverin, bifreiðaverkstæði, trésmíðaverkstæði, vélaverkstæði og byggingariðnaðinn.

Að sögn Róberts leggur fyrirtækið mikið upp úr góðri þjónustu og að gæðin nái alla leið. „Þannig búa sölumenn okkar yfir gríðarlegri reynslu og þekkingu á okkar vörum og eru ávallt boðnir og búnir til að aðstoða og þjónusta viðskiptavina eftir fremsta megni."



Starfsmenn Würth taka vel á móti viðskiptavinum, veita upplýsingar og aðstoða við val á vörum. MYND/GVA



Viðskiptavini segir hann heldur ekki koma að tómum kofa hvað vöruúrval varðar. „Heldur betur ekki. Við erum með fjölda vörunúmera í hverri verslun, hvort heldur sem er í Reykjavík, Kópavogi eða á Akureyri og á bilinu átta til níu þúsund vörunúmer í Garðabæ. Það er náttúrulega afar þægilegt fyrir þá sem kíkja í heimsókn. Og hægt að gefa sér góðan tíma til að skoða herlegheitin í rólegheitunum, í notalegu umhverfi," bendir hann á og bætir við að allar efnavörur séu með íslenskum notkunarleiðbeiningum og varúðarmerkingum, sem sé mikil hagræðing fyrir viðskiptavini. „Í þessum mánuði kemur svo út nýr vörulisti með upplýsingum um það frábæra vöruúrval sem býðst."

Róbert getur þess að Würth bjóði enn fremur sérstakar heimsóknir í fyrirtæki þar sem kynntar eru til sögunnar söluvörur og vöruhópar á borð við efnavöru, slípi- og skurðarverkfæri, persónuhlífar, rafmagnsvörur, festingar, verkfæri og fleira. Auk þess að fara yfir helstu söluvörur sé áhersla lögð á heildarlausnir fyrir hvern vöruhóp.

„Þá er ekki langt að sækja þjónustuna, allar verslanir eru í alfaraleið. Ein er á Freyjunesi 4 á Akureyri, önnur við Smiðjuveg 11e í Kópavogi og sú þriðja á Bíldshöfða 16 í Reykjavík. Í fjórðu og síðustu búðinni í Vesturhrauni 5, Garðabæ, eru jafnframt höfuðstöðvarnar," segir Róbert og bendir á að allar nánari upplýsingar séu veittar í síma 530-2000.

Á heimasíðunni er að finna alls kyns gagnlegar upplýsingar, svo sem fréttir, vefverslun, vörulista og ýmislegt fleira fróðlegt. Vefslóðin er www.wurth.is/

## KOSTIR ORSY FJÖLMARGIR

**Würth á** Íslandi lánar viðskiptavinum sínum vandaðar hillueiningar undir vörur frá fyrirtækinu og gengur úr skugga um að vörumagn sé ávallt rétt.

Würth á Íslandi aðstoðar fyrirtæki við að skipuleggja betur og viðhalda lagerum. „Við lánum fyrirtækjum sérstakt hillukerfi, svokallað ORSY eða Organised System undir vörurnar frá okkur," segir Róbert Hnífsdal Halldórsson, sölustjóri Würth á Íslandi, og útlistar fyrirkomulagið frekar. „Í framhaldi af því sér sölufulltrúi frá okkar til þess að viðhalda lagernum í nánu samstarfi við viðskiptavininn en einn helsti plúsinn við þessa tilhögun er auðvitað sá að hvorki verður vöruvöntun né of mikið magn á lagernum."

Ekki eru þá allir kostir upp taldir. „Fyrir utan að varan sé náttúrulega alltaf til í réttu magni, þá eru allar vöruumbúðir hannaðar með ORSY-hillukerfið í huga, sem gerir það að verkum að einstaklega vel fer um þær. Og svo er fyrir hendi sérstakt merkingarkerfi yfir hvað eigi að vera í hillunum. Þannig að skipulagið er svo gott að hámarksnýting er á vörum," bendir Róbert á. „Svo ekki sé nú minnst á hversu mikill tímasparnaður hlýst af lagerstýringu og innkaupum sem þessum," segir hann og hlær.

Nánar á heimasíðu Würth á Íslandi, www.wurth.is.

# Gjótuhraun 6
220 Hafnarfjörður
Fullbúið 214,6 fm atvinnuhúsnæði !

**Stærð: 215 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1999**
**Fasteignamat: 16.990.000**

RE/MAX Lind



**ATH : Laust strax .... til leigu og sölu !** | **Verð: tilboð**



ATH: Laust strax. Leitum eftir tilboðum í þessa eign. Eignin er til sölu og leigu.
Leiguverð 170.000kr á mánuði og getur verið laus strax.
Fullbúið 143,1 fm iðnaðar/skrifstofubil, ásamt ca: 71,5 fm milliloft sem ekki er inni í fermetrum, samtals 214,6 fm á mjög góðum stað með góðu útisvæði.
Húsið er byggt úr yleiningum og límtrésbitum. Í enda hússins er skrifstofa, eldhús, fundarherbergi með inngönguhurð og útgang út á lóð bakatil. Á þessu bili eru gluggar á þrjá vegu. Yfir þessu er milliloft og þar uppi er setustofa/lager, snyrting og skrifstofa. Bilið við hliðina (athuga opið er á milli bila) er einn salur 71,5 fm með góðri lofthæð og góðum göngu og innkeyrsludyrum. Yfir bilunum endurlöngum eru góðir þakgluggar sem gefa góða birtu. Hillukerfi fylgir með í kaupum. Lóð malbikuð og tyrfð, möguleiki á að hafa nokkra gáma.

***Nánari upplýsingar veitir Hannes í síma 699-5008 og í hannes@remax.is***



Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is

Anton Máni Svans
Sölufulltrúi
**615 0005**
antonmani@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Hafravellir 11 Hús í endagötu.
221 Hafnarfjörður
Glæsilegt 5 herb einbýlishús í hfj

**Stærð: 235,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 2007**
**Fasteignamat: 42.150.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind




**OPIÐ HÚS MÁNUD. FRÁ KL 18:30-19:00** | **Verð: 52.900.000**

Forstofa með flísar á gólfi. Á gangi er sjónvarpshol. Stofan er opin og björt, gert er ráð fyrir arinstæði í stofu,flísar eru fyrir framan, tvöfaldar opnanlegar svaladyr.Eldhúsið er með glæsilegri innréttingu frá BoDesign,eyja með gashelluborði,innfelld uppþvottarvél.Baðherbergið er með fallegri innréttingu,flísalagt í hólf og gólf, nuddbaðkar, sturta,handklæðaskápur.Gott hjónaherbergi,gert ráð fyrir baðherb. Þrjú svefnherbergi.Hiti í gólfum. Stórt þvottaherb.geymsluloft.
Góður 31.8 fm. bílskú



Árni Þór Jónsson
Sölufulltrúi
**773 6262**
arni@remax.is

Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
**6617788**
bo@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Kleifarsel 15
109 Reykjavík
Fallegt parhús innst í botnlanga !

**Stærð: 180,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 1983**
**Fasteignamat: 27.850.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind




**Opið hús sunnudag 15.jan kl.17 - 17:30** | **Verð: 39.900.000**

***Skipti á minni eign koma til greina*** Áhvílandi um 20.000.000kr sem fást yfirteknar.
Mjög fallegt og mjög vel staðsett 180,3 fm parhús á tveimur hæðum með bílskúr innst í botnlanga í fallegri götu. Forstofa, fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, tvær stofur, eldhús, þvottahús og bílskúr með 12 fm geymslulofti. Stutt í alla þjónustu, skólinn o.fl. í 5 mínútna göngufæri.
**Allar nánari upplýsingar veitir Hannes í síma 699-5008 og í hannes@remax.is**



Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is

Anton Máni Svans
Sölufulltrúi
**615 0005**
antonmani@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Kríuás 19. 2 hæð til vinstri
221 Hafnarfjörður
LÆKKAÐ VERÐ SÉR, INNGANGUR!!

**Stærð: 97,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2002**
**Fasteignamat: 19.550.000**

RE/MAX Lind



**Opið hús mánud. frá kl.19:00 til 19:30** | **Verð: 22.900.000**

Komið er inn í góða forstofu með fataskáp, flísar á gólfi. Mjög björt og rúmgóð borðstofa/stofa með parket á gólfi, útgengt frá stofu á vestursvalir með miklu útsýni. Rúmgott hjónaherbergi með fataskáp.Gott barnaherbergi,með fataskáp. Baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf, góð innrétting, baðkar með sturtu. Eldhúsið er með ljósri innréttingu, miklu skápaplássi,korkflísar á gólfi, ágætis borðkrókur.  Þvottaherbergið er flísalagt ,lítil geymsla fyrir innan þvottaherb.Góð geymsla í sameign.



Árni Þór Jónsson
Sölufulltrúi
**773 6262**
arni@remax.is

Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
**6617788**
bo@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Miðvangur 10
220 Hafnarfjörður
Falleg íbúð í barnvænu hverfi.

**Stærð: 102,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1971**
**Fasteignamat: 17.350.000**

RE/MAX Lind




**OPIÐ HÚS MÁNUD. FRÁ KL 18:00-18:30** | **Verð: 22.900.000**

Falleg og björt eign. Stofan/borðstofa er mjög rúmgóð og björt, parket á gólfi, útgengt á suðvestur svalir frá stofu. Hjónaherbergið er mjög rúmgott með góðum fataskáp,parket á gólfi Gott barnaherbergi með fataskáp, parket á gólfi. Eldhúsið er með fallegri dökkri innréttingu, flísar á gólfi. Baðherbergið er allt flísalagt í hólf og gólf, baðkar. Þvottaherbergi er innan eldhús. Sameign er mjög snyrtileg ágætis geymsla í sameign.
Benedikt 661 7788 eða Árni Þór 773 6262 verða á staðnum.



Árni Þór Jónsson
Sölufulltrúi
**773 6262**
arni@remax.is

Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
**6617788**
bo@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Reykás
110 Reykjavík
Einstakt útsýni við Reykás

**Stærð: 83,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1983**
**Fasteignamat: 16.700.000**

RE/MAX Alpha




**Þriðjudaginn 17. jan kl. 18:00 - 18:30** | **Verð: 19.400.000**

Vel skipulögð íbúð við Reykás með útsýni yfir Rauðavatn og fjöllin til austurs. Tvö svefnherbergi, stofa, eldhús, þvottahús og gott baðherbergi. Góðar svalir með einstöku útsýni til austurs. Íbúðin er á miðhæð. Geymsla á jarðhæð. Allar upplýsingar veita Davíð Ólafsson í síma 897 1533 eða david@remax.is og Reynir Logi Ólafsson lögg.fast.hdl. í síma 477 7777.



Davíð Ólafsson
Sölufulltrúi
**897 1533**
david@remax.is

Reynir Logi Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
reynir@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

# Njálsgata 22
101 Reykjavík
Í HJARTA REYKJAVÍKUR

**Stærð: 93,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1942**
**Fasteignamat: 22.400.000**

RE/MAX Alpha




**OPIÐ HÚS SUNNUD.15.JAN 15:00-16:00** | **Verð: 32.900.000**

Bjart 3ja herbergja raðhús á tveim hæðum með litlum garði, heitum potti og svölum á efri hæð í fallegu hverfi í miðbæ Reykjavíkur. Nálægt menningunni á laugarveginum, kaffihúsum, verslunum, skóla og leikskóla

Glæsilegt lítið raðhús með mikla möguleika á frábærum stað í miðbænum



Eydís Eir
Sölufulltrúi
**843-6636**
eydis@remax.is

Reynir Logi Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
reynir@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

# Fífurimi 20
112 Reykjavík
MJÖG GÓÐ STAÐSETNING Í GRAFARVOGI

**Stærð: 130,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1991**
**Fasteignamat: 28.100.000**

RE/MAX Alpha




**OPIÐ HÚS SUNNUD. 15.JAN KL.13:30-14:00** | **Verð: 36.900.000**

Einstaklega vel staðsett fallegt ENDARAÐHÚS í Rimahverfi Grafarvogs. LAUST STRAX!!! 130 fm raðhús á tveimur hæðum. Gott baðherbergi og 3 svefnherbergi á efri hæð. Samliggjandi stofa og borðstofa og gengið út í mjög góðan suður garð úr stofu. Gestasalerni, eldhús, stofa og borðstofa á neðri hæð. Hægt er að útbúa lítið herbergi í rislofti. Stutt í skóla, leikskóla, íþr.hús og sundlaug.
Allar nánari upplýsingar veitir Þórdís Davíðsdóttir S.8621914/thordis@remax.is og Reynir Logi Ólafsson hdl.Lgd



Þórdís Davíðs
Sölufulltrúi
**8621914**
thordis@remax.is

Reynir Logi Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
reynir@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

# Frjóakur 7
210 Garðabær
Einbýlishúsalóð

**Stærð: 717 fm**
**Fjöldi herbergja: 0**
**Byggingarár: 0**
**Fasteignamat: 0**

RE/MAX Alpha



**Tilboð óskast** | **Verð: 0**

Glæsileg byggingalóð ásamt frumteikningum á einum besta stað á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir um 300 fm einbýlishúsi á lóðinni.
Tilboð í lóðina óskast, ýmis skipti skoðuð.

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 892 9400 eða 477 7777



Kristín Ólafsdóttir
Sölufulltrúi
**892-9400**
kiddy@remax.is

Reynir Logi Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
reynir@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

FRAMTAKSSJÓÐUR ÍSLANDS

Framtakssjóður Íslands slhf (FSÍ) er samlagshlutafélag stofnað fyrir um tveimur árum og er í eigu 16 lífeyrissjóða, Landsbankans og VÍS. Markmið sjóðsins er að taka þátt í fjárhagslegri og rekstrarlegri endurreisn og uppbyggingu íslensks atvinnulífs. FSÍ hefur fjárfest í íslenskum fyrirtækjum í mörgum atvinnugreinum og náð góðum árangri. Markmið sjóðsins er að ná áfram vænlegri arðsemi á fjárframlög eigenda. Starfstími sjóðsins er tímabundinn og nú þegar hefur sjóðurinn fjárfest fyrir um 60% af um 54 milljörðum sem hann getur varið til fjárfestinga. Gera má ráð fyrir að fjárfestingum sjóðsins ljúki að mestu á næstu 1-2 árum og síðan snúist starfsemin um að gera verðmæti úr þeim félögum sem sjóðurinn hefur fjárfest í og selja eignirnar.

# Framkvæmdastjóri Framtakssjóðs

Leitað er eftir öflugum einstaklingi í starf framkvæmdastjóra FSÍ. Skilyrði er að viðkomandi eigi auðvelt með að greina viðskiptatækifæri og rekstur fyrirtækja og hafi hæfni til að greina framtíðarmöguleika þeirra og taki þátt í sölu fyrirtækjanna og skráningu á hlutabréfamarkað. Einnig er lykilatriði að viðkomandi búi yfir góðum samskiptahæfileikum og samningatækni.

**Helstu verkefni**
- Ábyrgð á fjárfestingum og sölu fyrirtækja
- Taka þátt í mótun stefnu um fjárfestingar og sölu
- Meta viðskiptatækifæri og greina samkeppnishæfni og framtíðarmöguleika þeirra
- Undirbúa og leggja tillögur fyrir stjórn um fjárfestingar og sölu
- Samningaviðræður um fjárfestingar og sölu
- Samskipti við forsvarsmenn félaga í eigu sjóðsins
- Þátttaka og frumkvæði í stefnumótun dóttur- og hlutdeildarfyrirtækja

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, á sviði viðskiptafræði, verkfræði og/eða lögfræði eða tengdra fræðigreina
- Umtalsverð reynsla af fjárfestingum og fyrirtækjarekstri
- Kunnátta og hæfileiki til að greina styrkleika og veikleika í rekstri fyrirtækja og meta framtíðarmöguleika þeirra
- Þekking og reynsla á yfirtökum og sameiningu fyrirtækja
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Frjó og skapandi hugsun
- Rík ábyrgðartilfinning

**Nánari upplýsingar:**

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is eða sendist á netfangið thorir@hagvangur.is ásamt fylgigögnum merktar „Framkvæmdastjóri 9886“.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Sérfræðingur í viðskiptagreind (BI)

**Landsbankinn hefur náð góðum árangri** í uppbyggingu á margþættu og fjölbreyttu viðskiptagreindarumhverfi. Vegna aukinna umsvifa og fjölda verkefna leitum við að öflugum einstaklingum til að styrkja teymið enn frekar.

**Helstu verkefni:**
- Uppbygging viðskiptagreindarumhverfis bankans
- Framsetning upplýsinga með aðstoð verkfæra á borð við SAP Business Objects og SSAS (OLAP)
- Þarfagreining og skjölun
- Leiðbeiningar fyrir notendur umhverfisins

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mikill skilningur á upplýsingasöfnun og gagnaskilum
- Góð þekking á viðskiptagreind og framsetningu gagna
- Frumkvæði, fagmennska og skipulagshæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla í fjármálageiranum er kostur
- Almenn þekking á viðskiptagreindartólum er kostur

**Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar veita Þórarinn Guðmundsson, hópstjóri viðskiptagreiningar, í síma 410 6821 og Berglind Ingvarsdóttir (berglind.ingvarsdottir@landsbankinn.is) hjá Mannauði í síma 410 7914.

**Umsókn merkt** „Sérfræðingur í viðskiptagreind“ fyllist út á vef bankans. Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar nk.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

Capacent Ráðningar

# FORSTÖÐUMAÐUR KYNNINGARMÁLA

Tilgangur Landssambands íslenskra útgerðarmanna er að vera heildarsamtök útvegsmanna og málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum.

**Landssamband íslenskra útgerðarmanna óskar eftir að ráða forstöðumann kynningarmála.**

**Helstu verkefni:**
- Skipulagning kynningarstarfs og upplýsingagjafar um málefni sjávarútvegsins
- Samskipti við félagsmenn
- Samskipti við innlenda og erlenda fjölmiðla auk opinbera aðila
- Skipulagning viðburða

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Reynsla af kynningarmálum

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# ERT ÞÚ SNILLINGUR?

capacent

Microsoft Partner
Gold Volume Licensing

## Vilt þú upplifa ánægjuna sem fylgir því að aðstoða fyrirtæki við að gera sífellt betur og ná afburðaárangri?

Capacent leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingum til starfa á ráðgjafarsviði. Í boði eru fjölbreytt störf á spennandi og kraftmiklum vinnustað, áhugaverðir viðskiptavinir og góður starfsandi. Viðkomandi aðilar verða að geta unnið að flóknum verkefnum bæði sjálfstætt sem og í hópi ráðgjafa auk þess að laga sig að ólíkum aðstæðum og áskorunum. Jákvætt hugarfar, sveigjanleiki og bjartsýni eru lykileiginleikar til að njóta sín í starfi.

### SÉRFRÆÐINGUR - MICROSOFT SQL SERVER

**Capacent leitar að sérfræðingi sem býr yfir metnaði og drifkrafti við úrlausn verkefna á sviði gagnavöruhúsa og stjórnendaupplýsinga.**
Viðkomandi mun vinna með hópi ráðgjafa og sérfræðinga í að skilgreina, hanna og innleiða lausnir fyrir mörg af öflugustu fyrirtækjum landsins. Æskilegt er að viðkomandi hafi lokið helstu sérfræðiprófum fyrir Microsoft SQL Server og SharePoint.

**Viðkomandi mun takast á við eftirfarandi verkefni:**
- Hönnun, smíði og innleiðingu gagnavöruhúsa
- Þróun nýrra lausna
- Skilgreiningu og innleiðingu mælaborða s.s. í Microsoft SharePoint og Excel

**Til þess að koma til greina í starfið þarf viðkomandi að hafa:**
- Háskólamenntun á sviði raungreina, tækni eða viðskipta
- Yfirgripsmikla þekkingu á SQL gagnagrunnum, einkum á sviði stjórnendaupplýsinga
- Brennandi áhuga á því að breyta gögnum í gagnlegar upplýsingar
- Reynslu af sambærilegrum verkefnum
- Til að bera aga og skipulagningu í vinnubrögðum
- Góða samskiptahæfileika og vilja/löngun til að uppfylla þarfir viðskiptavina



### SÉRFRÆÐINGUR Í TÆKNILEGU UPPLÝSINGAÖRYGGI

**Capacent leitar að metnaðarfullum og drífandi sérfræðingi í tæknilegu upplýsingaöryggi.**
Starfið felst einkum í veikleika- og innbrotsprófunum, með það að markmiði að finna hættulega veikleika í upplýsingatækniumhverfum fyrirtækja og stofnana.

**Sérfræðingurinn mun takast á við margvísleg verkefni s.s:**
- Innri og ytri öryggis- og varnarprófanir
- Tæknilegar öryggisúttektir
- Ráðgjöf í net- og kerfishögun
- Áhættugreiningu og áhættumat

**Til þess að koma til greina í starfið þarf viðkomandi að hafa:**
- Þekkingu á helstu árásum og veikleikum hugbúnaðar og upplýsingakerfa
- Skilning á virkni „exploits" og öryggisveikleika
- Þekkingu á helstu samskiptastöðlum TCP/IP
- Forritunarreynslu
- Djúpan skilning á helstu stýrikerfum, Windows, Linux
- Einskæran áhuga á rannsóknum á tæknilegu upplýsingaöryggi
- Til að bera aga og skipulagningu í vinnubrögðum
- Þjónustulund og sýna mikið sjálfstæði í starfi

**Ennfremur er kostur að viðkomandi hafi reynslu af eða þekkingu á:**
- Smíði forrita/"exploits" fyrir öryggisveikleika til að sniðganga „stack cookies", „ASLR", „NX" og aðrar nýlegar varnir
- Tölvurannsóknum, „kernel exploitation", „mobile security" og árásum á símtæki/spjaldtölvur
- Net- og gagnagrunnsöryggi ásamt helstu öryggiskerfum (IDS/IPS, Content Filters, eldveggir, o.s.frv.)
- C/C++, smalamáli og öðrum forritunarmálum t.d. Java/C#/VB.NET/ Perl/Python/Ruby
- Bragðvísi/"Social engineering", auk þess að hafa eigið tólabox
- Metasploit og öðrum samskonar tólum

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# ÞJÓNUSTUBORÐ

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

**Fjármálaeftirlitið leitar af einstaklingi með mikla þjónustulund og góða þekkingu á tölvum og tækniumhverfi til að styrkja góðan hóp starfsmanna. Í boði er fjölbreytt starf í krefjandi umhverfi þar sem þjónusta við starfsfólk og eftirlitsskilda aðila er lykilatriði.**
Upplýsingatæknisvið Fjármálaeftirlitsins sér um þróun og rekstur tölvukerfa, ásamt því að þjónusta starfsfólk og eftirlitsskylda aðila við notkun kerfanna. Einnig hefur sviðið eftirlit með upplýsingatæknikerfum eftirlitsskyldra aðila. Samstarf er við bæði innlendar og erlendar eftirlitsstofnanir um ýmis verkefni. Fjármálaeftirlitið býður upp á krefjandi starf í lifandi og skemmtilegu umhverfi.

**Helstu verkefni:**
• Þjónusta við notendur tölvukerfa
• Uppsetning og viðhald tölvubúnaðar
• Skjölun verklags
• Annað sem til getur fallið á upplýsingatæknisviði

**Hæfni sem m.a. er horft til:**
• Viðeigandi menntun og/eða reynsla af sambærilegu starfi
• Góð þekking á tölvum og tækniumhverfi
• Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
• Frumkvæði, kraftur og skipulögð vinnubrögð

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankar, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, lífeyrissjóðir, rekstrar- og vátryggingafélög, kauphallir o.fl. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKI Í FARARBRODDI

HB GRANDI

## Spennandi störf í boði hjá markaðsdeild HB Granda.

### SÖLUSTJÓRI

**Starfið felur í sér** ábyrgð og umsjón með sölu á afurðum fyrirtækisins. Sölustjóra er ætlað að verða gjörkunnugur mörkuðum fyrir vörur fyrirtækisins, markaðssetja þær á völdum mörkuðum, gera sölusamninga og sjá um samskipti við kaupendur og sjá um flutninga á erlenda áfangastaði.

**Leitað er að** einstaklingi með háskólamenntun. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu og þekkingu á sjávarútvegi. Góð tölvukunnátta er skilyrði og þekking á Navision (Wise Fish) er kostur. Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku, í ræðu og riti, er skilyrði. Viðkomandi aðili þarf að vera duglegur og jákvæður, hafa áhuga á markaðsstarfi og samskiptum við aðila utan og innan fyrirtækisins.

### SKJALAVINNSLA Í ALÞJÓÐLEGU UMHVERFI

**Starfið felur í sér** gerð útflutningsskjala svo sem sölureikninga, vottorða og flutningsfyrirmæla. Starfinu fylgja mikil samskipti við erlenda viðskiptavini og þjónustuaðila.

**Leitað er að** einstaklingi með viðskiptamenntun og mikla reynslu í gerð útflutningsskjala. Góð tölvukunnátta sem og reynsla af NAVISION (Wise Fish) eða sambærilegu kerfi er skilyrði. Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku, í ræðu og riti, er skilyrði. Kunnátta eða þekking á bókhaldi er nauðsynleg. Viðkomandi aðili þarf að vera duglegur og jákvæður og búa yfir mikilli hæfni til samskipta við aðila utan og innan fyrirtækisins.

### SÉRFRÆÐINGUR Á SVIÐI MARKAÐSRANNSÓKNA

**Starfið felur í sér** að rannsaka núverandi og nýja markaði fyrir vörur HB Granda og greina bestu markaðstækifærin í því skyni að hámarka verðmæti afurða félagsins.

**Leitað er að** einstaklingi með háskólamenntun í markaðsfræðum eða öðrum greinum sem nýtast. Viðkomandi þarf að búa yfir greiningarhæfni og reynslu af rannsóknarvinnu. Mjög góð tölvukunnátta og kunnátta í íslensku og ensku, í ræðu og riti, er skilyrði. Viðkomandi aðili þarf að vera duglegur og jákvæður og hafa brennandi áhuga á samskiptum við aðila utan og innan fyrirtækisins.

HB Grandi er eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi og hefur skipað sér í röð fremstu fyrirtækja á sínu sviði. Reynsla og þekking í nýtingu auðlindar og framleiðslu sjávarafurða endurspeglast í öllu starfi HB Granda. Lögð er rík áhersla á háþróaða tækni við veiðar og vinnslu og stöðuga þróun framleiðslunnar. Fyrirtækið framleiðir verðmæta gæðavöru úr fersku hráefni sem aflað er úr hafinu við Ísland. Lögð er áhersla á góða umgengni við auðlindina og ábyrgar fiskveiðar. HB Grandi stundar veiðar og vinnslu á botnfiski og uppsjávarfiski. Hjá fyrirtækinu starfa um 700 starfsmenn til sjós og lands. Afurðirnar eru seldar víða, en helstu markaðir eru Evrópa, Norður og Suður Ameríka, Asía og Afríka.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 22. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# Fjármálastjóri - erlend verkefnafjármögnun

**Höfum verið beðnir um að leita að öflugum fjármálastjóra fyrir íslenskt/alþjóðlegt fyrirtæki sem er með verkefni víða um heim.**

Starfið felst að stórum hluta í alþjóðlegri verkefnafjármögnun ásamt fjármálastjórn. Nauðsynlegt er að viðkomandi þekki vel inn á alþjóðlega bankastarfsemi og með hvaða hætti verkefnafjármögnun er unnin ásamt því að vera virkur þátttakandi í samningagerð í slíkum verkefnum.

*Nánari upplýsingar um starfið veita Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) og Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) í síma 511 1225.*
*Umsóknarfrestur er opinn þar til réttur aðili er fundinn. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.***
*Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is.*
***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
*ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir*

---

Reykjavíkurborg
Höfuðborgarstofa

## Verkefnastjóri ferða- og markaðsmála

### Laus er til umsóknar staða verkefnastjóra ferða- og markaðsmála á Höfuðborgarstofu

**Starfssvið:**
Kynning og heildstæð markaðssetning á Reykjavík sem ferðamannaborg. Í því felst vinna að verkefni á sviði ferða- og markaðsmála þ.m.t. vinna með texta á íslensku og erlendum málum, myndvinnsla, upplýsingaöflun og úrvinnsla, samstarf við ferðaþjónustuaðila innanlands- og utan, hönnuði og aðra þá sem koma að gerð upplýsingaefnis í ýmsum miðlum. Verkefnastjóri hefur jafnframt samskipti við erlenda fjölmiðla og ferðaþjónustuaðila og tekur þátt í undirbúningi og þátttöku í innlendum og erlendum sýningum og kynningarviðburðum.

**Starfið krefst:**
- Háskólamenntunar og a.m.k. tveggja ára starfsreynslu sem nýtist í starfi.
- Mikillar færni í íslensku.
- Framúrskarandi enskukunnáttu bæði talaðri og ritaðri. Gott vald á þriðja tungumáli er kostur.
- Frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum, góðra skipulagsæfileika auk hugmyndaauðgi.
- Reynslu af markaðssetningu og kynningarstörfum og þekkingar á íslenskri ferðaþjónustu.
- Góðrar tölvukunnáttu, s.s. í ritvinnslu, vefumsjónartækjum og Excel. Þekking á hönnunarforritum er æskileg.
- Reynslu af vefumsjón/ritstjórn og umsjón samfélagsmiðla.
- Getu til að vinna undir álagi og að geta sinnt mörgum viðfangsefnum í einu.
- Góðrar færni í mannlegum samskiptum og sveigjanleika.

Vakin er athygli á að starfið er mjög fjölbreytt og krefst vinnuframlags utan hefðbundins vinnutíma. Viðkomandi verður að geta verið talsmaður verkefna í fjölmiðlum og þarf því að eiga gott með að koma fram opinberlega. Áhersla er lögð á frumkvæði, metnað og jákvæðni.

Næsti yfirmaður er forstöðumaður Höfuðborgarstofu.

Kjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir: sif.gunnarsdottir@reykjavik.is auk þess sem vakin er sérstök athygli á markmiðum starfsmanna- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem er að finna á www.rvk.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. janúar nk.** Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Yfirljósmóðir/ deildarstjóri fæðingardeildar

**Yfirljósmóðir er yfirmaður ljósmæðraþjónustu á deildinni og stjórnar daglegum rekstri hennar. Viðkomandi skipuleggur starfsemi deildarinnar í samræmi við stefnu Landspítala.**

### Helstu verkefni og ábyrgð
- » Fagleg ábyrgð
- » Fjárhagsleg ábyrgð
- » Starfsmannaábyrgð

### Hæfnikröfur
- » Ljósmóður- og hjúkrunarfræðimenntun
- » Framhaldsnám í ljósmóður- og/ eða hjúkrunarfræði er æskilegt
- » A.m.k. 3-5 ára starfsreynsla sem ljósmóðir
- » Leiðtogahæfileikar
- » Samskiptahæfni
- » Stjórnunarreynsla æskileg

### Nánari upplýsingar
- » Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar 2012.
- » Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. júní 2012, til 5 ára.
- » Upplýsingar veita Jón Hilmar Friðriksson, framkvæmdastjóri, netfang jhf@landspitali.is, sími 825 3586 og Dómhildur Árnadóttir, mannauðsráðgjafi, netfang domhilda@landspitali.is, sími 825 3842.
- » Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, kennslu og vísindavinnu.
- » Umsóknir verða sendar til stöðunefndar hjúkrunarráðs Landspítala.
- » Ákvörðun um ráðningu í starfið byggist á innsendum gögnum og viðtölum.
- » Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Dómhildi Árnadóttur, mannauðsráðgjafa, LSH Stjórn kvenna- og barnasviðs: Hb-21D.

Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð hjá LSH mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

---

Capacent Ráðningar

# ERTU FRÁBÆR... OG ERTU FORRITARI?

Strikamerki

Strikamerki starfar á sviði upplýsingatækni og útvegar fyrirtækjum lausnir fyrir rafrænan rekstur - þar á meðal þráðlaus netkerfi, handtölvur, hug- og vélbúnað fyrir verslanir, prentlausnir o.fl.
Hjá fyrirtækinu starfar þéttur og góður hópur og meðal viðskiptavina eru mörg af öflugustu fyrirtækjum landsins.

**Vegna aukinna verkefna óskar Strikamerki eftir að bæta við hæfileikaríkum forritara. Fyrirtækið framleiðir meðal annars afgreiðslukerfi fyrir verslunarfyrirtæki og þjónustar þau. Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og þjónustulund eru eftirsóknaverðir eiginleikar í fari forritara. Verkefnin eru bæði innanlands og erlendis.**

**Kröfurnar eru þessar:**
- Þekking og reynsla á Delphi nauðsynleg
- Þekking á SQL Server nauðsynleg
- Reynsla í .Net og JAVA mikill kostur
- Þekking á þörfum viðskiptavina á sviði smásölu

**Þú þarft að:**
- Hafa góða enskukunnáttu
- Sýna afburða samskiptahæfileika
- Vera skipulagður í vinnubrögðum, vandvirkur og nákvæmur forritari
- Geta þjónustað fólk og haft gaman af því

Umsjón með starfinu hafa Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

## Staða yfirlæknis á heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

Laus er til umsóknar staða yfirlæknis við heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Heilsugæsla HSS sinnir þjónustu í einu fjölmennasta heilbrigðisumdæmi á landinu, um 23.000 manns. Náið samstarf er milli heilsugæslu og sjúkrahúss. Undir heilsugæsluna heyrir m.a. slysa- og bráðavakt sem tekur við bráðatilvikum allan sólarhringinn. Náið samstarf er við geð- og sálfélagslegt teymi sem starfar við HSS og við heimahjúkrun. Yfirlæknir hefur mikil mannaforráð sem krefjast góðrar yfirsýnar og mikillar viðveru. Auk heilsugæslulækna og barnalækna heyra læknaritarar og starfsfólk myndgreiningar undir yfirlækni.

Gerð er krafa um sérfræðiviðurkenningu í heimilislækningum. Mikilvægt er að viðkomandi hafi góða stjórnunarreynslu, skipulagshæfileika og eigi auðvelt með mannleg samskipti.
Starfið er laust frá 1. apríl n.k. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands. Hægt er að aðstoða við að útvega húsnæði.
Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2012 og geta umsóknir gilt í 6 mánuði.
Umsóknir með upplýsingum um menntun, reynslu og fyrri störf sendist til Sigríðar Snæbjörnsdóttur forstjóra (sigs@hss.is) sem gefur nánari upplýsingar um starfið ásamt Sigurði Þór Sigurðarsyni framkvæmdastjóra lækninga (sigurdur@hss.is) .
Öllum umsóknum verður svarað.

## Kynningarstarf

EFLA verkfræðistofa leitar að kraftmiklum einstaklingi til að hafa umsjón með kynningarstarfi fyrirtækisins.

Meðal verkefna eru:

- Þátttaka í skipulagningu og þróun kynningarstarfsins
- Umsjón með framkvæmd kynningarverkefna
- Gerð kynningarefnis
- Umsjón með heimasíðu EFLU
- Stuðningur og náin samvinna við öll svið EFLU

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking úr sambærilegum störfum
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni
- Góð tungumálakunnátta, íslenska, enska, Norðurlandamál æskilegt
- Góð ritfærni á íslensku og ensku

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal senda til Ástu Bjarkar Sveinsdóttur, starfsmannastjóra, asta.bjork.sveinsdottir@efla.is, fyrir 24. janúar.

Einnig veitir Ásta Björk nánari upplýsingar í síma: 412 6041

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem veitir vandaða þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. Við lítum á öll verkefni sem tækifæri til þess að stuðla að framförum og efla samfélagið.

EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 200 samhentra starfsmanna.

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

HÖFÐABAKKI 9 • 110 REYKJAVÍK • 412 6000 • www.efla.is • ÍSLAND • DUBAI • FRAKKLAND • NOREGUR • PÓLLAND • RÚSSLAND • TYRKLAND



## Vantar þig góða vinnu í sumar?

Við leitum að duglegu fólk af báðum kynjum til að starfa með okkur í sumar. Lágmarksaldur er 18 ár (miðað við afmælisdag). Viðkomandi þarf að geta unnið samfellt í a.m.k. tvo og hálfan mánuð.

**Vinnutími:**
**Í framleiðslu** er unnið á vöktum. Hver vaktalota er 4-5 dagar í senn og 4-5 dagar í frí. Tvö 5 daga helgarfrí eru í hverjum mánuði.
**Raf- og vélvirkjastörf og önnur störf** eru flest dagvinnustörf. Unnið er frá 7:30 til 16:00 virka daga og frí annan hvern föstudag.

**Hæfniskröfur fyrir framleiðslustörf:**
- Sterk öryggisvitund og árvekni
- Heiðarleiki og stundvísi
- Góð samskiptahæfni og geta til að vinna í hópi
- Dugnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hreint sakavottorð
- Bílpróf

**Viðbótar hæfniskröfur vegna raf- og vélvirkjastarfa:**
- Sveinspróf eða nám komið vel á veg í raf- eða vélvirkjun

Allir nýir starfsmenn Norðuráls þurfa að gangast undir lyfjapróf áður en þeir hefja störf.
Í boði eru fríar ferðir til og frá Grundartanga (miðað við þéttbýliskjarna: Akranes, Borgarnes og höfuðborgarsvæðið).

**Upplýsingar á www.nordural.is**
Á heimasíðu okkar má finna ítarlegri upplýsingar um störf, vinnutíma, ráðningarferlið o.s.frv. Einnig er hægt að fá upplýsingar hjá Helgu Björgu Hafþórsdóttur, fulltrúa á mannauðssviði, og Borghildi K. Magnúsdóttur, deildarstjóra ráðninga, í síma 430 1000.

**Umsóknarfestur er til og með 29. janúar.**
Leggja skal inn umsókn á **www.nordural.is**
Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.
Öllum umsóknum verður svarað.

NORÐURÁL Century ALUMINUM
*Hagsýni - Liðsheild - Heilindi*

Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru á sjötta hundrað, verkefnin margvísleg og störfin fjölþætt. Hjá fyrirtækinu starfar fjöldi sérfræðinga með fjölbreytta menntun auk ófaglærðra starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.





# Óskum eftir að ráða starfsmenn til framtíðarstarfa

Í ljósi mikils vaxtar í varahlutaverslun og vélasölu Jötunn Véla leitum við að tveimur einstaklingum til starfa hjá fyrirtækinu.

## Sölumaður á varahlutasviði.

Starfssvið:

Starfið felst m.a. í sölu varahluta og rekstrarvara til viðskiptavina auk umsjónar og ábyrgðar á innkaupum ákveðinna vöruflokka hjá erlendum birgjum.
Í dag starfa 5 sölumenn varahluta hjá fyrirtækinu.

Hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður í starfi.
- Góð þjónustulund og fagleg framkoma.
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.

## Sölumaður á vélasölusviði.

Starfssvið:

Starfið felst m.a. í sölu dráttarvéla og landbúnaðartækja til viðskiptavina.

Hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður í starfi.
- Góð þjónustulund og fagleg framkoma.
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar gefur Guðmundur Þór Guðjónsson fjármálastjóri í síma 4800400.
Umsóknir skulu sendar á netfangið gudmundur@jotunn.is og skulu þeim fylgja upplýsingar um nám, fyrri störf og reynslu.
Umsóknarfrestur er til 20. janúar 2012.

Jötunn Vélar á Selfossi er framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á vélum og búnaði tengdum landbúnaði og jarðvinnuverktökum. Fyrirtækið hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að veita viðskiptavinum sínum góða og hraðvirka þjónustu. Meðal helstu vörumerkja sem fyrirtækið er innflytjandi að eru: Massey Ferguson, Valtra, Pöttinger, Schaffer og McHale. Auk þess er varahlutaþjónusta við önnur vörumerki ört vaxtandi, má þar nefnda: New Holland, Zetor, Case, Steyr, Fendt, Terex, JCB, Ford og Still.
Hjá Jötunn Vélum starfa 20 manns.

JÖTUNN VÉLAR ehf.

Austurvegur 69 - 800 Selfoss - Sími: 480 0400 - jotunn@jotunn.is - www.jotunn.is

# Sölufulltrúi - stóreldhús

Heildverslun á matvælasviði óskar eftir að ráða öflugan sölufulltrúa til að starfa við sölu og markaðssetningu á vörum fyrirtækisins á stóreldhússviði. Starfið fellst í heimsóknum til viðskiptavina og í því að leita nýrra sóknarfæra. Leitað er eftir matreiðslumenntuðum einstaklingi með mikinn drifkraft sem er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni.

Ráðið verður í starfið sem fyrst. Fullum trúnaði er heitið og verður öllum umsóknum svarað.

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á box@frett.is merkt „Sölufulltrúi-1401" fyrir 20. janúar

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Sérfræðilæknar við bráðasvið Landspítala

Laus eru til umsóknar tvö störf sérfræðilækna á bráðamóttöku Landspítala. Til greina kemur að bjóða annað starfið sem afleysingastarf til eins árs, t.d. fyrir heimilislækni sem hefur áhuga á endurmenntun á sviði bráðalækninga.

## Helstu verkefni og ábyrgð

» Móttaka og meðferð sjúklinga með bráð veikindi eða áverka
» Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samvinnu við yfirlækni
» Önnur verkefni í samráði við yfirlækni

## Hæfnikröfur

» Sérfræðiviðurkenning í bráðalækningum eða skyldum sérgreinum
» Reynsla í kennslu og vísindavinnu
» Samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum

## Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 12. febrúar 2012. Starfshlutfall er 100% en einnig er möguleiki á hlutastarfi. Störfin veitast frá 1. apríl 2012 eða eftir samkomulagi.
» Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Elísabetu Benedikz, yfirlækni bráðalækninga, skrifstofu bráðadeildar E-2 Fossvogi.
» Upplýsingar veitir Elísabet Benedikz, yfirlæknir, ebenedik@landspitali.is, sími 543 1000.
» Mat Stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr.breytingu 5. mars 2006. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun





# Vélfræðingar

Vegna aukinna umsvifa erlendis eru laus til umsóknar störf vélfræðinga hjá Jarðborunum hf. Í boði eru samkeppnishæf laun og fjölbreytt verkefni á vinnustað þar sem metnaður ríkir til góðra verka.

**Meðal helstu verkefna:**
- Daglegur rekstur hátæknibora
- Viðhald tækjabúnaðar
- Skráning í STAR viðhaldskerfi

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Full vélfræðingsréttindi (VF IV)
- Góð enskukunnátta
- Jákvætt viðmót og samskiptahæfni
- Sveigjanleiki, reglusemi og áreiðanleiki

Jarðboranir hf. er leiðandi fyrirtæki á sviði djúpborana eftir jarðhita. Félagið á og rekur flota af hátækniborum sem eru í rekstri bæði á Íslandi og erlendis. Verkefni félagsins hafa verið m.a. í Þýskalandi, Danmörku, Azoreyjum, Dominica og á Nýja-Sjálandi, auk þess sem fleiri verkefni eru í undirbúningi.

JARÐBORANIR
*Við opnum þér auðlindir*

**Upplýsingar veita:**

Þórir Þorvarðarsson
thorir@hagvangur.is

Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

ALÞINGI

## Lögfræðingur

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir lögfræðingi, nefndaritara, í fullt starf. Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

## Austurbæjar Apótek

Austurbæjar Apótek í Ögurhvarfi 3, Kópavogi óskar eftir lyfjatækni eða vönum starfskrafti í 100% starf.

**Hæfniskröfur:** Viðkomandi þarf að vera jákvæður með hlýlega framkomu, sjálfstæður, sveigjanlegur, með þjónustulund og reyklaus. Kunnátta á Medicor er kostur.

Ferilskrá skal senda á bergljot.th@simnet.is fyrir 25.janúar 2012

## ÖRYGGISVÖRÐUR
## SECURITY GUARD

**Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar.**

Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar 2012. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard. The closing date for this postion is January 20, 2012. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov




## Sölumaður óskast

Ein öflugasta fasteignasala landsins óskar eftir því að ráða vanan sölumann til starfa. Menntun sem löggiltur fasteignasali er góður kostur.

Á RE/MAX Lind vinnur hæfileikaríkt fólk sem myndar samheldin hóp sem leggur sig fram um að veita viðskiptavinum sínum fyrsta flokks þjónustu.

Við leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð og trausta þjónustu.

Í boði er skemmtilegur vinnustaður og góð vinnuaðstaða.

**Vinsamlegast hafið samband við Þórarin Jónsson thorarinn@remax.is eða Hannes Steindórsson hannes@remax.is**

**Laust starf hjá Lyfjastofnun**

## Lyfjastofnun óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi starfsmann

Lyfjastofnun

**Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf.**

### Sérfræðingur á Skráningarsviði

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Meistarapróf í lyfja-, efna- eða lífefnafræði, eða öðru sambærilegu
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvufærni
- Góð enskukunnátta

**Helstu verkefni eru m.a.:**
- Mat á efna- og lyfjafræðilegum gögnum vegna skráninga lyfja
- Umsjón með skráningarferlum
- Önnur verkefni á skráningarsviði

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af lyfjaskráningum.

Upplýsingar um starfið gefur Jóhann M. Lenharðsson sviðsstjóri, sími 520 2100

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.
Umsóknir um starfið óskast sendar, ásamt upplýsingum um fyrri störf og meðmælum, til Lyfjastofnunar merkt: **Starfsumsóknir**
**Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar 2012.**
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Umsóknareyðublað ásamt nánari upplýsingum um Lyfjastofnun má finna á vefsíðu stofnunarinnar **www.lyfjastofnun.is**







Laust starf hjá Arion banka

## Leiðtogi á viðskiptabankasviði Arion banka

**Arion banki** leitar að svæðisstjóra til að stýra útibúum bankans á Suðurlandi og gegna hlutverki útibússtjóra á Selfossi.

Við leitum að metnaðarfullum og traustum einstaklingi sem er reiðubúinn til að takast á við krefjandi verkefni og hefur vilja til að ná árangri í starfi

Á Suðurlandi er bankinn með útibú á Selfossi, Hellu, Hveragerði, Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustri. Svæðisstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri útibúanna í samráði við þá útibússtjóra sem undir hann heyra á svæðinu og aðra samstarfsmenn. Svæðisstjóri verður einnig útibússtjóri á Selfossi og með aðsetur þar. Útibússtjóri ber ábyrgð á lánamálum einstaklinga og fyrirtækja og situr í lánanefnd svæðisins. Einnig er það hlutverk hans að styrkja og efla tengsl við viðskiptavini bankans.

Viðskiptabankasvið annast bankaviðskipti og þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki. Kjarnastarfsemi sviðsins fer fram í útibúum bankans þar sem þjónustan er veitt. Á sviðinu starfa um 400 starfsmenn.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Framúrskarandi leiðtogahæfni og góð hæfni í samskiptum
- Reynsla af starfi í fjármálafyrirtæki æskileg
- Hæfni til sjálfstæðrar ákvörðunartöku

Gert er ráð fyrir að viðkomandi verði búsettur á svæðinu.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir Brynja B. Gröndal starfsmannaþjónustu, sími **444 6386**, netfang **brynja.grondal@arionbanki.is** og Valtýr Guðmundsson svæðisstjóri, sími **480 2308**, netfang **valtyr.gudmundsson@arionbanki.is.**

Umsækjendur sæki um starfið á vef bankans arionbanki.is

**Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar 2012.**

arionbanki.is — 444 7000

Arion banki

# UMSJÓN MEÐ SJÁLFBOÐALIÐASTARFI

*Umhverfisstofnun auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings til að hafa umsjón með sjálfboðaliðastarfi á vegum stofnunarinnar*

Megin starf sérfræðingsins snýr að umsjón og skipulagi sjálfboðaliðastarfs á vegum Umhverfisstofnunar, fræðslu því tengdu, styrkumsóknum vegna starfsins ásamt samstarfi við innlend og erlend sjálfboðaliðasamtök.

Ítarlegri upplýsingar um starfið, hæfniskröfur og umsóknarfrest er að finna á starfatorg.is og http://www.ust.is/storf_i_bodi

UMHVERFISSTOFNUN

*Akureyri - Egilsstaðir - Ísafjörður - Mývatn - Patreksfjörður*
*Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar*

# Bílstjóri

Matvælafyrirtæki á Höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða bílstjóra m/meirapróf, æskilegur aldur 35-45 ára, verður að geta byrjað strax.

Umsóknir og ferilskrá sendist á starf123@gmail.com.

# Offsetprentari óskast

Prenttækni óskar eftir að ráða offsetprentara til starfa. Upplýsingar um starfið veitir Guðmundur, *gudmundur@prenttaekni.is*, og Margrét, *magga@prenttaekni.is*, í síma 554 4260. Umsóknarfrestur er til 23. janúar.

**Prenttækni**

**Finndu sköpunargáfu þinni farveg.** Þú vilt læra meira og nýta hæfileika þína í hópi frábærra fagmanna. Komdu til okkar sem störfum saman undir fána Brimborgar. Virkjum sköpunargáfuna saman. Sendu okkur þína umsókn og tölum svo saman.

**Við erum hátæknifyrirtæki** og bjóðum hágæða vörur frá þekktustu framleiðendum heims. Við bjóðum vörumerki eins og Ford, Volvo, Citroën, Mazda. Volvo vörubíla. Volvo vinnuvélar. Volvo Penta bátavélar. Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hiab bílkrana og Nokian hjólbarða.

**Við horfum öðruvísi á heiminn.** Við trúum því að nýsköpunarþörfin gefi okkur, fjölskyldu okkar og viðskiptavinum forskot á lífið. Forskot sem gerir Brimborg að betri kaupstað, betri þjónustustað og betri vinnustað – öðrum þræði öruggum stað að vera á. Við trúum því að næmur skilningur á óskum og þörfum viðskiptavina okkar sé æðsta markmiðið. Lærðu með okkur.

**Umsóknarfrestur er til 20. janúar n.k.**

# Volvo atvinnutækjasvið Brimborgar óskar eftir dugmiklu starfsfólki í hóp frábærra fagmanna

## Bifvélavirki - starf 1

Greina bilanir og gera við vörubifreiðar og önnur tæki sem koma inn til þjónustu hvort sem er á verkstæði eða á vettvangi

**Hæfniskröfur**

- Lámarksréttindi í bifvélavirkjun
- Geta sýnt frumkvæði í starfi og unnið sjálfstætt
- Grunnþekking á tölvur (PC/Windows umhverfi
- Gilt bílpróf (Meirapróf æskilegt)
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð þjónustulund
- Heiðarlegur og áreiðanlegur
- Stundvís
- Góða íslensku- og enskukunnáttu

Vinnutími er frá 8:00 -17:15 mánudaga til fimmtudaga og frá 8:00 -16:15 föstudaga.

## Vélvirki / Vélstjóri - starf 2

Greina bilanir og gera við vinnuvélar/bátavélar og önnur tæki sem koma inn til þjónustu hvort sem er á verkstæði eða á vettvangi

**Hæfniskröfur**

- Lámarksréttindi í vélvirkjun og/eða hafa vélstjóraréttindi
- Geta sýnt frumkvæði í starfi og unnið sjálfstætt
- Grunnþekking á tölvur (PC/Windows umhverfi)
- Gilt bílpróf (Meirapróf æskilegt)
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð þjónustulund
- Heiðarlegur og áreiðanlegur
- Stundvís
- Góða íslensku- og enskukunnáttu

Vinnutími er frá 8:00 -17:15 mánudaga til fimmtudaga og frá 8:00 -16:15 föstudaga.

## Söluráðgjafi vara- og aukahluta - starf 3

Ráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi kaup á vara- og aukahlutum fyrir atvinnutæki. Móttaka viðskiptavina í sal, síma og á vef skv. gæðastjórnunarkerfi Brimborgar.

**Hæfniskröfur**

- Framhaldsskólapróf/iðnmenntun sem nýtist fyrir starfið
- Reynsla og þekking af tæknilegum atriðum sem snýr að bifreiðum
- Fagleg framkoma
- Almenn tölvuþekking
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð þjónustulund
- Heiðarlegur og áreiðanlegur
- Stundvís
- Góða íslensku- og enskukunnáttu

Vinnutími er frá 8:00 -17:00 alla virka daga.

**Nánari upplýsingar um störfin**

Brimborg leitast við að ráða til samstarfs fagfólk af báðum kynjum með gildismat sem samrýmist kjarnagildum og megin reglum fyrirtækisins. Fólk sem metur mikils orð og gjörðir eins og heilbrigði, ábyrgð, tillitsemi, umburðarlyndi, árangur, frumkvæði, þekkingarleit og samvirkni.

Skelltu þér á netið www.brimborg.is og sæktu um. Nánari upplýsingar veitir mannauðs- og gæðasvið Brimborgar í síma 515 7088.

**Umsóknarfrestur er til 20. janúar 2012.**
**Þú sækir um á netinu, www.brimborg.is.**
**Nú er tækifærið - við bíðum eftir þér.**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.brimborg.is | brimborg@brimborg.is

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Viðskiptafræðingur

Reikningshaldsdeild á fjármálasviði vill ráða duglegan og jákvæðan einstakling til starfa sem er reiðubúinn til að axla ábyrgð og takast á við vandasöm verkefni.

Í boði eru spennandi verkefni hjá öflugu opinberu fyrirtæki í krefjandi starfsumhverfi. Næsti yfirmaður er deildarstjóri reikningshalds en framkvæmdastjóri leiðir fjármálasvið.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Vinna við fjárhagsbókhald
- Afstemmingar og uppgjör
- Sérstök verkefni vegna upplýsingagjafar til stjórnenda og ytri hagsmunaaðila

### Hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun
- Haldgóð reynsla af bókhaldi er æskileg
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni til að tjá sig í rituðu máli

### Nánari upplýsingar

- Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar 2012.
- Starfshlutfall er 100% og veitist starfið sem fyrst.
- Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá.
- Upplýsingar veitir Gyða Ásmundsdóttir, bókhaldsstóri, gydaa@landspitali.is, sími 543 1216.

Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð hjá LSH mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

RETT BEMANNING

**Rett Bemanning er ein af stærstu ráðningarskrifstofum á Norðurlöndum með aðalskrifstofu í Oslo**

Fyrirtækið leggur höfuðáherslu á ráðningar í fastar stöður sem og útvegun fólks í tímabundnar stöður bæði til fyrirtækja og hins opinbera.

Markmið okkar er að veita okkar samstarfsfólki og viðskiptavinum þá bestu þjónustu sem í boði er á markaðinum hverju sinni. Velta fyrirtækisins var árið 2011 ca 180 milj. NOK og jókst um 40% fra árinu áður. RB hefur yfir að ráða 33 einkareknum skrifstofum víðs vegar í Noregi.( Sjá www.rettbemanning.no)

Við erum í viðskiptum við helstu verktakafyrirtæki á Osloarsvæðinu og leitum nú að pípulagningamönnum, smiðum,stjórnendum og verk og tæknifræðingum til starfa bæði til nybygginga og viðhaldsverkefna.

Frumkvæði, vandvirkni og gott samstarf við okkar viðskiptavini einkennir öll okkar störf.

Við óskum að komast í samband við þig sem fagmann á einu eða fleiri sviðum byggingaiðnaðar og hefur áhuga á fastri vinnu á Osloarsvæðinu í Noregi.

**Við verðum á Grand Hotel Reykjavík sunnudaginn 15. janúar 2012.**

Hafir þú áhuga getur þú hringt til Lars Gerrard
sími 0047 909 28 898 lg.rettbemanning@gmail.com

## Bifvélavirki óskast.

Vinsamlegast sendið umsóknir á toppur@toppur.is
eða hafið samband í síma 5579711, Sigurjón.

**Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf**

---

ALLT FASTEIGNIR

## Sölumaður fasteigna

Allt fasteignir fasteignasala Síðumúla 29
óskar eftir að ráða sölumann fasteigna.
Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknir sendist á netfangið:
thorbjorn@alltfasteignir.is

---



## Veitingastjóri á Broadway og Park Inn Ísland

### *Ert þú rétta manneskjan?*

*Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að leggja sig allan fram í starfi. Viðkomandi þarf að búa yfir ríkri þjónustulund, vera heiðarlegur, hafa gott auga fyrir gæðum og vera tilbúinn til að taka þetta auka skref sem þarf til að gera gestinn ánægðan.*

*Veitingastjóri ber ábyrgð á rekstri veitingadeildar, sem felur í sér veislusali, veitingastað og bar.*

Verksvið:

- Áætlanagerð
- Starfsmannamál
- Innkaup og gæðamál
- Daglegur rekstur veitingadeildar
- Sölu- og markaðsmál

Hæfniskröfur og reynsla:

- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skilningur á rekstri og stjórnun
- Mikil samskiptahæfni og sveigjanleiki
- Kunnátta í Word og Excel nauðsynleg, reynsla af Micros er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Reynsla af rekstri veitingadeildar eða veitingastaðar er kostur

Umsóknir *og ferilskrár skal senda á Önnu Jónsdóttur á netfangið umsoknir@broadway.is fyrir 25. janúar 2012. Ef nánari upplýsinga er óskað, vinsamlegast sendið fyrirspurnir á ofangreint netfang.*

BROADWAY

---

Primera Air

We are a dynamic airline proudly offering high quality, profitable services to the leisure market.

# FLIGHT OPERATIONS COORDINATORS

## SUMMER 2012

Primera Air is looking for 3-5 team members to join our Operations Control Center (OCC) in Kópavogur, Iceland. The positions are seasonal for a short term contract of 6 months as of 01 April 2012. For experienced candidates, later start date and earlier end date is a possibility.

**AREAS OF RESPONSIBILITY**

The Flight Operations Coordinator is responsible for daily flight planning and overall operational control of the Primera Air fleet as well as performing other duties as necessary.

**QUALIFICATIONS**

- Be able to work shifts including nights, weekends and holidays.
- Have completed or scheduled to have completed; written commercial pilot exam or dispatcher license exam by June 15, 2012.

**or**

- Have airline operations experience and/or education in airline operations

**PERSONAL SKILLS**

- Have good communication and computer skills.
- Be able to work both independently and as part of a team.
- Have the ability to multi task and work in a fast paced, demanding environment.
- Be fluent in both spoken and written English.

To apply, please visit our website www.primeraair.com and fill out an online application form. The application deadline is before end of **February 05 2012**. We look forward to receiving your application.

Primera Air



Primera Air | Hlíðasmári 12 | 201 Kópavogur | S. 527 6000 | Fax. 527 6001 | primeraair.com

---

NÁMSKEIÐ FYRIR VERÐANDI

# FLUGUMSJÓNARMENN



Á námskeiðinu læra nemendur að beita þekkingu sinni við flugáætlanagerð og styðja flugmenn við undirbúning fyrir flug. Auk þess fá nemendur kennslu í veðurfræði, hleðslu flugvéla, flugvernd, fjarskiptum og fleiru. Námskeiðið hefst í febrúar.

Nánari upplýsingar í síma 578 4068
eða á netfangið: dispatch@keilir.net

**www.keilir.net/flug**

**Keilir**
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

---

# Fyrirtæki í sölu og framleiðslu sjávarafurða leitar að öflugum starfsmönnum

## Sölumaður sjávarafurða

Starfið felur í sér sölu sjávarafurða á erlendum mörkuðum. Sölumanni er ætlað að greina markaði fyrir vörur fyrirtækisins og markaðssetja þær á völdum mörkuðum. Gera sölusamninga, sjá um samskipti við kaupendur og skipuleggja flutning á áfangastað.

**Hæfniskröfur:**

- Menntun og /eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Áhugi og þekking á sjávarútvegi.
- Tungumálakunnátta.
- Nákvæmni, samviskusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð almenn tölvukunnátta, kunnátta á Excel og Navision.
- Dugnaður, lipurð í samskiptum og jákvætt hugarfar.

## Skjalavinnsla - útflutningur

Starfið felur í sér gerð útflutningsskjala svo sem sölureikninga, vottorða, flutningsfyrirmæla og tollafgreiðslu sendinga. Auk annarra tilfallandi verkefna við símsvörun og bókhald.

**Hæfniskröfur:**

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla af gerð útflutningsskjala.
- Reynsla af skjalaábyrgðum.
- Reynsla og þekking á bókhaldi.
- Góð tölvukunnátta, einkum á Navision (WiseFish) og Excel.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku.
- Dugnaður, lipurð í samskiptum og jákvætt hugarfar.

**Upplýsingar veitir:**
Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 29. janúar nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

# Tollvörður

## Spennandi starf í lifandi umhverfi

TOLLSTJÓRI

Nokkrar stöður tollvarða í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli eru lausar til umsóknar hjá embætti Tollstjóra. Um er að ræða fjölbreytt og lifandi störf sem henta jafnt konum og körlum. Í tengslum við ráðningu þarf að þreyta þríþætt inntökupróf, bæði skriflegt og líkamlegt, en nánari upplýsingar um það er að finna á www.tollur.is.



Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Nánari upplýsingar um starfið veita Kári Gunnlaugsson, yfirtollvörður tolleftirlitsdeildar, í síma 569-1760 og Ásdís Eir Símonardóttir, sérfræðingur á mannauðssviði, í síma 560-0309.

Umsóknarfrestur er til 29. janúar nk.

Umsóknum merktum „tollvörður" ásamt ferilskrá, læknisvottorði og ljósriti af ökuskírteini skal skila til mannauðssviðs embættisins að Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík eða í gegnum tölvupóst: starf@tollur.is

### Starf tollvarða felur m.a. í sér:

- Afgreiðslu og eftirlit með skipum, flugvélum, farþegum og áhöfnum.
- Eftirlit og skoðun tollskjala og vörusendinga.
- Rannsókn tollalagabrota.
- Vinnu við gegnumlýsingar.
- Samstarf við aðrar löggæslustofnanir, innlendar og erlendar.
- Alþjóðasamstarf, m.a. vegna aðildar að Alþjóðatollastofnuninni og norrænu tollasamstarfi.
- Möguleiki er á frekari starfsþróun s.s. vinnu við gegnumlýsingarbifreið, stjórn fíkniefnaleitarhunda og áhættugreiningu m.a. út frá fíkniefnaeftirliti.

### Kröfur til umsækjenda:

- Stúdentspróf.
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Almenn ökuréttindi.
- Gott líkamlegt og andlegt form.
- Samviskusemi, nákvæmni og örugg vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hreint sakavottorð.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Athygli er vakin á að umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

SECORA

**Secora AS er byggingafyrirtæki sem sérhæfir sig í byggingu öruggra og skilvirkra hafna og siglingaleiða. Secora er með 120 starfsmenn og er með verkefni á öllum Norðurlöndunum. Stjórn fyrirtækisins er í Svolvær í Lofoten í Noregur, og Secora er einnig með dótturfyrirtæki í Svíþjóð. Fyrirtækið velti 240 milljónum norskra króna árið 2011.**

# Secora leitar eftir verkefnisstjórum og byggingarstjórum

**Verkefnisstjóri** hefur heildar ábyrgð á framkvæmd, fjármálum, þróun og gæðum verkefnisins.
**Byggingarstjóri** skipuleggur og stjórnar verkefnum á markaðssvæðinu ásamt verkefnisstjóra.

***Verkefni:***
- Stjórnun og skipulagning á úthlutuðum samningum
- Sjá um að mannvirkin verði byggð samkvæmt gæðum og kostnaði sem tilgreint er í tilboðunum og í samræmi við kröfu HMS/KS
- Færa sönnur á að framkvæmt verk og gæði séu í samræmi við gæðakröfur
- Kostnaðaráætlun
- Rekstrarskipulagning
- Fjárhagsleg eftirfylgni
- Eftirfylgni við viðskiptavin

***Hæfni verkefnisstjóra:***
- Verkfræðingur eða tæknifræðingur. Einstaklingar með sérmenntun í byggingarverkfræði eða byggingar tæknifræði ganga fyrir en önnur menntun er einnig metin
- Viðbótarmenntun í fjármálum og reynsla er kostur

***Hæfni byggingarstjóra:***
- Iðnskóli eða frekari menntun. Nýútskrifaðir geta einnig sótt um stöðuna
- Góð fjárhagsleg þekking

***Hæfileikar:***
- Þú verður að hafa mikla framkvæmdargetu
- Vera snjall í að finna lausnir
- Þola streitu og tímapressu
- Vera áhugasamur og gefa þig allan fram
- Ábyrgðarfullur og einbeittur
- Vera skipulagður og nákvæmur
- Vera sveigjanlegur
- Og hafa góða samstarfshæfileika

***Við bjóðum upp á:***
- Samkeppnishæf vinnu- og launakjör
- Eftirlauna- og tryggingarfyrirkomulag.
- Mikla og sjálfstæða ábyrgð, og möguleika á persónulegri þróun í góðu fagumhverfi

Spurningar varðandi stöðurnar er hægt að beina til Mannauðsstjóri Marte Valeur, sími: +47 47 64 26 80.
Aðeins verður tekið á móti umsóknum í rafrænu formi. Umsóknina skal senda til post@secora.no
Umsóknarfrestur: **Eins fljótt og hægt er.** **Sjá heimasíðu okkar: www.secora.no**

# Rafvirkjar óskast.

*Óska eftir rafvirkjum til starfa. Næg vinna framundan.*
*Vinsamlegast sendið ferilskrá á raflax@raflax.is*

## Staða yfirlæknis á heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

Laus er til umsóknar staða yfirlæknis við heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Heilsugæsla HSS sinnir þjónustu í einu fjölmennasta heilbrigðisumdæmi á landinu, um 23.000 manns. Náið samstarf er milli heilsugæslu og sjúkrahúss. Undir heilsugæsluna heyrir m.a. slysa- og bráðavakt sem tekur við bráðatilvikum allan sólarhringinn. Náið samstarf er við geð- og sálfélagslegt teymi sem starfar við HSS og við heimahjúkrun. Yfirlæknir hefur mikil mannaforráð sem krefjast góðrar yfirsýnar og mikillar viðveru. Auk heilsugæslulækna og barnalækna heyra læknaritarar og starfsfólk myndgreiningar undir yfirlækni.

Gerð er krafa um sérfræðiviðurkenningu í heimilislækningum. Mikilvægt er að viðkomandi hafi góða stjórnunarreynslu, skipulagshæfileika og eigi auðvelt með mannleg samskipti.
Starfið er laust frá 1. apríl n.k. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands. Hægt er að aðstoða við að útvega húsnæði.
Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2012 og geta umsóknir gilt í 6 mánuði.
Umsóknir með upplýsingum um menntun, reynslu og fyrri störf sendist til Sigríðar Snæbjörnsdóttur forstjóra (sigs@hss.is) sem gefur nánari upplýsingar um starfið ásamt Sigurði Þór Sigurðarsyni framkvæmdastjóra lækninga (sigurdur@hss.is) .
Öllum umsóknum verður svarað.

www. touristguide.is

# Starfsmaður á skrifstofu

**Félag leiðsögumanna óskar eftir að ráða starfskraft, í 30-35% starfshlutfall, til fjölbreyttra skrifstofustarfa. Viðkomandi mun starfa náið með stjórn félagsins.**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Almenn skrifstofustörf
- Afgreiðsla og þjónusta við félagsmenn
- Vefumsjón
- Símvarsla
- Bókhalds- og skjalavarsla

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Mikil og góð þjónustulund
- Staðgóð almenn tölvukunnátta
- Þarf að geta unnið sjálfstætt
- Gott vald á íslensku og a.m.k. ensku að auki

*Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins í síma 897 8660. Umsóknir ásamt ferilssrá skulu sendar á skrifstofu félagsins á netfangið info@touristguide.is fyrir 23. janúar næstkomandi.*

FÉLAG LEIÐSÖGUMANNA

Lágafellsskóli

MOSFELLSBÆR

## Leikskóladeild Lágafellsskóla Mosfellsbæ

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi þar sem einkunnarorðin SAMVERA, SAMVINNA OG SAMKENND eru höfðað leiðarljósi?

**Viljum ráða til starfa:**

- Leikskólakennara eða annan starfsmann, helst með uppeldis menntun, á deild 5 ára barna. Um er að ræða 80% starf vegna fæðingarorlofs frá 1. mars nk. Ráðið verður í starfið til eins árs.

**Æskilegar menntunar- og hæfnikröfur:**

- B.Ed gráða eða önnur uppeldismenntun sem nýtist í starfi
- Áhugi á starfi með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Góð færni í samskiptum

Upplýsingar um starfið veita Sesselja Gunnarsdóttir deildarstjóri í síma 525-9200 eða 899-7117 eða Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 525-9200 eða 896-8230 .
Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist á netfangið johannam@lagafellsskoli.is

**Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar 2012.**
Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

---

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Skurðlækningasvið Landspítala

## Sérfræðilæknir í hjarta- og brjóstholsskurðlækningum

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í hjarta- og brjóstholsskurðlækningum. Starfshlutfall er 100 % og veitist starfið frá 1. júní 2012 eða eftir nánara samkomulagi.

**Á skurðlækningasviði starfar öflugt fagfólk sem leggur metnað sinn í að veita framúrskarandi þjónustu. Hlutverk skurðlækningasviðs er að skapa umgjörð um fjölþætta og sérhæfða starfsemi sviðsins sem tryggir örugga þjónustu, menntun og vísindastarf.**

### Helstu verkefni og ábyrgð

» Sérfræðistörf í samráði við yfirlækni sérgreinarinnar, s.s. greining, meðferð og eftirfylgd sjúklinga með vandamál er tengjast hjarta- og brjóstholsskurðlækningum, þ.m.t. vinna á skurðstofu, þræðingardeild, legudeild, gjörgæslu, göngudeild og samráðskvaðningar við sérgreinar í Fossvogi og við Hringbraut en einnig samráðskvaðningar annarsstaðar að af landinu.
» Þátttaka í bakvöktum, gæsluvöktum og bundnum staðarvöktum samkvæmt vaktafyrirkomulagi sérgreinarinnar.
» Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækni hjarta- og lungnaskurðlækninga.

### Hæfnikröfur

» Sérfræðiviðurkenning í hjarta- og brjóstholsskurðlækningum.
» Staðgóð þekking í fræðigreininni, reynsla og hæfni til að framkvæma algengustu hjarta- og brjóstholsskurðaðgerðir á eigin spýtur án handleiðslu.
» Frekari sérhæfing í hjarta- og brjóstholsskurðlækningum er æskileg en ekki skilyrði.
» Sérfræðiviðurkenning í fleiri tengdum sérgreinum er æskileg en ekki skilyrði.
» Reynsla í kennslu og vísindavinnu er æskileg en ekki skilyrði.
» Vilji til frekari sérhæfingar í samráði við yfirlækni hjarta- og lungnaskurðlækninga.
» Góð samskiptahæfni við sjúklinga, aðstandendur og samstarfsfólk og hæfileiki til að vinna í teymi og í löngum vinnulotum.

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar 2012.
» Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, LSH Skrifstofu skurðlækningasviðs 13A Hringbraut.
» Upplýsingar veitir Bjarni Torfason yfirlæknir hjarta- og lungnaskurðlækninga Landspítala, en hann er jafnframt forstöðumaður fræðigreinarinnar við Háskóla Íslands, netfang bjarnito@landspitali.is, sími 543 1000.
» Mat Stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr.breytingu 5. mars 2006. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

---

## Málmtækni HF óskar eftir vinnusömum og traustum aðilum í fullt starf.

Málmtækni er traust og rótgróið fyrirtæki og vinnur á sviði innflutnings og efnissölu á málmum og plastefnum. Hjá fyrirtækinu starfa 12 manns

Um ræðir er afgreiðslu- lagerstarf og útkeyrslu á vörubíl.

Vinnutími er frá 8-17.00 mánudaga til fimmtudaga og 8-16.00 föstudaga.

Skilyrði er að umsækjandi sé með lyftarapróf og væri meirapróf kostur, umsækjandi þarf að geta talað og lesið Íslensku og vera reyklaus.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Höskuldur Örn Arnarson í síma 580-4519. Einnig er hægt að senda umsóknir með tölvupósti á hoskuldur@mt.is

MÁLMTÆKNI
ÁL • STÁL • PLAST

---

## KÓPAVOGSBÆR

### LAUS STÖRF

**Aðstoðarleikskólastjóri** við leikskólann Grænatún
**Leikskólakennari** í sérkennslu við leikskólann Marbakka
**Leikskólakennari** í sérkennslu við leikskólann Smárahvamm
**Leikskólakennari** við leikskólann Fögrubrekku
**Félagsráðgjafi** í barnavernd Kópavogs
**Skólaliði** í dægradvöl við Álfhólsskóla
**Skólaliði** í dægradvöl við Lindaskóla
**Starfsmaður** við ræstingu við leikskólann Rjúpnahæð

Nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar *www.kopavogur.is***

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst á ***www.kopavogur.is***

***www.kopavogur.is***

---

# Deildarstjóri í Debenhams ....

Við leitum að: Deildarstjóra í fullt starf á neðri hæð Debenhams.
Undir þá hæð falla barna-, herra- og undirföt.

Hæfniskröfur:

- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og drífandi vinnubrögð.
- Góð framkoma og snyrtimennska.
- Reynsla af verslun eða þjónustu.
- Rík þjónustulund.
- Undir 25 ára kemur ekki til greina.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á rekstrarstjóra, annak@debenhams.is

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

---

Atlas Copco

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2011

PIPAR\TBWA • SÍA • 112389

# Sölumaður í véladeild

Sindri leitar að starfsmanni til að selja og þjónusta Atlas Copco loftpressur, verkfæri og tengdan búnað. Starfið felur einnig í sér tækniráðgjöf og áframhaldandi uppbyggingu á véladeild Sindra.

**Hæfniskröfur:**
- Rík þjónustulund og nákvæmni
- Öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð ensku- eða sænskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur

**Menntun:**
Vélfræðingur með þekkingu á vélum kostur.

**Upplýsingar** um starfið veitir Kristján Páll Hrafnkelsson í síma 575 0000 eða á **kph@sindri.is**.
Umsóknum skal skilað fyrir **23. janúar**.



Sindri er verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði byggingalausna, festingarvara, véla og verkfæra. Fyrirtækið var stofnað árið 1933 og er hluti af Johan Rönning sem rekur, auk Sindra, verslunar- og þjónustufyrirtækin Johan Rönning, Rönning og Hebron.
Hjá félaginu starfa 65 starfsmenn í Reykjavík, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, á Akureyri og Selfossi. Johan Rönning er þekktur fyrir að vera góður og eftirsóttur vinnustaður.

Byggingadeild | Verslanir | Véladeild | Þjónustudeild

**www.sindri.is / sími 575 0000**

SINDRI

## FORRITARI

Lyfjaþróunarfyrirtækið 3Z ehf. óskar eftir að ráða til sín öflugan forritara. 3Z er sprotafyrirtæki sem vinnur að þróun aðferða til að nota sebrafiska til lyfjaskimunar. Fyrirtækið hefur verið starfandi frá árinu 2010 og er í örum vexti. Fyrirtækið er staðsett í húsnæði Háskólans í Reykjavík.

### Helstu verkefni

- Uppsetning á tölvuklasa fyrir mynd- og gagnagreiningu.
- Aðstoð við uppsetningu á myndgreiningarbúnaði (myndavélar og hugbúnaður).
- Þróun forrits sem framkvæmir "online" greiningu á atferlisgögnum frá sebrafiskum.
- Umsjón með gagnavinnslu, en gögn um breytingar á atferli fiskanna undir lyfjaáhrifum verða helsta afurð fyrirtækisins.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða skyldu fagi er æskileg.
- Mikil hæfni í forritun er nauðsynleg.
- Þekking á tölvuklösum og samþættingu upplýsinga í slíkum klösum er æskileg.
- Jákvætt viðhorf og hæfileiki til að vinna sjálfstætt eru nauðsynlegir eiginleikar.

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2012. Umsóknir berist til: karlsson@hr.is. Nánari upplýsingar veitir Karl Ægir Karlsson í s. 8256467

## Pizza Bager til Øst Grønland

Arctic Wonderland Tours, Tasiilaq www.arcticwonder.com
Pizzabager søges til vor pizzeria i Øst Grønland, Tasiilaq. med ansættelse snarest muligt. inkl. ud/hjemrejse / logi. kontakt os endeligt for nærmere infomation om lønforhold http://www.arcticwonder.com
Arctic Wonderland Tours, Boks 511, 3913 Tasiilaq, Mike eller Per Nicolaisen, e-mail:mike@arcticwonder.com, 00299 598711

Arctic Wonderland Tours in Tasiilaq is currently seeking a pizza baker, to start as soon as possible.
Please contact us for further information on above reg. lodge, pay, travel.

# ATVINNA!

Rúmfatalagerinn óskar eftir deildarstjórum.
Góð laun í boði fyrir duglega einstaklinga.
Mikil vinna í boði á líflegum og skemmtilegum vinnustað.
Ör vöxtur fyrirtækisins gefur mikla möguleika á að vaxa í starfi.

**Hæfniskröfur:**

- Metnaður og áhugi
- Tilbúin(n) að læra
- Opin fyrir nýjungum
- Þjónustulund
- Samviskusemi
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Viðkomandi þarf að vera 20 ára eða eldri.

**Starfslýsing:**

- Innkaup
- Uppröðun í verslun
- Framsetning á vörum
- Vörumóttaka
- Önnur tilfallandi verkefni

Umsóknir sendist á **njall.bjarnason@rfl.is** eða á Smáratorg 1, 201 Kópavogur, merkt **„Deildarstjóri"**. Allar nánari upplýsingar veitir Njáll Bjarnason í Smáratorgi 1.
*Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.*



-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
**www.rumfatalagerinn.is**

## Sölumaður atvinnuhúsnæði

Atvinnueignir leita eftir sölumanni til að vinna við útleigu og sölu á atvinnuhúsnæði. Gerð er krafa um menntun og reynslu sem nýtist starfinu. Löggilding í leigumiðlun og/eða fasteignasölu kostur.

Atvinnueignir er fasteignasala og leigumiðlun sem sérhæfir sig í miðlun á atvinnuhúsnæði. Hjá félaginu vinna fimm löggiltir leigumiðlarar/fasteignasalar.

Áhugasamir aðilar eru beðnir að senda ferilskrá til Helga Bjarnasonar á helgi@atvinnueignir.is.

**Atvinnueignir**
Löggild leigumiðlun og fasteignasala

# Sérfræðingur í prófunum á hugbúnaði Landsbankans

**Upplýsingatæknideild Landsbankans** leitar að öflugum sérfræðingi til að taka að sér leiðandi hlutverk á sviði hugbúnaðarprófana.

Nýr liðsmaður mun taka þátt í stefnumótun og leiða faglegt starf prófana í hugbúnaðarþróun.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- » Háskólamenntun á sviði kerfisfræði, tölvunarfræði, tækni- eða verkfræði
- » 3 ára reynsla af prófunum í hugbúnaðargerð og yfirgripsmikil þekking í faginu
- » Reynsla í sjálfvirknivæðingu prófana
- » Gott auga fyrir nytsemi hugbúnaðar og geta sett sig með auðveldum hætti í spor notenda
- » Reynsla af vinnu í Visual Studio og þekkja til C#
- » Þekking á gagnagrunnskerfum er kostur
- » Frumkvæði, fagmennska og færni í mannlegum samskiptum
- » Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð

Hjá Upplýsingatæknideild Landsbankans byggjum við á öflugri liðsheild, höfum innleitt Agile og notum m.a. Scrum, Kanban og prófanadrifna hugbúnaðargerð (TDD).

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Birna Íris Jónsdóttir, deildarstjóri UT hugbúnaðar, í síma 410 7081 og Berglind Ingvarsdóttir hjá Mannauði (berglind.ingvarsdottir@landsbankinn.is) í síma 410 7914.

**Umsókn merkt** „Sérfræðingur í hugbúnaðarprófunum" fyllist út á vef bankans. Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar nk.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# Reynsla af gæðakerfum og matvælaframleiðslu

Matvæla- og gæðakerfi ehf óska eftir að ráða öflugan aðila til starfa. Þekking á framleiðslutækni og alþjóðlegum gæðakerfum nauðsynleg. Einnig er þekking á framleiðslutækjum og hugbúnaði ásamt þekkingu á vöruþróun og þrifavænni hönnun framleiðslutækja kostur. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu eða reynslu af gæðakerfum s.s. BRC, IFS, HACCP, GMP og ISO.

**Starfssvið:**

- Ráðgjöf og innleiðing gæðastjórnunarkerfa
- Fræðsla og kennsla
- Úttektir á gæðakerfum, framleiðsluferlum og framleiðslukerfum
- Úrvinnsla gagna, skýrslugerð og eftirfylgni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun æskileg á sviði matvælafræði, sjávarútvegsfræði, verkfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla úr matvælaiðnaði eða tengdum greinum
- Afburða samskiptahæfni
- Reynsla og áhugi á gæða- og framleiðslumálum
- Góð tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta bæði í tali og riti

Viðkomandi þarf að geta ferðast bæði innanlands og utanlands.

Um lifandi og skemmtilegt ráðgjafastarf er að ræða hjá vaxandi fyrirtæki.

Ekki hika við að hafa samband en allar nánari upplýsingar veitir Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is

**Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar nk.** Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, talent.is

MATVÆLA & GÆÐAKERFI EHF
FOOD & QUALITY SYSTEMS

Matvæla- og gæðakerfi (MGK) er leiðandi fyrirtæki á sviði gæða- og framleiðslumála í matvælaframleiðslu. MGK er stofnað árið 2008 en markmiðið með stofnun MGK er að geta boðið fyrirtækjum í matvælavinnslu og tengdri starfsemi sérhæfða ráðgjöf og þjónustu. Sjá nánar á www.mgk.is

# ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA STARFSMANN HJÁ LISTASAFNI ASÍ

## LISTASAFN ASÍ LEITAR AÐ METNAÐARFULLUM STARFSMANNI Í HLUTASTARF

Starfið felst í gæslu og afgreiðslu á opnunartíma safnsins auk tilfallandi skrifstofustarfa. Starfsmaðurinn mun jafnframt taka þátt í ýmsum áhugaverðum verkefnum innan safnsins s.s. aðstoð við uppsetningu listsýninga, skráningu og frágangi safnmuna.

Lögð er áhersla á að umsækjandi hafi faglegan metnað, sýni frumkvæði og geti starfað sjálfstætt en eigi jafnframt auðvelt með að vinna í teymi og sé fær í mannlegum samskiptum. Jafnframt að hann sé áreiðanlegur, stundvís og hafi góða tölvuþekkingu. Menntun á sviði myndlistar eða listfræði er kostur. Áhersla er lögð á snyrtimennsku, þægilega framkomu og næmt auga fyrir framsetningu.

Um hlutastarf er að ræða. Vinnutími er frá kl. 13-17 þriðjudag - sunnudags aðra hvora viku.

Umsókn ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist til Listasafns ASÍ, Freyjugötu 41, 101 Reykjavík eða á tölvupóstfangið listasi@centrum.is fyrir 30. janúar. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Unnið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður, Kristín G. Guðnadóttir, í síma 511-5353.**

Listasafn ASÍ er til húsa í Ásmundarsal við Freyjugötu 41 í Reykjavík. Safnið var stofnað árið 1961 þegar iðnrekandinn og bókaútgefandinn Ragnar Jónsson í Smára gaf Alþýðusambandinu listaverkasafn sitt. Safnið er eign Alþýðusambands Íslands og starfar samkvæmt reglugerð samþykkri af miðstjórn þess.

Alþýðusamband Íslands



# Atvinna

Launafl ehf. óskar eftir að ráða

## reynda rafvirkja og vélvirkja

til starfa með full réttindi. Góð laun í boði.

*Launafl ehf er iðnfyrirtæki í Fjarðabyggð.*

Nánari upplýsingar veitir
Adda Ólafsdóttir, starfsmannastjóri og
Magnús Helgason, framkvæmdastjóri.

Hægt er að senda fyrirspurnir og umsóknir á
adda@launafl.is eða magnus@launafl.is.

LA LAUNAFL

**www.launafl.is – sími 414-9400**

KPMG
*cutting through complexity*

FYRIRTÆKJASVIÐ

# Ráðgjafi í upplýsingatækni

**Við leitum að metnaðarfullum og framsýnum einstaklingi til að taka þátt í mótun lausna og ráðgjöf á sviði upplýsingatæknimála fyrir viðskiptavini okkar.**

Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði, metnað og tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð og góða samstarfshæfileika.

**Menntunar og hæfniskröfur**
Þekking á hönnun og innleiðingu helstu viðskipta- og upplýsingakerfa • Þekking á virkni Dynamics AX, Dynamics NAV og SAP • Reynsla í upplýsingaöryggismálum • Reynsla af innleiðingu á verklagsreglum og gæðamálum.

**Nánari upplýsingar veitir Andrés Guðmundsson starfsmannastjóri í tölvupósti agudmundsson@kpmg.is og síma 545 6077. Umsókn ásamt ferilskrá sendist í tölvupósti á starf@kpmg.is fyrir 23. janúar.**

**kpmg.is**



Leonard

## STARFSMAÐUR Í VERSLUN

Verslunin Leonard leitar að framtíðarstarfsmönnum í verslanir í Kringlunni, Smáralind og Lækjargötu. Leitað er að starfsmönnum í 50% starfshlutfall í Kringluna og Smáralind og helgarstarfsmönnum í Kringluna, Smáralind og Lækjargötu.

Áhugasamnir eru beðnir um að senda umsókn á netfangið atvinna@leonard.is. Umsóknarfrestur er til 1. febrúar.

Leonard rekur fjórar úra- og skartgripaverslanir í Kringlunni, Smáralind, Lækjargötu og Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Fyrsta verslunin var opnuð fyrir 20 árum. Hjá fyrirtækinu starfa um 30 manns.

KRINGLUNNI
SMÁRALIND
LÆKJARGÖTU
LEIFSSTÖÐ

» Ráðningarþjónusta

# Móttökuritari

Fyrirtæki á sviði hugbúnaðarþjónustu óskar eftir að ráða þjónustulundaðan og vandvirkan einstakling til starfa í móttöku. Vinnutími er frá kl. 09:00 til kl. 17:00.

### » Starfssvið

- Móttaka viðskiptavina og símavarsla
- Skjalavarsla
- Skráning reikninga
- Innkaup á rekstrarvörum
- Undirbúningur funda
- Umsjón með fundarherbergjum og matsal
- Bókun ferða

### » Hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærilegt
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta og einhver enskukunnátta
- Rík hæfni í mannlegum samskiptum
- Létt lund og dugnaður
- Gott frumkvæði og metnaður í starfi

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**



HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# STARFATORG.IS

## Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Viðskiptafræðingur | LSH, reikningsskil og tekjub.h. | Reykjavík | 201201/061 |
| Heilbrigðisritari | LSH, göngud. öldrunarlækninga | Reykjavík | 201201/060 |
| Yfirljósmóðir, deildarstj. fæðingard. | LSH, fæðingardeild | Reykjavík | 201201/059 |
| Geislafræðingur | LSH, geislaeðlisfræðideild | Reykjavík | 201201/058 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, hjartadeild | Reykjavík | 201201/057 |
| Sérfr.l. í hjarta- og brjóstholssk.l. | LSH, hjarta- og lungnask.lækn. | Reykjavík | 201201/056 |
| Sérfræðilæknar á bráðasviði | LSH, bráðalækningar | Reykjavík | 201201/055 |
| Rafvirki, rafeindavirki | LSH, viðhaldsdeild | Reykjavík | 201201/054 |
| Pípulagningamaður | LSH, viðhaldsdeild | Reykjavík | 201201/053 |
| Málari | LSH, viðhaldsdeild | Reykjavík | 201201/052 |
| Trésmiðir | LSH, viðhaldsdeild | Reykjavík | 201201/051 |
| Forstöðulæknaritari | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201201/050 |
| Starfsmaður við þjónustuborð | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201201/049 |
| Skrifstofumenn | Sýslumaðurinn í Bolungarvík | Bolungarvík | 201201/048 |
| Hjúkrunarfræðingur, afleysing | Heilsugæsla höfuðborgarsv. | Garðabær | 201201/047 |
| Kerfisstjóri | HÍ, Reiknistofnun | Reykjavík | 201201/046 |
| Lektor á sviði eignaréttar | HÍ, lagadeild | Reykjavík | 201201/045 |
| Lektor á sviði fjármunar. og réttarf. | HÍ, lagadeild | Reykjavík | 201201/044 |
| Umsjónarmaður | HÍ, Rekstur fasteigna | Reykjavík | 201201/043 |
| Fjármála- og starfsmannastjóri | Fangelsismálastofnun ríkisins | Reykjavík | 201201/042 |
| Tollvörður | Tollstjóri | Rvk, Keflavík | 201201/041 |
| Sérfræðingur | Umhverfissstofnun | Reykjavík | 201201/040 |
| Hjúkrunarfræðingar | Sólvangur | Hafnarfjörður | 201201/039 |
| Sérfræðingur á skráningarsviði | Lyfjastofnun | Reykjavík | 201201/038 |
| Matráður | Náttúrufræðistofnun Íslands | Garðabær | 201201/037 |
| Forstöðumaður Stuðla | Barnaverndarstofa | Reykjavík | 201201/036 |
| Lögreglumaður | Lögreglustjórinn Vestmannaey. | Vestmannaey. | 201201/034 |
| Fulltrúi í afgreiðsludeild | Tollstjóri | Reykjavík | 201201/033 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**

# Bílamálari óskast

Óskum eftir að ráða vanan bílamálara á réttingar og sprautuverkstæði.
Verður að geta starfað sjálfstætt.

Vinsamlegast hafið samband
í s. 564-0606

BÍLASTÖÐ

# Rhodium Kringlunni úra og skartgripaverslun

óskar eftir starfskrafti í fullt starf. Starfsmaður þarf að vera stundvís, röskur og snyrtilegur. Hafa góða þjónustulund og framtakssemi.

**Upplýsingar og umsóknir sendist á skartogur(at)gmail.com**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Deildarstjóri óskast á heimili fólks með fötlun í Hafnarfirði.

**Leitað er eftir deildarstjóra á heimili fólks með fötlun í Hafnarfirði.**

Deidarstjóri starfar að verkefnum er krefjast sérfræðiþekkingar ásamt almennu störfum með íbúum heimilisins. Hann hefur umsjón með verkefnum starfstöðvarinnar undir stjórn forstöðumanns.

**Helstu verkefni eru.**
Gerð og eftirfylgni þjónustuáætlana.
Skipulagning og samhæfing vinnureglna
Leiðbeinandi starfsmanna, fræðsla og faglegur stuðningur.
Veita íbúum einstaklingsmiðaðan og persónulegan stuðning í athöfnum daglegs lífs.
Staðgengill forstöðumanns.

**Hæfniskröfur.**
Þroskaþjálfamenntun eða önnur sambærileg menntun.
Góð íslensku- og tölvukunnátta
Frumkvæði og skipulagshæfileikar
Þjónustulund og jákvæðni í starfi
Hæfni í mannlegum samskiptum
Framtakssemi og samviskusemi.
Viðkomandi verður að hafa hreint sakarvottorð.

**Í boði er.**
Spennadi og lærdómsríkt starf
Fjölbreytt verkefni

**Upplýsingar um starfið veitir.**
Birna Guðmundsdóttir Forstöðuþroskaþjálfi. Sími 565-0301.
Netfang. birnagu@hafnarfjordur.is

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenkra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélg.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.

Umsóknum með ferilsskrá skal skila á netfangið birnagu@hafnarfjordur.is

**Umsóknarfrestur er til 22. Janúar 2012.**




BYLGJAN 989 25 ÁRA

Hemmi Gunn
– og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16.
Njótið vel

Pizza Hut

## VAKTSTJÓRI Á PIZZA HUT

Pizza Hut leitar að öflugum vaktstjóra í sal.
Starfið felst í:

- Stjórnun vakta,
- Þjónustu í sal,
- Mannastjórnun í samráði við veitingastjóra.

Hæfniskröfur: Reynsla af stjórnun, mikil þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum.
**Lágmarks aldur er 25 ár.**

Áhugasamir sendi inn umsókn á **www.pizzahut.is**.
Upplýsingar veitir Linda veitingastjóri í síma 692-3822.

Pizza Hut þjálfar alla sína starfsmenn eftir alþjóðlegu þjálfunarkerfi sem nýtist viðkomandi í störfum um allan heim.
Á Pizza Hut starfar samheldin og góður hópur. Viltu bætast í hópinn?





ÚTILÍF

# STARFSKRAFTUR

**VIÐ ÓSKUM EFTIR STARFSMANNI Í FULLT STARF Í SUNDDEILD OKKAR Í HOLTAGÖRÐUM TIL AÐ SINNA SÖLU OG ÞJÓNUSTU.**

**Útilíf er framsækið fyrirtæki sem selur sport- og útivistarvörur með áherslu á gott vöruúrval og framúrskarandi þjónustu.**

Við óskum eftir starfsmanni í fullt starf í sunddeild okkar í Holtagörðum til að sinna sölu og þjónustu. Í starfinu felst jafnframt dagleg áfylling á vörum og afgreiðsla á kassa.

Ef þú ert 18 ára eða eldri, með áhuga á sportvörum, með ríka þjónustulund og lipur í mannlegum samskiptum, hefur góða skipulagshæfni og sýnir frumkvæði í starfi þá ertu einmitt starfskrafturinn sem við leitum að.

Sendu umsóknina á utilif@utilif.is merkt „starf í sportdeild" fyrir 19. janúar.

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

SKÓLAR
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

## Ungbarnaleikskólinn Ársól Reykjavík

**Ungbarnaleikskólinn Ársól óskar eftir að ráða leikskólakennara í 100% stöðu.** *Fáist ekki leikskólakennarar verða ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun og/eða leiðbeinendur.*

Í leikskólanum er unnið eftir heilsustefnunni með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun. Unnið er með jákvæð og gefandi samskipti og er góður andi ríkjandi í skólanum.

Hafir þú áhuga á að vinna í lifandi og metnaðarfullu starfsumhverfi með skemmtilegu fólki þá hafðu samband.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir:
Berglind Grétarsdóttir leikskólastjóri í síma 563-7730
Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á
**www.skolar.is**



*Heilsuleikskólar Skóla:
Hamravellir, Háaleiti, Kór og Krókur.
Leikskóli á „Heilsubraut"
Ungbarnaleikskólinn Ársól.*

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Forstöðumaður yfir heimilum fyrir fólk með margháttaðan vanda

Laust er til umsóknar starf forstöðumanns yfir tveimur heimilum fyrir einstaklinga með margháttaðan vanda og einu áfangaheimili fyrir karlmenn sem hætt hafa neyslu áfengis og vímuefna. Um er að ræða 100% starf og heyrir forstöðumaðurinn undir framkvæmdastjóra Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða.

*Markmið starfseminnar er að draga úr líkamlegum, félagslegum og efnahagslegum skaða sem lífstíll íbúanna getur valdið þeim og að styðja við daglegt líf íbúa áfangaheimilisins án neyslu vímuefna á meðan þeir aðlagast samfélaginu á nýjan leik.*

**Starfssvið:**

- Stýrir og ber ábyrgð á faglegri starfsemi og fjárhagslegum rekstri heimilanna
- Stýrir og ber ábyrgð á samstarfi við aðrar stofnanir
- Ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana
- Ber ábyrgð á starfsmannamálum
- Annast skýrslugerðir og innkaup

**Menntunar – og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis-, mennta- eða félagsvísinda
- Reynsla af vinnu með utangarðsfólki, áfengis- og vímuefnasjúkum
- Þekking og reynsla af stjórnun, rekstri og starfsmannahaldi
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða í síma 411-1600 eða í gegnum netfangið sigtryggur.jonsson@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimsíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is, undir **„störf í boði".**
**Umsóknarfrestur er til 18. janúar 2012.k.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

Reykjavíkurborg
Innri endurskoðun

# Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar fer með fjármála- og stjórnsýslueftirlit hjá Reykjavíkurborg í umboði borgarráðs. Innri endurskoðun leggur mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarhátta hjá borgarsjóði og fyrirtækjum í meirihlutaeigu hans. Hjá okkur býðst krefjandi og fjölbreytt starf í góðu starfsumhverfi. Við leitum að dugmiklu fólki með áhuga á innri endurskoðun í neðangreind störf.

## Sérfræðingur í innri endurskoðun upplýsingakerfa

**Helstu verkefni**

- Úttektir og mat á stjórnkerfi upplýsingaöryggis
- Úttektir og mat á virkni innra eftirlits og áhættustýringar hjá borgarsjóði og dótturfélögum Reykjavíkurborgar.
- Þátttaka í teymisvinnu í öðrum úttektum og verkefnum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af upplýsingatækni og gæðastarfi.
- Greiningar- og skipulagshæfni.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti.
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagmennska.
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar.
- Reynsla á sviði tölvuendurskoðunar / innri endurskoðunar er kostur.
- Próf í tölvuendurskoðun „Certified Information Systems Auditor, CISA" er kostur.

## Sérfræðingur í innri endurskoðun

**Helstu verkefni**

- Innri endurskoðun hjá Reykjavíkurborg
- Úttektir og mat á virkni innra eftirlits og áhættustýringar hjá borgarsjóði og dótturfélögum Reykjavíkurborgar.
- Greining og úrvinnsla fjárhagslegra upplýsinga
- Þátttaka í teymisvinnu í öðrum úttektum og verkefnum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Mjög góð þekking á reikningshaldi, bókhaldi og reynsla í notkun bókhaldshugbúnaðar.
- Hæfni í greiningu talnaupplýsinga.
- Nákvæm sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti.
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar.
- Reynsla og/eða próf í innri endurskoðun „Certified Internal Auditor, CIA" er kostur
- Þekking á starfsumhverfi og fjárhagskerfi borgarinnar er kostur

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. **Umsóknarfrestur er til 1. febrúar nk.**
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Nánari upplýsingar um störfin veitir Hallur Símonarson innri endurskoðandi í síma 693 9301 eða á netfang hallur.simonarson@reykjavik.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.reykjavik.is/storf og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

GRUNNSKÓLI GRINDAVÍKUR

# Skólastjóri Grunnskóla Grindavíkur

Staða skólastjóra við Grunnskóla Grindavíkur er laus til umsóknar. Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á vellíðan og árangur nemenda í góðu samstarfi við aðra starfsmenn skólans.

Starfsemin skal einkennast af fjölbreytni, sveigjanleika og víðsýni, þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda.

Skólinn er heildstæður, einsetinn grunnskóli, með um 460 nemendur í tveimur starfsstöðvum. Starfsmenn eru 70, þar af 43 kennarar. Hlutfall fagmenntaðra kennara er 100%. Grindavíkurbær rekur skóla- og félagsþjónustu sem sinnir stoðþjónustu fyrir Grunnskóla Grindavíkur.

Í Grunnskóla Grindavíkur er starfað eftir Uppbyggingarstefnunni. Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar. Skólinn hefur nýlega gengist undir úttekt á vegum menntamálaráðuneytisins og munu niðurstöður liggja fyrir í febrúar.

Grindavíkurbær er um 2.850 íbúa samfélag í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Í Grindavík er lögð áherslu á fjölskylduvænt umhverfi, íþróttastarf og heilsueflingu í skóla og leikskóla.

Veffang skóla http://www.grindavik.is/grunnskolinn og er bent á starfsáætlun 2011 – 2012 varðandi frekari upplýsingar um skólann.

**Starfssvið:**
Skólastjóri ber faglega- og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og hefur forgöngu um mótun faglegrar stefnu.

**Menntunarkröfur**
- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða æskileg.

**Hæfniskröfur**
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Að vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf.
- Sveigjanleiki og víðsýni í starfi og samskiptum.
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar og reksturs er æskileg.
- Fjölbreytt reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfi skólastjóra. Þá skal fylgja umsókninni greinargerð um hugmyndir umsækjanda um starfið og hvernig hann sér starfsemi Grunnskóla Grindavíkur þróast undir sinni stjórn.

Æskilegt er að skólastjóri geti hafið störf 1. maí n.k. og undirbúið nýtt skólaár.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna skólastjórafélags Íslands.

**Nánari upplýsingar veitir**
Nökkvi Már Jónsson, sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðslusviðs í síma 420-1100.
Pálmi Ingólfsson, starfandi skólastjóri í síma 420-1150.

Umsóknir skulu berast bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar Víkurbraut 62, 240 Grindavík **í síðasta lagi 13. febrúar** næstkomandi. Hægt er að senda umsóknir á netfangið grindavik@grindavik.is

SAGAZ PUBLISHING HOUSE

Við leitum að metnaðafullum einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa í krefjandi starfsumhverfi. Bæði aukastarf eða fullt starf í boði til lengri eða skemmri tíma.

**A) Símasala**
Leitum eftir öflugum einstaklingum í ýmis verkefni. Dag- eða kvöldvinna. Árangurstengd laun.

**B) Sölufulltrúi**
Starfið felst í að heimsækja fyrirtæki sem tengjast ferðaiðnaði. Reynsla af sölu- og kynningarmálum æskileg. Árangurstengd laun.

**C) Verkefnastjóri**
Krefjandi starf sem m.a. felur í sér að hafa yfirumsjón með símaveri fyrirtækisins, öllu skipulagi og starfsmannamálum. Dag- og kvöldvinna. Eingöngu kemur til greina vanur aðili. Árangurstengd laun.

**D) Ertu að leita að vinnu erlendis?**

Leitum að reyndum auglýsingasölumanni til að starfa í Kaupmannahöfn og Osló.

Starfið felst í að heimsækja fyrirtæki sem tengjast ferðaiðnaði.

Þarf að geta unnið mjög sjálfstætt og hafa húsnæði til afnota. Árangurstengd laun.

**Nánari upplýsingar um helstu verkefni má finna á www.sagaz.is**

**Umsókn ásamt ferilskrá sendist á umsokn@sagaz.is fyrir 22. janúar merkt A,B,C eða D**

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Styrkir úr Sprotasjóði

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Sprotasjóði leik-, grunn- og framhaldsskóla. Hlutverk sjóðsins er að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi.

Í 4 gr. reglugerðar nr. 242/2009 um Sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla segir:
*Leikskólastjórar, skólastjórar eða skólameistarar fyrir hönd skóla, kennarahópa eða einstakra kennara geta sent inn umsókn. Aðrir aðilar en skólar geta sótt um þróunarverkefni í samstarfi við skóla. Í þeim tilfellum skal staðfesting á þátttöku skóla fylgja umsókn.*

Áherslusvið sjóðsins verða að þessu sinni:
a) Þróun skólanámskrár með hliðsjón af nýrri menntastefnu
b) Virkt lýðræði, mannréttindi og samskipti í skólum

Við mat á umsóknum verður skoðað hvernig verkefnin falla að hlutverki Sprotasjóðs ásamt því að markmið verkefnis séu skýrt fram sett, að verkefnisstjórn vel skilgreind, að raunsæjar kostnaðar-, verk- og tímaáætlanir séu lagðar fram, og að framlag samstarfsaðila sé tryggt og vel skilgreint.

Umsóknir sem falla utan áherslusviða fá sérstaka umfjöllun í ljósi áhrifa verkefna á menntun.

Fyrir skólaárið 2012 – 2013 verða til úthlutunar allt að 45 milljónir kr.

Vakin er sérstök athygli á að umsóknir um styrki skulu vera á rafrænu formi. Sækja þarf um aðgang að umsóknavef Sprotasjóðs, www.sprotasjodur.is. Tekið verður á móti umsóknum frá 1. til 29. febrúar 2012.

Nánari upplýsingar um Sprotasjóð veitir Sigrún Vésteinsdóttir hjá Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri í síma 460-8904 eða í tölvupósti á sv@unak.is

S.S.R Styrktarsjóður Susie Rutar

## Úthlutun styrkja

Styrktarsjóður Susie Rutar mun úthluta styrkjum til verkefna vegna vímuefnaforvarna þann 14. febrúar nk.
Fjárhæðir styrkjanna verða frá 100.000 kr. til 250.000 kr.
Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. febrúar nk. og má nálgast umsóknareyðublað með því að senda tölvupóst á styrktarsjodur@gmail.com. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni **www.styrktarsjodursusie.is**.

# ÚTBOÐ

**Kópavogsbær og Mosfellsbær óska eftir tilboðum í:**

## Endurvinnsluílát fyrir Kópavogsbæ og Mosfellsbæ

Í útboðinu felst að útvega og afhenda á afhendingarstað í hvoru sveitarfélagi um 11.000 endurvinnsluílát.

Útboðsgögn verða seld í Þjónustuveri Kópavogsbæjar Fannborg 2 (1. hæð )
frá og með mánudeginum 16. janúar 2012 á kr. 5.000.
Þegar útboðsgögn
eru keypt skal skrá samskiptaaðila bjóðanda í útboði.

Tilboðum skal skila fyrir kl.: 11:00 8. febrúar 2012 til þjónustuvers Kópavogs, Fannborg 2 (1. hæð).

Framkvæmdadeild Kópavogsbæjar
Umhverfissvið Mosfellsbæjar

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Viltu byggja – Ertu að leita að lóð í grónu hverfi ?
## Lausar lóðir í Hafnarfirði

**Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í byggingarrétt á eftirfarandi lóðum:**

**Einbýlishús – eingöngu fyrir einstaklinga.**

| | |
|---|---|
| **Vellir 6 – 2 lóðir.** | Hafravellir 1 og 4. |
| **Ásland 3 – 2 lóðir** | Skógarás 1 og 3 |
| **Miðbærinn – 1 lóð** | Arnarhaun 50 |

**Parhús**

| | |
|---|---|
| **Vellir 6** | Hnoðravellir 8 -10 |
| **Vellir 5** | Kvistavellir 63 -65 |
| **Ásland 3** | Furuás 8 -10 |

**Raðhús – eingöngu fyrir lögaðila.**

| | |
|---|---|
| **Vellir 6** | Hnoðravellir 35 -39 |
| | Klukkuvellir 28 -38, 23 -27 |
| **Vellir 5** | Kvistavellir 66 -72 |
| **Ásland 3** | Furuás 23 -27 |

Allar lóðirnar eru tilbúnar til afhendingar nú þegar og tekur væntanlegur byggingarrétthafi við lóðinni í núverandi ástandi. Útboðsgögn má finna á www.hafnarfjordur.is

Nánari upplýsingar gefur Anna Sofia Kristjánsdóttir annasofia@hafnarfjordur.is eða í síma 585 5500.

Tilboð skulu berast Þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar fyrir kl. 11.00 mánudaginn 6.febrúar 2012.

Tilboðin verða opnuð á sama stað að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. Réttur áskilinn til að taka hvað tilboði sem er eða hafna öllum.

## STYRKIR ÚR HÚSVERNDARSJÓÐI REYKJAVÍKURBORGAR

Húsverndarsjóður Reykjavíkur auglýsir eftir umsóknum um styrki til viðgerðar og endurgerðar á byggingum í Reykjavík sem hafa sérstakt varðveislugildi af listrænum eða menningarsögulegum ástæðum.

**Eftirtaldar upplýsingar skulu koma fram í umsókn:**

1. Lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum.
2. Tímaáætlun.
3. Kostnaðaráætlun.
4. Ljósmyndir af húsinu eins og það er nú og eldri ljósmyndir ef þær eru til.

Frekari upplýsingar eru veittar í Fræðslustofu um húsvernd í Árbæjarsafni sem opin er á miðvikudögum frá kl. 16-18 og í síma 411 6333 á sama tíma.

Umsóknum skal skila á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á vef Skipulags- og byggingasviðs, ***www.skipbygg.is*** og vef Minjasafns Reykjavíkur ***www.minjasafnreykjavikur.is***. Umsóknareyðublöð liggja einnig frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14.

Umsóknir skulu berast Skipulags- og byggingasviði Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, eða rafrænt á netfangið: ***skipulag@reykjavik.is***, í síðasta lagi 15. febrúar 2012.

Vakin er athygli á því að styrkir sem úthlutað var 2011 og ekki hafa verið nýttir falla niður við úthlutun 2012.

## Auglýsing um deiliskipulagstillögu

Grindavíkurbær

### Iðnaðarsvæði við Mölvík – Grindavík ásamt umhverfisskýrslu

Bæjarstjórn Grindavíkur auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi iðnaðarsvæðis við Mölvík ásamt umhverfisskýrslu skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana. Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi sveitarstjórnar þann 21. desember 2011. Forkynning tillögunnar fór fram frá 28. október – 12. nóvember 2011.

Stærð skipulagssvæðisins er um 52 ha og afmarkast af mörkum iðnaðarsvæðis i8 í aðalskipulagi til norðurs og austurs. Vesturmörk svæðisins eru mörk athafnasvæðis úr aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020. Til suðurs afmarkast svæðið af hafi. Vestan við iðnaðarsvæðið er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði en til norðurs og austurs er opið óbyggt svæði. Nesvegur sker svæðið í norður og suðurhluta. Aðkoma að svæðinu er frá Nesvegi.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við Aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030 sem auglýst var skv. 18. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 á tímabilinu frá 9. apríl til 23. maí 2011 og samþykkt af bæjarstjórn 26. október 2011.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Grindavíkurbæjar Víkurbraut 62, 240 Grindavík og á heimasíðu bæjarins www.grindavik.is frá og með 14. janúar 2012 til 25. febrúar 2012.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skriflegum athugasemdum skal skila á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, eigi síðar en 27. febrúar 2012.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Ingvar Þór Gunnlaugsson**
**Forstöðumaður**
**Umhverfis- og skipulagssviðs**
**Grindavíkurbæjar.**

## Styrkir úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2012

Samband íslenskra sveitarfélaga auglýsir eftir umsóknum í Endurmenntunarsjóð grunnskóla vegna endurmenntunarverkefna skólaárið 2012-2013.

Þeir sem hyggjast standa fyrir endurmenntun fyrir kennara og stjórnendur grunnskóla geta sótt um framlög úr sjóðnum, þar á meðal grunnskólar, skólaskrifstofur, sveitarfélög, símenntunarstofnanir, félög, fyrirtæki og aðrir. Gert er ráð fyrir að endurmenntunarverkefnum verði að fullu lokið eigi síðar en við lok skólaársins 2012-2013. Verði ekki unnt að ljúka námskeiðum innan þeirra tímamarka fellur styrkveiting niður.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að allt að þriðjungi ráðstöfunarfjár verði úthlutað til verkefna sem tengjast eftirfarandi áherslusviðum:

- Námsmat
- Jákvæður skólabragur og samskipti

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi. Í umsókninni skal gefa ítarlegar upplýsingar um hvers konar endurmenntun umsækjandi hyggst bjóða, m.a. markmið námsins, stað og tíma, áætlaðan fjölda þátttakenda, skipulag kennslu, stjórnun, ábyrgðarmann og annað það sem máli kann að skipta við mat á umsókn. Einnig skal leggja fram kostnaðaráætlun. Þær umsóknir einar koma til álita sem sýna fram á að endurmenntunarverkefnin mæti þörfum grunnskólans, séu byggð á skólastefnu, aðalnámsskrá, fagmennsku og gæðum. Sjóðurinn veitir ekki fé til ferða og uppihalds þátttakenda.

Þegar fyrir liggur ákvörðun um hverjir fá styrk verður gerður sérstakur samningur um hvert endurmenntunarverkefni.

Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2012. Umsóknum skal skila inn á rafrænu formi á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga www.samband.is.

Nánari upplýsingar um Endurmenntunarsjóð grunnskóla veitir Guðfinna Harðardóttir í síma 515 4900 eða í tölvupósti á gudfinna.hardardottir@samband.is.

Fasteignasalinn.is



Ásdís Ósk Valsdóttir
Lögg fasteignasali
GSM: 863 0402
asdis@fasteignasalinn.is



Jóhanna Kristín Gustavsdóttir
Sölufulltrúi
jkg@fasteignasalinn.is
698-9470

Stórhöfða 23 110 Reykjavík Sími: 863 0402 fasteignasalinn@fasteignasalinn.is

## Markarflöt 45, Garðabær

**Opið hús á morgun sunnudag kl. 15:00-15:30**




Mikið endurnýjað 186 fm einbýlishús á einni hæð á mjög góðum stað á flötunum í Garðabæ. Lóðin er 942 fm með grónum en viðhaldslitlum garði. Nýleg 50 skjólgóð suðurverönd og sólskáli sem er með heitum potti. Stutt er í skóla og alla þjónustu. **Verð: 57.9 m**

# Blaðberinn bíður þín

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.**



**Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið**

MATVÍS

## MATVÍS auglýsir almennan félagsfund

miðvikudaginn 18. janúar kl. 15:30 á Stórhöfða 31, gengið inn Grafarvogsmegin.

**Málefni fundarins er:**

1. Forsendur kjarasamninga 2012
2. Tilraunarverkefni í ferðaþjónustu
3. Önnur mál.

## Ársfundur
### Vinafélags Krýsuvíkurkirkju

**Vinafélag Krýsuvíkurkirkju heldur ársfund sinn mánudagskvöldið 23. janúar 2012 kl. 20.00 í Hásölum Strandbergs, safnaðarheimilis Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu.**

Á fundinum verða venjubundin ársfundarstörf.
**Haldin verða tvö erindi á fundinum:**
Guðmundur Lúther Hafsteinsson fagstjóri Húsasafns Þjóðminjasafns Íslands segir frá stöðu Krýsuvíkurkirkju í íslenskri byggingasögu.
Hrafnkell Marinósson deildarstjóri bygginga- og mannvirkjagreina í Iðnskólanum í Hafnarfirði segir frá smíði nýrrar Krýsuvíkurkirkju.
Fundurinn er opinn öllum sem hafa áhuga á að kynna sér starfsemi Vinafélags Krýsuvíkurkirkju.

Stjórn Vinafélags Krýsuvíkurkirkju

RÁÐGJAFAR
VIÐSKIPTARÁÐGJÖF
GARÐASTRÆTI 36
101 REYKJAVÍK
SÍMI 544 2400
WWW.RADGJAFAR.IS

## Fjárfestir-meðeigandi

**Fyrirtæki í heildsöludreifingu og útflutningi á fiskafurðum leitar að meðeiganda**

Viðkomandi myndi leggja fram allt að 50 m.kr. í hlutafé og eignast umsaminn hlut í félaginu. Félagið er skuldlaust og hefur starfað um áraraðir. Nýtt hlutafé yrði notað til að fjárfesta í framleiðslufyrirtæki á fiskafurðum sem því stendur til boða.
Allar nánari upplýsingar hjá fulltrúum Ráðgjafa ehf. í síma 544 2400.



# Ertu í hljóði?

**Starfar þú við upptökur, hljóðvinnslu eða mögnun og hefur gert í nokkur ár?**

Kynningarfundur um raunfærnimat í hljóðvinnslu verður haldin á Stórhöfða 27 mánudaginn 16. janúar 2012 kl. 17:00. (Gengið inn Grafarvogs megin)

Markmið með raunfærnimatinu er að meta færni í hljóðvinnslu og gefa út staðfestingu á henni.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins [www.fsraf.is](http://www.fsraf.is) eða í síma 580 5252**

## Húsaviðhald







Viðhalds Verk ehf

**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar Tilboð ókeypis**

Múrarar, málarar, háþrýstiþvottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Tölvur




Livedrive.is býður ótakmarkað geymslupláss dulkóðað og afritað sjálkrafa yfir netið í þitt öryggishólf. Livedrive virkar eins og nýr diskur í tölvuna sem eykur geymslurýmið. Þú getur unnið með gögnin frá öllum þínum tölvum og smartsímum hvar og hvenær sem er. Tapist eða skemmist talvan eru gögnin til staðar á öruggum stað. Livedrive.is - Sími 4500505

## Spádómar

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Spásími 908 7000**
Hvað viltu vita á nýju ári ? Spámiðlun, tarot, andleg leiðsögn, fyrirbænir, draumar og trúnaður. Opið frá 12-23 S. 863 1987 visa/euro.

## Snyrting



**Face lift massage Andlitsnudd**
Árangursrík nuddmeðferð, meðferð til betra útlits og vellíðunar. Hentar öllum aldurshópum og báðum kynjum. Engin krem eða olíur. Arnhildur S. Magnúsdóttir S: 8955848 Beauti bar Höfðatún 2.

## Rafvirkjun




## Trésmíði

Tveir smiðir með meistararéttindi geta bætt við sig verkefnum s.s viðhald, parket, innréttingar, nýsmíði ofl. S. 898 9602.

## Viðgerðir




## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150

# KEYPT & SELT

## Til sölu

mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Kílóverð 1700.- kr. Allar upplýsingar í s. 8687204 eða á www.myranaut.is

## Til sölu

**Verslun**

Hef til sölu allt sem tengist verslunarrekstri. Tæki og tól. Notað. Selst ódýrt.

**Upplýsingar í s. 774 2501**




**ÚTSALA, ÚTSALA**
10 -35 % afsláttur af öllum saltkristalsvörum til 21. janúar. Verið velkomin. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata). Opið mán-fös 12-18, lau 12-15. Sími 517-8060. ditto.is

Hókus Pókus hokuspokus.is



**Öskudagsbúningar**
Alvöru útsala með 20-50% afslætti af öllum öskudagsbúningum og 10% af öðru í búðinni. Notið tækifærið. Skoðið úrvalið á hokuspokus.is Hókus Pókus Laugavegi 69 s-551 7955.

Til sölu hvítt Super elliptical borðstofuborð. Hönnuðir Arne Jacobsen, Piet Hein og Bruno Mathsson. L 180-300 B 120. Keypt í Epal 2008. V. 570 þús. Uppl. s: 892-4222

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottvéla. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 847 5545.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Hljóðfæri

TASCAM 2ja rása 1/4" stúdio vél til sölu. Skipti möguleg. S: 499-2072/899-2060.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




**Líkamsræktartöðvar og Íþróttahús ATH!**
Professional, antistatic dúkar fyrir hlaupabretti. Traust þjónusta. Gsm 666 1025.

## Ýmislegt

FÁKUR

**Hið vinsæla Þorrablót Hestamannafélagsins Fáks verður haldið í félagsheimilinu laugardaginn 14. janúar**

**Húsið opnar kl. 17:00**
**Miðaverð aðeins kr. 3.500**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, geðhjúkrunarfræðingur, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.



Næsta BYRJENDANÁMSKEIÐ Í YOGA hefst 31. janúar. Yogastöðin Heilsubót www.yogastodin.com S: 5885711 og 6918565



**Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgagnaviðgerðir

Leysum málningu og bæs af gömlum húsgögnum, hurðum o.fl. S. 897 5484/3327.

## Dýrahald



**Gæðahvolpar**
Labrador Retriever hvolpar undan frábærum hundum til sölu. Gotið uppfyllir kröfur Retriever-deildar HRFÍ (retriever.is). Eru tilbúnir til afhendingar, bólusettir, ormahreinsaðir, heilbrigðisskoðaðir, örmerktir og með líf-, sjúkdóma- og afnotamissistryggingu til eins árs. Upplýs. í síma 8603999 / 5652383. Heimasíða: http://www.simplesite.com/birtuhvolpar

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS 4. september 1969 Félag allra hundeigenda

**Langar þig í hund?**
Hundaræktarfélag Íslands er aðili að FCI, alþjóðasamtökum hundaræktarfélaga, sem tryggir rekjanleika ættbóka, beitir sér fyrir hreinræktun og kynbótum hundategunda. HRFÍ stuðlar að góðum samskiptum á milli hundeigenda, yfirvalda og almennings. Leitaðu upplýsinga á vefsíðu félagsins, www.hrfi.is



Hreinræktaðir Labradorhvolpar til sölu. Skaftár ræktun. Ættbók frá HRFÍ. Báðir foreldrar HD:A og ED:A. Augnsk.2011. PRA Clear Nánari upplýsingar í síma 896-0028 og 555-4351.

3 kettlingar fást gefins. Móðir er hreinræktaður silfurpersi. Sími 663 2174.

Til sölu Poodle (medium) Rakkar tilbúnir til afh. 15 jan. uppl. 6960255 Inga

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu 120 fm íb. á besta stað í Fossvogi.Stutt í alla þjónustu.Uppl. 8612312

Herbergi nálægt Tækniskólanum með aðstöðu fyrir karlmann. S. 557 5450/866 4754

Einbýlishús til leigu ,um 340 m2 m.bílskúr á veðursælum stað í botnlanga í austurbæ Kópavogs. Friðsælt, veðursæld, skógur, alger barnaparadís, stutt í allt, næg bílastæði. halldorjonss@gmail.com eða 8921630

Til leigu 3. herb. ca. 100fm íbúð á Háaleitisbraut. Verð 150 þús. á mánuði. Stór og björt stofa, 2 herb. Mikið skápapláss og geymsla inni í íbúðinni. Fyrirspurnir sendist til leigarvk108@gmail.com

Herb. til leigu með aðgang að öllu 200 kóp. v.45þ. 1mán. og 2 mán. í trygg. Uppl. 660 0550.

Til leigu 3ja herbergja íbúð, 110 Rvk. Uppl. Í s: 893-3836.

Til leigu 3-4 herb. íbúð á frábærum stað í R.vík. Mikil lofthæð, gott útsýni. Aðeins reglusamir og skilvirkir einstaklingar koma til greina. 3.mán fyrirfram í tryggingu Uppl. 868 1207

Herbergi/Húsnæði við Lund í Svíþjóð og við Kringluna - RVK Uppl. í S: 499-2072/899-2060

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska e. 3-4 herb.íbúð fyrir rólegar,reykl. systur,helst í breiðh. eða nágr. Eru í vinnu og námi. S.7774832

Reglusamt reyklaust par óskar eftir íbúð á höfuðborgarsvæðinu til langtímaleigu. Uppl. 690 2918 Aron

Feðgin leita að 3.-4. herb. íbúð nærri Foldaskóla til langtíma leigu. 891 9000.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 210m2 iðnaðarhúsn. í Hafnarf. hægt að skipt í 2, 105m2 bil S: 892-9260

Tvær 14 fm skrifstofur í miðbænum til leigu á hagstæðu verði. Eldhúskrókur, fatahengi og skáparými. Uppl. veitir Ósk í s. 691-4212.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ÚTSALA!

## 12.–15. JANÚAR



# 10–50%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*

*GILDIR EKKI AF SÉRPÖNTUNUM NEMA ANNAÐ SÉ TILGREINT

OPNUNARTÍMAR Á MEÐAN Á ÚTSÖLU STENDUR

| | | |
|---|---|---|
| FIMMTUDAGUR | 12. JAN. | 11:00–20:00 |
| FÖSTUDAGUR | 13. JAN. | 11:00–20:00 |
| LAUGARDAGUR | 14. JAN. | 11:00–18:00 |
| SUNNUDAGUR | 15. JAN. | 12:00–16:00 |

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is

# Á skítugum skónum?



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Það er allt í lagi. Pappelina vill láta ganga yfir sig á skítugum skónum. Hún er nefnilega úr plasti. Pappelina virkar því best þar sem mikið álag er á gólfinu. Tilvalinn félagi í forstofuna eða eldhúsið. Svo vill hún líka fara í þvottavél. Plastmotturnar frá Pappelinu hafa farið sigurför um heiminn og eru nú loksins fáanlegar á Íslandi. Kíktu á úrvalið í verslun Kokku eða á kokka.is.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 | opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is | kokka@kokka.is










# Gróska í íslenskri hönnun

● Hugmyndaauðgin kraumar sem aldrei fyrr í íslenskri hönnun og fjölmargir hönnuðir kynntu nýjar vörur á síðasta ári. Þá sótti fjölmenni hátíðina HönnunarMars. Fréttablaðið tíndi til brot af þeim vörum sem fram komu á síðasta ári.

**1. Á fat** Ólöf Erla Bjarnadóttir keramikhönnuður sýndi kökudiska á fæti á Skörinni síðastliðið sumar. Þar færði hún bláköflótt munstur borðdúks upp á disk.

**2. Cutfish-skurðarbretti** eftir Fanneyju Long og Hrafnkel Birgisson eru framleidd úr plastefni sem notað er í matvælaiðnaði. Á aðra hlið brettanna er fræst mynd af fiski; síld, karfa og laxi, en form brettanna ræðst einnig af útlínum myndarinnar.

**3. Skyrkonfektið** spratt upp úr samstarfi nemenda LHÍ og bændanna á Erpsstöðum. Konfektið er gott dæmi um þann virðisauka sem góð hönnun getur skapað.










**4. Sigrún Einarsdóttir** glerlistakona fékk viðurkenningu Handverks og hönnunar í haust fyrir munnblásin og handmótuð glermortel. Sigrún hefur rekið Glerverkstæðið Gler í Bergvík um árabil.

**5. Kertastjakinn Gígur** kom á markaðinn í desember. Hann er eftir Guðrúnu Valdimarsdóttur og Odd Jóhannsson og er úr mahónýi. Þau hjónin sendu einnig frá sér leikfangakubba úr íslensku lerki á síðasta ári.


FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | LÍFIÐ | SJÓNVARP




vísir

TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!

Ráðlagður dagskammtur af fréttum og fjörefni á Vísi

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil



# andaðu léttar

**Reykingamenn sem ætla að leggja öskubakkann á hilluna eiga bandamann í Lyfju**

Við viljum leggja okkar af mörkum til að hjálpa þeim sem ætla að losa sig við reykinn með góðu pakkatilboði frá Nicotinell.

**Aðstoð við þá sem vilja hætta**

Í Lyfju Lágmúla býðst þér stutt viðtal við lyfjafræðing eða lyfjatækni sem veitir þér stuðning og hollráð til að hætta að reykja. Þú getur fengið heilsufarsmælingar, t.d. á blóðþrýstingi og blóðfitu. Við erum þér innan handar þegar þú tekur upp heilsusamlegan lífsstíl.

**Við minnum á reyksímann: 800 6030 og reyklaus.is**

Lyfja býður öll lyfjaform Nicotinell.

## Ódýrt og nýtt Nicotinell á lægra verði í Lyfju

**Stór og lítill Nicotinell-pakki á lægra verði en einn stór.*** Tilboðið gildir til 22. janúar, 2012.




+




= **4.850 kr.**

Stórt Nicotinell fruit: **5.120 kr.** Lítill Nicotinell Tropical fruit: **943 kr.** = ~~6063~~ **kr.**

*Gildir einnig með 4 mg Nicotinell Fruit 204 stk. og litlum 2 mg Tropical Fruit á **6.419 kr.**

Nicotinell lyfjatyggigúmmí inniheldur 2 mg eða 4 mg nikótín (nikótínpólacrillín). Nicotinell lyfjatyggigúmmí er notað til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum nikótíns hjá einstaklingum sem eru háðir nikótíni. Þannig getur það auðveldað reykingafólki sem vill hætta að reykja að hætta eða að draga úr reykingum. Ekki má nota fleiri en 25 stk. 2 mg lyfjatyggigúmmí eða meira en 15 stk. 4 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðrum innihaldsefnum eða reykir ekki má ekki nota Nicotinell lyfjatyggigúmmí. Ráðfærðu þig við lækninn eða lyfjafræðing ef þú hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp - ert með hjartasjúkdóma, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, ofvirkar nýrnahettur, alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða magasár. Ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti máttu einungis nota lyfið í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 57729 12/11

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd
Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík – Keflavík

# heimili& hönnun

## HEIMA VIÐ



**REYNIR SYRUSSON**

**Síðasti hlutur sem ég keypti mér:** Borðtennisborð til að hafa í bílskúrnum – mér finnst borðtennis ótrúlega skemmtileg íþrótt.



**Í augnablikinu langar mig í:** Nýjan sjónvarpssófa. Það er alveg kominn tími á þann gamla. Ég bíð eftir því að draumasófinn fæðist á teikniborðinu. Þá væri ég vel til í sól og sumar.



**Eftirlætishúsgagnið mitt:** Guss-púðastóllinn sem ég hannaði fyrir ári. Hann er með snúningi og sérlega þægilegur.



**Upp á vegg hangir:** Hangover-vínrekki. Þetta er hönnun síðan í apríl á síðasta ári. Rekkinn er passlega stór fyrir spariflöskurnar og mikil mubla.

**Næsta framkvæmd í húsinu verður:** Að taka baðherbergið í gegn. Ég held að ég þurfi að henda öllu út ef einhver heildarmynd á að nást.




# Heilsuréttir Nings

... og kroppurinn blómstrar

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Þeir innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

| | |
|---|---|
| 60. Tofukjöt og blandað grænmeti með sósu að eigin vali | 1250 kr. / 1750 kr. |
| 61. Heilar grillaðar kjúklingabringur með ristuðum brúnum hrísgrjónum, eggjum og grænmeti | 1250 kr. / 1750 kr. |
| 62. Lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með túnfiski, eggjum og grænmeti | 950 kr. / 1350 kr. |
| 63. Ristaðar bókhveitinúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti | 1050 kr. / 1450 kr. |
| 65. Steiktar eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti | 950 kr. / 1350 kr. |
| 66. Lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með kjúklingi, eggjum og grænmeti | 950 kr. / 1350 kr. |
| 67. Ristaðar kjúklingabringur með tofu og grænmeti | 1250 kr. / 1750 kr. |
| 68. Ristaðar hrísgrjónanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti | 950 kr. / 1350 kr. |
| 80. Wok steikt lífrænt ræktað íslenskt bygg með kjúklingi og grænmeti | 950 kr. / 1350 kr. |
| 88. Tröllatrefjar með kjúklingi og grænmeti | 950 kr. / 1350 kr. |
| 231. Wakame-salat með kjúklingi og grænmeti | 1250 kr. |




Freyja Sigurðardóttir hugsar vel um strákana sína, enda vel að sér um næringu og heilsu. Freyja er margfaldur Fitnessmeistari og einkaþjálfari, hún velur heilsurétti Nings.

**Barna mat seðill**

206. Eggjanúðlur með grænmeti og 2 kjúklingaspjót Teriyaki 850 kr.

207. Kjúklingaleggir með hrísgrjónum 850 kr.

208. Tröllagrjón fyrir þá allra sterkustu, lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með kjúklingi, eggjum og grænmeti 850 kr.

**NINGS**

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is



**POPP**

Nýtt fylgirit Fréttablaðsins

Auglýsingasími **512 5050**

## Sumarbústaðir

Starfsmannafélag óskar eftir sumarbústað til langtímaleigu

Leitast er eftir bústað sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:
- 8 gistipláss
- Max. 1,5 klst akstur f. RVK
- Heitur Pottur
- Innbú
- Gasgrill
- Sjónvarp
- A.m.k. 2ja ára leigusamningur
- Laus frá 1. maí 2012

Áhugasamir hafi samband við olgudjonsson@ossur.com

**GISTING - AKUREYRI**
orlofshus.is S. 897 5300.

## Gisting

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**

**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

**Akureyri - skíði**
Yndisleg fullbúin íbúð besta staðsetn. Mjög ódýr jan-feb S.7705018, inra@hive.is

**ÍBÚÐ Í KÖBEN.is**
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
Verð frá 1050 dkr/nóttin f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma
891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Café Roma Kringlunni**
**óskar eftir starfsmanni í fullt framtíðarstarf. Aldur 20+. Íslenskukunnátta og reykleysi skilyrði.**
**Umsóknir sendist á kaffiroma@gmail.com**

**Leitum að reyndum úthringjara!**
**aha.is óskar eftir að ráða strax metnaðafullan og reyndan úthringjara, til að finna spennandi verkefni. Góð kjör í boði og þægilegur vinnutími. Framtíðarstarf.**
**Umsækjendur eru beðnir um að sækja um á heimsíðu aha.is: www.aha.is/atvinna öllum umsóknum verður svarað.**
**Umsóknafrestur til 20. jan.**

Við óskum eftir meiraprófsbílstjóra með C. CE. réttindi. Þarf að geta byrjað 1.feb mikil vinna í boði fyrir dugleg einstaklinga. Umsóknir sendist á: vadvik1@internet.is

Vinna í boði! Traust matvælafyrirtæki í Kópavogi óskar eftir starfsfólki í almenn pökkunar- og framleiðslustörf. Áhugasamar/-ir sendi umsókn á netfangið: matvaeli@gmail.com, ásamt upplýsingum um aldur og fyrri störf.

Looking for workers! A food factory in Kopavogur is seeking workers for packaging- and production jobs. Please send applications by e-mail to: matvaeli@gmail.com, including information about your age and previous jobs.

**Vinna heima**
Frábært til framtíðar sem krefst vilja og tíma. Tekjur: auka eða aðal. Þú ræður ferðinni. 2 klst á dag 5 daga vikunnar s. 821 4445

Fiskvinnslufyrirtæki í Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki í snyrtingu og pökkun. Starfsumsókn sendist á.: blatun@simnet.is

Óskum eftir að ráða þjónustufólk í sal , kokkavaktir , aldur 20+ Umsóknir sendist á frakkar@islandia.is

Járnprýði ehf vantar vanan stálsmið eða blikksmið til starfa. Þarf að geta unnið sjálfstætt og vera reyklaus. Járnprýði er lítið og persónulegt fyrirtæki sem veitir víðtæka þjónustu. Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá á netfangið ingi@jarnprydi.is

**Vantar þig peninga ?**
Viltu vinna hjá sjálfum þér. Nú er tækifæri til að afla tekna. Uppl. í s. 691 7828.

**Thai kokk og þjónustu**
Vantar Thai kokk eða aðila sem getur eldað austurlenskan mat, fullt starf. Vantar líka þjónustustúlku. Vinna 11-15 byrjað strax. Uppl á : td@talnet.is

Óskum eftir starsmanni í sal og eldhús, um er að ræða bæði fullt og hluta starf. Umsóknir sendist á rubytuesdayice@gmail.com 18 ára aldurstakmark. Ruby Tuesday Höfðabakka & Skipholti.

**Starfskraftur óskast**
Í söluturn í Kópavogi í dagvinnu. Helst ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 564 2325.

## Atvinna óskast

34 ára karlmaður óskar eftir vinnu fyrripart dags. Íþróttarþjálfari seinnipartinn, vanur að vinna með börnum, einnig með meirapróf. S. 848 8842.

## Viðskiptatækifæri



Frístandandi verslunarhillur ásamt krókum og hillum. Raufapanill m/ állistum. Einnig á vegg. Hentar vel í verslun eða búð. S: 664 3177.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**47 ára góð kona**
frjálslega vaxin, vill endilega kynnast ljúfum og góðum manni. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8912

**Spjalldömur 908 5500**
Opið þegar þér hentar. Engin bið nema þegar talað er.

Tvíkynja karlmaður óskar eftir að kynnast karlmanni sem er grannur með ávalar mjaðmir og kvenlega vaxin. Hafa samb. í s. 843 9100 hvenær sem er. Býr við kjör aðstæður.

## Fasteignir

**SG smiður ehf. Er að byggja 194fm einbýlishús við Þrúðsali.**




Eitt hús óselt, selst fullbúið að innan og utan frágengið með lóð.

Sýningarhús er á staðnum.




**Framkvæmdarstjóri verður á staðnum milli 14-16 í dag. Uppl. í síma 892 4624**


FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | LÍFIÐ | SJÓNVARP



TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!
vísir


## Fasteignir






# Norðurbakki 19 Glæsileg fjölbýlishús með lyftu

## Opið hús á sunnudag milli kl. 16.00 - 17.00



Húsin eru hönnuð af arkitektastofunni Batteríinu.

Staðsetning húsanna er frábær við sjávarsíðuna á móti suðri og í göngufæri við alla þjónustu í Hafnarfirði.

Nýtískuleg hönnun og allur frágangur er mjög vandaður.

Húsin eru einangruð að utan og klædd með álklæðningu og að hluta harðviði.

Gluggar eru álklæddur timburgluggar. Íbúðirnar eru fullfrágengnar með flísum á baðherbergja- og þvottahúsgólfum en án gólfefna.

Bílastæði eru í kjallara og er innangengt úr bílageymslu í stigaganga.

Íbúðirnar eru til afhendingar samkvæmt samkomulagi.

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

DUXIANA

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Magnús Emilsson lgfs.

Stakfell
:: 535_1000
Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk
Aðalheiður Karlsdóttir lgfs

ÁS
FASTEIGNASALA

# Krossgáta

**Lárétt**

**1.** Hróp á ljón vekur ítalskan vísindamann (7)
**5.** Skítaplagg fjarlægir fyrirstöður og fól (12)
**10.** Síðasti aur stráksins hennar Laufeyjar er gras (10)
**11.** Reykur, flog og sár renna saman í töfratíma (9)
**12.** Bana Alí, hvers föðurland er í rugli (7)
**13.** Mótmæla heimild til að mótmæla (12)
**14.** Hundur með tvö merki til að þurrka af sér olíu? (7)
**15.** Teyga tæran snafs til hinsta dropa (8)
**16.** Geri Óskar litla óléttan af ómegð (10)
**19.** Búsbjálki sem ber ber (8)
**23.** Þráðlaus er óviðráðanleg (8)
**24.** Borguð blíðuhót hans benda á Krist (11)
**28.** Smákvikindi elskar fjörðinn (6)
**30.** Ég og Bylgja erum léleg átylla (7)
**31.** Er dúnn þungur? (7)
**33.** Þessi er ort milli morða (5)
**35.** Dorgum og sköðum í skánum (6)
**36.** Vinna hlemm þegar allt er klárt (7)
**37.** Stækka muni fyrir óþarfa (9)
**38.** Þau neita, því þetta er morð (6)
**39.** Blöð fagna á viðeigandi hátt hestasafni í Hjaltadal (13)
**40.** Brottkast er efni fyrir sjónvarp og hljóðvarp (6)

**Lóðrétt**

**1.** Borgaði Alfa við á, hvar ódrukknir skemmtu sér (8)
**2.** Óþétt ílát er þétt ílát sett undir óþétt ílát (9)
**3.** Þetta tínir draugurinn sem ræður í ritmálið (9)
**4.** Áhyggjur, kona og hættir, enda jarðbundinn (12)
**5.** Sé einn ódrepandi framan við opið mark (10)
**6.** Finnið nú kvæði er lýti ræði (8)
**7.** Bið guð um að búa mér heimili (9)
**8.** Borgaðu blettinn fyrir plássið (9)
**9.** Þótt þú grandir Ed og fáir greiddar N krónur eru það rugluð úrræði (9)
**17.** Vítt keyri frá vídd (7)
**18.** Brenglaðir árar blúsi, svona fallegir á litinn (9)
**20.** Ringlaðar nískar vilja gelískan (6)
**21.** Hin rólegu eru elskuð en löt (7)
**22.** Að kasta stubbi er háttur Braga (9)
**25.** Niður berast regndropar og snjókorn (8)
**26.** Stutt rás er straumur án viðnáms (10)
**27.** Sný flog, Káraroka (9)
**29.** Suða hræ svo voðasvipuð (8)
**32.** Hin djörfu klippa þúsund aftan af yfirhöfnum (6)
**34.** Náist frá kúnst (6)
**35.** Balú segir útúr kú að leika þetta hér og nú (6)





STRANDA-GALDUR

Lausnarorð síðustu viku var **strandagaldur**.

## Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi gjafakörfu frá Te og kaffi að verðmæti 5.000 kr. Vinningshafi síðustu viku var **Björgvin Kemp, Reykjavík**.



## Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtast manneskjur sem eru jafn nauðsynlegar hverri þjóð og þær geta verið varasamar. Sendið lausnarorðið fyrir 18. janúar næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „14. janúar“.


# Bridge gerir lífið skemmtilegra

**Bridgefélög og klúbbar eru starfræktir um allt land.**
**Upplýsingar á bridge.is**



Árlegt alþjóðlegt stórmót
*Reykjavík Bridgefestival Iceland Express*
fer fram 26.-29. janúar,
skráning á
bridge@bridge.is

## Viltu læra bridge?

Bridgesambandið getur útvegað leiðbeinendur fyrir hópa, fyrirtæki og skóla, og einnig forgefin spil. Guðmundur Páll Arnarson starfrækir Bridgeskólann, þar geta þeir lært sem eru að stíga sín fyrstu skref í bridge og einnig þeir sem vilja bæta við kunnáttu sína.

**Ný námskeið hefjast 23. janúar.**
**Upplýsingar hjá Guðmundi Páli s. 898 5427 eða gpa@talnet.is**




*Íslenska landsliðið á heimsmeistaramótinu 2011 (5.-8. sæti, glæsilegur árangur)*

BRIDGESAMBAND ÍSLANDS – SÍÐUMÚLA 37 – 108 REYKJAVÍK – SÍMI 587 9360 – www.bridge.is


Úrval ljósa á betra verði
ÚTSALA
10-70% afsláttur
Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16
www.rafkaup.is
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**INGÓLFUR DAVÍÐSSON** grasafræðingur (1903-1998) fæddist þennan dag.

*„Trú á landið gull í mundu gefur.“*



## 70 ára afmæli

### Gylfi Magnússon

verkstjóri,
er 70 ára á morgun 15. janúar.
Í tilefni afmælisins mun hann taka á móti ættingjum og vinum í Golfskálanum Grafarholti, Reykjavík, á afmælisdaginn 15. janúar frá klukkan 15-18.
Afmælisbarnið afþakkar blóm og afmælisgjafir.

Ef einhverjir hafa áhuga, þá er það einlægur vilji hans að söfnunin Hendur.is fái frekar að njóta þess. Söfnunarkassi verður á staðnum.

ÍSLENSKI KVENNAKÓRINN: SYNGUR Á KRÝNINGARAFMÆLI DROTTNINGAR

# Ætla að vera með skotthúfur

Íslenski kvennakórinn í Kaupmannahöfn syngur í dag í ráðhúsi borgarinnar fyrir Margréti Þórhildi Danadrottningu og fjölskyldu hennar. Tilefnið er stórhátíð sem haldin er vegna 40 ára krýningarafmælis drottningarinnar en hún tók við embættinu 15. janúar árið 1972, þrjátíu og tveggja ára að aldri.

„Við erum hluti af 500 manna kór sem hefur fengið nafnið Danmarks Have, eða Garður Danmerkur og það er mikill heiður. Að lokinni dagskránni leiðir stórkórinn fjöldasöng á Ráðhústorginu og drottningin gengur út á svalir og heilsar mannfjöldanum,“ segir Steinunn Þorsteinsdóttir, ein raddanna í Íslenska kvennakórnum. Hún segir færeyskan kór og grænlenskan einnig taka þátt, enda sé mikið vinasamband milli Norður-Atlantshafskóranna í Kaupmannahöfn. Til dæmis haldi þeir ávallt jólatónleika saman fyrir troðfullri kirkju. „Þessir þrír kórar eru fulltrúar núverandi og fyrrverandi nýlendna Dana á hátíðinni í dag,“ bendir hún á.

Steinunn segir kórinn hafa æft tvö lög af þessu tilefni. Það fyrra heiti Den Danske Sang. Texti eftir Kai Hoffman og lag eftir Carl Nielsen. Síðara lagið er I Danmark er jeg født, texti eftir H. C. Andersen og lag eftir Sebastian. Spurningu um hvort þær stöllur taki ekkert íslenskt svarar Steinunn hlæjandi. „Nei, því miður. Ég held það yrði mjög erfitt að fá 500 manna kór til að syngja á íslensku.“ Hún segir þær hafa farið á generalprufu í Ráðhúsinu fyrir viku og æft á kóræfingu á mánudaginn. „En þar sem við vorum að koma úr jólafríi höfum við haft æfingaforrit á netinu og æft okkur sjálfar.“

Hvernig skyldi stórkórinn svo verða klæddur? „Við förum eftir fyrirmælum um það. Karlmenn verða að vera í jakkafötum með bindi eða slaufur og konur fínar, samt ekki galaklæddar. Okkur var hins vegar bent á að mjög stuttir kjólar væru illa séðir. Við í íslenska kvennakórnum verðum í svörtu og rauðu sem er okkar sparklæðnaður og erum að rembast við að klára að prjóna skotthúfur til að hafa við. Svolítið íslenskar verðum við jú að vera fyrst við eigum ekki þjóðbúninga að fara í.“

Íslenski kvennakórinn í Kaupmannahöfn var stofnaður 1997. Í honum eru að jafnaði tuttugu konur á öllum aldri og stjórnandi hans er Sigríður Eyþórsdóttir cand.mag. í tónlist frá Álaborgarháskóla. Steinunn segir kórinn einn öflugasta þáttinn í íslensku menningarlífi í Kaupmannahöfn og að markmið hans sé að kynna íslenska tónlist fyrir Dönum. En hvað kom til að honum var boðið að syngja á krýningarafmælinu. „Við vitum það í raun ekki. Eina útskýringin sem við höfum fengið er að fólk hafi heyrt í okkur.“

gun@frettabladid.is



**ÍSLENSKI KVENNAKÓRINN Í KAUPMANNAHÖFN** Myndin er tekin í Konunglega leikhúsinu þar sem kórinn var beðinn að vera með í matarleikhússýningu síðastliðið sumar.

MYND/ERLINGUR ÖRN JÓNSSON



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þorbjörg Ólafsdóttir**

Skaftahlíð 30, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi, föstudaginn 6. janúar. Útförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 16. janúar klukkan 13.00.

**Margrét Helgadóttir**
**Gunnar G. Þorsteinsson** **Bára Björg Oddgeirsdóttir**
**Hörður Helgason** **Dóróthea Jóhannsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær móðir mín og amma,*

**Ragna Jóhannsdóttir**

Brúnavegi 13, Hrafnistu,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 3. janúar. Útförin fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 17. janúar kl.13.00.

**Stefanía Björg Stefánsdóttir**
**Guðni Stefán Pétursson**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**María Schjetne**

Rjúpnasölum 10, Kópavogi,

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju mánudaginn 16. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið, Langholtsvegi 43.

**Þorgeir Axel Örlygsson**
**Gerður Rós Axelsdóttir** **Gunnar Már Gunnarsson**
**Örlygur Axelsson** **Regína Lilja Magnúsdóttir**
**María Rós Gunnarsdóttir**
**Gunnar Axel Gunnarsson**



†

*Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Steindór Hjartarson**

Langholtsvegi 12, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 7. janúar sl. Útför hans fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 17. janúar kl. 11.00.

**Andrea Ágústa Halldórsdóttir**
**Sigurður Steindórsson** **Sigurlína Eiríksdóttir**
**Berglind Steindórsdóttir** **Óskar Thorberg Traustason**
**Hjörtur Steindórsson**
**Ágúst Steindórsson** **Sigríður Schram**
**Eydís Steindórsdóttir** **Björn Lárusson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, sonur og bróðir,*

**Atli Már Einarsson**

Norðurvöllum 48
Keflavík,

lést laugardaginn 7. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 16. janúar kl. 13.00.

**Jóna Birna Kristmundsdóttir**
**Agatha Mist Atladóttir**
**Hjörtur Már Atlason**
**Hjördís Birna Atladóttir**
**Kristmundur Gíslason**
**Einar Jóhannsson** **Hjördís Brynleifsdóttir**
**Brynleifur Örn Einarsson** **Berglind Rut Hauksdóttir**
**Sandra Sif Einarsdóttir** **Páll V. Kolka**



†

*Við þökkum innilega þann hlýhug og vináttu sem okkur var sýnd við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ásu Gissurardóttur.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund sem kom fram við hina látnu af virðingu og umhyggju alla tíð.

**Hrafnhildur Guðmundsdóttir** **Ólafur Lárusson**
**Kolbrún Guðmundsdóttir**
**Gissur Guðmundsson** **Svanhildur Pétursdóttir**
**Jón Guðmundsson** **Oddný B. Hólmbergsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, amma, langamma og systir,*

**Sigrún Elívarðsdóttir**

lést 23. desember 2011. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát hennar. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki H-2 á Hrafnistu í Reykjavík fyrir framúrskarandi umönnun og hlýju.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Dagný Elsa Einarsdóttir**
**Fjölnir Sigurjónsson**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is

Allan sólarhringinn



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfsdóttir



Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

ÚTSALAN Í **FULLUM GANGI**

15-**80%** afsláttur

# ÚTSALA!

HÚSGAGNAHÖLLIN

Nýtt korta-tímabil

## ALLAR VÖRUR Á ÚTSÖLU!

FLEXA

50% afsláttur af öllum FLEXA fylgihlutum!

**LE KLINT JOKER**
loftljós, 35 og 50 cm.



30-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LE KLINT LJÓSUM!



70% AFSLÁTTUR

3.897
FULLT VERÐ: 12.990

**LAXI** borðstofustóll.
Lakkaður svartur eða hvítur.



50% AFSLÁTTUR

3.495
FULLT VERÐ: 6.990

**MARCUS** eldhússtóll.
Grænn, hvítur, lilla, svartur.



30% AFSLÁTTUR

132.993
FULLT VERÐ: 189.990

**BOSTON** tungusófi, svart áklæði.
B:242 D:89/160 H:70 cm.



50% AFSLÁTTUR

12.495
FULLT VERÐ: 24.990

**MERIT** borðstofustóll,
grátt áklæði.



20% AFSLÁTTUR

2 SÆTA
87.992
FULLT VERÐ: 109.990

3 SÆTA
95.992
FULLT VERÐ: 119.990

**CLEVELAND** 3 sæta sófi, svart áklæði. B:210 D:88 H:62/75 cm.
**CLEVELAND** 2 sæta sófi, svart áklæði. B:180 D:88 H:62/75 cm.



20-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LA-Z-BOY!

71.994
FULLT VERÐ: 119.990

LA-Z-BOY

**COLE** La-z-boy stóll, vínrautt, natur, svart áklæði.
B:85 D:80 H:103 cm.



40% AFSLÁTTUR

59.994
FULLT VERÐ: 99.990

**KIEL** svefnsófi, svart áklæði.
B.198 D. 90/122 H:83 cm.



50% afsláttur af öllum DÝNUM!

20-50% AFSLÁTTUR AF ALLRI SMÁVÖRU!

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ** Virka daga 10-18 laugard. 12-18 sunnud. 13-17



*Faðir okkar,*

**Jóhannes Elías Baldvinsson**

leigubifreiðarstjóri,
Hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði,
áður Hátúni 2, Reykjavík,

lést 28. desember að Ási í Hveragerði.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að hans ósk.

**Baldvin Elíasson** **Bergsveinn Haralz Elíasson**



*Bróðir okkar og mágur,*

**Garðar Aðalsteinn Sveinsson**

rafvirki, Blöndubakka 3, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 9. janúar.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Ágústa Sveinsdóttir**
**Berent Theódór Sveinsson** **Laufey Guðbrandsdóttir**
**Tryggvi Sveinsson** **Þóra Eiríksdóttir**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Steingrímur Karl Guðmundsson**

frá Vífilsmýrum í Önundarfirði,
Breiðvangi 4, Hafnafirði,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut 8. janúar.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 17. janúar kl. 13.00.

**Fjóla Sigurðardóttir**
**Hrönn Steingrímsdóttir** **Sigurður Kristinsson**
**Þórir Steingrímsson** **Áslaug Bjarnadóttir**
**Steingrímur Steingrímsson**
**Steinunn Fjóla Jónsdóttir**
**Rannveig Björk Þórisdóttir**
**Matthías Sævar Þórisson**
**Sigurður Gunnar Kristinsson**
**og langafabörn.**



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæru*

**Irene Gook**

Austurbyggð 17, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Víðihlíðar fyrir umhyggju og alúð.

**Auður Guðvinsdóttir** **Birgir Sveinsson**
**Baldur Guðvinsson** **Valgerður Valdemarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, stuðning og hlýhug vegna fráfalls ástkærs eiginmanns, föður og afa,*

**Ólafs Tryggva Þórðarsonar**

tónlistarmanns,

sem lést 4. desember sl.

**Dagbjört Helena Óskarsdóttir**
**Þórður Daníel Ólafsson**
**Brynhildur Nadía Þórðardóttir**



*Hjartkær sonur minn, bróðir, frændi og vinur,*

**Birgir Snæfells Elínbergsson**

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut 3. janúar, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju þriðjudaginn 17. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Fjóla Unnur Halldórsdóttir**
**Ragnar Snæfells Elínbergsson**
**Lára Halla Snæfells Elínbergsdóttir**
**Benedikt Elínbergsson**
**frændsystkin og vinir.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Sigurður Gunnar Kristjánsson (Siggi Gunni)**

Höskuldarvöllum 17, Grindavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, þriðjudaginn 10. janúar. Útför hans fer fram frá Grindavíkurkirkju, föstudaginn 20. janúar kl. 14.00.
Þökkum auðsýnda samúð.

**Guðmundur Marvin Sigurðsson** **Edda Auðardóttir**
**Margrét Kr. Sigurðardóttir** **Róbert Henry Vogt**
**María Þóra Sigurðardóttir** **Gísli G. Gíslason**
**Magnús Jenni Sigurðsson**
**Guðbjörg S. Gísladóttir** **Sigurður J. Guðjónsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



*Móðir okkar, amma og langamma,*

**Sigríður Gísladóttir**

Hofsstöðum, Garðabæ

er lést föstudaginn 6. janúar, verður jarðsungin frá Vídalínskirkju í Garðabæ miðvikudaginn 18. janúar kl. 13.00.

**Sigrún Sveinbjarnardóttir** **Jón Ögmundsson**
**Kristín Sveinbjarnardóttir** **Gylfi Matthíasson**
**Jóhannes Steingrímsson**
**Jóhannes Sveinbjörnsson** **Sigríður Soffía Böðvarsdóttir**
**Áslaug Sveinbjarnardóttir** **Sveinn A. Sæland**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, stuðning og hlýhug við andlát og útför okkar elskulega eiginmanns, föður, afa, langafa og bróður,*

**Einar Olgeirsson**

Sóltúni 11, 105 Reykjavík,

sem lést á sjúkrahúsinu í Volda, Noregi, miðvikudaginn 21. desember 2011.

**Guð blessi ykkur öll.**

**Emilía Sigurjónsdóttir**
**Septína Selma Einarsdóttir** **Arne Lothe**
**Rannveig Eir Einarsdóttir** **Hilmar Þór Kristinsson**
**Óskar Einarsson** **Nina Skjong**
**Sveinn Geir Einarsson** **Guðlaug Björnsdóttir**
**Kristinn Maríus Einarsson**
**Hólmfríður Guðrún Einarsdóttir** **Sævar Hafsteinsson**
**Olgeir Einarsson** **Unnur Skúladóttir**
**Gunnar Olgeirsson**
**Rafnkell Olgeirsson**
**afa- og langafabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

# Gissur Páll og Tríó Reykjavík

Gissur Páll Gissurarson verður sérstakur gestur á árlegum Nýárstónleikum Tríós Reykjavíkur sem haldnir verða annað kvöld. Venja er að fá einn fremsta söngvara landsins hverju sinni til að taka þátt í þessum árlegu tónleikum. „Boðið verður upp á einstaklega fjölbreytta dagskrá, þar sem lög eins og Hamraborgin, O, sole mio og Sardasinn koma við sögu. Fluttir verða ungverskir dansar eftir Brahms, spánskar og ítalskar glæsiaríur, virtúósa fiðlutónlist eftir Wieniawski, Sarasate og Ravel, en einnig verða leikin og sungin lög eftir Sigfús Halldórsson. Farið verður vítt og breitt, um Andalúsíu og Granada en endað í Vínarborg“ segir í tilkynningu frá Tríói Reykjavík sem er skipað þeim Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara, Gunnari Kvaran sellóleikara og Peter Máté píanóleikara.

Miðaverð á tónleikana, sem fara fram í Hafnarborg klukkan 20 er kr. 2.400. **- trs**



Einsöngvari
Gissur Páll Gissurarson söngvari

# Klassísk tónleikaröð í Bergi

Menningarhúsið Berg á Dalvík stendur fyrir metnaðarfullri tónleikaröð í vetur þar sem klassísk tónlist verður tekin fyrir. Nokkrir af fremstu tónlistarmönnum þjóðarinnar munu koma fram og spila. Víkingur Heiðar Ólafsson opnaði tónleikaröðina með einleikstónleikum í nóvember síðastliðnum, en nú er komið að þeim Sigrúnu Eðvaldsdóttur fiðluleikara og Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur píanóleikara að láta ljós sitt skína. Tónleikarnir verða haldnir þann 21. janúar klukkan 16.00 og fer forsala miða fram í Bergi menningarhúsi á Dalvík. **- trs**



**FIÐLULEIKARI** Sigrún Eðvaldsdóttir spilar í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík.



*Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Karólínu Guðmundsdóttur**

Austurbyggð 17, Akureyri.

**Guðmundur Heiðar Frímannsson** **Elísabet Hjörleifsdóttir**
**Gunnlaugur Frímannsson** **Guðlaug Halla Ísaksdóttir**
**Sigríður Frímannsdóttir**
**Katrín R. Frímannsdóttir** **Haraldur Bjarnason**
**Karl Frímannsson** **Bryndís B. Þórhallsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Önnu Hjartardóttur**

sem lést á taugalækningadeild Landspítalans í Fossvogi 19. desember síðastliðinn. Sérstakar þakkir og kveðjur til MND-teymis Landspítalans, starfsfólks deildar 4 í Sunnuhlíð og taugalækningadeildar fyrir einstaka umhyggju og alúð.

**Óskar Jónsson**
**Hjörtur Aðalsteinsson** **Auður Jacobsen**
**Kristján Aðalsteinsson** **Þóra Leósdóttir**
**Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir** **Þorsteinn Hallgrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | | | 5 |
| | | | | | 7 | | 2 | 9 |
| | 7 | 9 | | | 6 | | 8 | |
| | | 6 | 5 | | 4 | | 7 | |
| 9 | 8 | | | | | | 5 | 1 |
| | 2 | | 1 | | 9 | 3 | | |
| | 6 | | 2 | | | 8 | 9 | |
| 1 | 9 | | 8 | | | | | |
| 4 | | | | | | 2 | | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU 24 ER Á BONUS.IS

24



KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
KJÚKLINGABRINGUR
Skinn og beinlaus
1798 kr. kg
Kjúklingabringur, erlendar, frosnar
Deutsches Grill-Hähnchen
698 kr. stk.
Kjúklingur, erlendur, frosinn, 1,1 kg
ÚTSALA Á GRÍSAKJÖTI
40% afsláttur
998 kr. kg
Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísasnitsel
33% afsláttur
998 kr. kg
Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísakótilettur
30% afsláttur
699 kr. kg
Verð áður ~~998~~ kr. kg
Grísasíða, purusteik
30% afsláttur
1189 kr. kg
Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísahnakki, úrbeinaður
Ódýrt!
699 kr. kg
Grísahakk
30% afsláttur
1599 kr. kg
Verð áður ~~2298~~ kr. kg
Grísalundir
GJAFAKORT KRÓNAN
Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

Casa Fiesta í miklu úrvali! 15% afsláttur

598 kr. þrennan
Wilson pizzadeig, pizzasósa og durumhveiti, saman í pakka!

Casa Fiesta vörur

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Tortillas, 8 stk. í pk. | 280 kr. | Fajita Mix | 152 kr. | | |
| Tortillas, 4 stk. í pk. | 253 kr | Taco sósa, 3 teg. | 203 kr. | Sliced Jalapeno | 297 kr. |
| Taco Mix | 110 kr. | Cheese Dip | 297 kr. | Guacamole Dip | 331 kr. |

Öll verð með 15% afslætti

138 kr. pk.
Fitness popp

30% afsláttur
279 kr. pk.
Verð áður ~~399~~ kr. kg
Doritos, lightly salted, 250 g

199 kr. pk.
Granini brjóstsykur, 3 teg.

20% afsláttur
438 kr. stk.
Verð áður ~~548~~ kr. kg
Mjúkís, 4 tegundir

30% afsláttur
699 kr. pk.
Verð áður ~~998~~ kr. kg
Emmess hnetu- og daimtoppar, 6 í pk.

189 kr. stk.
Coke Light og Coke Zero, 2 l

31 kr/stk.
36 kr/stk.
30 kr/stk.
32 kr/stk.
2599 kr. pk.
Libero bleiur, 4 stærðir

| | | | |
|---|---|---|---|
| Dove fyrir herra | | Sturtusápa | 739 kr |
| Roll on | 399 kr | Svitasprey | 599 kr |

499 kr. pk.
Palmolive handsápa, 2 x 300 ml

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

**WWW.ITR.IS** er vefur Íþrótta- og tómstundastarfs í Reykjavík. Þar er að finna upplýsingar um íþrótta- og tómstundastarf fyrir 6-18 ára börn og unglinga í Reykjavík og lista yfir alla aðila að Frístundakorti ÍTR ásamt frístundamiðstöðvum borgarinnar.






## BRANDARAKISTAN

**Hvað er það sem blotnar ekki þegar rignir?**
**Sjórinn.**

**Hvað er stórt og grátt og fer hring eftir hring?**
**Fíll fastur í snúningshurð.**

**Hvað sagði appelsínan við fílinn?**
**Ekki orð, appelsínur kunna ekki að tala.**

**Hvernig veistu að það er fíll undir rúminu þínu?**
**Nefið á þér er klesst upp við loftið.**

**Hvað geturðu kallað górillu sem er með banana í eyrunum?**
**Hvað sem er, hún heyrir ekki í þér.**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***

# FRIÐRIK DÓR ER FRÆGARI

**Jón Jónsson grét á sinni fyrstu fótboltaæfingu og fór að semja tónlist þegar hann var ellefu ára. Nú ritstýrir hann Monitor, spilar með FH og er vinsæll söngvari.**

***Hvort er skemmtilegra að spila fótbolta, semja tónlist eða búa til blað?*** „Það er skemmtilegast að fá útrás fyrir orkuna í fótboltanum, útrás fyrir sköpunargleðina og athyglissýkina í tónlistinni og að kynnast svona mörgum mismunandi einstaklingum við gerð Monitor.“

***Hvenær fórstu að spila fótbolta?*** „Ég var fjögurra ára. Þá fór ég á æfingu í sal í gamla Lækjarskóla í Hafnarfirði. Ég held ég hafi grátið á fyrstu æfingunni þegar pabbi skildi mig eftir. Svo fékk ég fljótt mikinn áhuga.“

***Hver er uppáhaldsíþróttamaðurinn?*** „Frændur mínir Davíð Þór, Arnar Þór og Bjarni Þór Viðarssynir og Emil Hallfreðsson í fótboltanum og Ásgeir Örn Hallgrímsson í handboltanum.“

***Hvenær samdirðu fyrsta lagið?*** „Ég var svona ellefu ára. Tólf ára söng ég svo frumsamið lag gegn reykingum í Íslandi í dag.“

***Þarf maður að fara í skóla til að verða tónlistarmaður?*** „Ekki endilega, áhuginn skiptir mestu. Ég mæli þó með því að fá leiðsögn, til að byrja með. Sjálfur lærði ég á klassískan gítar frá átta til átján ára og sá grunnur hjálpar mjög mikið.“

***Hvernig tónlist finnst þér skemmtileg?*** „Svipuð tónlist og ég spila. En þegar ég vil dansa þá hlusta ég á vandaða RnB-tónlist.“

***Áttu þér uppáhaldssöngvara?*** „Já, Gavin DeGraw, John Mayer og Feist. Og svo auðvitað Frikka Dór.“

***Hvernig er að eiga frægan bróður eins og Friðrik Dór?*** „Það hefur alltaf verið gaman að eiga hann fyrir bróður og hann hefur ekkert breyst við að komast í sviðsljósið. Við höfum brallað ýmislegt og höfum báðir áhuga á tónlist, fótbolta og glensi.“

***Hvor ykkar er frægari?*** „Friðrik gaf út lag hálfu ári á undan mér, var á forsíðu Monitor hálfu ári á undan og gaf út plötu hálfu ári fyrr. Ætli hann sé ekki hálfu ári frægari.“



***Hvor er betri í fótbolta?*** „Ég er miklu betri. Spurning hvort hann sé sammála. Efast um það. Hann var samt skotfastari en ég. Má eiga það.“

***Hver er frægasta stjarnan sem þú hefur tekið viðtal við?*** „Ég tók viðtal við heimsmeistarann í CrossFit, Annie Mist og forvera minn, Björn Braga Arnarsson.“

***Hver er skemmtilegasti viðmælandinn?*** „Björn Bragi, af því að hann er svo góður vinur minn og því gátum við bullað einstaklega mikið.“

***Hvað gerirðu í frítímanum?*** „Hann er ansi lítill þegar maður stússar svona mikið. Hér heima er bara best að taka því rólega heima fyrir eða hjá vinunum.“

> Friðrik gaf út lag hálfu ári á undan mér, var á forsíðu Monitor hálfu ári á undan og gaf út plötu hálfi ári fyrr. Ætli hann sé ekki hálfu ári frægari.“

***Áttu kærustu?*** „Já. Ég og Hafdís Björk erum búin að vera saman í meira en níu ár.“

***En gæludýr?*** „Nei. Blessuð sé minning gullfiskanna.“

***Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?*** „Grjónagrautur og lifrarpylsa.“

***Hver er uppáhalds teiknimyndin þín?*** „The Lion King. En bráðum verður það The Lorax.“

***En ofurhetjan þín?*** „Batman af því að hann hefur enga ofurkrafta heldur er bara svo klókur.“

***Barnabókin?*** „Ekkert að marka og Ekkert að þakka eftir Guðrúnu Helgadóttur.“

***Hvað langar þig að gera þegar þú verður stór?*** „Draumurinn er að ferðast um heiminn og spila tónlist.“



## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir.is
“...ég sá það á vísi”




## KRAKKAKYNNING

### Björn Þór Sverrisson

**Aldur:** Verð 7 ára 8. desember.

**Í hvaða skóla ertu:** Flataskóla í Garðabæ.

**Í hvaða stjörnumerki ertu:** Bogamaður.

**Áttu happatölu?** Já, það er 24 og hún hefur verið happatalan mín síðan ég var 5 ára.

**Helstu áhugamál/hvað gerirðu í frístundum þínum?** Leika mér með bíla og Playmo. Ég spila á flautu og æfi handbolta með Stjörnunni.

**Besti matur?** Hamborgari sem pabbi grillar.

**Hvaða námsgrein er í eftirlæti?** Smíði og svo er gaman í frímínútum.

**Eftirlætistónlistarmaður/hljómsveit?** Michael Jackson, mig langar að læra Michael Jacksons dans.

**Uppáhalds litur?** Dökkblár.

**Hvað gerðirðu í sumar?** Ég fór í sumarbústað og líka í útilegu með ömmu og afa. Ég eignaðist líka lítinn bróður og fór oft með mömmu í göngutúr.

**Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið?** Lísa og galdrakarlinn í Þarnæstugötu.

**Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðinn stór?** Atvinnumaður í handbolta og svo smiður.






# RENNA MILLJÓNIR TIL ÞÍN?

**Fimmfaldur Lottópottur** stefnir í **43 flughálar milljónir.**
**Leyfðu þér smá Lottó!**

Lottó

14/01 2012 | WWW.LOTTO.IS

THE EUROPEAN LOTTERIES — RESPONSIBLE GAMING CERTIFIED

WORLD LOTTERY ASSOCIATION WLA

facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
**facebook.com/lotto.is**

Fíton/SÍA

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** gas, **6.** óhreinindi, **8.** blása, **9.** útdeildi, **11.** tveir eins, **12.** deyfa, **14.** einkennis, **16.** tímaeining, **17.** gagn, **18.** tæfa, **20.** eyrir, **21.** muldur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** reigingslegur gangur, **3.** gat, **4.** pensillín, **5.** hald, **7.** köldusótt, **10.** óvild, **13.** vöntun, **15.** bakhluti, **16.** stefna, **19.** kvað.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** loft, **6.** im, **8.** púa, **9.** gaf, **11.** kk, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** ár, **17.** nýt, **18.** tík, **20.** fé, **21.** taut.
**LÓÐRÉTT: 1.** rigs, **3.** op, **4.** fúkalyf, **5.** tak, **7.** malaría, **10.** fæð, **13.** van, **15.** stél, **16.** átt, **19.** ku.











# Með höfuðið uppi í rassgatinu

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**



Nýtt upphaf hefur alltaf heillað mig, sama hversu stóran eða lítinn viðburð það felur í sér. Ég endurræsi tölvuna mína oft á dag, hendi reglulega öllu úr ísskápnum mínum og læt stundum þvo öll fötin mín í einu. Allt í nafni endurnýjunar. Ég hef skipt nokkuð reglulega um vinnu síðustu ár og eftir misheppnuð ástarsambönd rofar ekki til í huga mínum fyrr en ég átta mig á ferskleikanum sem felst í nýju upphafi.

**HÖFUÐ** mitt er fast svo langt uppi í rassgatinu á mér að ég á afar erfitt með að setja mig í spor annarra. Þess vegna skil ég ekki ótta fólks við nýtt ár og viðleitnina til að láta áramót breyta sér í nýja manneskju, helst á einum mánuði: „Fokk! það er komið nýtt ár! og ég er ennþá sami fávitinn! verð að breyta því!“

**KLUKKAN** hefur varla slegið tólf á miðnætti þann 31. desember þegar líkamsræktarstöðvar byrja að moka út árskortum. Eðli mannskepnunnar samkvæmt breytast þessi kort svo sjálfkrafa í einhliða fjárhagslegan stuðning við stöðvarnar um miðjan febrúar. Steiktur kjúklingur byrjar svo aftur að seljast sem aldrei fyrr. Svo mikið að kjúklingastaðirnir ná ekki einu sinni að manna allar stöðurnar við djúpsteikingarpottana. Nýtt ár og óttinn við það veltir sömu dómínókubbum af stað á hverju ári. Múrmeldýradagur dauðans.

**ÞETTA** er svo mikill misskilningur því nýtt ár er ekkert sem þarf að óttast. Jafnvel þótt janúar sé miskunnarlaus mánuður að mörgu leyti; kaldur, dimmur og það er andskotans ekkert í sjónvarpinu, fyrir utan blessaðar íþróttirnar. Sem ég elska. En við sjóndeildarhring janúar blasir við eintóm sæla, sumar og sól. Janúar er botninn á árinu, en þar er einmitt besta spyrnan og leiðin liggur aðeins upp. Með hækkandi sól og alls kyns væmnisvæli sem ég ætla ekki að skrifa.

**EF** ofangreint raus er ekki ástæða til að líta framtíðina björtum augum, þá á ég nokkur góð ráð. Fólk getur prófað að strá þurrkuðum dúfuskít yfir lappir sínar, en sumir segja að það færi fólki mikla farsæld, þó ég hafi ekki sannreynt aðferðina. Loks ættu þeir sem borðuðu augnbaunir um áramótin ekki að þurfa að óttast, þeir eiga nefnilega eftir að hagnast mikið á árinu. Samkvæmt einhverju gömlu bulli.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Skemmtilegasta
ÚTSALA
ársins!
Allt að
70%
afsláttur
STEBBI&EYFI
fleiri notalegar ábreiður
40% afsláttur
1.699
2. 799
LAY LOW
BROSTINN STRENGUR
40% afsláttur
1.699
2. 799
40% afsláttur
1.599
2. 599
TÓNLIST FRÁ 499
499
499
REM
499
ACCELERATE
MILEY CYRUS
499
ROD STEWART
499
499
499
499
JÓGVAN
AC/DC
IRON MAN 2
999
999
TOM JONES
GREATEST HITS
999
999
VINALÖG
999
DVD frá 699
Leikir frá 999
Sódóma
STEINDINN OKKAR
699
999
50% afsláttur
1.499
2. 999
FIFA 12
BATTLEFIELD 3
COMMAND & CONQUER
30% afsláttur
7.999
11.999
30% afsláttur
7.999
11.999
999
S·K·Í·F·A·N
KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS




# SPENNANDI SALATBAR



## Sjáðu úrvalið!

Yfir 40 spennandi réttir t.d.

- Rifinn kjúklingur
- Spínat
- Klettasalat
- Surimisalat
- Núðlur í súrsætri
- Rótargrænmeti
- Egg
- Túnfiskur




**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

24 Hagkaup

Gildir til 23. janúar á meðan birgðir endast.

# GÓÐ HEILSA GULLI BETRI

**KÓKOS & ANANAS**
1 banani, ½ epli, ¼ ananas, kókosmjólk og smá sítróna

**MANGÓ & APPELSÍNU**
¾ mangó, ½ banani, 1½ epli, 1 appelsína, ½ ástríðuávöxtur og smá sítróna

**GOJI & ACEROLA**
6 goji ber, 4 acerola kirsuber, 1½ pera, ½ mangó, ¼ banani, ½ guava & 25 vínber



TILBOÐ
FROOSH
**299** kr/stk.
Verð áður 349.-

**FROOSH ÁVAXTA SMOOTHIE**
Stútfullur af ávöxtum. Geggjaður á milli mála eða hvenær sem er! Froosh inniheldur engin litar- eða rotvarnarefni.

**QNT CARBO LOAD**
100g af kolvetni. Orkudrykkur sem kemur þér í gegnum hvaða æfingu sem er. Engin örvun - bara hrein orka.



TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**QNT TERMO BURN**
Hjálpar þér að léttast hratt og örugglega! Vinsælasti brennsludrykkurinn á Íslandi.



TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

## DRYKKIR SEM HJÁLPA ÞÉR AÐ NÁ ÞÍNU MARKMIÐI

**QNT TERMO BOOSTER**
Vatnslosandi brennsludrykkur sem gefur orku en er samt 0 kaloríur - getur það verið betra?



TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**QNT PROTEIN SHAKE**
Kóngurinn í próteinsjeikum. 53 gr af próteini. Hentar vel beint eftir æfingu.



TILBOÐ 20% afsláttur við kassa



TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**KNUDSEN LÍFRÆNIR SAFAR** ERU FRAMLEIDDIR ÚR NÁTTÚRULEGUM NÆRINGAREFNUM

**COQ10**
Spilar mikilvægt hlutverk í orkuframleiðslu líkamans.



TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**VITABIOTICS VÍTAMÍN**
Margverðlaunuð og mest seldu vítamín í Bretlandi. Öll nauðsynleg vítamín í einni töflu



NÝTT VITABIOTICS VÍTAMÍN



TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**BIO-KULT CANDÉA**
hefur reynst vel bæði til að fyrirbyggja og meðhöndla Candida sveppasýkingu. 100% náttúruvara sem er örugg fyrir börn, barnshafandi og mjólkandi mæður.



TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**CLIPPER DETOX TE**
Ljúffengt og bragðgott te sem inniheldur lakkrísrót, nettlu og aloa vera. Létt hreinsun.



TILBOÐ
CLIPPER ORGANIC DETOX
**399** kr/pk.
Verð áður 529.-



**SYNTHA-6**
Fæst í Skeifu, Kringlu og Smáralind

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**AMINO ENERGY**
Orka fyrir æfingar eða yfir daginn. Inniheldur grænt te og grænt koffín. Vatnslosandi og eykur fitubrennslu.



TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

NÝTT ALOA VERA SAFAR



KYNNING
Í DAG kl.13-16
í Smáralind, Skeifunni og Garðabæ

TILBOÐ
ALOA VERA SAFAR
**299** kr/stk.
Verð áður 329.-

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# menning
menning@frettabladid.is

**Í DAG OPNAR SÝNING** færeyska ljósmyndarans Regin Weihe Dalsgaard í Norræna húsinu undir nafninu 2 mínútur. Myndirnar á sýningunni eru teknar á tveimur mínútum og sýna grindhvaladráp í Færeyjum, en meginþema sýningarinnar eru viðbrögð áhorfenda, frekar en drápin sjálf. Sýningin stendur til 12. febrúar.

## Gripið í tómt á Kjarvalsstöðum


**KASSAR GERA VÍÐREIST** Kassar á borð við þennan hafa verið vettvangur listamanna víða um Evrópu.

„Það verður til nokkurs konar sjónræn hringiða inni í kassanum," útskýrir myndlistarmaðurinn Erling T. V. Klingenberg, sem opnar í félagi við Aðalstein Stefánsson sýninguna Gripið í tómt á Kjarvalsstöðum í dag. Verkið unnu þeir sérstaklega fyrir forsmíðaðan kassa frá Ríga í Lettlandi. Verkefnið er skipulagt af EPAC, European Public Art Center, og hafa sams konar kassar verið vettvangur listamanna í Lettlandi, Eistlandi, Finnlandi, Portúgal, Spáni og Póllandi.

Verk sitt kalla Erling og Aðalsteinn Gripið í tómt og vísar titillinn í algenga reynslu hins almenna borgara þessi árin, andspænis efnahagsástandinu í vestrænum heimi og utan hans, þar sem margt hverfur í hringiðuna sem sogar allt á ófinnanlega staði.

„Við ætluðum upphaflega að láta verkið standa á Klambratúninu, en í storminum um daginn sáum við að það borgaði sig sennilega að hafa það inni við, en það stendur við austursal Kjarvalsstaða svo það er hægt að skoða það allan sólarhringinn," segir Erling.

Sýningin opnar í dag klukkan 4.

- hhs


**Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur**

þakkar af alhug öllum þeim fjölmörgu sem með vinnuframlagi og fjármunum aðstoðuðu við jólaúthlutun Mæðrastyrksnefndar 2011.

Guð blessi ykkur öll.

Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur

MÆÐRASTYRKSNEFND REYKJAVÍKUR



**Leikfélag Reykjavíkur 115 ára**

Dagskrá í Borgarleikhúsinu um Jón Múla og Jónas Árnasyni mánudaginn 16. janúar kl 18:00

Viðar Eggertsson segir frá söngvaleikjum þeirra bræðra og fluttur stuttur leiklestur úr Delerium Búbónis.

Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Jóhann Sigurðarson, Jóhann G. Jóhannsson, Edda Þórarinsdóttir og Troels Bendtsen flytja lög úr verkum Jóns Múla og Jónasar Árnasona.

Sýndir verða heimildarþættir um listamennina Guðrún Ásmundsdóttir og Steinþór Sigurðsson, en bæði eru heiðursfélagar Leikfélags Reykjavíkur.

Kynnir er Marta Nordal.

*Samkoman er öllum opin og aðgangur er ókeypis.*




# Hélt fyrstu einkasýninguna þegar hún var um áttrætt

**Í dag verður opnuð sýning á verkun Karenar Agnete Þórarinsson í Listasafni Reykjavíkur. Karen fékkst við listmálun alla ævi en „málaði lítið og hægt" að eigin sögn.**


**ENDURFUNDIR** Fréttablaðið fékk að smella af mynd þegar Helga Möller leit við hjá Steinunni L. Steinsen, eiganda verks sem Karen Agnete Þórarinsson málaði af Helgu þegar hún var um tíu ára gömul. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Karen Agnete Þórarinsson tilheyrir hópi danskra kvenna sem fylgdu íslenskum eiginmönnum heim frá Kaupmannahöfn á fyrri hluta 20. aldar eftir nám við dönsku listaakademínua.

Hún hreifst af landi og þjóð og næstu sex áratugina málaði hún og sýndi verk sín víða um land og varð virtur og vel þekktur málari. Eiginmaður Karenar var Sveinn Þórarinsson.

Í grein sýningarstjórans, Hrafnhildar Schram, í sýningarskrá segir meðal annars: „Í upphafi var Karen Agnete yfirleitt ekki nafngreind en skírskotað til hennar sem „frúarinnar" eða „konu listamannsins". Hún málaði „lítið og hægt", eins og hún sagði sjálf, og það kom fyrir að hún vann að sömu myndinni í lengri tíma með hléum. Á fleiri samsýningum þeirra hjóna fylltu verk hennar varla hálfan tug. Það var ekki fyrr en listakonan var á áttugasta og fyrsta aldursári að fyrsta einkasýning hennar á Íslandi var haldin í Gallerí Borg í Reykjavík árið 1984. Þar sýndi hún þrettán olíumálverk sem unnin voru á árunum 1980–1984. Engu að síður átti hún að baki sex áratuga listferil þegar hún lést og því er lífsverkið umtalsvert."

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum leggur Hrafnhildur Schram áherslu á að kynna þá myndaflokka sem Karen Agnete sinnti hvað mest en það voru mannamyndir, náttúrustemmur og blóm og kyrralíf. Sýning á verkum Karenar verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur í dag klukkan fjögur.

sigridur@frettabladid.is

### ENDURFUNDIR VIÐ MÁLVERK

Helga Möller, auglýsingstjóri tímaritsins Atlanticu, bjó í nágrenni við hjónin Karen Agnete og Svein Þórarinsson í æsku. „Ég átti heima við Ægisíðu en þau á Kvisthaga. Þau voru mjög barngóð og við krakkarnir kynntumst þeim. Ég átti gulan páfagauk á þessum tíma sem ég tók oft með mér út og lét standa á hendinni minni." Stúlkan með fuglinn vakti athygli Karenar Agnetu sem spurði Helgu hvort hún væri til í að sitja fyrir hjá sér. „Ég játti því en gerði mér enga grein fyrir því hversu langan tíma þetta myndi taka en ég þurfti að koma aftur og aftur og var orðin dálítið framlág og þreytt á því að halda fuglinum." Helga minnist þess að þegar faðir hennar ætlaði að fá að sjá myndina var hún komin á sýningu í Kaupmannahöfn og vissi hún ekki betur en hún hefði verið seld þar. Þegar hún fékk svo boðskort á yfirlitssýninguna í Listasafni Reykjavíkur fór hún að grennslast fyrir um það hjá Soffíu Karlsdóttur, kynningarstjóra Listasafnsins, hvort á sýningunni væri að finna mynd af stúlku með gulan páfagauk. Svo var reyndar ekki en Soffía hafði upp á eiganda málverksins fyrir hana en hann reyndist vera Steinunn L. Steinsen. Fréttablaðið hafði samband við Steinunni og komst að því að hún keypti verkið af listakonunni fyrir 30 árum fyrir milligöngu Ríkharðs Hördal forvarðar. „Ég heimsótti hana og keypti svo þessa mynd," sagði Steinunn. Helga telur að Karen hafi mögulega málað fleiri myndir en eina eftir skissum af henni, „ég man það að á myndinni sem ég sá var ég í bláum og hvítum kjól, sem er ekki raunin á þessari mynd," segir Helga sem hafði mjög gaman af því að sjá málverkið af sér, um hálfri öld eftir að það var málað. „Það má segja að þetta hafi verið fyrsta fyrirsætustarfið mitt," segir Helga en hún starfaði sem fyrirsæta um árabil eins og margir muna.

# Landið, fólkið, tungan og tæknin

Bókmenntir ★★★★

**Jarðlag í tímanum**

Hannes Pétursson

**Opna**




Hannes Pétursson hefur frá upphafi ferils síns verið þekktur fyrir kröftugt og litríkt tungutak og næmni á sögu, fólk og náttúru. Á það jafnt við um ljóð hans og prósa og minningabrotin í Jarðlag í tímanum eru engin lykkja á þeirri leið.

Hér lýsir skáldið uppvaxtarárum sínum á Sauðárkróki fyrir miðja síðustu öld, bregður upp myndum af staðháttum, náttúru, híbýlum og fólkinu sem plássið byggir. Sá heimur sem hann lýsir er nútímalesanda nánast eins framandi og heimur Íslendingasagna: Sjávarkauptún með dönskum blæ, þar sem sýslumaðurinn sprangar um í fullum embættisskrúða, skrifstofumenn vinna á fleiri en einni skrifstofu, konur klæðast betri fötum seinni part dags og daglaunamenn safnast saman á götuhornum í lok vinnudags og spjalla. Allt þetta minnir fremur á norrænar kvikmyndir sem gerast eiga um síðustu aldamót en íslenskan raunveruleika.

Eitt er þó óbreytt. Uppgötvanir barnsins á umhverfi sínu og veruleika virðast ekki taka mið af umhverfi og staðháttum heldur eigin huga og þeirri barnslegu sýn að heimurinn sé undraland þar sem ævintýrin leynast við hvert fótmál og stuttur göngutúr býður upp á óvæntar uppákomur og nýjar uppgötvanir. Lýsingarnar á heimi barnsins eru það sem upp úr stendur að lestri bókarinnar loknum og hefðu að ósekju mátt fá meira rúm á kostnað lýsinga á umhverfi, staðháttum og fólkinu í kauptúni og sveit, þótt þær lýsingar séu sannarlega listavel gerðar og opni lesanda nýjan heim. Margt af því sem þar kemur fram mætti flokka sem þjóðlegan fróðleik. Hér er til haga haldið ýmsum þáttum úr daglegu lífi Íslendinga á horfinni öld þegar veröldin sem var stóð á hengiflugi breytinganna.

Það er fleira en heimurinn sem bókin lýsir sem tilheyrir horfnum tíma. Tungumálið er gulldartungumál íslenska sveitasamfélagsins og aftur og aftur grípur lesandi andann á lofti yfir krafti og fegurð þessa tungutaks, sem er eins langt frá því að vera uppskrúfað og mögulega er hægt að komast. Hver hugsun er fullkomlega mótuð og skilað í einföldum, knöppum stíl þar sem hvert orð hefur vægi. Svona texti sést ekki lengur á prenti, hvað þá að þetta tungumál heyrist í daglegu tali. Eiginlega ætti að skylda alla sem senda frá sér texta á íslensku til að lesa þessa bók og lesa hana vel. Melta hverja setningu og skynja þá möguleika sem tungumálið býður upp á.

Friðrika Benónýsdóttir

**Niðurstaða:** Blanda af þjóðlegum fróðleik og minningabrotum úr heimi barns á öndverðri síðustu öld. Gullaldartexti sem ætti að vera skyldulesning.

# Fylgdist með kærleiksríkri fjölskyldu

„Það eru svo miklir fordómar í okkur. Við vitum að það er risastór bransi að selja fólk, af öllum kynþáttum, en þetta er örugglega það fyrsta sem kemur upp í huga margra Íslendinga þegar þeir sjá asíska konu með hvítum karli: að hún hafi verið keypt,“ segir Guðrún Þórsdóttir sem opnar sína fyrstu heimildaljósmyndasýningu, Engin hlutverk, í Flóru í Listagilinu á Akureyri klukkan 14 í dag.

Guðrún er formaður VG á Akureyri og hefur starfað mikið við menningar- og mannúðarmál í gegnum tíðina, en hún lýkur námi af fagurlistadeild Myndlistarskólans á Akureyri í vor. Á sýningunni beinir hún sjónum sínum að asískum eiginkonum hér á landi.

„Ég var svo heppin að fá að fylgjast með fjölskyldu á Akureyri í tíu daga, þar sem mamman er frá Taílandi, pabbinn er íslenskur og börnin eru þrjú. Við náðum góðu sambandi í gegnum gagnkvæma virðingu, enda frábær og kærleiksrík fjölskylda,“ segir Guðrún.

Sýningin stendur til 3. mars 2012 og er opin fimmtudaga frá 10 til 18, föstudaga frá 10 til 16 og laugardaga frá 14 til 16.

- kg




**ENGIN HLUTVERK** Guðrún var fluga á vegg hjá Sunnu Natthakarn Jaroensuk og fjölskyldu hennar. Afraksturinn er sýning hennar sem opnar í dag.

MYND/GUÐRÚN ÞÓRSDÓTTIR

## Galastemning í Salnum

**Sunnudaginn 15. janúar klukkan 13 verða Vínartónleikar í Salnum í Kópavogi. Tónleikarnir eru hluti af fjölskyldutónleikaröðinni Töfrahurðin.**



JÓHANNES STRAUSS

**Vínarvalsarnir verða leiknir af Skólahljómsveit Kópavogs undir stjórn Össurar Geirssonar. Með hljómsveitinni koma einnig fram Gissur Páll Gissurarson, tenór og Valdís Gregory, sópran. Boðið verður upp á danskennslu og konungur valsanna, Jóhannes Strauss frá Vín, mætir líka á svæðið. Nemendur í Listdansskóla Íslands dansa Vínarvalsa og taka þátt í danskennslunni. Kynnar á tónleikunum verða leikararnir Sigurþór Heimisson og Kolbrún Anna Björnsdóttir.**

**Fyrir tónleikana, klukkan 12.30, verður sprell og áramótafjör í anddyri Salarins. Áheyrendur eru hvattir til að mæta í sínu fínasta pússi; galakjólum og smóking.**

## Áhersla á popptónlist

Poppkórinn Vocal Project heldur tónleika laugardaginn 14. janúar klukkan 15 í Digraneskirkju í Kópavogi. Stjórnandi hans er Matthías V. Baldursson. Píanóleikari á tónleikunum er Pálmi Sigurhjartarson og slagverksleikari er Þorbergur Ólafsson.

Vocal Project er rúmlega eins árs gamall blandaður 70 manna kór sem leggur áherslu á að flytja vandaða popptónlist í flottum útsetningum. Hressandi og skemmtileg efnisskrá tónleikanna ætti því ekki að svíkja neinn.

Aðgangseyrir er 2.000 krónur en 1.000 krónur kostar fyrir börn á aldrinum fjögurra til tólf ára.

## Kvöld hinna glötuðu verka

**Í kvöld klukkan 20 verður haldið hátíðlegt kvöld hinna glötuðu verka og verka sem eru föst í formi hugmyndar í Artíma Gallerí, Smiðjustíg 10.**

**Þeir listamenn sem taka þátt eru meðal annarra Ólöf Björnsdóttir, Sara Björnsdóttir, Snorri Ásmundarson og Rakel McMahon.**

**Ætlunin er að safna gögnum um verk sem gerð hafa verið og engar heimildir eru til um, sem hafa kannski aldrei verið framin, eða þá ný verk sem enn þá eru á hugmyndastiginu.**




# Hugmyndasamkeppni

## um göngu- og hjólabrýr yfir Elliðaárósa



**Reykjavíkurborg og Vegagerðin í samvinnu við Arkitektafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands efna til tveggja þrepa samkeppni um göngu- og hjólabrýr yfir Elliðaárósa, ásamt stígum að þeim og yfir Geirsnef.**

Tilgangur samkeppninnar er að fá fram frjóar og áhugaverðar en jafnframt raunhæfar hugmyndir um nýja göngu- og hjólaleið yfir Elliðaárósa. Eftir fyrra þrep samkeppninnar verða valdar þrjár tillögur til nánari útfærslu í seinna þrepi. Gert er ráð fyrir að samið verði við höfunda fyrstu verðlaunatillögu um áframhaldandi hönnun á verkefninu til útboðs.

Markmið hjólreiðaáætlunar Reykjavíkurborgar er að skapa umhverfi sem hvetur til hjólreiða. Umferð hjólandi og gangandi yfir Elliðaár er mikil og mun aukast með tilkomu fyrirhugaðra brúa. Brýrnar verða áberandi í borgarlandinu og því mikilvægt að þær falli vel að nánasta umhverfi.

**Skilafrestur tillagna í fyrra þrepi samkeppninnar er til og með 13. febrúar 2012**

Nánari upplýsingar er að finna í keppnislýsingunni, sem er aðgengileg á vefsíðum Reykjavíkurborgar http://gongu-og-hjolabryr.reykjavik.is

Ítargögn fá þeir sem skrá sig til þátttöku og greiða þátttökugjald kr. 5000.

VEGAGERÐIN

# Hvor var Axlar-Björn?

Leikhús ★★★

**Axlar-Björn**
eftir Björn Hlyn Haraldsson

**Sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins.**

**Leikarar:** Atli Rafn Sigurðarson og Helgi Björnsson **Leikmynd:** Axel Hallkell Jóhannesson **Lýsing:** Kjartan Þórisson **Búningar:** Mundi **Tónlist:** Kjartan Sveinsson **Hljóðmynd:** Eiríkur Sigurðsson **Handrit og leikstjórn:** Björn Hlynur Haraldsson

Gestamorðingjanum fræga af Snæfellsnesi hefur lítil athygli verið sýnd í nokkur hundruð ár þar til leikhúsfólk er nú allt í einu orðið sólgið í að gera hann að sínum. Það eru ekki nema örfáir mánuðir síðan saga Axla-Bjarnar var frumsýnd á Rifi á Snæfellsnesi og var þar saga hans rakin með blóði og tilheyrandi slettum og sagt frá örlögum gesta hans. Nú er hann kominn upp í annarri mynd hjá þeim Vesturportsmönnum á Litla sviði Borgarleikhússins. Frumsýning á miðvikudegi, öll sæti skipuð og eftirvænting í salnum. Eitthvað íslenskt, eitthvað nýtt og svo auðvitað Helgi Björns.

Innblásinn af voðaverkum Axlar-Bjarnar leitar höfundurinn Björn Hlynur að skýringu á glæpsamlegri hegðun ungs manns sem telur sig vera umræddan Björn Pétursson og er líklega hjá geðlækni þegar leikurinn hefst. Þeir bregða sér í gervi hvor annars og í tryllingslegri hegðun hins unga er sagan gamla rakin. Helgi í hlutverki sála tekur á móti veika og seka unga manninum og fær hann til þess að segja sér sögu sína um leið og sá ungi krefur lækninn eða sálfræðinginn um skýringu á hans lífi. Sá ungi gleypir við frásögnum sála og gerir þær að sínum á ýmsum stöðum í framvindu verksins.

Þetta er á köflum svolítið smart valdabarátta en óskiljanleiki er engu að síður orð sem kemur fram á varirnar og leitar svolítið á hugann svona eftir á. Höfundur segir í leikskrá að sagan sé stútfull af verðmætu þýfi eins og margt sem gott er. Það er náttúrulega eðlilegt að það þurfi að koma víða við þegar búa á til skýringu á brjálæðingshegðun. Hljóðmyndin sem Eiríkur Sigurðsson er skrifaður fyrir, var mjög ágeng með alls kyns keðju- og sagarhljóðum, höggum og gný. Ungi maðurinn þykist ekkert óttast nema ef vera skyldi trúða.



**AXLAR-BJÖRN** Helgi og Atli Rafn skila leik sínum í Axlar-Birni ágætlega, segir í leikdómi.

Skyndilega birtist sáli í slíku gervi og eins sem sjónvarpsþáttastjórnandinn frægi sem fær fólk til að segja óhugnanlega hluti um sína nánustu. Helgi fór á kostum í þessum tveimur atriðum og auðvitað bráðnaði salurinn þegar þeir félagar brustu út í eggjastokkasöng. Viðmiðið Axlar-Björn himself hafði vit á því að ganga frá sínum kvalara. Hér eru lítil börn sýnd í brúðugervi og með því að hálshöggva aðra brúðuna verða hlutirnir svolítið eins og Rambóleikur í stað þess að gefa ofbeldið í skyn sem hefði líklega hrifið áhorfendur meir.

Það er í raun erfitt að segja nokkuð um þessa sýningu annað en að þeir félagar skiluðu leik sínum ágætlega. Atli brá sér í mjög mörg hlutverk, bæði kvenna og barna en engu að síður var mjög erfitt að finna til nokkurrar samúðar með persónunum. Niðurstaðan á kannski að vera að þeir sem verða fyrir ógeði verði ógeðslegir. Leikmynd Axels Hallkels Jóhannessonar var að því leytinu sniðug að þeir félagar á stofunni sátu í raun og veru á taflborði, veggirnir voru þunnir. Að veggurinn hrynur yfir aðalpersónuna í lokin á kannski að skýrskota til annars hruns, það verður nú bara hver og einn að reyna að lesa í, því nóg var nú af táknunum.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Sýningin er saga um sögu, stútfull af skírskotunum sem lenda í hrærigraut.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 14. janúar**

### ➜ Tónleikar

**15.00** Poppkórinn Vocal Project heldur tónleika í Digraneskirkju í Kópavogi. Um er að ræða 70 manna blandaðan kór sem leggur áherslu á að flytja vandaða popptónlist í flottum útsetningum. Aðgangseyrir er kr. 2.000 en kr. 1.000 fyrir börn 4-12 ára.

**20.00** Hundur í óskilum og Lúðrasveitin Svanur munu leiða saman hesta sína á tónleikum í Hofi, Akureyri. Tónleikarnir verða í bland glens og alvara. Miðaverð er kr. 2.900.

### ➜ Sýningar

**14.00** Guðrún Þórsdóttir opnar myndlistarsýninguna Engin hlutverk í Flóru, Listagilinu á Akureyri. Sýningin stendur til 3.mars.

**15.00** Opnuð verður sýning á verkum Önnu Líndal í Listasafni ASÍ. Sýningin ber yfirskriftina Kortlagning hverfulleikans, mapping the impermanence. Aðgangur er ókeypis.

**16.00** Opnun sýningarinnar Draumalandið mitt í norðri á Kjarvalsstöðum. Um er að ræða sýningu á málverkum listakonunar Karenar Agnete Þórarinsson.

**16.00** Verkið Gripið í tómt eða Grabbing the void verður opnuð á Kjarvalsstöðum. Um er að ræða verk eftir listamennina Erling T. V. Klingenberg og Aðalstein Stefánsson sem er sérstaklega unnið fyrir evrópskt verkefni sem er skipulagt af EPAC-European Public Art Centre.

**17.00** Sýning Alex Raso, Words don't come from under a cabbage leaf opnar


Dómkórinn getur bætt við sig söngfólki í allar raddir.

Áheyrnarprufur verða þriðjudaginn 17. janúar frá kl. 17 - 19 í Dómkirkjunni.

Framundan eru spennandi verkefni, m.a. 30 ára afmæli Tónlistardaga Dómkirkjunnar og Requiem eftir Mozart.

Nánari upplýsingar hjá Kára Þormar í síma 891 - 6934, organisti@domkirkjan.is eða hjá Dómkórsfélögum.

12 vikna söngnámskeið!

SÖNGVAFJÖR!

Söngnámskeið fyrir hressa krakka á aldrinum 9-16 ára

Syngdu með undirleik og lærðu í leiðinni allt um raddbeitingu, sviðsframkomu, hljóðnematækni og annað sem söngvari þarf að vita. 4-5 í hóp.
Upptaka á geisladisk og lokatónleikar setja svo punktinn yfir i-ið í lok námskeiðsins. Kennt í Tónlistarskóla Árbæjar
**Kennari:** Erla Stefánsdóttir söngkona
**Námskeiðið hefst fimmtudaginn 19.janúar**

Nánari upplýsingar er að finna á www.tonarb.net og í síma 861-6497 og 587-1664 (14.00-16.00 virka daga)

Tónlistarskóli Árbæjar
tonarb@heimsnet.is

Tónlistarskóli Árbæjar

Fullt af barnaefni á 0 kr.

Vöknuðu börnin fyrir klukkan sjö í morgun?
Sjónvarp Símans
- svo þú getir kúrt aðeins lengur

siminn.is

Síminn

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Félag Fasteignasala

vísir.is
...ég sá það á Vísi

Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánudögum.

FASTEIGNIR.IS

nicorette® Nýárstilboð

20%
afsláttur
af öllum pakkningastærðum af:

Nicorette fruitmint lyfjatyggigúmmí
Nicorette invisi plástur
Nicorette inhalator innsogslyf

Tilboðið gildir til 31.01. 2012 í öllum apótekum Lyfja & heilsu

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínfíkn og til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: Forðaplástur 1 stk., lyfjatyggigúmmí 24 stk.,innsogslyf - 12 stk. nikótíntappar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

í 7Factory Gallerí, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík. Alex notar rakvélablað til að dreifa málingunni á verkum sínum.

**20.00** Artíma Gallerí býður alla velkomna á Kvöld hinna glötuðu verka og verka sem föst eru í formi hugmyndar. Listamenn kvöldsins eru Ólöf Björns, Sara Björnsdóttir, Bryndís Hrönn, Snorri Ásmundar, Rakel McMahon, Hlynur Halls, Kolbrún Ýr og Katrín I Jónsd. Hjördísard. Aðgangseyrir er kr. 500 og rennur hann óskertur til listamanna kvöldsins.



**15.15** Sýningin CREDO verður opnuð í forkirkju Hallgrímskirkju á vegum Listavinafélags kirkjunnar. Sýningin samanstendur af myndlist og tónlist hjónanna Elínar Eddu Árnadóttur myndlistarkonu og **Sverris Guðjónssonar** tónlistarmanns og er sérstaklega unnin fyrir Hallgrímskirkju.

### Tónlist

**22.00** Boz Boorer, gítarleikari Morrissey, verður með tónleika á Bar 11. Hljómsveitin Smutty's 302 hitar upp og DJ mætir í búrið að tónleikunum loknum. Aðgangur er ókeypis á meðan húsrúm leyfir.

**22.00** Hljómsveitin Spottarnir flytur lög eftir Cornelis Vreeswijk og fleiri á tónleikum á Ob-La-Dí, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.00** Eyjamennirnir í Dans á rósum koma með Þjóðhátíðarstemninguna úr Eyjum á skemmtistaðinn Spot í Kópavogi yfir alla helgina.



**23.30** Plötusnúðurinn **Óli ofur** steig fyrst á svið fyrir 10 árum síðan. Hann mun halda upp á feril sinn í kvöld á skemmtistaðnum Nasa og mun spila sérstakt fimm klukkutíma afmælissett. Miðaverð er kr. 1.000

## Sunnudagur 15. janúar

### Tónleikar

**13.00** Fjölskyldutónleikaröðin Töfrahurð stendur fyrir Vínartónleikum í Salnum í Kópavogi. Tónleikarnir eru fyrir börn og fullorðna á öllum aldri. Vínarvalsarnir verða leiknir og boðið verður uppá danskennslu. Áheyrendur eru hvattir til að mæta í sínu fínasta pússi.

**15.15** Greta Guðnadótir fiðluleikari og Ingunn Hildur Hauksdóttir píanóleikari halda tónleika í Norræna húsinu. Um er að ræða hluta af tónleikasyrpunni 15:15. Miðaverð er kr. 2.000 en 1.000 fyrir eldri borgara, öryrkja og námsmenn.

**20.00** Hinir árlegu Nýárstónleikar Tríós Reykjavíkur verða haldnir í Hafnarborg. Tenórsöngvarinn Gissur Páll Gissurarson verður sérstakur gestur. Miðaverð er kr. 2.400.

### Sýningarspjall

**14.00** Myndlistarmennirnir Libia Castro og Ólafur Ólafsson ræða við safngesti um sýninguna Í afbyggingu sem stendur nú yfir í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg 7.

**15.00** Sýningastjóraspjall Þorbjargar Br. Gunnarsdóttur vegna sýningarinnar Kyrralíf verður haldið í Hamraborg.

### Kvikmyndir

**15.00** Bandaríska kvikmyndin Óbyggðirnar kalla verður sýnd á kvikmyndasýningu MÍR í salnum Hverfisgötu 105. Myndin er frá 1972 og er byggð á samnefndri skáldsögu Jacks London. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Myndin Species (1) verður sýnd í Þynnkubíói Priksins í kvöld. Aðgangur ókeypis og popp í boði.

### Uppákomur

**15.30** Hugleiðsluviðburður verður í jógastöðinni Heilsan mín á Akranesi. Verð er kr. 3.500.

### Dansleikir

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldinn í Stangarhyl 4. Hljómsveitin Klassík spilar undir dansi. Aðgangseyrir er kr. 1.500 en kr. 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

### Félagsvist

**14.00** Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

**19.00** Bridge „Tvímenningur" verður spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

### Leiðsögn

**14.00** Lilja Árnadóttir, fagstjóri munasafns Þjóðminjasafns Íslands, mun leiða gesti um sýninguna Þetta er allt sama tóbakið. Lilja mun meðal annars gera grein fyrir sögu tóbaksdósa Bauka-Jóns sem var biskup á Hólum á 17. öld, en þær dósir eru meðal elstu gripa á sýningunni. Leiðsögnin er áhugasömum að kostnaðarlausu.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

### Gott í leikhúsi: Lilja Katrín Gunnarsdóttir, leikkona og ritstjóri

## Gaman að sjá ný andlit í leiklistinni



„Ég mæli með sýningunni Póker í Tjarnarbíói sem er sýnt af sjálfstæðum leikhópi og búin til af fallegum karlmönnum. Getur varla klikkað. Skemmtileg sýning þar sem maður fær að sjá marga mismunandi karaktera og hæfileikarík ný andlit í leiklistinni."





ný bók eftir guðna gunnarsson

Hvað er athygli? Hvað er ást? Hvernig verður kraftaverk til?

Hér beinir Guðni Gunnarsson sjónum sínum að því hversu einfalt er að gera breytingar á lífi sínu og tilvist. Á afar innihaldsríkan en skýran hátt leiðir hann lesandann í gegnum sjö vikna verkefnavinnu sem umbyltir lífi allra sem henni fylgja.




Guðni Gunnarsson er ekki aðeins fremstur okkar Íslendinga í heilrænum fræðum, heldur í flokki þeirra allra bestu í heiminum. Bækur hans eru hlaðnar gullkornum, heimspekilegum vangaveltum, lausnum og lífsstefnuspeki sem gagnast öllum. Þegar þú tekur ábyrgð á eigin lífi og tileinkar þér vitneskju þessara máttugu bóka muntu margfalda möguleika þína á að lifa lífinu til fulls.



MAGNÚS SCHEVING, FRUMKVÖÐULL

máttur athyglinnar er sjálfstætt framhald af bókinni Máttur viljans sem kom út árið 2011 við góðar undirtektir landsmanna.

Salka

# XC SÝNING Í DAG

**Komdu í kaffi milli 12 og 16**

**Bíldshöfða 6**

Volvo XC sameinar tvo heima. Veröld náttúrunnar og klið borgarinnar. Sérhver Volvo XC er hannaður fyrir aðstæður sem skilyrða líf fólks á norðlægum slóðum. Aðstæður sem krefjast ökutækis sem er lipurt í borgarumferð og áreiðanlegt og öruggt við erfiðar aðstæður utan borgarmarka.

Hver einasti Volvo XC er hannaður fyrir íbúa þessara svæða þar sem öryggi, vellíðan og yfirvegun eru orð sem eru lýsandi fyrir tilfinningar ökumanns og farþega. Þetta er bíllinn sem sniðinn er að þínum þörfum, bíllinn sem skilgreinir þig ... og segir þér hver þú ert! Öryggi er lúxus. Lifðu í lúxus.

Veldu Volvo. Komdu í Brimborg.



## Volvo XC90 AWD

D5, 2.4 Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 200 hö, tog 420 Nm.
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 6,8 l/100 km. $CO_2$ 219 g/km.
Verð frá kr. 10.990 þús.




## Volvo XC70 AWD

D5, 2.4 Twin-Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 215 hö, tog 440 Nm.
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 5,7 l/100 km. $CO_2$ 179 g/km.
Verð frá kr. 9.090 þús.



## Volvo XC60 AWD

D5, 2.4 Twin-Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 215 hö, tog 440 Nm.
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 5,6 l/100 km. $CO_2$ 179 g/km.
Verð frá kr. 8.890 þús.

**Komdu á XC sýningu í dag**



Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndum í auglýsingu.




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*
Brimborg | Bíldshöfða 6 | Sími 515 7000 | volvo.is



**15.** **VIKUNA** í röð er söngkonan Adele á toppi bandaríska Billboard-listans með plötuna 21. Tónlistin úr Titanic á metið, 17 vikur í röð á toppnum.

# UNGA HOLLYWOOD SLÆR SÉR UPP

**Ný kynslóð leikara og söngvara hefur verið að ryðja sér til rúms í Hollywood síðustu ár og líkt og gengur og gerist hefur þetta unga, myndarlega fólk verið að draga sig saman. Það þótti til stórtíðinda er Justin Bieber og Selena Gomez komu fyrst fram sem par og vakti reiði ungra aðdáenda söngvarans.**



**JUSTIN BIEBER OG SELENA GOMEZ** Bieber er aðeins 17 ára gamall og hefur verið í sviðsljósinu frá 14 ára aldri. Selena Gomez er 19 ára gömul og fyrrum Disney-stjarna. Það þóttu stórtíðindi er ungmennin urðu par enda afskaplega vinsæl meðal barna og unglinga. Þrátt fyrir ungan aldur ferðast parið saman um heiminn og ekur um á glæsibílum.
NORDICPHOTOS/GETTY



**ROBERT PATTINSON OG KRISTEN STEWART** Pattinson og Stewart kynntust við tökur á fyrstu Twilight-myndinni árið 2008 og þrátt fyrir þrálátar sögusagnir um samband þeirra leið ár þar til þau viðurkenndu fyrir fjölmiðlum að vera par. Þeim er báðum afskaplega annt um einkalíf sitt og eru sjaldan mynduð saman nema á rauða dreglinum.



**MILEY CYRUS OG LIAM HEMSWORTH** Parið kynntist við tökur á kvikmyndinni The Last Song og entist samband þeirra í ár. Cyrus og hinn ástralski Hemsworth tóku sér stutt hlé en eru nú aftur tekin saman og ástfangnari en nokkru sinni fyrr ef marka má bandaríska slúðurmiðla. Cyrus kallaði Hemsworth jafnframt fyrstu stóru ástina sína.



**MAX IRONS OG EMILY BROWNING** Max er sonur leikarans Jeremy Irons og vakti fyrst athygli fyrir leik sinn í kvikmyndinni Red Riding Hood. Browning er áströlsk og skaust upp á stjörnuhimininn eftir leik sinn í myndinni Suckerpunch. Áður en þau snéru sér að kvikmyndaleik störfuðu þau bæði sem fyrirsætur.



**TAYLOR LAUTNER OG LILY COLLINS** Leikkonan Lily Collins er dóttir breska tónlistarmannsins Phil Collins. Hún kynntist Twilight-stjörnunni við tökur á kvikmyndinni Abduction. Parið hefur aldrei staðfest samband sitt við fjölmiðla þó einn meðleikari þeirra hafi gert það.

FRAMKOMU-&
FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ

SJÖ VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST **31.** JANÚAR & **02.** FEBRÚAR

SJÁLFSTYRKING ✶ FRAMKOMA OG LÍKAMSBURÐUR
INNSÝN Í FYRIRSÆTUSTÖRF ✶ FÖRÐUN ✶ UMHIRÐA HÚÐAR OG HÁRS
MYNDATAKA ✶ TÍSKUSÝNINGARGANGA ✶ FYRIRSÆTA KEMUR Í HEIMSÓKN
FÍKNIEFNAFRÆÐSLA ✶ LEIKRÆN TJÁNING Í UMSJÓN LEYNILEIKHÚSSINS

Umsjónarkennari námskeiðsins er **Tinna Aðalbjörnsdóttir** stílisti, auk fjölmargra gestakennara.

Allir þátttakendur fá Eskimo bol, snyrtibuddu og mascara frá Maybelline, viðurkenningarskjal og 10 sv/hv myndir.

Kennt verður einu sinni í viku, einn og hálfan tíma í senn.

Námskeiðinu lýkur með stórri tískusýningu. Stúlkurnar eru farðaðar fyrir myndatöku og tískusýningu.

Skráning er hafin í síma **533-4646**
eða **eskimo@eskimo.is**
verð **17.900**



eskimo MAYBELLINE NEW YORK

# Jón Gnarr óttast ekki norska meðhöndlun

„Mig myndi langa mjög mikið til að heimsækja þá. Og sem borgarstjóri getur maður náttúrlega komið í kring ýmsum hlutum," segir Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkurborgar.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni eru tökur hafnar á norskri endurgerð af Næturvaktinni í smábænum Minnesund. Georg Bjarnfreðarson er án nokkurs vafa ein eftirminnilegasta persóna íslenskrar sjónvarpssögu og hinum umdeilda grínista Otto Jespersen hefur verið falið það vandasama hlutverk að koma Georg til skila á norsku fyrir áhorfendur TV2. Jón segist ekki þekkja þennan Jespersen neitt en leist vel á hann í hlutverkið, svona miðað við þær myndir sem hann hafði séð.

Næturvaktin hefur verið sýnd víða, meðal annars í Finnlandi og Bretlandi en Jón upplifði sig einmitt í fyrsta skipti sem heimsfrægan mann í Manchester fyrir skemmstu. „Ég var bara á röltinu í miðborginni þegar heldri hjón stoppuðu mig og spurðu hvort ég léki ekki þennan Georg," segir Jón og hlær.

Borgarstjórinn hefur litlar áhyggjur af meintu húmorsleysi Norðmanna og telur þvert á móti að þeim hafi farið mikið fram. „Ég fylgist mjög vel með evrópsku gríni og Noregur er mjög framarlega um þessar mundir, þeir gera til að mynda mikið grín að Svíum og Dönum. Það er af sem áður var þegar Flexen var og hét," segir Jón.

- fgg





**NORÐMÖNNUM FARIÐ FRAM** Jón Gnarr hefur engar áhyggjur af meintu húmorsleysi Norðmanna. Þeim hafi farið mikið fram að undanförnu og standi jafnvel framarlega í evrópsku gríni um þessar mundir. Honum líst vel á Otto Jespersen í hlutverki Georgs Bjarnfreðarsonar.

# Fór í mótorhjólaferð

Írski leikarinn Michael Fassbender ákvað að skella sér í mótorhjólaferð um alla Evrópu eftir mikla törn á árinu 2011. Fassbender lék í sex kvikmyndum á aðeins tuttugu mánuðum og hafði verið að störfum í næstum tvö ár samfleytt. Þetta tók sinn toll og því ákvað leikarinn að bjóða föður sínum og besta vini á flakk um heimsálfuna.

„Við náðum að keyra yfir fimm þúsund mílur, þetta var mjög góð leið til að slaka aðeins á og njóta lífsins," segir Fassbender. Meðal þeirra mynda sem hann lék í var Prometheus eftir Ridley Scott en stór hluti af henni var tekinn upp hér á landi. Þá hefur Fassbender verið orðaður við kvikmynd Darrens Aronofsky um Nóa en tökur á henni gætu einnig farið fram hér á Íslandi.



**Á MÓTORHJÓLI** Michael Fassbender ákvað að fara í mótorhjólaferð um Evrópu eftir mikla vinnutörn.

# Craig og Weisz kaupa sér lúxusíbúð

James Bond-leikarinn Daniel Craig og eiginkona hans, Rachel Weisz, hafa fjárfest í sex herbergja íbúð í SoHo-hverfinu í New York. Íbúðin skartar meðal annars þremur baðherbergjum, sjónvarpsherbergi með arni og sér þakgarði. Skötuhjúin þurftu að borga 11,5 milljónir dollara samkvæmt New York Post.

Craig og Weisz giftu sig í New York í maí í fyrra en athöfninni var haldið leyndri. Weisz var þá nýskilin við eiginmann sinn, leikstjórann Darren Aronofsky. Craig er um þessar mundir að leika í nýjustu Bond-myndinni, Skyfall, sem beðið er með mikilli eftirvæntingu en samkvæmt óstaðfestum fregnum hefur hann skrifað upp á samning um að leika í fimm Bond-kvikmyndum til viðbótar.



**FLOTT HÝBÝLI** Daniel Craig og Rachel Weisz hafa keypt sér þakíbúð í New York fyrir 11,5 milljónir dollara. NORDICPHOTOS/GETTY



**FYRIRSÆTA** Leikkonan Kristen Stewart getur bætt fyrirsætustörfum á ferilskrána sína. NORDICPHOTOS/GETTY

# Nýtt andlit Balenciaga

**Leikkonan Kristen Stewart verður nýtt andlit ilmvatnsins frá ítalska tískuhúsinu Balenciaga og fara auglýsingar með henni í aðalhlutverki í loftið með vorinu. Stewart tekur þar með við kyndlinum frá frönsku leik- og söngkonunni Charlotte Gainsbourg sem hefur auglýst ilm fyrirtækisins síðan 2008.**

**„Kristen er tákn fyir nýja kynslóð, eins og nýi ilmurinn frá Balenciaga. Hún hefur einstaka útgeislun," segir yfirhönnuður Balenciaga, Nicholas Ghesquiére, en Stewart er þekktust fyrir leik sinn í Twilight-þáttunum.**

# Madonna leyfir söngleik

Bandaríska söngkonan Madonna hefur opnað á þann möguleika að lög hennar verði notuð í söngleik. Þetta kemur fram í viðtali við hana í breska blaðinu Daily Star. Sænski söngflokkurinn Abba gaf svipað leyfi þegar söngleikurinn Mamma Mia! var gerður en hann sló eftirminnilega í gegn líkt og kvikmyndin sem gerð var eftir honum með Meryl Streep og Pierce Brosnan í aðalhlutverkum.

Madonna hefur ekki í hyggju að koma nálægt söngleiknum, hvorki sem leikstjóri né handritshöfundur. „Ég hef þegar gefið leyfi fyrir notkun á lögum mínum en ég mun ekki koma neitt nálægt söngleiknum. Ég hef lítinn áhuga á því," segir Madonna við Daily Star.



**SÖNGLEIKJASTUÐ** Áður en langt um líður gæti söngleikur með lögum Madonnu litið dagsins ljós.



# ATVINNUAUGLÝSING

Óskað er eftir fyrrverandi eða núverandi bankastarfsmönnum eða starfsmönnum fjármálastofnana, sem eru sakbitnir vegna hlutdeildar sinnar í ríkjandi efnahagsástandi, í launað skammtímaverkefni fyrir listgjörning. Svör berist Listasafni Reykjavíkur í netfangið listasafn@reykjavik.is fyrir 18. janúar.

# JOB-WANTED-AD

Wanted, former or current bank employees or finance workers, guilty about their complicity in the current economic situation for short term paid work in an art project. Please contact Listasafn Reykjavíkur, listasafn@reykjavik.is before January 18th.

ERUM AÐ LEITA AÐ SKEMMTILEGU, JÁKVÆÐU OG SJÁLFSTÆÐU FÓLKI TIL AÐ TAKA Á MÓTI GESTUM Á NÝJUM VEITINGASTAÐ Í HJARTA MIÐBORGARINNAR.

Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslensku og ensku og getu, eða bara vilja, til að tala dönsku á sunnudögum. Reynsla af veitingastörfum, hlýtt viðmót, rík þjónustulund og húmor fyrir fjölbreytni mannlífsins er æskileg.

Erum sömuleiðis að leita að lærðum kokki, geðgóðum með afbrigðum og snyrtilegum ásamt aðstoðarfólki í eldhús.

Áhugasamir sendið okkur línu á netfangið snapsbistro@snapsbistro.is

SNAPS
BISTRO-BAR
101 ÓÐINSTORG

# Leitum eftir þýðanda

- Þýðingar á prjónauppskriftum úr norsku/dönsku
- Prófarkalestur/gátun
- Búa til uppskriftir í stærðum

Hæfniskröfur
- Gott vald á norsku/dönsku /íslensku
- Góða þekkingu á prjóni og hekli
- Geta búið til uppskriftir frá grunni

**Umsóknir sendist á valdis@tinna.is**

Tinna, heildverslun í 30 ár
www.tinna.is | 565 4610

TINNA 30 ára




**ÁNÆGÐUR HÓPUR** Starfsmenn Nostalgíu stilltu sér upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins með verðlaunin.



**SIGURVEGARINN** Guðbjörg K. Ingvarsdóttir, eigandi Aurum, ásamt Jóni Gnarr. Borgarstjórinn afhenti verðlaunin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# VERSLUNARFÓLK FAGNAR

**Njarðarskjöldurinn var afhentur við hátíðlega athöfn í Hörpunni á fimmtudaginn var. Verslunin Aurum við Bankastræti hlaut skjöldinn í þetta sinn.**

Njarðarskjöldurinn eru hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar og samstarfsaðila og eru veitt árlega til þeirrar verslunar sem þykir hafa skarað fram úr í þjónustu við ferðamenn.

Skartgripa- og hönnunarverslunin Aurum hlaut titilinn Besta verslun ársins 2011 og tískuverslunin Nostalgía hlaut Freyjusómann, verðlaun sem veitt eru fyrir ferskan andblæ í verslunarflóru borgarinnar.

Fjölmenni var á athöfninni eins og sjá má á myndunum. **- sm**



**SIGURHÓPURINN** Guðbjörg Ingvarsdóttir og starfsfólk hennar voru að vonum ánægð með verðlaunin.



**Á MEÐAL GESTA** Gunnar Guðjónsson og Jakob Frímann Magnússon voru á meðal gesta.



**FREYJUSÓMI** Tískuverslunin Nostalgía hlaut Freyjusómann, þau verðlaun voru veitt í fyrsta sinn í ár. Anika Laufey Baldursdóttir verslunarstjóri og Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir stílisti tóku á móti verðlaununum.

# Hin flöktandi stjarna

Bíó ★★★★

**My Week with Marilyn**

Leikstjórn: Simon Curtis

**Leikarar:** Michelle Williams, Kenneth Branagh, Eddie Redmayne, Judi Dench, Emma Watson, Dougray Scott, Dominic Cooper, Julia Ormond, Derek Jacobi.



Hinn breski Colin Clark er rúmlega tvítugur kvikmyndaáhugamaður og af vellauðugu fólki kominn en langar að standa á eigin fótum. Hann freistar því gæfunnar, fer til Lundúna og fær vinnu við tökur kvikmyndarinnar The Prince and the Showgirl. Stórstjarnan Marilyn Monroe fer með aðalhlutverk myndarinnar ásamt Sir Laurence Olivier, en hann leikstýrir myndinni einnig. Atburðir æxlast þannig að Clark verður trúnaðarvinur Marilyn og veldur vináttan nokkurri togstreitu á tökustað.

Fyrri hluti My Week with Marilyn er léttur og skemmtilegur. Michelle Williams er ekkert sérlega lík Monroe en bætir upp fyrir það með sannfærandi eftirhermu, sem og almennt skotheldum leik. Ódámurinn Kenneth Branagh er stórkostlegur í hlutverki Oliviers, þrælfyndinn og glettilega líkur honum, bæði í útliti og fasi. Eddie Redmayne, sá sem fer með sjálft aðalhlutverkið, stendur sig nokkuð vel. Það er eitthvað við yfirstéttarlegt yfirbragð hans sem fer í skapið á mér og það segir mér að réttur maður fari með rulluna, því Colin Clark á jú að vera plebbi fram í fingurgóma.

Myndin tekur síðan dramatíska u-beygju í síðari hlutanum og þá hefst flugeldasýningin.

Tæknilegur frágangur er til fyrirmyndar og myndatakan glæsileg. Nokkrar persónur mættu að vísu fá meiri athygli eða hreinlega hverfa, en á heildina litið er myndin afar vel heppnuð og sýnir goðsögnina Marilyn í fallegu en flöktandi ljósi. **Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** **Kaflaskipt en þrælgóð mynd um eina þekktustu konu síðustu aldar.**



**ÓSKAR INNAN SEILINGAR** Tilnefningar til Óskarsins eru innan seilingar en gagnrýnendur völdu George Clooney og Violu Davis sem bestu leikara ársins. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hannes hrifinn af Meryl

„Meryl Streep vinnur mikinn leiksigur í myndinni. Hún er mjög sannfærandi sem Margaret Thatcher og nær henni mjög vel," segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands.

Hannes hefur aldrei farið leynt með dálæti sitt á Margaret Thatcher og sá ævisögulegu myndina um fyrrum forsætisráðherrann, The Iron Lady, á fimmtudagskvöld en hún er sýnd í Laugarásbíó. „Ég hitti Thatcher fjórum sinnum, tvisvar í móttökum og tvisvar í kvöldverðum. Og í öðrum kvöldverðinum hafði ég tækifæri til að skiptast á skoðunum við hana en ekki aðeins fáeinum kurteisisorðum. Mér er enn minnisstætt margt sem hún hafði þar að segja og í myndinni birtist sú kona sem ég hitti."

Hannes segir myndina hafa verið gagnrýnda fyrir að sýna Thatcher eins og hún sé haldin elliglöpum. „Það er skiljanleg gagnrýni. En ég bendi á að það er gert tvírætt, hvort hún sé í raun og veru haldin elliglöpum eða hvort hún sé að leika á umhverfi sitt. Og hugsanlega hafa handritshöfundarnir ekki haft önnur ráð til að gera hana mannlegri, færa hana nær fólki en þetta," segir Hannes.

En prófessorinn segir myndina ekki pólitíska. Hún sýni Thatcher sem afar mannlega konu. „Raunar er fróðlegt, að andstaða Thatcher við sameiginlega Evrópumynt varð henni að falli. Menn sjá það skýrar nú að hún hafði þar lög að mæla." - fgg



**VINNUR LEIKSIGUR** Hannes Hólmsteinn segir að Meryl Streep vinni leiksigur í hlutverki Margaret Thatcher. Hann bætir því þó við að myndin sjálf sé ekki mjög pólitísk.

# The Artist besta myndin

The Artist stóð uppi sem sigurvegari hjá samtökum gagnrýnenda í Bandaríkjunum á fimmtudagskvöld. Þessi svarthvíta-kvikmynd þykir líkleg til sigra á Golden Globe-hátíðinni sem haldin verður á sunnudaginn. George Clooney hélt áfram sigurgöngu sinni en hann var valinn besti leikarinn fyrir frammistöðu sína í The Descendants.

Þrátt fyrir að risar á borð við Martin Scorsese og Steven Spielberg eigi kvikmyndir í verðlaunakapphlaupi þessa árs eru flestir sammála um að stríðið um bestu kvikmyndina standi milli The Artist eftir Michel Hazanavicius og The Descendants eftir Alexander Payne. Myndirnar hafa sópað til sín helstu verðlaunum kvikmyndaborgarinnar og margir spá því að myndirnar tvær eigi eftir að skipta stærstu verðlaunagripunum bróðurlega á milli sín. Mannréttindamyndin The Help kom hins vegar mörgum á óvart því hún hirti bæði verðlaunin í kvennaflokki. Viola Davis var valin besta leikkonan og Octavia Spencer hreppti verðlaun fyrir bestan aukaleik. Christopher Plummer þykir síðan sigurstranglegur eftir að hafa hreppt gagnrýnendaverðlaunin fyrir aukaleik í karlaflokki í kvikmyndinni Beginners.



**DÍVA** Hestafluga í Ástralíu heitir nú eftir Beyoncé.

# Beyoncé hrossafluga

**Vísindamenn í Norður-Ástralíu hafa gefið sjaldgæfri tegund að hestaflugu nýtt nafn og heitir hún í höfuðið á söngkonunni Beyoncé.**

**Hér eftir kallast flugan Scaptia Beyonceae, en hún var uppgvötuð árið 1981, sama ár og söngkonan fæddist. Þá er flugan með gylltan kvið, sem ku hafa verið ein af ástæðunum fyrir nafnbreytingunni. Vísindamaðurinn Bryan Lessard segir gyllinguna hafa gert fluguna að þvílíkri dívu, að ekki var annað hægt en að nefna hana eftir söngdrottningunni.**


Sölu sýning
um helgina
Opið laugardag og sunnudag
frá kl. 11:00 - 17:00

50% afsláttur
af allri prentun í seld vindskilti um helgina.
Sendum í póstkröfu um allt land.
Þetta er aðeins brot af þeim vörum sem við eigum til.
Skoðaðu úrvalið ferroskilti.is




FERRÓ SKILTAGERÐ
Langholtsvegi 130 • Sími 581 4400
www.ferroskilti.is • ferro@ferroehf.is

Landsins mesta úrval af tilbúnum skiltalausnum til afhendingar strax
Prentum samdægurs í öll úti- og inniskilti.

50x70 eða 70x100cm
Úti vindskilti á hjólum
50x70 eða 70x100cm
Úti vindskilti á fótum
Inni- og úti álsmellurammar. Margar stærðir.
Álrammar á vegg
Mikið úrval af kynningarborðum. Margar stærðir.
Kynningarborð
Snúnings-veggljósakassi
Dansandi hilla
Breiddir: 60, 85, 100, 120 og 150 cm. Hæð 200 cm. Einnig til með merkingum báðumegin. Taska fylgir.
Rollup standar
Merktir eftir þinni þörf. Þrjár stærðir.
Sýningarveggir
Þú ræður fjölda á hillum og stærð á ramma.
Væntanlegt
Samanbrjótanlegur. Þrjár gerðir. Taska fylgir.
Bæklingastandar
Ódýr borð.
Skilrúm. 1 eða 2 hæðir.
Kynningarborð
Væntanlegt
Þrjár stærðir
Töfluskápur með lás
Stillanleg hæð.
Gólfstandar
A-skilti Útiskilti

Skiltamerkingar • Bílamerkingar • Úti- og inniprentun • Sýningarlausnir

# Lág stefgjöldin fyrir Thank You



VONBRIGÐI Dikta varð fyrir vonbrigðum þegar hún opnaði umslagið frá STEF.

Stefgjöldin sem hljómsveitin Dikta fékk fyrir lagið Thank You í desember voru mun lægri en hún átti von á. Lagið var eitt það vinsælasta árið 2010 og mikið spilað í útvarpinu en það virðist ekki hafa dugað til.

„Þetta var ágætis upphæð en það sem við fengum í vasann var nánast ekki neitt,“ segir trommarinn Jón Þór Sigurðsson, eða Nonni kjuði. „Þetta virðist hafa farið meira og minna í skatt, miðað við það sem við fengum útreiknað á pappírum. Ég veit ekki alveg hvað Steingrímur J. og þetta lið er að krukka. Þetta er orðið hálf hlægilegt.“

Fjórða plata Diktu, Trust Me, kom út fyrir jólin og seldist í um tvö þúsund eintökum samkvæmt Tónlistanum. Síðasta plata sveitarinnar, Get It Together, hefur selst í um tíu þúsund stykkjum síðan hún kom út 2009. Hafa ber í huga að Get It Together seldist í 2.600 eintökum þegar hún kom út fyrir jólin 2009 en seldist svo í yfir sex þúsund eintökum árið 2010 eftir að Thank You sló í gegn.

Dikta lætur ekki lág stefgjöld fyrir Thank You slá sig út af laginu og spilar á sínum fyrstu tónleikum erlendis á árinu í Bryggen í Kaupmannahöfn 4. febrúar. Fleiri tónleikar erlendis verða síðar á árinu, auk þess sem samningar eru í bígerð við þýsku útgáfuna Smarten-Up Records, sem gaf út Get It Together, um að gefa út einnig út Trust Me erlendis. **- fb**

# Ósáttur við kærasta JLo

Marc Anthony er sagður mjög ósáttur við framferði fyrrverandi eiginkonu sinnar, söngkonunnar Jennifer Lopez, og kærasta hennar. Lopez tók saman við dansarann Casper Smart stuttu eftir skilnaðinn við Anthony og hefur þegar kynnt hann fyrir börnum sínum tveimur.

Tvíburarnir Emme og Max eru sögð hafa kallað Smart „Casper pabbi“ í návist föður síns og reitti það tónlistarmanninn nokkuð til reiði. „Marc hringdi öskureiður í Jennifer og sagði að ef þessu linnti ekki mundi hann leyfa börnunum um að kalla nýju kærustu sína líka mömmu,“ sagði heimildarmaður. Anthony tók nýverið saman við 24 ára gamla fyrirsætu frá Venesúela.


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is

FLYPAPER – PATRICK DEMPSEY ASHLEY JUDD – FRÁ HANDRITSHÖFUNDUM THE HANGOVER
MERYL STREEP – THE IRON LADY
The Descendants – 5 TILNEFND TIL GOLDEN GLOBE VERÐLAUNA M.A BESTA MYNDIN OG BESTA LEIKARINN – FORSÝNINGAR
3 TILNEFND TIL GOLDEN GLOBE VERÐLAUNA M.A BESTA MYNDIN OG BESTA LEIKKONAN – SÉÐ OG HEYRT/KVIKMYNDIR.IS – MBL – MARILYN
TINKER TAILOR SOLDIER SPY – midi.is LÚXUS

SMÁRABÍÓ – GLERAUGU SELD SÉR – 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE DESCENDANTS FORSÝNING | KL. 8 (LAU OG SUN) | L |
| FLYPAPER | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| TINKER TAILOR SOLDIER SPY | KL. 8 - 10.40 | 16 |
| TINKER TAILOR SOLDIER SPY LÚXUS | KL. 2- 5.20- 8- 10.40 | 16 |
| THE SITTER | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 4.45 - 10.30 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 1 (TILBOÐ)-3.20-5.50 | L |
| STÍGVÉLAÐIKÖTTURINN 3D | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 2D | KL. 1 (TILBOÐ) | L |

HÁSKÓLABÍÓ – NÁNAR Á MIÐI.IS – 5%

| | | |
|---|---|---|
| IRON LADY | KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| MY WEEK WITH MARILYN | KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 5.45 (LAUGARDAG) - 9 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.30 (TILBOÐ) | L |
| JACK AND JILL | KL. 10.20 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA | KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.40 - 8 | 7 |
| THE DESCENDANTS FORSÝNING | KL. 5.30 SUNNUDAG | L |

BORGARBÍÓ – NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| IRON LADY | KL. 6 - 8 | L |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 6 - 9 | 16 |
| ALVIN 3 | KL. 2 (TILBOÐ) - 4 | L |
| ELÍAS | KL. 2 (TILBOÐ) | L |
| TINKER TAILOR SOLDIER SPY | KL. 10 | 16 |
| MIDNIGHT IN PARIS | KL. 4 | |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar – LAUGARÁS BÍÓ – www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
THE IRON LADY – PRÚÐULEIKARARNIR – TINKER TAILOR SOLDIER SPY
V.J.V. - Svarthöfði.is – T.V. - Kvikmyndir.is – H.V.A - FBL – K.B - MBL
Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.
GHOST PROTOCOL – ALVIN OG ÍKORNARNIR – STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D

LAUGARÁSBÍÓ – Sýningartímar

| | |
|---|---|
| PRÚÐULEIKARARNIR | 2(750 KR), 4, 6, 8 |
| THE IRON LADY | 5.50, 8, 10.10 |
| TINKER, TAILOR, SOLDIER, SPY | 7, 10 |
| MISSION IMPOSSIBLE | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNANIR | 2(750 KR), 4 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D | 2(950 KR), 4 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
"EIN BESTA MYND ÁRSINS – PUNKTUR." – PRÚÐULEIKARARNIR
"TVEIR ÞUMLAR UPP" – "ALGJÖR GLEÐI FRÁ BYRJUN TIL ENDA" – "UNAÐSLEGA GLETTIN – HITTIR BEINT Í MARK" – "BRÁÐSKEMMTILEG OG SPRENGHLÆGILEG – ALGJÖR DEMANTUR" – "FRÁBÆR FYRIR ALLA"
THE MUPPETS – SÝND MEÐ ENSKU TALI OG ÍSLENSKUM TEXTA
IT TAKES A PAIR TO BEAT THE ODDS. – 50/50 – 2 GOLDEN GLOBE TILNEFNINGAR BESTA MYND
FJÖRFISKARNIR – SHERLOCK HOLMES A GAME OF SHADOWS – GHOST PROTOCOL

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| 50/50 | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| 50/50 Luxus VIP | kl. 10:40 | 2D | VIP |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:10 - 10:40 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 Luxus VIP | kl. 2 - 5:20 - 8 | 2D | VIP |
| NEW YEAR´S EVE | kl. 3 - 5:30 - 8 | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ísl. Tali | kl. 1 - 3:20 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | 3D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali | kl. 1 | 2D | L |
| HAPPY FEET 2 M/ísl. Tali | kl. 1 - 3:10 | 2D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 2 - 4 - 6 - 8 (sun. kl. 2 - 4 - 6) | L |
| 50/50 | kl. 5:50 - 10:10 (sun kl. 5:50 - 8 - 10:10) | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali | kl. 2 | L |
| FJÖRFISKARNIR M/ísl. Tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ensku tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| 50/50 | kl. 8 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR | kl. 1:30 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D ísl tal | kl. 3:40 | 3D | L |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 5:50 | 2D | L |
| MISSION: IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:30 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ensku tali | kl. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 | 2D | L |
| 50/50 | kl. 5:40 - 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5 - 8 - 10:40 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali | kl. 1 - 3:30 - 5:40 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 2 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR m/ísl tali | kl. 1 - 3:20 | 2D | L |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 10:20 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 3 - 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ensku tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| NEW YEAR´S EVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:450 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali | kl. 1 | 3D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ensku tali | kl. 1:30 - 5:40 | 2D | L |
| 50/50 | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10 | 2D | 12 |
| THE SITTER | kl. 8 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | 2D | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 m/ísl. tali | kl. 3:40 | 3D | L |

SAMbio.is

PRÚÐULEIKARARNIR SÝND MEÐ ÍSLENSKUM TEXTA – TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is – FJÖRFISKARNIR SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI – tryggðu þér miða á sambio.is
SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT
SAMBÍÓIN SAMbio.is

TILBOÐSBÍÓ
ALVIN OG ÍKORNARNIR – STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D – ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D

LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR
SMÁRABÍÓ midi.is

| | | |
|---|---|---|
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 1 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 1 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM | KL. 1 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D | KL. 1 | L |

HÁSKÓLABÍÓ midi.is

| | | |
|---|---|---|
| IRON LADY | KL. 3.30 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA | KL. 3.30 | 7 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.30 | L |
| MY WEEK WITH MARILYN | KL. 3.30 | L |

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus – Ódýrt í bíó
ATH 750 KR SÝND KL.2 – PRÚÐULEIKARARNIR – ATH 750 KR SÝND KL.2 – ALVIN OG ÍKORNARNIR – SÝND KL.2 – 950 KR. Í 3D – STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is
LAUGARDAGUR OG SUNNUDAGUR: THIS MUST BE THE PLACE 17:50: 20:00, 22:10 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 22:00 ■ *Á ANNAN VEG* (ENGL. SUBS) 18:00 ■ ELDFJALL 18:00, 20:00 ■ SUPERCLASICO 20:00, 22:00 ■ PARTIR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00
ÍSL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES.*
Bíó Paradís er nú hluti af EUROPA CINEMAS
THIS MUST BE THE PLACE SEAN PENN – ELDFJALL – SÝND Í NOKKRA DAGA VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA



**ÁSTFANGINN GOSLING** Ryan Gosling ku vera kolfallinn fyrir leikkonunni Evu Mendes. Hér er hann ásamt mótleikkonu sinni í Blue Valentine, Michelle Williams. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vill giftast Mendes

**Hjartaknúsarinn og leikarinn Ryan Gosling er sagður vera kolfallinn fyrir leikkonunni Evu Mendes en þau hafa verið saman í um sex mánuði. Samkvæmt heimildarmanni tímaritsins InTouch Weekly hefur Gosling greint félögum sínum frá því að Mendes sé sú rétta og gerir sig jafnvel líklegan til að bera upp bónorð í bráð. Parið var saman yfir hátíðirnar og hefur Mendes fengið að hitta móður Goslings.**

# Help Them komist að erlendis

Verið er að kanna möguleikann á að gefa út erlendis ensku útgáfuna af laginu Hjálpum þeim, eða Help Them.

„Þetta var gefið út í samvinnu við Hjálparstofnun kirkjunnar. Ætlunin er að koma þessu á framfæri í gegnum samtök sem þau eru tengd sem heita Act Alliance,“ segir Jóhann G. Jóhannssonar, annar af höfundum lagsins.

Fjögur þúsund eintök af laginu voru prentuð fyrir jólin í von um að safna peningum fyrir hjálparstarf í Austur-Afríku. Útgáfan inniheldur Hjálpum þeim, bæði á ensku og í tveimur íslenskum útgáfum frá árunum 1985 og 2005. Einnig fylgir með mynddiskur með myndböndum við lagið en tæplega 24 þúsund manns hafa séð ensku útgáfuna á Youtube. Meðal þeirra sem syngja lagið á ensku eru Friðrik Ómar, Hafdís Huld, Eyþór Ingi Gunnlaugsson og Selma Björnsdóttir.

„Þetta var hugmynd, meðal annars frá Andreu Jónsdóttur og Óla Palla [Ólafi Páli Gunnarssyni] hvort það væri ekki tímabært að gefa þetta út. Ég bar þetta svo undir Jónas Þórisson sem er framkvæmdastjóri Hjálparstofnunar kirkjunnar,“ segir Jóhann G. „Þetta er langtímaverkefni. Tilgangurinn með þessari útgáfu er að þetta sé fastur tekjupóstur hjá Hjálparstofnuninni. Þarna er þetta allt komið saman í eina vandaða útgáfu, bæði á íslensku og ensku, sem útlendingar geta keypt líka.“ - fb



**SYNGJA HELP THEM** Hafdís Huld og Eyþór Ingi Gunnlaugsson eru á meðal söngvara á Help Them.

# Tilfinningaþrungin stund

Sýningin 2 mínútur eftir Regin Weihe Dalsgaard verður opnuð í Norræna húsinu í dag. Á sýningunni eru ljósmyndir af áhorfendum að grindahvaladrápi í Færeyjum árið 2010 og hefur vakið gríðarlega athygli bæði í Þórshöfn og Kaupmannahöfn.

Dalsgaard er fæddur í Þórshöfn og hefur lengi haft mikinn áhuga á ljósmyndun. Hann myndar helst fólk og dýr en hefur einnig sérhæft sig í tónleikamyndum og hefur starfað fyrir tónlistartímaritin Gaffa og Metal Hammer. Erlendir fjölmiðlar hafa sýnt 2 mínútum mikla athygli og gerði Discovery Channel meðal annars heimildarmynd frá Færeyjum og þar átti Dalsgaard hlut að máli sem ljósmyndari.



**REGIN WEIHE DALSGAARD**

Helga Viðarsdóttir, markaðsstjóri Norræna hússins, lýsir sýningunni sem magnaðri og mælir með því að fólk leggi leið sína í Norræna húsið í dag því sjón sé sögu ríkari. „Við höfðum frétt af sýningunni frá hinum norrænu húsunum og sóttumst því eftir því að fá hana hingað til lands. Sýningin er einstaklega athyglisverð og Regin nær að fanga stemninguna og tilfinningar fólks mjög vel,“ segir hún.

Myndirnar eru allar teknar á tveimur mínútum líkt og titill sýningarinnar gefur til kynna. Listamaðurinn sjálfur verður viðstaddur opnunina og mun segja gestum frá upplifun sinni á atburðinum. Sjálfur segir hann myndirnar sýna „Færeyinga sem taka sér hlé frá daglegu amstri til þess að taka þátt í ævafornri þjóðarhefð“.

Opnunin er klukkan 14 í dag og stendur sýningin til 12. febrúar. - sm



**MÖGNUÐ SÝNING** Sýningin 2 mínútur eftir færeyska ljósmyndarann Regin Weihe Dalsgaard verður opnuð í Norræna húsinu í dag.



# sport

sport@frettabladid.is

2 DAGAR

EM í handbolta 2012

**ÍSLAND** vann brons á síðasta EM eftir sigur á Póllandi í leiknum um 3. sætið á EM í Austurríki 2010. Þetta ætti að boða mjög gott fyrir íslenska liðið því síðustu tvær bronsþjóðir á undan hafa unnið gullið á næsta EM á eftir. Frakkar unnu gullið á EM 2010 eftir að hafa endað í þriðja sæti á EM 2008 og Danir urðu Evrópumeistarar á EM 2008 eftir að hafa tveimur árum áður unnið bronsið á þriðja Evrópumótinu í röð.



**TOPPSLAGUR** Úr leik Vals og Fram á síðustu leiktíð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stórslagur Vals og Fram í dag:

## Sex Valssigrar gegn Fram í röð

**HANDBOLTI** Það verður risaslagur í kvennahandboltanum í dag þegar Íslandsmeistarar Vals og bikarmeistarar Fram mætast í Framhúsinu í Safamýri en leikurinn hefst klukkan 13.30.

Þetta verður fyrsti deildarleikur liðanna í vetur en Valskonur unnu 30-25 sigur á Fram í úrslitaleik deildarbikarsins á milli jóla og nýárs. Valskonur hafa unnið alla níu leiki tímabilsins til þessa, þar af sex deildarleiki með 11,7 marka mun að meðaltali í leik. Fram tapaði fyrsta leiknum á móti HK en hefur síðan unnið sex deildarleiki í röð.

Valskonur hafa haft gott tak á Framstúlkum að undanförnu því þær hafa unnið Fram sex sinnum í röð frá því að Fram vann bikarúrslitaleik félaganna í febrúar síðastliðnum. Þar á meðal er 3-0 sigur í lokaúrslitum Íslandsmótsins síðasta vor. - óój

Stjörnuhátíð KKÍ í dag:

## Körfuboltaveisla í Dalhúsunum

**KÖRFUBOLTI Hinn árlegi Stjörnuleikur KKÍ fer fram í Dalhúsum í Grafarvogi í dag. Auk Stjörnuleiksins sjálfs mun að venju fara fram þriggja stiga skotkeppni og troðslukeppni. Hátíðin hefst með undankeppni þriggja stiga keppninnar klukkan 14.00.**

**Troðslukeppnin verður kl. 14.30 og Stjörnuleikurinn sjálfur hefst hálftíma síðar en þar mætast úrvalslið höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar.**

**Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, mun stýra liði landsbyggðarinnar en Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, stýrir liði höfuðborgarsvæðisins. Úrslit þriggja stiga keppninnar verða síðan í hálfleik á stjörnuleiknum.** - óój

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild karla*

**Snæfell - Valur** 108-70

***KR***: Joshua Brown 21, Dejan Sencanski 15, Robert Ferguson 14, Martin Hermannsson 12, Hreggviður Magnússon 10, Finnur Atli Magnússon 10, Björn Kristjánsson 9, Skarphéðinn Ingason 7, Emil Þór Jóhannsson 4, Jón Orrri Kristjánsson 4, Ólafur Ægisson 3, Páll Helgason 3.

**ÍR**: Kristinn Jónasson 19, Robert Jarvis 13, James Bartolotta 12, Nemanja Sovic 10, Hjalti Friðriksson 6, Eiríkur Önundarson 5, Húni Húnfjörð 4, Ellert Arnarson 2.

**KR - ÍR** 112-71

**Snæfell**: Quncy Hankins-Cole 24, Ólafur Torfason 16, Hafþór Gunnarsson 15, Marquis Hall 14, Jón Ó. Jónsson 11, Pálmi Sigurgeirss. 10, Sveinn Davíðss. 9, Daníel Kazmi 6, Þorbergur Sæþórss. 3.

**Valur**: Igor Tratnik 19, Garrison Johnson 14, Ragnar Gylfason 9, Benedikt Blöndal 8, Snorri Þorvaldsson 6, Austin Bracey 6, Birgir Pétursson 6, Kristinn Ólafsson 2.

### *N1-deild kvenna*

**Stjarnan - ÍBV** 24-26 (12-14)

**Mörk Stjörnunnar**: Sólveig Lára Kjærnested 6, Hanna G. Stefánsdóttir 6, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 5, Rut Steinsen 2, Sandra Sigurjónsdóttr 2, Þórhildur Gunnarsdóttir 2, Arna Dýrfjörð.

**Mörk ÍBV**: Grigore Gqorgola 11, Ester Óskarsdóttir 6, Ivana Mladenovic 3, Drífa Þorvaldsdóttir 3, Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 2, Aníta Elíasdóttir 1.

# Enginn Óli – enginn Snorri Steinn

**Guðmundur Guðmundsson, þjálfari íslenska handboltalandsliðsins, tilkynnti EM-hóp sinn í gær og þá kom endanlega í ljós að Snorri Steinn Guðjónsson gefur ekki kost á sér af persónulegum ástæðum. Guðmundur fer með sautján menn út til Serbíu, þar á meðal nýliðana Ólaf Bjarka Ragnarsson og Rúnar Kárason.**

**HANDBOLTI** Nú er það orðið ljóst að íslenska landsliðið verður án tveggja af leiðtogum sínum á Evrópumótinu í Serbíu. Það var fyrir löngu orðið ljóst að fyrirliðinn Ólafur Stefánsson yrði ekki með og í gær kom það endanlega í ljós að leikstjórnandinn Snorri Steinn Guðjónsson missir líka af mótinu.

Landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson og strákarnir í liðinu reyndu að horfa jákvætt fram á veginn í viðtölum í gær og stefna á það að standa sig án tveggja af bestu handboltamönnum landsins en það getur samt enginn falið það fyrir íslensku þjóðinni að missirinn er mikill.

Guðmundur ákvað að taka 17 menn út til Serbíu en 15 menn eru skráðir inn til að byrja með. Rúnar Kárason og Ólafur Bjarki Ragnarsson eru á leið á sitt fyrsta stórmót og þá voru þeir Oddur Gretarsson og Ólafur Guðmundsson í litlu hlutverki á eina stórmótinu sínu til þessa, Ólafur á EM 2010 og Oddur á HM í Svíþjóð í fyrra.

### Gerði rétt með æfingahópinn

„Það eru mikil heilabrot sem fylgja vali á liðinu sem og í vali á æfingahópnum. Ég er ánægður með það hvernig til tókst með æfingahópinn því ég valdi stærri hóp núna og fleiri miðjumenn. Kannski hafði ég það í undirmeðvitundunni að þetta gæti farið svona með Snorra. Auðvitað söknum við hans því hann er frábær félagi og allt það en hann kemur til móts við liðið síðar. Þetta er bara ákvörðun sem hann tók og við virðum hana og það er ekkert meira um það að segja. Nú eru það bara aðrir sem fá stærri hlutverk í liðinu," segir Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari.

„Sjálfsagt breytast væntingarnar til liðsins núna en það er annarra að dæma um það. Ég átta mig ekki alveg á því en þetta er að mörgu leyti töluvert breytt lið frá því á undanförnum árum. Það verður spennandi að sjá hvernig okkur reiðir af," segir Guðmundur.

Guðjón Valur Sigurðsson, fyrirliði liðsins, vildi ekki gera of mikið úr fjarveru Ólafs og Snorra Steins. „Þetta eru tveir frábærir leikmenn og það er aldrei gott að missa góða og reynslumikla menn út úr hópnum. Þetta felur í sér ákveðið tækifæri því nú verða aðrir leikmenn að taka ábyrgð. Íslensk handboltasaga hefur sýnt það að það fer aldrei sama lið á tvö stórmót í röð og það er bara gangur lífsins að það komi nýir menn inn," segir fyrirliðinn Guðjón Valur Sigurðsson og liðið lét biðina eftir ákvörðun Snorra ekki trufla sig.



**ÁN LYKILMNNA** Guðmundur Guðmundsson verður án Ólafs Stefánssonar og Snorra Steins Guðjónssonar á EM í Serbíu. DIENER

**EM-hópur Guðmundar**

| | |
|---|---|
| **Markverðir** | |
| Björgvin Páll Gústavsson | Magdeburg |
| Hreiðar Leví Guðmundsson | Nötteröy |
| **Hornamenn** | |
| Guðjón Valur Sigurðsson | AGK |
| Þórir Ólafsson | KS Vive Targi Kielce |
| Oddur Gretarsson | Akureyri |
| **Útispilarar - rétthentir** | |
| Arnór Atlason | AG Kaupmannahöfn |
| Aron Pálmarsson | Kiel |
| Ólafur Bjarki Ragnarsson | HK |
| Ólafur Guðmundsson | Nordsjælland |
| **Útispilarar - örvhentir** | |
| Alexander Petersson | Fücshe Berlin |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | Hannover-B. |
| Rúnar Kárason | Bergischer HC |
| **Línumenn** | |
| Róbert Gunnarsson | R-Neckar Löwen |
| Kári Kristján Kristjánsson | Wetzlar |
| Vignir Svavarsson | Hannover-Burgdorf |
| **Varnarmenn** | |
| Sverre Jakobsson | Grosswallstadt |
| Ingimundur Ingimundarson | Fram |

### Tækifæra fyrir aðra

„Snorri Steinn var ekkert á svæðinu og það var ekkert að trufla okkur. Við undirbjuggum okkur með það lið sem við höfðum og það þýðir ekkert að fela sig á bak við einhverja menn sem vantar. Við þurfum að notast við það sem við höfum og byggja á því. Þetta eru tveir stórir póstar sem detta út en þetta er tækifæri fyrir aðra að sýna hvað þeir geta og sanna að þeir eigi heima í liðinu," segir Guðjón Valur.

Aron Pálmarsson og Arnór Atlason munu skipta með sér hlutverki Snorra Steins og má búast við því að Arnór byrji á miðjunni. Aron segir leikmenn liðsins vera búna að undirbúa sig fyrir þessar fréttir.

„Snorri er ekki með en við bjuggumst svo sem alveg við þessu enda er hann ekki búinn að vera með okkur síðustu tvær vikur. Auðvitað tekur maður fjölskylduna fram yfir allt," sagði Aron Pálmarsson sem fær fyrir vikið enn stærra hlutverk í liðinu.

„Við byrjuðum flesta leikina í Danmörku með mig í skyttunni og Arnór inni á miðjunni. Ég og Arnór erum þannig leikmenn að við getum spilað báðar stöður og verðum mikið í því að skipta þessu á milli okkar. Það skiptir ekki máli hvor spilar hvar. Ég hef ekki áhyggjur af þessari stöðu þótt Snorri sé ekki með en auðvitað söknum við hans," segir Aron.

### Ánægður að fá meiri ábyrgð

Aron fagnar meiri ábyrgð á sínar herðar. „Ég vissi að það yrði meiri ábyrgð á mér þó svo að Snorri hefði verið með. Ég er alltaf að þroskast sem leikmaður og er bara ánægður með að fá meiri ábyrgð," sagði Aron.

Nú er bara að vona að fleiri strákar í liðinu hugsi eins og Aron og fjarvera þeirra Ólafs og Snorra Steins muni á endanum hjálpa til að búa til reynslumeiri og sterkari leikmenn fyrir framtíðarverkefni strákanna okkar. ooj@frettabladid.is

Mikið skorað þegar Ísland vann Finnland í lokaleiknum fyrir EM í Serbíu í Laugardalshöllinni í gær:

# Strákarnir ekki lengi að finna rétta taktinn

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið gaf þjóðinni fína kveðjugjöf áður en heldur utan til Serbíu í dag með því að vinna öruggan sigur á Finnum í vináttulandsleik í Laugardalshöllinni í gær. Lokatölur voru 43-25.

Varnarleikur liðsins var reyndar svolítið lengi í gang en staðan var 11-10, Finnum í vil, eftir stundarfjórðung. Þá kom Hreiðar Levý Guðmundsson í íslenska markið með góðum árangri og strákarnir gengu á lagið með því að skora tíu af næstu tólf mörkum leiksins. Eftir það var ekki litið um öxl en staðan í hálfleik var 21-16.

Seinni hálfleikur var svo að mestu leyti sýning hjá strákunum. Hápunkturinn kom þegar Ísland komst í hraðaupphlaup á 38. mínútu. Guðjón Valur gaf háa sendingu inn á miðjan vítateig þar sem Alexander kom á mikilli siglingu, greip boltann og skoraði með því að skjóta aftur fyrir bak áður en hann var lentur. Áhorfendur tóku vel við sér og það var augljóst á strákunum að þeir voru komnir í Evrópumeistaramótsgírinn. - esá

**Ísland - Finnland 43-25**

| **Mörk Íslands (skot):** | |
|---|---|
| Guðjón Valur Sigurðsson | 7/1 (9/1) |
| Oddur Gretarsson | 5 (5) |
| Aron Pálmarsson | 5 (7) |
| Vignir Svavarsson | 5 (7) |
| Alexander Petersson | 5 (9) |
| Þórir Ólafsson | 4 (4) |
| Róbert Gunnarsson | 3 (3) |
| Arnór Atlason | 3 (4) |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | 3 (4) |
| Ólafur Bjarki Ragnarsson | 1 (1) |
| Kári Kristján Kristjánsson | 1 (1) |
| Rúnar Kárason | 1 (2) |
| Mörk úr hraðaupphlaupum: | 17 |
| Utan vallar | 4 mínútur |
| **Varin skot (fengin skot, hlutfall):** | |
| Hreiðar Guðmundsson | 13/2 (28/3, 46%) |
| Björgvin Páll Gústavsson | 2 (12/1, 17%) |



**HÖLLIN TROÐFULL** Guðjón Valur skorar hér eitt af fjórum mörkum sínum úr hraðaupphlaupi en alls skoraði hann sjö mörk í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

# Tenerife

## Beint flug með Icelandair í vetur

Aðeins hjá VITA



Tryggðu þér sæti
til Tenerife með Icelandair

### Flugáætlun

| | |
|---|---|
| 17. janúar | Uppselt |
| 31. janúar | Uppselt |
| 7. febrúar | Örfá sæti laus |
| 14. febrúar | Örfá sæti laus |
| 21. febrúar | Laust |
| 28. febrúar | Laust |
| 6. mars | Laust |
| 13. mars | Laust |
| 20. mars | Laust |
| 31. mars | Uppselt |

Hálft fæði!



### Iberostar Las Dalias ★★★

Iberostar Las Dalias er gott 3 stjörnu hótel, 500 metra frá Playa del Bobo ströndinni sem er á mótum Costa Adeje og Las Americas.

**Verð frá 149.110 kr.***

**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíó-íbúð í 7 nætur, 7. febrúar.
Innifalið: Flug fram og til baka, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn.

* Verð án Vildarpunkta 159.110 kr.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 57966 01/12



## > Brad Pitt

„Ég hringdi í ömmu og afa um daginn og afi minn sagði við mig að þau hefðu séð myndina sem ég lék í. Ég spurði hann hverja þeirra. Hann kallaði þá á ömmu og spurði hvað myndin sem honum þótti ekki skemmtileg hafi heitið.“

***Ekki kom fram hvort afi leikarans hafi hér átt við myndina The Curious Case of Benjamin Button sem hefur hlotið mikið lof og vann meðal annars til þriggja Óskarsverðlauna. Myndin verður sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld klukkan 20.00.***

# dagskrá
sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD



### > Stöð 2 kl. 19.40
### Sjálfstætt fólk

Næsti viðmælandi Jóns Ársæls í Sjálfstæðu fólki hefur verið kölluð „stelpan frá Stokkseyri“. Fiskverkakonan sem kosin var á þing og varð síðar ein aðaldriffjöðrin að baki sameiningu vinstri manna á Íslandi. Við erum auðvitað að tala um Margréti Frímannsdóttur sem nú er yfirmaður í fangelsinu að Litla-Hrauni.

Í þættinum heimsækir Jón Ársæll Margréti og „strákana hennar“, fangana á Litla-Hrauni, sem nú eru flestir komnir í skóla og sumir meira að segja í háskóla. Margrét er talin hafa gert kraftaverk þar eystra hvað aðbúnað fanganna snertir og stemninguna á staðnum. Margrét fjallar í þættinum um æsku sína þar eystra en hún lærði að synda í ísköldum sjónum við bryggjuna á Stokkseyri. Hún segir líka frá baráttunni við krabbameinið, ástinni og öllu hinu, já og lífinu bak við rimlana.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Á tónsviðinu **09.00** Fréttir **09.03** Landið sem rís **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Móses og Jón Taylor **11.00** Guðsþjónusta í Keflavíkurkirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Útvarpsleikhúsið: Skyldan kallar **15.00** Þetta þótti bara ljótt og leiðinlegt **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu **17.27** Vinnustofan **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Hljóðritasafnið **21.05** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Sker **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.30 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012** (1:5) (e)
**11.45 Djöflaeyjan** (e)
**12.30 Silfur Egils**
**13.50 Jón og séra Jón** (e)
**15.20 Allur akstur bannaður** (Taking Away the Keys) (e)
**16.05 EM í handbolta** (Þýskaland - Tékkland) BEINT
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Við bakaraofninn** (2:6) Í þessari dönsku þáttaröð bakar Camilla Plum girnileg brauð af ýmsum gerðum.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Landinn**
**20.10 EM í handbolta** (Danmörk - Slóvakía) BEINT frá seinni hálfleik.
**20.45 EM-kvöld** Í þættinum er farið yfir leiki dagsins á EM í handbolta.
**21.20 Downton Abbey** (8:9) (Downton Abbey II)
**22.30 Sunnudagsbíó - Menn sem stara á geitur** Fréttamaður í Írak þykist hafa komist í feitt þegar hann hittir mann sem segist hafa verið í sérsveit Bandaríkjahers sem notar yfirskilvitlega krafta í störfum sínum. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.00 Silfur Egils** (e)
**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.40 The Big Bounce**
**10.05 Step Brothers**
**12.00 Búi og Símon**
**14.00 The Big Bounce**
**16.00 Step Brothers**
**18.00 Búi og Símon**
**20.00 The Curious Case of Benjamin Button**
**22.40 Bourne Identity**
**00.35 Next**
**02.10 Glastonbury**
**04.25 Bourne Identity**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.10 Hundagengið** Hressileg-ir þættir um afar fjöruga og öfluga hunda sem lenda í hinum ótrúlegustu ævintýrum.
**11.35 Tricky TV** (20:23)
**12.00 Nágrannar**
**12.20 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.00 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.45 American Dad** (2:18)
**14.10 The Cleveland Show** (5:21)
**14.35 The Block** (2:9)
**15.25 Mike & Molly** (18:24)
**15.50 Týnda kynslóðin** (18:40)
**16.20 Wipeout USA** (2:18)
**17.05 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (2:10)
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.15 Frasier** (18:24)
**19.40 Sjálfstætt fólk** (14:38)
**20.20 The Mentalist** (4:24)
**21.05 The Kennedys** (2:8) Meðal þeirra sem koma við sögu eru Jaqueline Kennedy, Frank Sinatra, Marilyn Monroe, J. Edgar Hoover og Lyndon B. Johnson.
**21.50 Mad Men** (10:13) Fjórða þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Drapers og kollega hans í hinum litríka auglýsingageira á Madison Avenue í New York.
**22.35 60 mínútur**
**23.30 The Daily Show: Global Edition**
**00.05 The Glades** (2:13)
**00.50 Five Days II** Fyrri hluti spennandi og vandaðrar framhaldsmyndar frá HBO og BBC. Rannsókn lögreglunnar á sjálfsmorði tekur óvænta stefnu og grunur vaknar að morð hafi verið framið.
**02.30 Five Days II** Seinni hluti
**04.10 The Things About My Folks**
**05.45 Frasier** (18:24)

## SPORT besta sætið

**11.00 Spænski boltinn 11/12**
**12.45 Spænski boltinn 11/12**
**14.30 Winning Time: Reggie Miller vs NY Knicks** Skemmtileg heimildamynd frá ESPN um frábæran leik Reggie Miller gegn New York Knicks í undanúrslitum Austurdeildarinnar árið 1995.



**15.45 Man. City - Liverpool** Útsending frá fyrri leik liðanna í undanúrslitum enska deildarbikarsins (Carling Cup).
**17.30 Arnold Classic**
**18.20 Boston - Chicago** Útsending frá leik liðanna í NBA deildinni.
**20.10 Nedbank Golf Challenge**
**23.40 Spænski boltinn 11/12**

## SPORT 2 enski boltinn

**09.10 Premier League World**
**09.40 Man. Utd. - Bolton**
**11.30 Liverpool - Stoke**
**13.20 Newcastle - QPR** BEINT



**15.45 Swansea - Arsenal** BEINT
**18.00 Sunnudagsmessan**
**19.20 Newcastle - QPR**
**21.10 Sunnudagsmessan**
**22.30 Swansea - Arsenal**
**00.20 Sunnudagsmessan**

## EXTRA

**13.30 Grey's Anatomy** (6:24) (7:24) (8:24)(9:24)
**16.30 Íslenski listinn**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.25 Bold and the Beautiful**
**18.50 Tricky TV** (20:23)
**19.15 Ísland í dag -** Helgarúrval
**19.40 The Glee Project** (2:11)
**20.25 Grey's Anatomy** (6:24) (7:24)(8:24) (9:24)
**23.25 Entourage** (11:12) (12:12)
**00.35 Love Bites** (7:8)
**01.20 Falcon Crest** (2:30)
**02.10 ET Weekend**
**02.55 Íslenski listinn**
**03.20 Sjáðu**
**03.45 Tricky TV** (20:23)
**04.10 Fréttir Stöðvar 2**
**04.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**14.00** Heilsuþáttur Jóhönnu
**14.30** Golf fyrir alla 2
**15.00** Frumkvöðlar
**15.30** Eldhús meistranna
**16.00** Hrafnaþing
**17.00** Svartar tungur
**17.30** Græðlingur
**18.00** Björn Bjarna
**18.30** Tölvur tækni og vísindi
**19.00** Fiskikóngurinn
**19.30** Bubbi og Lobbi
**20.00** Hrafnaþing
**21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur
**21.30** Vínsmakkarinn
**22.00** Hrafnaþing
**23.00** Motoring
**23.30** Eldað með Holta
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## N4

**Endursýnt efni frá liðinni viku.**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**09.30 Rachael Ray** (e)
**10.15 Rachael Ray** (e)
**11.00 Dr. Phil** (e)
**11.45 Dr. Phil** (e)
**12.30 Dr. Phil** (e)
**13.15 Kitchen Nightmares** (13:13) (e)
**14.05 America's Next Top Model** (5:13) (e)
**14.50 Once Upon A Time** (2:22) (e)
**15.40 HA?** (16:31) (e)
**16.30 7th Heaven** (2:22)
**17.15 Outsourced** (18:22) (e)
**17.40 The Office** (13:27) (e)
**18.05 30 Rock** (20:23) (e)
**18.30 Survivor** (6:16) (e)
**19.20 Survivor** (7:16)
**20.10 Top Gear** (1:6)
**21.00 Law & Order: Special Victims Unit** (16:24)
**21.50 Dexter** (10:12)
**22.40 The Walking Dead** (4:6) (e)
**23.30 House** (19:23) (e)
**00.20 Whose Line is it Anyway?** (e)
**00.40 Real Hustle** (4:10) (e)
**01.00 The Golden Globe Awards 2012** Bein útsending frá einni stærstu verðlaunahátíð í heimi. Stjörnurnar í Hollywood mæta í sínu fínasta pússi á hátíð þar sem fyndnasti maður veraldar, Ricky Gervais er aðalkynnir.
**04.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America
**07.40** Sony Open 2012 (3:4)
**11.10** US Open 2009 - Official Film
**12.10** Sony Open 2012 (3:4)
**15.40** PGA Tour - Highlights (1:45)
**16:35** Sony Open 2012 (3:4)
**20:05** Inside the PGA Tour (2:45)
**20:30** Sony Open 2012 (3:4)
**00:00** Sony Open 2012 (4:4)
**03:00** ESPN America

## BBC entertainment

**06.10** My Family **07.10** QI **07.40** EastEnders **08.40** EastEnders **09.40** QI **10.40** QI **11.10** My Family **11.40** QI **12.45** QI **13.45** Top Gear **15.05** Top Gear **15.55** Top Gear **16.45** Top Gear **17.40** QI **18.10** QI **18.40** QI **19.10** Lee Evans. XL **20.05** Sean Lock Live **21.00** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **21.45** Live at the Apollo **22.30** QI **23.00** QI **23.30** QI **00.30** QI **01.30** Lee Evans. XL **02.25** Sean Lock Live **03.15** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **04.00** Live at the Apollo **04.50** QI **05.15** The Weakest Link

## DR 1

**06.30** Løgnhalsen som kassedame **07.00** Willas vilde dyr **07.20** F for Får **07.30** Lille Nørd **08.00** De kongelige juveler **09.00** Dronning Margrethe **10.00** Dronning i 40 år **12.00** Dronning i 40 år **13.30** Dronning i 40 år **15.00** Dronning i 40 år **15.45** Dronning i 40 år **17.15** Boxen **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Dronning i 40 år **19.00** Dronning i 40 år **20.00** 21 Søndag **20.40** SportNyt **20.50** Clement Søndag **21.30** Torpedo **22.15** Springet **23.45** Mission. Ekstremsport **05.00** Molly Monster **05.05** Chiro

## NRK1

**09.00** Sport i dag **09.10** V-cup alpint **10.15** Sport i dag **10.25** V-cup kombinert **11.25** Sport i dag **11.40** V-cup skiskyting **12.35** V-cup langrenn **13.25** V-cup skiskyting **14.20** Sport i dag **14.40** V-cup kombinert **15.25** Sport i dag **16.30** Ingen grenser **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Ingen grenser **20.10** Ei iskald verd **21.00** Livets mange sider **21.50** Billedbrev **22.00** Kveldsnytt **22.15** Rally. NM-runde fra Gol **22.45** Broen **23.45** Ikke gjør dette hjemme **00.15** Lille Dorrit

## svt1

**08.05** På spåret **09.05** Vinterstudion **09.20** Alpint **10.05** Vinterstudion **10.30** Alpint **11.30** Längdskidor **12.15** Alpint **13.00** Skicross **14.20** Vinterstudion **15.00** Rapport **15.05** Gäster med gester **15.50** Chelsea Hotel **16.50** Mot alla odds **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Landet runt **18.00** Sportspegeln **18.55** Regionala nyheter **19.00** Benny Anderssons orkester **20.00** Elizabeth - The Golden Age **21.50** Antikrundan **22.50** Brottsplats Edinburgh **00.45** Rapport **00.50** Hinsehäxan

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





SNYRTIFRÆÐI – FÖRÐUNARFRÆÐI – NAGLAFRÆÐI - STÍLISTANÁMSKEIÐ
LJÓSMYNDANÁMSKEIÐ – MÓDELNÁMSKEIÐ
NÁM Í SNYRTIFRÆÐI
Fashion Academy Reykjavík opnar innan skamms nýjan skóla sem verður miðstöð náms í greinum tengdum tísku, heilsu og fegurð.
BEAUTY ACADEMY
Skólinn mun bjóða upp á nám í snyrtifræði til undirbúnings fyrir sveinspróf. Nám í snyrtifræði er kjörið fyrir þá sem vilja framtíðarstarf sem er bæði fjölbreytt og skapandi. Námið tekur eitt ár og hentar öllum aldurshópum.
Skólinn býður upp á glæsilega aðstöðu og er áhersla lögð á fagmennsku og framsýni kennara. Snyrtifræðinámið er með viðurkenningu frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er því lánshæft hjá LÍN.
Áhugasamir hafið samband í síma 571 5151
eða sendið tölvupóst á marta@elitemodel.is
Við erum á facebook elitefashionacademy
www.fashionacademy.is
FASHION ACADEMY
REYKJAVÍK

> Stöð 2 Extra kl. 13.30 og 20.25

**Grey' Anatomy maraþon**

***Einn vinsælasti þáttur Stöðvar 2, Grey's Anatomy, snýr aftur nk. miðvikudag og af því tilefni verður boðið upp á Grey's Anatomy maraþon á Stöð 2 Extra um helgina. Fyrstu fimm þættir seríunnar verða sýndir í dag og næstu fjórir á morgun.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞORGILS JÓNSSON OG SANNKALLAÐ SNILLDARGRÍN

# Gamanmál í sjónvarpi 2.0

Meðal þess besta sem í boði er í sjónvarpi eru gaman/spjall-þættir frá Bandaríkjunum. Þættir sem þessir eiga sér talsvert langa sögu sem má rekja aftur til Steve Allen og síðar Johnny Carson sem stýrðu Tonight Show allt frá sjötta áratugnum fram á þann tíunda þegar Jay Leno tók við.

Grunnformið er einfalt. Þátturinn hefst á eintali þáttarstjórnanda sem fær sér svo sæti við skrifborð og fær góða gesti í heimsókn. Þannig eru menn eins og David Letterman, Conan O'Brien og fleiri í essinu sínu og bregða spaugilegu ljósi á málefni líðandi stundar (eins og segir í klisjunni).

Hins vegar eru sumir sem taka þessa blöndu samfélagsrýni og gríns á næsta stig og þar eru Jon Stewart og Stephen Colbert fremstir í flokki.

Nálgun þeirra er þó öðruvísi þar sem Stewart reiðir sig á kjánaskap og að gera grín að sjálfum sér í sem flestu, en Colbert er erfiðara hlutverki.

Hlutverk er einmitt rétta orðið yfir Colbert því að hann er allan tímann að leika erkiíhaldsmann, og viðrar kjánaskap stjórnmálanna þannig. Colbert hefur enn bætt í og gaf sterklega til kynna í þætti sínum á fimmtudag að hann hygðist skella sér í framboðsslag Repúblikanaflokksins. Það ætti að verða skemmtilegt að fylgjast með og hver veit hvað gerist því að í síðustu könnun, fyrir tilkynninguna, mældist fylgi hans 5%, sem er meira en sumir hafa sem hafa staðið í baráttunni svo mánuðum skiptir.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Við sjávarsíðuna **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Hnapparatið **14.40** Listræninginn **15.20** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Glæta **17.05** Matur er fyrir öllu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skurðgrafan **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Norma **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fyrr og nú **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.25 Pandan í vanda** (e)
**11.10 Hvað veistu? - Látum líta á genin** (Viden om: Test selv dine gener)
**11.40 40 ára krýningarafmæli Danadrottningar** BEINT. Elísabet Brekkan lýsir því sem fyrir augu ber.
**12.30 Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands** (e)
**14.05 Leiðin að bronsinu**
**14.35 Leiðin á EM**
**15.10 Hákarlafjall** (Shark Mountain)
**15.55 Útsvar** Dalvíkurbyggð - Fljótsdalshérað (e)
**17.00 Ástin grípur unglinginn**
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Bombubyrgið** (14:26) (Blast Lab)
**18.25 Úrval úr Kastljósi**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Ævintýri Merlíns** (1:13)
**20.30 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012** Flutt verða fimm lög og komast tvö þeirra áfram í úrslit keppninnar.
**21.40 Dagbækur prinsessunnar** (The Princess Diaries)
**23.35 Brokeback-fjall** Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.05 Austin Powers: The Spy Who Shagged Me**
**08.00 Bride Wars**
**10.00 Duplicity**
**12.05 Bratz ofurbörnin**
**14.00 Bride Wars**
**16.00 Duplicity**
**18.05 Bratz ofurbörnin**
**20.00 Austin Powers: The Spy Who Shagged Me**
**22.00 Bug**
**00.00 Joe's Palace**
**02.00 Wild West Comedy Show**
**04.00 Bug**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.15 The Glee Project** (2:11)
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.40 Two and a Half Men** (5:16)
**14.05 Modern Family** (6:24)
**14.30 The Middle** (13:24)
**14.55 Hawthorne** (10:10)
**15.40 Sjálfstætt fólk** (13:38)
**16.20 ET Weekend**
**17.05 Friends** (6:24)
**17.30 Íslenski listinn**
**17.55 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.29 Veður**
**19.35 Ice Age: Dawn of the Dinosaur** Stórskemmtileg teiknimynd um ævintýri Sids og vina hans á ísöld. Sid reynir að ættleiða þrjú risaeðluegg en er tekinn í undirheimana af móður þeirra.
**21.10 Time Traveler's wife** Dramatísk og rómantísk mynd sem fjallar um listakonuna Clare og myndarlega bókasafnsvörðinn Henry sem eru í innilegu ástarsambandi. Henry ferðast um tímann og þau vita að það er ekki hættulaust og er því sérhver samverustund þeim ómetanleg.
**22.55 We Own the Night** Vönduð og áhrifamikil spennumynd
**00.50 Goya's Ghosts** Mögnuð mynd sem byggð er á sannsögulegum atburðum árið 1792 á Spáni. Hinn virti málari Francisco Goya lendir í útistöðum við spænska rannsóknarréttinn þegar hin fallega andagift hans, Ines, er sökuð um villutrú og dregin fyrir rétt.
**02.45 The Express** Dramatísk og áhugaverð mynd byggð á sannri sögu bandaríska ruðningsleikmannsins Ernie Davis.
**04.50 RocknRolla** Kraftmikil, gráglettin og hröð glæpamynd. Þegar framinn er einhver mesti fasteignaglæpur í London fyrr og síðar upphefst mikið kapphlaup milli harðsvíruðustu glæpamanna borgarinnar um þýfið.

## SPORT besta sætið

**11.00 Spænsku mörkin**
**11.30 Boston - Chicago** (NBA deildinni.)
**13.20 Crystal Palace - Cardiff**
**15.10 Man. City - Man. Utd.**
**17.00 Ensku bikarmörkin**
**17.30 Arnold Classic**
**18.20 La Liga Report**
**18.50 Spænski boltinn 11/12** BEINT
**20.50 Spænski boltinn 11/12** BEINT
**23.00 Box: Amir Khan - Lamont Peterson**
**00.45 Spænski boltinn 11/12**

## SPORT 2 enski boltinn

**09.40 Newcastle - Man. Utd.**
**11.30 PL Classic Matches: Liverpool - Chelsea, 1997**
**12.00 Tottenham - Everton**
**13.50 Premier League World**
**14.20 Premier League Preview**
**14.50 Liverpool - Stoke** BEINT
**17.10 Man. Utd. - Bolton**
**19.00 Tottenham - Wolves**
**20.50 Chelsea - Sunderland**
**22.40 Aston Villa - Everton**

## EXTRA

**12.00 Celebrity Apprentice** (9:11)
**13.30 Grey's Anatomy** (1-5:24)
**17.10 Nágrannar**
**17.50 Nágrannar**
**18.35 Nágrannar**
**19.00 Týnda kynslóðin** (18:40)
**19.30 Wipeout - Ísland**
**20.25 Grey's Anatomy** (1-5:24)
**00.10 Cold Case** (6:22)
**00.55 Twin Peaks** (3:22)
**01.45 My Name Is Earl** (23-26:27)
**03.15 Íslenski listinn**
**03.40 Sjáðu**
**04.10 Týnda kynslóðin** (18:40)
**04.40 Fréttir Stöðvar 2**
**05.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**10.15 Rachael Ray** (e)
**11.00 Rachael Ray** (e)
**11.45 Rachael Ray** (e)
**12.30 Dr. Phil** (e)
**13.15 Dr. Phil** (e)
**14.00 Being Erica** (9:13) (e)
**14.45 Charlie's Angels** (6:8) (e)
**15.35 Live To Dance** (2:8) (e)
**16.25 Pan Am** (8:13) (e)
**17.15 7th Heaven** (1:22)
**18.00 The Jonathan Ross Show** (8:19)
**18.50 Minute To Win It** (e)
**19.35 Mad Love** (10:13) (e)
**20.00 America's Funniest Home Videos** (5:48)
**20.25 Eureka** (2:20)
**21.15 Once Upon A Time** (2:22) Regina gerir allt sem í hennar valdi stendur til að þvinga Emmu frá Storybrooke og úr lífi Henrys. Álög vondu drottningarinnar á ævintýralandið eru kunngjörð.
**22.05 Saturday Night Live** (4:22) Gamanleikkonan Anna Faris bregður á leik og tónlistarmaðurinn Drake tekur þátt í gríninu.
**22.55 Rocky II**
**00.55 HA?** (16:31) (e)
**01.45 Jimmy Kimmel** (e)
**02.30 Jimmy Kimmel** (e)
**03.15 Whose Line is it Anyway?** (20:20) (e)
**03.40 Real Hustle** (3:10) (e)
**04.05 Smash Cuts** (10:52) (e)
**04.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.45** Sony Open 2012 (2:4) **11.15** PGA Tour - Highlights (1:45) **12.10** Sony Open 2012 (2:4) **15.40** Champions Tour Year-in-Review 2011 (1:1) **16.35** Sony Open 2012 (2:4) **20.05** Inside the PGA Tour (2:45) **20.30** Sony Open 2012 (2:4) **00.00** Sony Open 2012 (3:4) **03.30** ESPN America

## N4

**Endursýnt efni frá liðinni viku.**

## BBC entertainment

**10.55** My Family **11.30** QI **12.30** QI **13.30** Top Gear **14.25** Top Gear **15.15** Top Gear **16.05** Top Gear **17.00** My Family **17.30** My Family **18.00** My Family **18.30** My Family **19.00** Silent Witness **19.55** Silent Witness **20.50** Waking the Dead **21.40** Waking the Dead **22.30** Silent Witness **23.25** Silent Witness **00.20** Waking the Dead **01.15** Waking the Dead **02.05** Silent Witness **03.00** Silent Witness **03.55** My Family **05.10** QI

## DR 1

**10.00** Dronning i 40 år **12.00** Dronning i 40 år **15.00** Dronning Margrethe **16.40** Held og Lotto **16.50** Dronning i 40 år **17.30** TV Avisen med vejret **18.00** Dronning i 40 år **19.00** Dronning i 40 år **19.45** Dronning i 40 år **21.00** Dronning i 40 år **22.00** Havana **00.15** X Factor **05.00** Noddy **05.10** Kære Sebastian **05.30** Sprutte-Patruljen **05.40** Den fortryllede karrusel **05.50** Mor Muh og Kragen **06.00** Små Einsteins

## NRK 1

**10.45** V-cup kombinert **11.30** V-cup alpint **12.45** V-cup skiskyting **14.15** V-cup langrenn **15.30** V-cup hopp kvinner **17.00** Sport i dag **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Spellemannprisen 2012 **19.55** Norsk attraksjon **20.25** Spellemannprisen 2012 **21.35** Program ikke fastsatt **22.00** Kveldsnytt **22.15** Public Enemies **00.30** Dansefot jukeboks m/chat **03.00** Popstokk **05.40** Førkveld

## svt1

**11.30** Alpint **12.30** Vinterstudion **13.45** Längdskidor **15.15** Vinterstudion **16.00** Inför Idrottsgalan 2012 **16.10** Mot alla odds **16.15** På väg till Malung **16.45** Mot alla odds **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Intervju ur Gomorron Sverige **17.30** Biltokig **18.00** Båttokig **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Stjärnorna på slottet **20.00** Morden i Midsomer **21.40** Rapport **21.45** Boardwalk Empire **22.45** Jonathan Ross show **23.35** Rapport **23.40** Kaka på kaka

## ÍNN

**17.00** Motoring **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Motoring **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Svartar tungur **21.30** Græðlingur **22.00** Björn Bjarna **22.30** Tölvur tækni og vísindi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Bubbi og Lobbi **00.00** Hrafnaþing

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





ÚTSALA
Í KAUPTÚNI
allt að 60%
afsláttur
Skartgripatré
2.760 kr.
40% afsláttur
Leðursófi 132.300 kr.
30% afsláttur
Leðurstóll
59.500 kr.
30% afsláttur
Hliðarborð
28.000 kr.
50% afsláttur
Hliðarborð
34.750 kr.
50% afsláttur
Deluca-stóll
kr.27.300 kr.
30% afsláttur
Luktir
frá 4.500 kr.
40% afsláttur
Skinnkollar
minni 27.000 kr.
stærri 45.000 kr.
40% afsláttur
Ath! Öll birt verð eru útsöluverð
TEKK
COMPANY
OPIÐ LAUGARDAG 10-17 OG SUNNUDAG 13-17
KAUPTÚNI 3 – SÍMI 564 4400

## PERSÓNAN

*Guðmundur Guðnason*



**Aldur:** 42 ára.
**Starf:** Tölvunarfræðingur.
**Foreldrar:** Guðni Oddsson, rafeindavirki hjá Símanum, og Katrín Guðmundsdóttir, deildarstjóri hjá Sjúkratryggingum Íslands.
**Fjölskylda:** Eiginkonan heitir Alma María Rögnvaldsdóttir. Börn þeirra eru Marteinn 13 ára og Katrín 9 ára.
**Búseta:** Garðabær
**Stjörnumerki:** Tvíburi.

Guðmundur setti tréskrúfur undir hlaupaskóna sína til að geta fótað sig í hálkunni.

# Bubbi færir sig yfir á Bylgjuna

„Mig langaði til að halda áfram að þróa þetta form, mér finnst þetta æðislega skemmtilegt. Og svo er líka heilt haf af ungum tónlistarmönnum sem enn á eftir að kanna,“ segir Bubbi Morthens.

Bubbi er hættur með þátt sinn Færibandið á Rás 2 og hefur fært sig yfir á Bylgjuna þar sem hann byrjar með nýjan þátt, Stál og hnífur, eftir rúma viku á mánudagskvöldum. „Ég ætlaði að mæta aftur til vinnu í Efstaleiti fyrsta mánudag í september en var þá tilkynnt af hæstráðanda að hann ætlaði að setja mig á ís í smá tíma. Ég var kannski svolítið óþolinmóður og fór því yfir til Bylgju-manna og kynnti fyrir þeim hugmyndir mínar sem þeir tóku mjög vel í,“ segir Bubbi sem áréttar jafnframt að skilnaðurinn við Rás 2 hafi verið í góðu.

Bubbi segist njóta þess að taka viðtölin við kollega sína úr tónlistarbransanum og gefa sér góðan tíma til þess, það sé kærkomið enda eigi allt að gerast svo hratt á ljósvakamiðlum. „Og viðmælendunum gefst varla tími til þess að anda,“ segir Bubbi en fyrsti gesturinn hans í nýjum þætti verður Jón Jónsson.

Bubbi viðurkennir að hann hlakki mikið til að reka úr honum garnirnar. „Hann hefur orð á sér fyrir að vera voðalega góður strákur en ég er alveg viss um að þarna séu fletir sem þarfnast frekari rannsókna.“ **- fgg**



**Á NÝJAN STAÐ** Bubbi hefur fært sig yfir á Bylgjuna og er að byrja með nýjan útvarpsþátt á mánudagskvöldum sem nefnist Stál og hnífur. Fyrsti gesturinn verður Jón Jónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






**FRÆGUR KÖTTUR** Hlíf Una Bárudóttir, listakona, er eigandi Bjarts. Kötturinn er nánast orðinn hluti af götumynd Skólavörðustígsins enda auðþekkjanlegur á stærð sinni og bláa klútnum sem hann ber um hálsinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HLÍF UNA BÁRUDÓTTIR:** HANN FITNAR ÞÓTT HANN SÉ Á MEGRUNARFÓÐRI

# Miðbæjarkötturinn Bjartur tíður gestur á kaffihúsunum

Hlíf Una Bárudóttir, listamaður og módel í myndlistarskóla, er eigandi kattarins Bjarts sem margir miðborgarbúar kannast líklega við. Bjartur er sannkallaður miðborgarköttur og sést iðulega á rölti eftir Skólavörðustígnum eða á nálægum kaffihúsum.

Bjartur verður ellefu ára gamall í júní en Hlíf Una eignaðist hann fyrir fimm árum. „Ég var að leigja herbergi af fólkinu sem átti hann og hann flutti sjálfur inn til mín því hann gafst upp á börnunum sem þau voru að eignast. Þegar ég flutti svo í eigin íbúð báðu þau mig um að taka Bjart með mér og ég gerði það,“ útskýrir hún.

Margir þekkja til Bjarts enda fer hið rauðbröndótta fress víða og er auðþekkjanlegur á stærð sinni og bláum klút sem hann ber um hálsinn. Hlíf Una segir Bjart eiga marga velviljamenn og augljóst er að hann sé í fæði á nokkrum stöðum því illa gengur að megra hann. „Ég er með hann á rándýru megrunarfóðri en hann fitnar bara og fitnar. Hann fer oft á flakk og þegar hann týnist elti hann fólk heim og fær þá oftast eitthvað gott að borða áður en ég er beðin um að sækja hann.“

Bjartur er einnig tíður gestur á kaffihúsum borgarinnar en nærvera hans fellur misvel í kramið hjá fólki. „Ég hef heyrt af heimsóknum hans víða um bæ. Einu sinni hringdi ferlega fúll starfsmaður kaffihúss sem spurði hvort ég ætti stóran og feitan kött og bað mig um að koma og ná í hann. Þá hafði Bjartur lagst í sófa þar inni og þegar átti að henda honum út hvæsti hann á fólk. Ég kom auðvitað og náði í hann og baðst innilegrar afsökunar fyrir hönd kattarins,“ rifjar hún upp.

Þegar Hlíf er beðin um að lýsa Bjarti segir hún hann skapstóran og svolítið fúllyndan en telur sig þó lánsama að eiga jafnskemmtilegan kött. „Svo lengi sem hann fær sinn fisk og klapp þá er hann góður. En ef honum mislíkar eitthvað getur hann orðið fúll og er þá ekkert lamb að leika við.“ Bjartur deilir heimili með tveimur öðrum köttum og hvolpi og að sögn Hlífar fer ekki á milli mála hver húsbóndinn á heimilinu er. „Það hlýða allir Bjarti. Hann er orðinn svo fullorðinn og kominn með sterkan karakter og það er ekkert hægt að móta hann lengur. Ég er líka löngu hætt að finna fyrir höfnunartilfinningu þegar hann leggst á flakk og ég fæ símtöl frá ókunnugu fólki um að hann hafi gert sig heimakominn hjá þeim. Mér finnst ég bara mjög lánsöm að eiga svona athyglisverðan kött.“ **sara@frettabladid.is**

## Árangur fer eftir gæðum
## Hvaða Spirulina ert þú að taka?

13 vítamín og 16 steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream

Aukið úthald, þrek og betri líðan
Árangur strax!

Blágrænir þörungar frábærir fyrir íþróttir, vinnunna og skólann

Spirulina inniheldur mikið af blaðgrænu og glycogen, því meira glycogen sem er til staðar í líkamanum við æfingar því betri árangur.
Blaðgræna eykur súrefnisflutning í blóðinu.
Ef Spirulina er tekið inn 1/2 tíma fyrir æfingar eða annað álag gefur það aukið þrek, úthald og einbeitingu. Dregur úr pirringi, sleni og sætindaþörf, truflar ekki svefn.
Gæðastaðall ISO9001, ISO1401.




Fæst í apótekum, heilsubúðum, Krónunni, Fríhöfninni og Hagkaup

www.celsus.is

# Stefnir á Ólympíuleikana 2016

Jón Þór Sigurðsson, eða Nonni kjuði, trommari hljómsveitarinnar Diktu, stefnir á þátttöku í Ólympíuleikunum í Brasilíu 2016 í skotfimi. „Núna er stefnan tekin á að standa sig vel hérna heima. Svo er aldrei að vita nema maður taki stefnuna á Ólympíuleikana 2016,“ segir Nonni.

Þrátt fyrir bronsverðlaun á Smáþjóðaleikunum í Liechtenstein síðasta sumar öðlaðist hann ekki þátttökurétt á Ólympíuleikunum í London í sumar. Til þess hefði hann þurft að taka þátt í fleiri alþjóðlegum mótum en Smáþjóðaleikarnir var fyrsta mótið hans erlendis. „Vonandi öðlast maður meiri reynslu í því á næstu árum. Ef vel gengur er aldrei að vita hvað gerist.“

Nonni byrjaði að stunda skotfimi fyrir tæpum tveimur árum og hefur fundið sig mjög vel í íþróttinni. Hann keppir fyrir hönd Skotfélags Kópavogs í enskum riffli þar sem hann hefur náð góðum árangri. Tveir efstu keppendurnir eftir skotfimitímabilið 2010 voru einmitt valdir á síðustu Smáþjóðaleika og var Nonni annar þeirra. Hinn var Guðmundur Helgi Christensen sem vann gullverðlaun á mótinu. **- fb**



**VILL KOMAST Á ÓLYMPÍULEIKANA** Jón Þór Sigurðsson, Nonni kjuði, stefnir á þátttöku í Ólympíuleikunum í Brasilíu 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# ÚTSALA
# 30 - 50% afsláttur!




## LANGAR ÞIG Í EITTHVAÐ FALLEGT FYRIR HEIMILIÐ?










**30 - 50% afsláttur af öllum húsgögnum og gjafavöru**

HEIMA HÚSIÐ

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Ondvegi · mood · lifum

GALLERY GÓLF PARKET • FLÍSAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Dorrit í myndatöku

Forsetafrúin **Dorrit Moussaieff** vekur athygli hvert sem hún fer og hefur setið fyrir í myndaþáttum í bæði erlendum og innlendum fjölmiðlum. Í vikunni fylltust Bessastaðir af tökuliði frá kínversku útgáfu tímaritsins Harper´s Bazaar í þeim tilgangi að mynda forsetafrúna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gekk myndatakan vel enda Dorrit alvön fyrirsæta. Forsetaembættið varðist allra frétta af myndatökunni en Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff héldu til Kaupmannahafnar í dag þar sem þau taka þátt í hátíðarhöldum með Margréti Þórhildi Danadrottningu.



### Sjónvarpsstjörnum lýstur saman vegna Skaupsins

Sjónvarpsmaðurinn **Helgi Seljan** og sjónvarpsmaðurinn fyrrverandi **Eiður Guðnason** eru ósammála um það hvort Áramótaskaupið var óviðeigandi eða ekki. Helgi leggur orð í belg á Facebook-síðu Eiðs og gagnrýnir yfirlýsingar hans um ósvífnina sem falist hafi í gríni tengt fjöldamorðunum í Útey. Helgi segir að alltaf megi treysta á „helvítis óskammfeilnina" í Eiði, eftir að sá síðarnefndi sakar Helga um að skilja ekki umræðuna. Eiður var ráðherra Alþýðuflokksins og kann að standa í rökræðum. Meðal þeirra sem hann þurfti að kljást við á þingi á sínum tíma var einmitt afi Helga og alnafni, sem þar sat fyrir Alþýðubandalagið. **- áp, sh**



### Mest lesið vísir

1. Maðurinn látinn
2. Kannabisreykingar ekki skaðlegar fyrir lungu fólks
3. Kristján Möller stakk óþægilegri skýrslu undir stól
4. Tugir ökumanna í vandræðum við Litlu kaffistofuna
5. Aðaljárnbrautarstöðin í Kaupmannahöfn að drukkna í hlandi
6. Of hár blóðþrýstingur styttir ævina um 5 ár


Okkar hlutverk er að dreifa

fjölpósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.

Póst dreifing

Sími 585 8300 - www.postdreifing.is


